

# TÍUNN

FRÉTTABLAÐ RSK • ÁRIÐ 2019

Álagning  
einstaklinga 2019

Skipulag ríkisskattstjóra

Veiðigjald

Álagning lögaðila 2019

Breytingar eru samnefnari allra tíma, en þau umskipti sem nú eiga sér stað hérlendis, rétt eins og annars staðar, einkennast fyrst og fremst af sífellt hraðari tæknipróun með auknum skriðþunga. Umræðan um fjórðu iðnbyltinguna hefur ýmsa fleti, og þar er ekki hvað síst horft til hlutverks hins opinbera, þ.m.t. til áhrifa þessara breytinga á hugmyndir og strauma í opinberri þjónustu.

Það er yfirlýst stefna íslenskra stjórnvalda að búa skuli í haginn svo að Ísland geti tekist á við þær áskoranir sem fylgja örum tæknibreytingum, og notið góðs af tækifærunum sem þessari þróun fylgja. Í slíkum aðgerðum felst aðlögun ríkisstofnana að breyttu umhverfi og ríkari kröfum um stafræna þjónustu og nýtingu rauntímaupplýsinga með lágmarksfyrirhöfn og tilkostnaði fyrir viðskiptavinum – einkaaðila sem hið opinbera. Frá árinu 2018 hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið í samráði við ríkisskattstjóra og tollstjóra haft til sérstakrar skoðunar hvaða ráðstafanir geti styrkt innviði skattkerfisins svo að slíkum árangri verði náð. Afrakstur þeirrar vinnu birtist í umfangsmiklum breytingum á skipulagi skatt- og tollyfirvalda með lögum nr. 142/2018 er lutu að flutningi innheimtu opinberra gjalda frá tollstjóra til ríkisskattstjóra frá og með 1. maí 2019, og lögum nr. 141/2019 sem mæltu fyrir um flutning tollafgreiðslu og tollgæslu til ríkisskattstjóra frá og með 1. janúar 2020.

Við árslok 2019 stóð þannig embætti ríkisskattstjóra á markverðum tímamótum – á nýju ári færi starfsemi þess fram í nýrri sameinaðri stofnun, Skattinum. Hinni nýju stofnun yrði falið að halda á einni hendi álagningu og innheimtu skatta, gjalda og tolla, og viðhafa eftirlit með skattskilum og viðskiptum og flutningum yfir landamæri í samstarfi við löggæsluyfirvöld. Með öflugri, samhæfðri og sveigjanlegri upplýsinga- og þjónustustofnun sem þessari má betur tryggja rekstraröryggi skattkerfis-

ins, sinna nýsköpun og móta til framtíðar vinnulag sem taki mið af stafvæðingu og breyttum viðskiptaháttum, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi.

Skilvirk öflun og notkun réttra upplýsinga er kjarninn í fjölþættri og gagnadrifinni starfsemi skatt- og tollyfirvalda. Í gagnasöfnum þeirra eru fólgin mikil verðmæti fyrir starfsemi og áætlanagerð hins opinbera sem og annarra hagaðila, og þessar upplýsingar mynda grunninn að tekjuöflun ríkisins. Rík ábyrgð fylgir mótun og framfylgni áherslna um notkun slíkra gagna, og hljóta upplýsingaöryggi og virðing fyrir persónuvernd einstaklinga að verða lögð þar til grundvallar. Samnýting þessara gagna við skatt- og tolleftirlit, og ekki síður við eftirlit með peningþvætti, veitir ómælda möguleika á enn árangursríkari aðgerðum á grundvelli markvissra greininga. Auk heildstæðari nálgunar á þróun rafrænna áhættugreininga og beitingu gervigreindar má búast við því að stærri rekstrareining veiti frekari færi á samnýtingu mannafla eftir verkefnaþörf, s.s. við mál sem varða umfangsmikil skattsvik eða önnur efnahagsbrot yfir landamæri. Vaxandi áhersla hefur verið á alþjóðlegt samstarf um miðlun og nýtingu upplýsinga á milli ríkja, og hið breytta landslag hnattvæðingar og stafrænna viðskipta eykur stöðugt þörfina á því að Ísland sé þar samstíga öðrum ríkjum og horfi til frekari sjálfvirknivæðingar. Þá má gera ráð fyrir að með tímanum hljótist jafnframt í sameinaðri stofnun umtalsverð samlegðaráhrif af rekstri og þróun hug- og vélbúnaðar, sem og margvíslegra notendakerfa, þegar eðlisskyld verkefni verða í ríkari mæli unnin af sömu aðilum.

Hagnýting upplýsingagrunna ríkisskattstjóra hefur verið meðal frumforsendna framþróunar í þjónustuveitingu hjá embættinu undanfarin ár. Samræmi í skattframkvæmd og skilvirk, sanngjörn málsmeðferð hefur verið

## TÍUND

ÁRIÐ 2019 - BLAÐ NR. 79

Útgefandi: Ríkisskattstjóri.

Ábyrgðarmaður: Snorri Olsen.


Framleiðslustjórn og hönnun: Logi Halldórsson.

Umsjón efnis: Jón Á. Tryggvason og Ragnheiður Björnsdóttir.

© Ríkisskattstjóri

Fjölmiðlum er heimil notkun efnis.

Öll önnur notkun á efni er óheimil nema með leyfi útgefanda.



Séð frá Laugarnestanga,  
Viðeyjarstofa og Kistufell í baksýn.

leiðarljós í starfsemi þess og gæði þjónustuvörunar fengið sífellt aukið vægi. Stöðugt hefur verið leitað leiða til að tryggja jákvæða upplifun viðskiptavina og byggja upp traust, en í því samhengi hefur þróun nýrra tæknilausna til að auðvelda samskipti við skattyfirvöld reynst lykilatíði. Skiptir þar mestu þróun rafrænna framtalskila bæði einstaklinga og lögaðila undanfarin ár. Fljót-virk og örugg framtalsskil eftir rafrænum farvegi hafa stuðlað að því að hagrænar upplýsingar nýtast fyrr og betur en áður. Enn eitt skrefið í átt að markmiðum stjórnvalda um frekari samlegð í nýtingu hagrænna upplýsinga var síðan tekið um mitt ár 2019 með áðurnefndum flutningi innheimtuverkefna tollstjóra til ríkisskattstjóra. Þar raungerðust þegar nýir möguleikar til greiningar á innheimtuárangri í beinu samhengi við áherslur í skatt-effirliti og álagningarskoðun, og þar með betri yfirsýn yfir forsendur tekjuöflunar ríkisins. Fyrir stóran hóp viðskiptavina ríkisskattstjóra skapaðist jafnframt mikið hagræði af því að ferill álagningar og innheimtu varð einn og óslitinn, og hafa þeir síðan geta leitað alfarið til eins og sama stjórnvaldsins með sín skattamál. Augljós þjóðhagslegur ávinningur er af því að lágmarka stjórnsýslubyrðar einstaklinga og atvinnulífs, og umræddar breytingar á stofnanafyrirkomulagi skattkerfisins eru til marks um vilja stjórnvalda til að leita hagkvæmra lausna þar sem hagsmunir notenda kerfisins eru í fyrirrúmi.

Starfsmenn skattyfirvalda fara ekki varhluta af þeim áskorunum sem tækni- og þjóðfélagsbreytingar samtímans skapa þátttakendum á vinnumarkaði. Í slíku felast þó sömuleiðis mikil tækifæri fyrir bæði starfsmenn og vinnuveitendur sé hugað að því að þróa færni starfsmannahópsins og þroska fyrirtækjameningu með framsýnum hætti. Liður í aðgerðum hins opinbera til að stofnanir þess verði í hópi hinna framsæknu í atvinnu-

**Snorri Olsen**  
ríkisskattstjóri



lífi framtíðarinnar er að styðja starfsfólk sitt í að mæta þessum áskorunum, og hagnýta öll tækifæri til samnýtingar, sveigjanleika og aukinnar skilvirkni. Með sameiningu verkefna skatt- og tollyfirvalda skapast möguleikar á heildstæðari framförum í vinnulagi og stjórnun verkefna á þessu málefnasviði, og skír umgjörð utan um þróun í mannaflapörf og endurmenntun. Sameinuð stofnun mun hafa ríkari úrræði til að styrkja mannauð sinn til breyttrar færni og til að takast á við breytingar á vinnu-umhverfinu í heild. Ríkisskattstjóri hefur um árabíl lagt áherslu á eflingu mannauðspáttarins í rekstri sínum, og opnast hér fleiri og fjölbreyttari leiðir til að ná slíkum markmiðum og treysta þannig enn frekar þessa grunnstoð skattframkvæmdar. Slíkt er ekki aðeins til hagsbóta fyrir starfsmannahóp Skattsins sem slíkan heldur mun aukinn árangur af störfum þeirra þjóna hagsmunum samfélagsins alls.

<b>Viðtalið - Skúli Eggert Þórðarson</b> .....	<b>4</b>
<b>Álagning einstaklinga 2019</b> .....	<b>14</b>
<b>Skipulag ríkisskattstjóra</b> .....	<b>40</b>
<b>Yfirstandandi breytingar kynntar á fjölmönnum starfsmannafundi</b> .....	<b>48</b>
<b>Veiðigjald</b> .....	<b>50</b>
<b>Þýðing meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga við skattframkvæmd</b> .....	<b>52</b>

<b>Einföldun rekstrarumhverfis fyrir atvinnulífið</b> .....	<b>68</b>
<b>Álagning lögaðila 2019</b> .....	<b>70</b>
<b>Innheimta opinberra skatta og gjalda hjá ríkisskattstjóra</b> .....	<b>83</b>
<b>Dómar</b> .....	<b>86</b>
<b>Lokaorðið</b> .....	<b>90</b>
<b>Upplýsingatafla RSK</b> .....	<b>92</b>



# „Liðsheildin hjá RSK var forsenda árangurs“

„Eitt mikilvægasta hlutverk stjórnenda er að hvetja samstarfsfólk til dáða“

Miðvikudaginn 18. desember sl. fóru Elín Alma Arthursdóttir og Gunnar Karlsson, sviðsstjórar hjá RSK, í heimsókn til Skúla Eggerts Þórðarsonar og áttu við hann spjall um langan og farsælan starfsferil innan skattkerfisins, feril sem spannaði alls 37 ár. Þann 30. apríl 2018 var lokadagur Skúla í starfi ríkisskattstjóra, en þá hafði hann nýverið hlotið kjör til embættis ríkisendurskoðanda. Skúli Eggert hafði þá gegnt embætti ríkisskattstjóra frá 1. janúar 2007, en áður var hann skattrannsóknarstjóri frá árinu 1993 til ársloka 2006 og þar áður vararíkisskattstjóri á árunum 1990-1993. Á þeim tíma sem Skúli Eggert leiddi starfsemi ríkisskattstjóra tók stofnunin miklum breytingum, ekki hvað síst með sameiningu við hinar níu áður sjálfstæðu skattstofur landsins árið 2010. Það er engin tilviljun að 18. desember varð fyrir valinu þegar heimsókn Elínar Ölmur og Gunnars til Skúla Eggerts var ákveðin, en þá voru liðin nákvæmlega 10 ár frá því að starfsmenn skattýfirvalda í 10 stofnunum mættu til sameiginlegs starfsmannafundar og gengu svo af fundi sem starfsmenn einnar stofnunar, en Alþingi afgreiddi lög um sameiningu á meðan á fundinum stóð.

## Fyrstu árin í skattkerfinu

**Við spyrjum Skúla Eggert fyrst hvað varð til þess að hann hóf störf í skattkerfinu.**

„Vorið 1980 þegar laganámið hjá mér var komið á lokastig, hafði ég gert það upp við mig að ég hafði mestan áhuga á að starfa innan stjórnsýslunnar og þar fundust mér skattamálin áhugavert svið. Það var ástæða þess að ég tók bókhalð og skattarétt sem valfög og skrifaði síðan ritgerð á sviði opinbers réttarfars. Snemma árs 1981 birtist lítil auglýsing sem vakti athygli mína, en þar auglýsti skattstofan í Reykjanesumdæmi eftir skattendurskoðanda. Ég gaf mig fram, var ráðinn og hóf þar störf 16. mars 1981 og lauk laga-

náminu þá stuttu síðar. Skattstjórinn tók ákvörðun um að setja mig í framtöl einstaklinga. Þá var verið að stíga ný skref þar sem nýja framtalið frá 1980 markaði mikil tímamót, en það var í fyrsta skipti sem allir reitir voru vélteknir og framtölin voru kóðamerkt til síðari skoðunar. Ábendingaskráin var að komast í gagnið og þetta var áhugaverður tími. Fljótlega er ég svo færður yfir í atvinnurekstrarframtölin. Þau voru ekki fullkomin tæknilega enda var gamla skattframtal lögaðila í rauninni aðeins fjórir reitir en heil ósköp af eyðublöðum fylgdu og svo var ársreikningurinn helsta gagnið. Greinargerð um aðstöðugjaldsstofn var gagnleg og veitti fyllri upplýsingar en framtalið. Þarna mátti finna hversu staðlað rekstrarframtal vantaði.“

## Eftirminnilegir þættir

**Margt stendur uppúr þegar lítið er um öxl eftir hartnær fjóra áratugi. Nokkrir þættir, t.d. upptaka staðgreiðslunnar 1988, sameining stofnana skattkerfisins 2009 og leiðréttingin 2014, bera þó væntanlega hvað hæst?**

„Eftir tvö ár á skattstofunni fór ég að sýna á mér fararsnið og Garðar Valdimarsson, sem þá stýrði rannsóknardeild ríkisskattstjóra, réði mig til starfa. Það var áhugavert að koma til starfa hjá ríkisskattstjóra, en þar var unnið umtalsvert þróunarstarf. Meðal annars var verið að endurskipuleggja skatteftirlitið og markmiðið



Fundað um upptöku á staðgreiðslu. Indriði H. Þorláksson í pontu. Skúli Eggert, Garðar Valdimarsson og Jón Guðmundsson hlusta. Þeir þrír fyrstnefndu gegndu allir embætti ríkisskattstjóra á árunum 1986-2018.

”

Í tíð Skúla Eggerts sem ríkisskattstjóra var lögð mikil áhersla á að meginstoðir skattframkvæmdarinnar væru annars vegar þjónusta og hins vegar skatteftirlit

Þeir sem mest unnu að gerð staðgreiðslufrumvarpanna voru Garðar Valdimarsson, Indriði H. Þorláksson, Jón Guðmundsson, Skúli Eggert Þórðarson, Lárus Ögmundsson, Sigurður B. Stefánsson og Sveinn Jónsson. Tveir þeir síðastnefndu voru hvorki starfsmenn ráðuneytisins né ríkisskattstjóra. Í lokin kom einnig Bolli Héðinsson, efnahagsráðgjafi forsætisráðherra, að málinu. Niðurstaða nefndarstarfsins var að leggja til að einfalda mjög alla skattálagningu og að í staðgreiðslu yrðu opinber gjöld innheimt með einni skattprósentu sem skipt yrði á milli tekjuskatts og útsvars en ýmis önnur gjöld, svo sem sjúkratryggingagjald, sóknargjald og kirkjugarðsgjald, yrðu lögð niður. Samhliða var lögð til ein víðamesta einföldun skattframkvæmdarinnar frá því að framtalsskylda var tekin upp með lögum nr. 74/1921, með mikilli fækkun frádráttarliða en í staðinn kom einn persónuafsláttur, mun hærrí en áður hafði verið, húsnæðisbætur í stað vaxtafrádráttar og nýtt barnabótakerfi.

að gera það sýnilegra og árangursríkara. Ég var ráðinn deildarstjóri eftirlitsdeildarinnar 1984 og við fórum í stóra könnun á ástandi bókhalds hjá fjölda fyrirtækja og opnuðum eftirlitið umtalsvert. Héldum m.a. blaðamannafund af þessu tilefni. Þá var þróuð áfram tölvuskrá þar sem safnað var saman helstu upplýsingum um rekstraraðila, af launamiðum, framtölum, aðstöðugjaldsgreinargerðum o.fl. til að stjórna vali á aðilum til úrtaks. Þetta var kallað flokkabók og var merkilegt þróunarstarf á þeim tíma. Árið 1986 var Garðar skipaður ríkisskattstjóri og í framhaldi af því verður úr að ég tek við starfi rekstrar- og starfsmannastjóra embættisins. Eitt af því sem Garðar lagði áherslu á var að stíga stærri skref í tölvuvæðingu skattkerfisins. Það féll undir starfssvið mitt og þá hófst undirbúningur að því að hver starfsmaður skattfirvalda hefði skjá á sínu borði til að fletta upp í gögnum. Rafræn vinnsla gagna framteljenda var það sem koma skyldi. Einstakt samstarf tókst á milli okkar Jóns Zophoníassonar sem varði meðan hans naut við. Jón starfaði að skattamálum allan sinn starfstíma í 58 ár. Geri aðrir betur.“

## Staðgreiðsla opinberra gjalda – 40 ára meðganga

**Staðgreiðsla opinberra gjalda var tekin upp sem innheimtu-kerfi skatta hérlendis hinn 1. janúar 1988 og hefur á þessum 32 árum sem liðin eru sýnt sig að vera eitt skilvirkasta tekjuöflunarkerfi sem hefur verið notað hérlendis.**

„Á árunum 1985-1986 hafði verið unnið að undirbúningi á upptöku virðisaukaskatts. Mál skipast þó þannig að síðla árs

*Staðgreiðsla opinberra gjalda  
hafði verið í undirbúningi áratugum saman áður en löggin frá  
1987 voru samþykkt.*

ÞRIÐJUDAGUR 3. FEBRÚAR 1987.

**DV**



Þessir menn hafa að undanfögnu verið að semja frumvörp sem gjörbreyta skattkerfinu, meðal annars frumvarp um staðgreiðslu skatta. Hafa þeir þurft að fórna frítíma sínum á kvöldin og um helgar, enda hefur fjármálaráðherra lýst því yfir að hann ætli að koma málinu í gegnum Alþingi fyrir vorið. Þeir eru Sigurður B. Stefánsson hagfræðingur, Lárus Ögmundsson deildarstjóri, Bolli Héðinsson, efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar, Jón Guðmundsson viðskiptafræðingur, Sveinn Jónsson, löggiltur endurskoðandi, Skúli Eggert Þórðarson lögfræðingur, Indriði H. Þorláksson skrifstofustjóri og Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri. -KMU/DV-mynd Ragnar S

1986 er stefnan sett á að taka upp staðgreiðslu opinberra gjalda. Hafði ég verið fenginn í það verkefni af hálfu fjármálaráðuneytisins að kanna hvort unnt væri að taka upp einfaldara staðgreiðslukerfi en fyrri hugmyndir gerðu ráð fyrir. Um svipað leyti lagði ASÍ til að taka upp staðgreiðslu með háum persónuafslætti og einu skattþrepi. Þetta gekk hratt fyrir sig, upptöku virðisaukaskattsins var frestað og þess í stað hófst vinna við að semja lagafrumvörp um staðgreiðslu. Í mars 1987 voru staðgreiðslulöggin samþykkt. Voru þá liðin 40 ár frá því að fyrstu hugmyndir komu fram um staðgreiðslu skatta. Það verða að teljast langur meðgöngutími þegar skattareglur eiga í hlut.“

„Þá þegar var farið í að undirbúa framkvæmdina og stofnuð var staðgreiðsludeild hjá RSK til að halda utan um verkefnið. Það var virkilega gaman að taka þátt í þessu en handtökin voru býsna mörg. Mikilvægast var að skipuleggja rekstur staðgreiðslunnar og gera

ný tölvukerfi vel úr garði. Þá var ljóst að ef upptakan ætti að takast vel yrði að fara í öflugan kynningar- og auglýsingaherferð. Við réðum auglýsingastofu til aðstoðar. Merkið RSK varð til á þessum tíma og útgáfa hófst á Tíund. Þetta var í fyrsta skipti sem kynningarefni, bæklingar o.fl. frá



*Kristján Aðalbjörnsson, Jón Zophoníasson og Skúli Eggert voru meðal þeirra starfsmanna RSK sem önnuðust skipulagningu og úrvinnslu upplýsinga.*

# Komum út úr greninu



Skatttrannsóknarstjóri Garðar Valdimarsson hefur ákveðið að framkvæmd verði skyndi-könnun á bókhaldi rúmlega 400 fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi eystra á næstu vikum.

Um svipað leyti fórum við að þróa hugmyndir um fyrirframgert skattframtal sem RSK myndi búa til. Framteljandinn þyrfti einungis að yfirfara upplýsingarnar og staðfesta. Þetta var m.a. rétt á skattstjórafundi árið 1992. Ýmis ljón voru þó í veginum, tæknilegir þröskuldar og bankaupplýsingar voru ófullkomnar. Það var ekki fyrir en á árinu 2010 sem loksins tókst að koma hugmyndinni í gagnið. Eftir það hefur stór hluti framteljenda ekki þurft að gera annað en að yfirfara og samþykkja framtalið“.

## Skatttrannsóknarstjóri frá árinu 1993 til ársloka 2006

„Ég lét síðan af störfum sem vararíkisskattstjóri á árinu 1993 með því að vera skipaður skatttrannsóknarstjóri. Verkefnið var að koma á fót þessu nýja embætti, aðskildu frá RSK. Það tók á að hverfa frá RSK en það tókst að mynda nýja liðsheild í þessu embætti og þetta voru krefjandi tímar. Þar lagði ég áherslu á að auka réttarstöðu þeirra sem sættu rannsókn og að ekki væri verið að rannsaka mál þar sem reyndi á lagatúlkannir, enda væri slíkt verkefni ríkisskattstjóra. Skattsvikin voru því miður ærin og ástæða til að einbeita sér að þeim. Aflandsvæðingin var þá að hefjast og eignarhaldi var leynt.

Hjá þessu nýja embætti fór ég að gefa meiri gaum að mannauðsmálum, lagði t.d. áherslu á að ágreiningur yrði leystur með samtölum en ekki hávaða og tók upp reglubundin starfsmannasamtöl. Enn held ég tengslum við gamla samstarfsmenn frá þessum tíma“.

## Ríkisskattstjóri frá 1. janúar 2007

„Þá tekur við nýtt tímabil sem var eitt skemmtilegasta tímabilið á starfsævinni fram að þeirri stöðu sem ég nú gegni. Það var gott að koma aftur á Laugavegin og taka við keflinu frá Indriða H. Þorlákssyni sem hafði sett sterkan svip á skattamálin og embættið á árunum frá 1999 – 2006. Og margt hafði breyst á Laugaveginum frá því að ég kvaddi 1993.

Í tíð Sigurbjörns Þorbjörnssonar, sem gegndi embættinu frá 1962 – 1986, var tekinn upp sveigjanlegur vinnutími – það var mikil framsýni á þeim árum. Ég hafði lesið töluvert af efni um starfsmannamál, sótt námskeið og innleiddi ýmsar nýjungar á árunum hjá SRS. Sjónarmið mitt er að samskipti eigi að byggjast á gagnkvæmu trausti. Hjá ríkisskattstjóra varð það eitt af mínum fyrstu verkum á árinu 2007 að gera stöðu mannauðsstjóra að sér sviði í því skyni að gera þessum hluta starfseminnar hærra

”

Stöðugt hefur verið leitað nýrra leiða til að gera enn betur, hagræða, endurskipuleggja og móta nýja verkferla í samræmi við öra þróun lagareglna og tækni til að tryggja viðskiptavinum embættisins sem besta og skilvirkasta þjónustu

ríkisskattstjóra var hannað af markaðsfólki. Kynningarefni staðgreiðslunnar var því með nýju yfirbragði og aðrar áherslur en áður höfðu þekkt. Auglýsingarnar voru áberandi og birtust á heilsíðuopnum í öllum dagblöðum. Kynningin fékk síðar verðlaun fyrir best heppnuðu auglýsinga-herferðina það árið. Með stífri kynningu voru allir meðvitaðir um breytinguna þegar hún tók gildi.

Fræðslufundirnir voru oftast opnir fundir, haldnir með stéttarfélögum og atvinnurekendum, og svo fundir þar sem lögð var áhersla á að ná inn fólki sem vann í launavinnslu. Einnig var fundað með ýmsum öðrum hópum, svo sem eldri borgurum, einstæðum foreldrum o.fl.

Staðgreiðslan kom mörgum sveitarfélögum þægilega á óvart. Við fundum fyrir tortryggni meðan á undirbúningi stóð, aðallega hræðslu um að þetta nýja kerfi myndi ekki virka sem skyldi. Svo þegar staðgreiðslan var komin til framkvæmda varð ljóst að þetta var einhver mesta bylting sem unnt var að hugsa sér við tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga. Skattgreiðslur af tekjum skiluðu sér hratt og örugglega og sveitarfélögin þurftu ekki að sjá um innheimtuna.





*Fundur með Evu Joly og sérstökum saksóknara í kjölfar efnahagshrunsins. Frá vinstri: Jón Þórisson, Aðalsteinn Hákonarson, Ingvar J. Rögnvaldsson, Skúli Eggert, Eva Joly og Ólafur Þór Hauksson.*

undir höfði. Heitið mannaússtjóri undirstríkar að fólkið er auður hvernar stofnunar. Ekkert skiptir jafnmiklu máli. Við Inga Hanna Guðmundsdóttir, sem hafði verið ráðin mannaússtjóri 2006, náðum vel

saman og sömdum drög að nýrri stefnu í mannaúsmálum sem byggðist á trausti, tillitssemi og gagnkvæmri virðingu. Þetta var önnur nálgun en víðast hvar annars staðar. Flestir yrðu á föstum launum

og mannaússtjórinn ætti ekki að vera klukkuvörður. Þá skyldi vinnuaðstaða starfsmanna vera góð, svo og allur viðurgjörningur. Gamla mótuneytið var fjarlægð og nútíma matsalur kom í staðinn.



*Skúli Eggert, Gunnar og Elín Alma í húsakynnum Ríkisendurskoðunar, en þar var RSK áður til húsa þar til flutt var á Laugavegin.*



Stjórnendur hjá RSK funda á Akureyri eftir sameiningu í skattkerfinu. Þar var margur vandinn leystur og starfsemin skipulögð upp á nýtt.

”

Lengi hafði legið í loftinu að sameina embætti ríkisskattstjóra og skattstofunnar. Formlegur undirbúningur hófst sumarið 2009 og sameining varð að veruleika frá 1. janúar 2010. Markmiðin voru skýr og vel tókst til með sameinuðu átaki og þátttöku allra starfsmanna

Einnig réð ég fljótlega inn þrjá reynslubolta, þau Elínu Ölmú Arthursdóttur, Esther Sigurðardóttur og Jón Guðmundsson sem öll höfðu verið samstarfsmenn hjá RSK á árum áður. Það var þáttur í því að auka fagmennsku og ég fann fljótt hve starfsmenn kunnu að meta það að fá þessa þekkingu aftur inn til RSK. Síðan tók við að hugsa hlutina upp á nýtt með fólkinu öllu. Hluti stjórnenda hvarf á braut og aðrir komu í þeirra stað“.

#### Sameiningin 18. desember 2009 - „Veldur hver á heldur“

*Eftir skamman aðdraganda var sameining níu embætta skattstjóra landsins og ríkisskattstjóra í fullum undirbúningi á seinni hluta ársins 2009. Hinn 18. desember það ár var haldinn sameiginlegur fundur allra starfsmanna hinna níu skattstjóra og ríkisskattstjóra til að ræða áformaða sameiningu. Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu var aðalræðumaður þessa fundar enda hafði hann verið formaður*

**starfshóps um sameininguna, leitt undirbúningsstarfið og borið hitann og þungann af fyrirhugaðri lagabreytingu, en ekki voru allir sammála um ágæti hennar. Á fundinum 2009 hvatti hann starfsmenn til að takast á við þær breytingar sem af sameiningunni leiddi með áherslu á „veldur hver á heldur“.**

Þegar sameiningin er rifjuð upp segir Skúli Eggert að þetta hafi legið í loftinu um árabíl og margt hafi hnigið í þessa átt, m.a. vefframtalið frá árinu 1999. RSK varð þá samnefni fyrir skattyfirvöld, m.a. með þjónustuveri sínu sem létti mikið á þegar framtalsfrestur stóð yfir. Almennur tók þessu vel og álagið á skattstofunum minnkaði. Tillögur um eina stofnun skattyfirvalda höfðu komið fram áður, m.a. af hálfu Indriða H. Þorlákssonar sem ítrekað lagði til að sjálfstæð skattstjóraembætti yrðu lögð niður.

Formlegur undirbúningur að sameiningunni hófst í júlí 2009 þegar fjármálaráðuneytið skipaði starfshóp til að móta tillögur um sameiningu þeirra og breytta verkaskiptingu ríkisskattstjóra

Skúli Eggert tekur við  
upplýsingatækniverðlaunum  
ársins 2016 úr hendi forseta  
Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar. Á myndinni sést einnig  
Arnheiður Guðmundsdóttir  
framkvæmdastjóri SKÝ.



og skattstjóra. Hópurinn skilaði skýrslu í september 2009 þar sem sameining var lögð til. Markmiðin með sameinaðri stofnun voru skýr, þ.e. skilvirkari og samræmdari skattframkvæmd, betri nýting mannaúts, aukin sérhæfing og lækkun rekstrarkostnaðar. Starfshópurinn skipuðu þeir Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri, Angantýr Einarsson skrifstofustjóri, Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri og þeir Gunnar Karlsson og Sigmundur Stefánsson skattstjórar, sem voru tilnefndir af Skattstjórafélagi Íslands.

„Eftir að niðurstaða starfshóps um sameiningu lá fyrir var hafist handa um frekari undirbúning. Fundað var með skattstjórum og síðan öllum starfsmönnum þeirra. Andstaða var töluverð til að byrja með. Engum yrði sagt upp störfum vegna sameiningarinnar einnar sér og starfsemi yrði um sinn áfram á öllum þeim stöðum sem verið hafði skattstofa“.

Skúli Eggert heldur áfram að rifja upp að eftir að frumvarpið um sameininguna kom fram á Alþingi hafi hann ásamt Angantýr Einarssyni úr fjármálaráðuneytinu farið á skattstofurnar til að kynna starfsmönnum hvað stæði til. Fundirnir hefðu verið gagnlegir og áhersla lögð á að auka þyrfti samræmi í skattframkvæmdinni og sérhæfingu starfa, þannig væri hægt að ná miklum árangri. Flestir voru sammála þessum markmiðum.

**Að framan var vikið að sameiginlegum starfsmannafundi sem haldinn var að frumkvæði Skúla Eggerts 18. desember 2009, daginn sem frumvarpið um sameininguna var samþykkt. Skúli Eggert segir að þessi fundur hafi gengið vonum fram. Auðvitað höfðu ein-**

***hverjir verið uggandi um sinn hag en strax hafi þó myndast ákveðin samstaða og samhljómur sem orðið hafi upp-takturinn fyrir næstu misseri.***

Í upphafi árs 2010 hafi orðið til ný stofnun með áratuga reynslu að baki. Sameiningin hafi byggt á nýrri hugsun og skattkerfið orðið ein heild. Settir hafi verið á stofn 18 starfshópar um hina ýmsu þætti sameiningarinnar, hvernig bæta skyldi skattframkvæmdina, þjónustuna og almennan rekstur. Stilla þurfti saman strengi og skapa liðsheit. Í því skyni hafi verið haldnir fjölmargir starfsmannafundir, í fyrstu þrjár til fjórir á ári, auk stjórnendafunda.

Skúli Eggert segir að fundirnir hafi skilað miklum árangri og þar hafi verið miðafyrirkomulag þar sem starfsmenn gátu bent á ýmislegt sem mætti breyta og bæta. Fram komu um 3.000 tillögur á fyrstu fundunum. Allar hafi þessar hugmyndir verið yfirfarnar og tekið tillit til mjög margra þeirra og þeim hrundið í framkvæmd.

Allir verkferlar voru endurskoðaðir og verkaskiptingu breytt. Skattframkvæmdin hafi því ekki bara verið sameinuð heldur fyrst og fremst endurskipulögð. Sérhæfing hafi fljótt orðið mikil. Í árslok 2010 var skattstofunni í Reykjavík lokað og starfsmenn fluttu inn á Laugaveg og á Suðurgötu.

## Skipulagningin - Hver og einn hafði áhrif

„Lykillinn að því að sameining nýu skattstofa við embætti ríkisskattstjóra í eina stofnun heppnast jafn vel og raun ber vitni, er m.a. sú aðferðarfræði sem notuð var í sameiningarferlinu, þ.e. að hafa starfsmenn með í ráðum alveg frá byrjun og stuðla að almennri þátttöku þeirra í stefnumótuninni. Þar skiptu starfsmannafundirnir miklu máli. Smátt og smátt urðu fundirnir afslappaðir og fólk fór að hlakka til þeirra. Mannauðsstjórnunin var lykillinn að árangri í því hve vel sameiningin tókst. Þá hætti fjármálaráðuneytið afskiptum af sameiningunni í janúar 2010 sem var mikil og afgerandi traustsyfirlýsing.“

Loks var og er mikilvægt að stjórnun hjá RSK væri þannig að stjórnendur hefðu gott val á þeim þætti starfsins. Í könnun SFR við val á stofnun ársins höfðu komið fram ábendingar um að þetta mætti bæta. Við réðum því Öldu Sigurðardóttur stjórnendabjálfa til að þjálfa þá sem höfðu mannaforráð og svo var stjórnun fastur liður á stjórnendafundum. Þegar öllu er á botninn hvolft eru góð samskipti milli manna lykillinn að starfsgleði og þar með góðum árangri“.

## Eftirlit og þjónusta

„Þessir tveir megin þættir skattframkvæmdarinnar, þjónusta og eftirlit, voru alfa og omega þess sem fór í hönd. Al-



Á kynningarfundum vegna „leiðréttingarinnar“ þar sem farið var yfir hvernig ferlið gengi fyrir sig. Frá vinstri Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra, Guðrún Ögmundsdóttir formaður verkefnisstjórnar, Tryggvi Þór Herbertsson verkefnisstjóri, Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra, Skúli Eggert og Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir sviðsstjóri „leiðréttingarinnar“.

mennt megi segja að eftirlit eigi sér mörg andlit. Besta forvörnin í skattamálum er góð þjónusta. Aukin og betri áritun upplýsinga inn á framtöl þýðir betri framtalskil og fækkun áætlana. Allt sé þetta af hinu góða“.

## Ný nálgun og áherslur í mannauðsmálum

**Við spyrjum Skúla Eggert nánar út í þessi mál, minnug þess að hann var sæmdur riddarakrossi fyrir nýjungar í stjórnun og mannauðsmálum hjá hinu opinbera við hátíðlega athöfn að Bessastöðum þann 17. júní 2019.**

„Nýjar áherslur í mannauðsmálum hafa þróast með mér í gegnum tíðina. Byrjaði á árinu 1996 með stefnumótunarfundi hjá SRS, þar sem verk og vinnulag var skilgreint. Þar kom Magnús Pétursson þá ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu og hvatti fólk til dáða.

Þá spyr ég einnig; Hvers vegna skyldi fólk ekki koma fram við annað fólk eins og það vill að komið sé fram við það sjálf? Hafið þið hugsað um mikilvægi þess að leysa mál með umræðum – í stað þess að efna til átaka? Æðsti stjórnandi hvernar stofnunar nær miklum árangri

með því að horfa fram á veginn og vera hvetjandi en ekki skipandi. En að sama skapi getur auðvitað ekki gengið að einstakir starfsmenn virði ekki ákvarðanir. Það getur aldrei gengið að einhverjir rói í aðra átt en lög gera ráð fyrir eða æðsti stjórnandi ákveður. Í lok dagsins er það alltaf forstöðumaður hvers embættis sem ber hina starfslegu ábyrgð“.

## Stofnun ársins fyrr og nú

**Talandi um stofnun ársins. Ríkisskattstjóri tók í þinni tíð þátt í þessari könnun frá upphafi og hefur síðastliðin 12 ár verið í einum af fimm efstu sætum í sínum flokki og verið kjörin stofnun ársins þrisvar sinnum á síðustu fimm árum. Hver er lykullinn að þessu?**

„Það er engin spurning að áherslan í mannauðsmálunum skilaði góðum árangri í könnuninni. Mannauðsstofna RSK breytti miklu og opnaði augu samstarfsfólksins fyrir því að við værum ekki að reka fangaþúfir, heldur vildum hlúa að fólki. Hluti af því er hvernig haga beri daglegri stjórnun og hvernig standa skuli að ráðningum, endurmenntun og öðrum þáttum“.

Þá koma jafnréttismálin við sögu, en mikil breyting hefur orðið í þeim efnunum.

Sem lítið dæmi má nefna að þegar Skúli Eggert var að byrja sinn feril voru ein-göngu karlmenn við stjórnvölinn. Þegar Skúli Eggert lét af störfum var jafnt í framkvæmdarstjórn ríkisskattstjóra, 6 konur og 6 karlar og meirihluti starfsstöðvastjóra voru konur.

## Leiðréttingin

„Leiðréttingin 2014 var mjög krefjandi“ segir Skúli Eggert. „Helsta áskorunin var að tíminn til stefnu var afar skammur og mikill þrýstingur á að verkið væri unnið hratt og örugglega. Við þær aðstæður hafi skipt miklu að skipuleggja hvernig leysa mætti umsóknarferlið og vinna það með rafrænum hætti. Slíkar aðstæður geti

### Leiðrétting húsnæðislána og ráðstöfun séreignarsparnaðar

Í apríl 2014 mælti fjármála- og efnahagsráðherra fyrir tveimur lagafrumvörpum varðandi þær aðgerðir ríkisstjórnarinnar til leiðréttingar skuldavanda íslenskra heimila sem áformaðar voru. Með frumvörpunum var ríkisskattstjóra falin umsjón og framkvæmd þeirra verkefna og ljóst var að þau yrðu ærin.

orðið aflvaki breytinga á gömlum vinnubrögðum og nýjunga á öðrum sviðum. Ný verkefni kalli á aðrar lausnir en áður hafi tíðkast og þannig sé unnt að efla nýsköpun í opinberri stjórnsýslu“.

Skúli Eggert telur að skipt hafi sköpum að ráða annars vegar inn nýja starfsmenn í þetta verkefni og hins vegar að taka reynda starfsmenn alfarið úr daglegum verkefnum sínum yfir í leiðréttinguna. Það hafi á hinn bóginn aukið álag á aðra starfsmenn stofnunarinnar. Þannig hafi leiðréttingin skapað mjög mikið álag á alla starfsmenn RSK. Þeir sem stýrt hafi verkefninu af hálfu fjármálaráðuneytisins, þau Guðrún Ögmundsdóttir og Tryggvi Þór Herbertsson, hafi verið mjög lausnamiðuð og daglegt samband verið við þau. Strax hafi verið ákveðið að allt ferlið yrði rafrænt og það hafi gengið upp.

Leiðréttingin hafi verið mikið og lærdómsríkt ferli og styrkt trú embættisins á kosti þess að auka vægi rafrænna lausna í stjórnsýslunni til hagsbóta fyrir landsmenn og ríkissjóð segir Skúli Eggert. „Verði í því sambengi ekki ofmetið mikilvægi þróunarvinnu og að höfuðáhersla sé lögð á notendavæna þjónustu. Enn fremur hafi nú betur en nokkru sinni fyrr orðið ljós sá styrkur sem býr í mannaúði RSK og endurspegladist í vilja starfsmanna og getu til að takast á við nýjar áskoranir og sigrast á þeim“.

## Tíund fréttablað

**Tíund, fréttablað RSK, hóf göngu sína á árinu 1987. Fyrst sem fréttabréf RSK en sérstaklega eftir sameininguna í skattkerfinu var Tíund eflað mjög faglega.**

Skúli Eggert segir að í kringum skattkerfisbreytingar sem undirbúnar voru á árinu 1987 hafi eins og áður kom fram orðið að ráði að gefa út fréttabréf þar sem birtar voru ýmsar upplýsingar í tengslum við breytingarnar. Nafnið „Tíund“ eigi Garðar Valdimarsson. Með tímanum hafi útgáfan breyst og Tíund sé ekki lengur eingöngu fréttabréf heldur blað með mörgum faglegum greinum í bland við léttara efni. Nú sé svo komið að fjölmargar greinar sem birst hafi í Tíund séu notaðar sem kennsluefni í háskólum landsins. Greinar um skattatölfræði og fróðleik úr framtölum fái mikla athygli, m.a. hjá fjölmiðlum sem rýni í töflur sem endurspegli efnahagslega stöðu einstaklinga og lögaðila. Þá hafi Sigmundur Stefánsson, fyrrum skattstjóri, ritað margar faglegar greinar sem haldi til haga áratuga þekkingu, t.d. á málsmeðferð. Blaðið hafi lengst af verið 32 síður en það hafi stækkað smám saman og frá árinu 2012 verið 72 síður og komið út þrisvar á ári.



## Að lokum

Við kveðjum Skúla Eggert eftir skemmtilegt samtal þar sem ýmislegt fleira en hér kemur fram var rætt og hlegið dátt að ýmsu skondnu sem rifjaðist upp. Ólíkt því sem margur kann að halda gerist margt skemmtilegt í skattkerfinu og margs að minnast. Að lokum vildi Skúli Eggert þakka öllu því fólki sem hann hefði unnið með á þessum langa starfstíma sínum hjá RSK, SRS og skattstofunni. Mannauður skattkerfisins sé það sem öllu skipti og kveðst hann hafa kynnst þar miklu sómafólki og myndað fjölmörg vina- og kunningjatengsl við samstarfsfólk sitt. Þá sé það þakkarvert að hafa getað hlakkað til hvers nýs starfsdags og aldrei haft þörf fyrir að leita annað.

EAA/GK



Nokkrir starfsmenn RSK eftir að niðurstaða úr vali á „Stofnun ársins 2016“ lá fyrir.

# Álagning einstaklinga 2019



**Páll Kolbeins**  
rekstrarhagfræðingur

**Í maí sl. lauk ríkisskattstjóri álagningu opinberra gjalda á einstaklinga. Skattframtal ársins 2019 vegna tekna ársins 2018 ber vitni um mikinn uppgang á árinu. Útlendingar flyktust til landsins, laun og tekjur hækkuðu og verðmæti eigna jókst. Skuldir jukust en þó í minna mæli en eignir og eigið fé. Þó að nokkuð hafi dregið úr hinum mikla vexti sem var hér á árunum 2016 og 2017 þá er engu að síður óhætt að segja að það hafi blásið byrlega fyrir landsmönnum á árinu 2018.**

## Skattgrunnskrá

Á skattgrunnskrá árið 2019 voru 307.699 einstaklingar. Einstaklingum á skattgrunnskrá fjölgaði um 10.023 eða 3,4% á milli ára og hafa aldrei verið þetta margir framteljendur á skattgrunnskrá. Það dró þó lítið eitt úr fjölguninni árið 2018. Frá árinu 2011 og fram til ársins 2017 fjölgaði framteljendum á skattgrunnskrá með auknum hraða frá ári til árs. Þeim fjölgaði um 1.006 árið 2011, 2.423 árið 2012, 4.258 árið 2013 og 3.356 árið 2014. Þetta var fjölgun um

dvalar en 8.161 þeirra 10.023 sem komu inn á skrá árið 2018 voru erlendir ríkisborgarar en það er 81,4% fjölgunarinnar. Erlendum ríkisborgurum á skrá fjölgaði um 18,4% á sama tíma og íslenskum ríkisborgurum fjölgaði um 0,7%, sem er svipuð fjölgun og undanfarin ár en þó helmingi minni fjölgun en var að jafnaði á árunum 1993 til 2007.

Mikil fjölgun erlendra ríkisborgara nú kemur í kjölfar mikillar fjölgunar á undanförnum árum. Þeim fjölgaði um 8,0% árið

hátt í þriðjungur framteljenda á þessum aldri eða um 28,9%. Það voru til að mynda 22.205 Íslendingar á aldrinum 26 til 30 ára á skattgrunnskrá en 10.771 erlendir ríkisborgari. Sem dæmi voru erlendir ríkisborgarar rúmur þriðjungur eða 34,6% þeirra sem voru 27 ára og 33,6% framteljenda sem voru 25 ára. Þá voru 33,2% framteljenda sem urðu 29 ára á árinu 2018 erlendir ríkisborgarar.

## Nefskattar

Útvarpsgjald og gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra eru dæmi um nefskatta sem eru lagðir á til að fjármagna opinberan rekstur. Hreinn og klár nefskattur er ákveðin fjárhæð sem er lögð jafnt á alla. Skatturinn kemur því hlutfallslega verr við þá sem hafa lágar tekjur en þá sem hafa háar tekjur.

Íslensku nefskattarnir eru þó aðeins lagðir á þá sem eru með tekjur yfir skattleysismörkum, sem voru 1.750.783 kr. árið 2018 og þá sem voru fæddir 1949 eða síðar, þ.e. þeir sem eru orðnir sjötugir eða eldri eru undanþegnir gjaldinu. Öryrkjar sem dvelja á dvalar- og hjúkrunarheimilum eru einnig undanþegnir. Hér er því ekki um hreina nefskatta að ræða.

Nefskattar leggjast þyngst á þá sem eru með lágar tekjur en skatturinn verður alltaf hlutfallslega minni eftir því sem tekjurnar eru hærri. Þeir sem voru með 1.750.782 kr. sluppu við nefskattana en þeir sem voru yfir þeim tekjumörkum, jafnvel einni krónu, greiddu 11.454 kr. í gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra og 17.500 kr. í út-

”

**Fjölgun á skattgrunnskrá er að mestu leyti vegna erlendra ríkisborgara sem flust hafa til landsins til lengri eða skemmri dvalar en 8.161 þeirra 10.023 sem komu inn á skrá árið 2018 voru erlendir ríkisborgarar**

0,4%, 0,9%, 1,6% og 1,3%. Þá fjölgaði um 5.799 árið 2015 og 9.122 árið 2016 sem var 2,1% og 3,3% fjölgun. Frá árinu 2010 hefur framteljendum á skattgrunnskrá því fjölgað um 46.935 eða 18,0% en þar af eru 39.248 framteljendur sem hafa bæst við síðan árið 2013 en það er 83,6% fjölgunarinnar.

Fjölgun á skattgrunnskrá er að mestu leyti vegna erlendra ríkisborgara sem flust hafa til landsins til lengri eða skemmri

2014, 18,7% árið 2015 og um 28,0% og 28,2% árin 2016 og 2017. Erlendum ríkisborgurum á skattgrunnskrá fjölgaði um 9.764 árið 2017 og því var fjölgun ársins 2018 heldur minni en þá. Ef árin 2006 og 2017 eru undanskilin hefur fjölgun erlendra ríkisborgara hins vegar aldrei verið meiri. Þeir voru 52.489 eða um 17,1% framteljenda á skattgrunnskrá árið 2018. Hátt í tveir þriðju þessara útlendinga eru á milli tvítugs og fertugs eða 65,3% og því eru þeir

varpsgjald, samtals 28.954 kr. Þetta er hár skattur af einni krónu sem sýnir hvernig aldurs- og tekjumörk geta haft áhrif á skattlagningu einstaklinga. Í umfjölluninni hér á eftir eru allar fjárhæðir á föstu verðlagi miðað við vísitölu neysluverð í desember 2018.

## Útvarpsgjald

Rúmir 3,9 milljarðar voru nú lagðir á einstaklinga í útvarpsgjald, 89 milljónum meira en var lagt á í fyrra. Útvarpsgjald er lagt á til að standa straum af rekstri íslensks ríkisútvarps.

Útvarpsgjald var 17.500 kr. og hækkaði það um 400 kr. á milli ára. Nú var gjaldið lagt á 225.468 gjaldendur, 8.064 fleiri en fyrir ári. Gjaldendum útvarpsgjalds fjölgaði um 3,7% á milli ára, samanborið við 5,8% í fyrra. Gjaldendum undir sjötugu og yfir skattleysismörkum fjölgaði því hraðar en gjaldendum á skattgrunnskrá.

## Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra


Framkvæmdasjóði aldraðra er ætlað að stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu um landið, byggingu stofnana fyrir aldraða, þjónustumiðstöðva og dagvistunar, auk annarra verkefna sem stuðla að eflingu öldrunarþjónustu. Lagðar voru 11.454 kr. á hvern gjaldanda. Gjaldið hækkaði um 279 kr. eða 2,5% á milli ára. Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra var samtals tæpir 2,6 milljarðar sem var um tæpum 63 milljónum meira en í fyrra. Það var lagt á 225.660 einstaklinga, 8.067 fleiri en í fyrra.

Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra er lagt á einstaklinga á andlátsári en útvarpsgjald er ekki lagt á við þær aðstæður. Þetta er ástæðan fyrir því að aðeins fleiri greiða gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra en útvarpsgjald.


## Tekjur og frádráttur

Bróðurpartur tekna einstaklinga í landinu eru laun sem greidd eru fyrir vinnu launamanna. Aðrar tekjur eru t.d. reiknað endurgjald sem einstaklingar sem reka fyrirtæki með ótakmarkaðri ábyrgð og á eigin nafni og kennitölu reikna sér, hagnaður af rekstri einstaklingsfyrirtækja, leigutekjur, vextir og arður. Þá fá margir greiddan lífeyri úr lífeyrissjóðum, séreignarsjóðum, atvinnuleysistryggingasjóðum eða félagslegar tryggingabætur úr samtryggingarkerfinu.

Sá hluti arðs sem ekki er úthlutaður til einstaklinga er endurfjárfestur í fyrirtækinu sem sparnaður eigenda. Fyrirtækjaskattar og óbeinir skattar á fyrirtæki eru



Í álagningu 2019, á tekjur ársins 2018, voru 307.699 einstaklingar á skattgrunnskrá. Þeir voru 10.023 fleiri en árið áður sem er fjölgun um 3,4% á milli ára. Þetta er lítið eitt minni fjölgun en árið 2017 en þá fjölgaði framteljendum um 10.948 eða 3,8%. Á undanförmum árum hefur framteljendum á skattgrunnskrá fjölgað mjög hratt. Þeim fjölgaði um 3.356 árið 2014, 5.799 árið 2015 og 9.122 árið 2016. Frá árinu 2013 hefur fjölgað um 39.248 eða um 14,6%. Erlendum ríkisborgurum á skattgrunnskrá hefur fjölgað um 31.422 á þessum tíma eða um 149,2% en um 80,1% fjölgunarinnar er vegna erlendra ríkisborgara sem voru 52.489 í álagningunni 2019 eða um 17,1% framteljenda á grunnskrá árið 2018. Tæpur þriðjungur eða 32,7% framteljenda á aldrinum 26-30 ára voru erlendir ríkisborgarar. Erlendir ríkisborgarar á skattgrunnskrá hafa aldrei verið fleiri.




Flestir hafa viðurværi sitt af launaðri vinnu og eru laun og hlunnindi fyrir starf stærsti einstaki tekjulíðurinn. Árið 2018 voru landsmenn með 1.273 milljarða í laun og hlunnindi, sem var 4,0% meira en árið áður. Það dró nokkuð úr hinum mikla vexti launa sem verið hefur á undanförmum árum. Laun jukust um 6,3% að raungildi árið 2014, um 8,5% árið 2015, 9,9% árið 2016 og 7,3% árið 2017. Á síðustu fimm árum hafa launagreiðslur í landinu því aukist um 41,4%. Launatekjur voru 223 milljörðum eða 21,2% hærrí en þær voru árið 2007 og 447 milljörðum eða 54,0% hærrí en þær voru árið 2010 þegar botninum var náð eftir hrun. Þetta hlýtur að teljast mikil hækkan á stærsta einstaka tekjulíði í samfélaginu.

skattar á tekjur og hagnað fyrirtækja og því í reynd hluti af tekjum fyrirtækja fyrir skatta. Þetta eru heildartekjur einstaklinga og fyrirtækja í landinu eða með öðrum orðum tekjur landsmanna.

Hagnaður sem er endurfjárfestur í rekstri skapar tekjur í rekstrinum og eykur þannig virði fyrirtækisins. Þegar

fyrirtækið er síðan selt getur myndast söluhagnaður sem er arður sem hefur ávaxtast í fyrirtækinu um árabil. Einstaklingar hafa stundum mjög háar tekjur af söluhagnaði en til þess ber að líta að stundum er um að ræða tekjur af rekstrareignum sem hafa verið bundnar í fyrirtækjunum um áratugaskeið.

## Reiknað endurgjald og hreinar tekjur af atvinnurekstri



Einstaklingar sem reka fyrirtæki í eigin nafni eiga að reikna sér endurgjald fyrir vinnu sína í þágu fyrirtækisins eins og væru þeir í vinnu hjá hverju öðru fyrirtæki. Árið 2018 reiknuðu 17.182 einstaklingar sér tæpa 26,5 milljarða í endurgjald sem var 763 milljónum eða 3,0% meira en árið áður. Ef hagnaður er af rekstri fyrirtækisins færast hann á skattframtal einstaklingsins og skattleggst sem hverjar aðrar launatekjur en tæpir 13 milljarðar voru hreinn hagnaður af rekstri 15.035 einstaklinga árið 2018 sem var 730 milljónum eða 5,3% meiri hagnaður en árið áður. Með tilkomu einkahlutafélaga sáu margir sér hag í því að flytja einstaklingsrekstur yfir í hlutafélag og því fækkaði þeim sem reiknuðu sér endurgjald ár frá ári frá árinu 1996 til 2010 en síðan hefur þeim aftur fjölgað nokkuð eftir að skattar voru hækkaðir á arð og hagnað félaga.

### Laun og hlunnindi

Árið 2018 voru launagreiðslur, bifreiðahlunnindi og önnur hlunnindi 49 milljarðar eða 4,0% hærri að raungildi en árið áður. Samtals voru þessar greiðslur 1.273 milljarðar árið 2018. Nokkuð hefur dregið úr aukningu launa. Raungildi launa jókst um 3,4% árið 2013, 6,3% árið 2014, 8,5% árið 2015 og 9,9% árið 2016. Þær jukust svo aftur um 7,3% árið 2017. Aukningin árið 2018 var því minni en síðustu fjögur ár þar á undan. Launagreiðslur landsmanna hafa aldrei verið hærri en árið 2018 og því er ekki hægt að segja að slegið hafi í bakseglin.

### Dagpeningar

Vinnuveitendur geta ýmist greitt kostnað af ferðum starfsmanna á vegum vinnuveitanda gegn framvísun reiknings eða greitt þeim dagpeninga til að standa straum af ferðakostnaði. Það er ákveðið hagræði fólgið í því að greiða starfsmönnum dagpeninga frekar en ferðakostnað samkvæmt reikningi. Dagpeningum er ætlað að standa undir ferðakostnaði og eru almennt undanskildir tryggingagjaldi.

Atvinnurekendur greiddu 14,8 milljarða í dagpeninga árið 2018 sem var 988 milljónum eða 7,1% meira en árið áður. Dagpeningagreiðslur minnkuðu nokkuð eftir hrun en jukust aftur við upphaf þessa ára-

tugar á sama tíma og fleiri fengu greidda dagpeninga. Árin 2014 og 2017 skera sig nokkuð úr en þá minnkuðu greiðslur vegna ferðalaga í þágu vinnuveitanda um 562 og 416 milljónir eða 4,3% og 2,9%.

Árið 2018 fengu 32.122 manns greidda dagpeninga, 946 fleiri en árið áður. Þrátt fyrir að dagpeningagreiðslur hafi lækkað árin 2014 og 2017 hefur þeim sem telja fram dagpeninga fjölgað á hverju ári frá árinu 2009 en þá fengu 20.863 dagpeninga.

Á móti dagpeningum má færa ferða- og dvalarkostnað sem launþegi hefur sannarlega greitt vegna ferða á vegum launagreiðanda. Frádráttur fyrir hvern ferðadag getur aldrei numið hærri fjárhæð en þeim kostnaði nemur sem sannað er að sé ferðakostnaður í þágu launagreiðandans. Þá getur hann ekki orðið hærri en leyft er samkvæmt skattmáli. Loks þurfa að liggja fyrir í bókhaldi launagreiðanda, sem og hjá launþega, gögn um tilefni ferða, fjölda dvalardaga og fjárhæðir dagpeninga.

Frádráttur vegna greiddra dagpeninga var 14,4 milljarðar árið 2018 en um 97,3% greiddra dagpeninga voru dregnir frá skattstofni. Á undanförunum áratug hafa um 97% dagpeninga verið dregnir frá skattstofni sem kostnaður.

Dagpeningar sem mynduðu skattstofn voru aðeins um 402 milljónir en 161 framteljandi dró engan kostnað frá greiddum

dagpeningum, samanborið við 212 árið áður. Aðeins lítið brot greiddra dagpeninga myndar því tekjuskatts- og útsvarsstofn.

### Ökutækjastyrkur

Ökutækjastyrkur er greiðsla frá vinnuveitanda til starfsmanns sem notar eigin bifreið í þágu vinnuveitanda. Hér er ýmist um að ræða fasta greiðslu eða greiðslu fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt akstursbók eða akstursskýrslu. Starfsmenn mega draga kostnað frá ökutækjastyrk ef bifreið launþega hefur sannanlega verið notuð í þágu vinnuveitanda. Ferðir til og frá vinnu teljast hins vegar ekki til slíkra nota.

Vinnuveitendur greiddu 12,6 milljarða í ökutækjastyrk árið 2018 sem var 178 milljónum eða 1,4% meira en árið 2017. Styrkurinn jókst um 426 milljónir árið 2017 sem var 3,6% aukning á milli ára. Síðasta áratug hefur ökutækjastyrkur hækkað nokkuð en hann var 11,6 milljarðar árið 2013. Þróun á milli ára hefur hins vegar verið nokkuð breytileg. Styrkurinn hækkaði um 426 milljónir árið 2017, 231 milljón 2016 en hann lækkaði um 59 milljónir árið 2015. Almennt er því ekki um stórkostlega breytingu að ræða á milli ára.

Árið 2018 fengu 44.256 einstaklingar greiddan ökutækjastyrk sem var 1.114 fleiri en árið 2017. Það hafa aldrei fleiri framteljendur fengið ökutækjastyrk en árið 2018. Færri telja fram frádrátt á móti ökutækjastyrk en dagpeningum, minna er dregið frá og því er stærri hluti styrksins skattlagður eins og launatekjur. Nú töldu 37.303 framteljendur fram frádrátt á móti ökutækjastyrk en frádrátturinn var tæpir 8,6 milljarðar eða 85 milljónum hærri en í álagningunni í fyrra. Ökutækjastyrkurinn sjálfur jókst um 1,4% en frádrátturinn aðeins um eitt prósent. Um 67,9% styrksins var dreginn frá en tæpur þriðjungur eða 32,1% var skattlagður. Frádráttur hefur lækkað nokkuð á undanförunum árum. Til að mynda voru 69,4% ökutækjastyrks dregin frá skattstofni árið 2015. Nú þurfa menn að telja fram akstur fyrir vinnuveitanda sem kann að hafa áhrif á það hvort að menn telja fram frádrátt.

### Reiknað endurgjald

Allir sem starfa við eigin atvinnurekstur eiga að reikna sér endurgjald eða laun fyrir vinnu sína. Þetta gildir jafnt um þá sem taka að sér hlutastörf eins og kennslu, greinaskrif eða smáviðvik í íhlaupum, sem og þá sem hafa meira umleikis. Ríkisskattstjóri gefur út viðmiðunarreglur um reiknað endurgjald ýmissa starfsstétta á hverju ári en mönnum ber almennt að



reikna sér endurgjald sem er ekki lægra en þau laun sem hefðu verið greidd ef sama starf hefði verið unnið fyrir óskyldan aðila. Hér gildir því svo kölluð armslengdarregla sem kemur fyrir á nokkrum stöðum í skattalögunum. Með þessi laun er farið eins og launagreiðslur til launþega. Þeir sem reikna sér endurgjald eiga almennt að skila staðgreiðslu, tryggingagjaldi og iðgjaldi í lífeyrissjóð af endurgjaldinu. Þetta gildir jafnt um þá sem stunda atvinnurekstur í eigin nafni, þá sem reka sameignarfélag með öðrum og þá sem eru ráðandi aðilar vegna eignar- eða stjórnunaraðildar í hlutafélögum.

Árið 2018 reiknuðu einstaklingar sér 26,5 milljarða í laun fyrir vinnu við eigin atvinnurekstur. Það var 763 milljónum eða 3,0% meira að raungildi en árið áður en 17.182 reiknuðu sér endurgjald árið 2018, eða 103 fleiri en árið áður. Hér er því ekki um mikla breytingu að ræða. Á undanföllum árum hefur reiknað endurgjald hækkað nokkuð og fleiri reka fyrirtæki á eigin nafni. Reiknað endurgjald var 44,7 milljarðar árið 1992 en þá reiknuðu 25.685 einstaklingar sér endurgjald. Árið 1996 reiknuðu 27.380 einstaklingar sér endurgjald en frá þeim tíma og fram til ársins 2010 fór þeim sem reiknuðu sér endurgjald fækkandi og endurgjaldið lækkaði. Árið 2010 reiknuðu 16.272 framteljendur sér 19,3 milljarða í endurgjald við störf við eigin atvinnurekstur. Á þessum tíma var einstaklingum gert auðveldara um vik að umbreyta einstaklingsrekstri sínum í hlutafélög á sama tíma og skattar á hagnað og arð fyrirtækja voru lækkaðir. Margir sáu því ákveðið skattalegt hagræði í því að stofna einkahlutafélag um rekstur sem hefði áður verið rekinn á nafni eiganda.

## Hreinn hagnaður einstaklinga af atvinnurekstri

Einstaklingar með eigin atvinnurekstur skila rekstraryfirliti með skattframtalinu ef rekstrartekjur eru minni en ein milljón. Ef tekjurnar eru ein til 20 milljónir skila þeir rekstrarskýrslum en annars skila þeir skattframtali rekstraraðila eins og lögaðilar. Bændur skila landbúnaðarskýrslu með skattframtali. Hagnaður af rekstri er síðan fluttur af rekstrartamtali yfir á skattframtal einstaklings og skattlagður eins og um hverjar aðrar launatekjur væri að ræða.

Árið 2018 var hagnaður af rekstri einstaklinga með rekstur tæpir 13 milljarðar. Hagnaðurinn var 730 milljónum eða 5,3% minni en árið áður. Hagnaður einstaklinga með rekstur hefur aukist, eins og reiknað endurgjald, allt frá árinu 2010 eftir að hafa

minnkað mikið á tíunda áratugnum vegna fyrrnefndra breytinga á rekstrarumhverfi fyrirtækja en hagnaður einstaklinga dróst einnig mikið saman árið 2008. Hagnaður einstaklinga með rekstur minnkaði til að mynda um 21,7% árið 2008 og 11,6% árið 2009. Eftir að botninum var náð á árunum 2009 og 2010 og vélar atvinnulífsins tóku að snúast á nýjan leik jókst hagnaðurinn ár frá ári. Það eru því ákveðin tíðindi að hagnaður einstaklinga með rekstur minnkar nú annað árið í röð en hann minnkaði um 59 milljónir árið 2017.

Sem fyrr segir reiknuðu 17.182 einstaklingar með rekstur sér endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur en hagnaður varð af starfsemi 15.035 fyrirtækja, eða í 87,5% tilfella. Þetta hlutfall lækkaði lítillega á milli ára. Það var 88,1% árið 2017 og 88,4% árið þar á undan og hafði þá ekki verið hærra síðan 1992 eða í 27 ár.

## Tryggingagjald

Þeir sem reikna sér endurgjald vegna starfa við eigin rekstur eða eru með menn í vinnu þurfa að skila tryggingagjaldi og greiða iðgjald í lífeyrissjóð af greiddum og reiknuðum launum. Tryggingagjald samanstendur af almennu tryggingagjaldi sem var 5,40% af launum árið 2018 og atvinnutryggingagjaldi sem var

”

Sem fyrr segir reiknuðu 17.182 einstaklingar með rekstur sér endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur en hagnaður varð af starfsemi 15.035 fyrirtækja, eða í 87,5% tilfella

1,35%. Þá var gjald í Ábyrgðasjóð launa 0,05%. Markaðsgjald sem er einnig 0,05% er lagt á með tryggingagjaldi þó að það sé allsendis óskyldt almannatryggingum. Tryggingagjald var óbreytt á milli árunum 2017 og 2018.

Í álagningu nú voru lagðir á tæpir 2,7 milljarðar í tryggingagjald af launum einstaklinga með rekstur í eigin nafni sem var tæpum 54 milljónum eða 2,0% meira en lagt var á í fyrra. Þar sem gjaldhlutfallið var óbreytt hækkaði gjaldið til jafns við stofninn sem hækkaði um 781 milljón. Einstaklingar greiddu 39,3 milljarða í laun, hlunnindi og lífeyrisiðgjöld árið 2018.

Tryggingagjald var lagt á 18.955 einstaklinga, sem er 73 fleiri en árið áður. Talsvert fleiri greiða tryggingagjald en reikna sér endurgjald. Ástæðan fyrir þessum mun er sú að einstaklingar geta verið með menn í vinnu án þess að reikna sér endurgjald.

## Tekjur erlendis


Við skattlagningu þarf fyrst að ákveða hver skuli vera skattskyldur, þá af hvaða tekjum hann skuli svara skatti og loks er ákveðið hversu hár sá skattur skuli vera. Allir sem eru heimilisfastir hér á landi þurfa að telja fram og greiða skatt af tekjum sínum. Þá eru þeir sem dvelja hér á landi eða starfa um borð í loftfari eða skipi sem skráð er hér á landi, lengur en 183 daga á sérhverju 12 mánaða tímabili, einnig skattskyldir hér á landi. Ríkisskattstjóri hefur úrskurðarvald um það hverjir teljast heimilisfastir hér á landi.

Tekið er tillit til tvísköttunarsamninga vegna tekna sem aflað er erlendis. Þá er samkvæmt samningum tekið tillit til þessarar skattlagningar í heimalandi gjaldandans, eftir því sem við á.

Landsmenn voru með rúman 10,1 milljarð í tekjur frá útlöndum árið 2018. Það er 2,4 milljörðum minna en þeir voru með árið áður. Þessar tekjur hafa minnkað mikið á undanföllum árum.

Árið 2015 voru tekjur erlendis um 20,3 milljarðar, en þá voru 5.296 manns með tekjur erlendis, samanborið við 4.691 árið 2018.

Að öllum líkindum hafa tekjurnar aukist með auknum umsvifum Íslendinga á fyrsta áratugi aldarinnar. Aðflutningur útlendinga til landsins í aðdraganda góðærisins 2007 hefur haft áhrif, sem og brottflutningur Íslendinga og útlendinga frá landinu í kreppunni, sem fylgdi í kjölfarið. Nú í góðærinu flytur fólk svo aftur til landsins. Það er engu að síður merkilegt að tekjur erlendis skuli ekki aukast meira þar sem fólksflutningar til landsins hafa aldrei verið meiri.



Árið 2018 greiddi Tryggingastofnun ríkisins 136,8 milljarða í bætur en 69.915 framteljendur fengu greiddar einhvers konar bætur frá stofnuninni. Bætur frá Tryggingastofnun hækkuðu um 6,6 milljarða eða um 5,1% á milli ára en bótapegum fjölgaði um 1.503. Skattskyldar bætur voru 124,2 milljarðar en því til viðbótar greiddi stofnunin 12,6 milljarða í skattfrjálsar bætur. Tryggingabætur hækkuðu nú minna en undanfarin ár. Þær jukust um 10,0% árið 2016 og 20,9% árið 2017. Bætur hafa hækkað um 49,8 milljarða eða 57,3% frá árinu 2013 og 63,3 milljarða eða 78,6% frá árinu 2008. Til samanburðar hafa laun aukist um 41,4% frá árinu 2013 og 31,9% frá árinu 2008. Tryggingabætur hafa því aukist 146,4% hraðar en laun og hlunnindi á síðustu tíu árum.

## Greiðslur frá alþjóðastofnunum

Af launatekjum sem greiddar eru embættismönnum, fulltrúum og öðrum starfsmönnum hjá alþjóðastofnunum eða ríkjasamtökum reiknast ekki tekjuskattur eða útsvar ef kveðið er á um skattfrelsi í samningum sem Ísland er aðili að. Sama á við um staðaruppbót sem er greidd vegna starfa erlendis í þjónustu ríkisins. Þeir einir teljast starfa erlendis í þessu sambandi sem

2018. Þetta er að segja sama upphæð og árið áður. Þeir sem töldu fram greiðslurnar voru hins vegar 16 fleiri.

## Greiðslur frá Tryggingastofnun

Allir landsmenn eiga aðild að almanna-tryggingakerfi sem er kostað af skattfé. Kostnaður ríkisins vegna heilbrigðisþjónustu sem einstaka landsmanni er veitt getur hlaupið á milljónum og millj-

42,3 milljörðum í hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu og 22,6 milljörðum í lyf og lækningavörur. Þá var um 61,5 milljörðum varið í málefni öryrkja og fatlaðra og tæpum 74,2 milljörðum í málefni aldræðra. Samtals var því um 330 milljörðum varið í þessa sex málaflokka sem er um ein milljón á hvern landsmann. Þegar allt er talið kostaði það hvert mannsbarn í landinu hátt í þrjár milljónir að reka ríkið.

Lífeyrir sem Tryggingastofnun greiðir út er hins vegar að mestu skattskyldur á sama hátt og greiðslur úr lífeyrissjóðum. Árið 2018 greiddi Tryggingastofnun ríkisins samanlagt 124,2 milljarða í elli-lífeyri, dánarbætur, endurhæfingarlífeyri, foreldragreiðslur, heimilisuppbót, maka- og umönnunarbætur, mæðra- og feðralaun, orlofs- og desemberuppbætur, ráðstöfunarfé, sérstaka uppbót á lífeyri vegna framfærslu, tekjutryggingu, uppbót vegna rekstrar bifreiðar, uppbætur á lífeyri vegna kostnaðar, örorkulífeyri og örorkustyrk og örorkulífeyri vegna slysa. Þessar tryggingabætur voru 6,6 milljörðum eða 5,6% hærrí að raungildi en greitt var ári fyrr. Hækkunin árið 2018 var mun minni en árið áður en þá jukust þessar greiðslur um 21,7 milljarða eða 22,6%. Árið 2018 greiddi Tryggingastofnun 60.690 manns bætur sem var 1.697 fleiri en árið áður. Nær fimmti hver framteljandi fékk greiddar bætur frá Tryggingastofnun.

Nokkrar tegundir greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins og Sjúkratryggingum Íslands teljast ekki til skattskyldra tekna en hér er fyrst og fremst um að ræða greiðslur sem ætlað er að mæta sérstökum kostnaði, sem er umfram venjulegan kostnað einstaklinga, og greiðslur vegna andláts maka eða framfæranda. Barnalífeyrir, barnsmeðlög, bifreiðakaupastyrkur, dánarbætur vegna slysa, styrkir til kaupa á sérféði og tækjakaupa fatlaðra, umönnunargreiðslur og örorkubætur vegna varanlegrar örorku teljast til skattfrjálsra greiðslna. Skattfrjálsar greiðslur voru 12,6 milljarðar árið 2018 sem var 21 milljón minna en greitt var árið áður en 18.257 manns fengu skattfrjálsar bætur eða 222 færri en árinu áður. Samtals greiddu þessar stofnanir því 136,8 milljarða í tryggingabætur sem var 6,6 milljörðum meira en árið áður en 69.915 framteljendur fengu tryggingagreiðslur, 1.503 færri en árinu á undan.

## Atvinnuleysisbætur

Í eina tíð voru starfstryggingar yfirleitt boðnar af venjulegum tryggingafélögum á almennum markaði. Starfstryggingar og

”

Atvinnuleysi hlýst af því að einstaklingar og þjóðfélagið allt þarf að laga sig að breyttum atvinnuháttum, sem vonandi leiða til meiri hagkvæmni og betri starfa í framtíðinni

eru fastráðnir, settir eða skipaðir starfsmenn við sendiráð Íslands, hjá sendiræðismönnum eða eru fastafulltrúar Íslands við alþjóðastofnanir sem Ísland er aðili að. Þó að tekjurnar séu ekki skattlagðar hafa þær áhrif á barna- og vaxtabætur. 159 manns fengu samtals tæpa 1,3 milljarða greidda fyrir störf hjá alþjóðastofnunum árið

ónatugum á hverju ári. Þeir sem njóta opinberrar þjónustu færa hana sér hins vegar ekki til tekna á skattframtali, en um veruleg verðmæti getur verið að ræða. Sem dæmi má nefna að árið 2018 varði ríkið tæpum 82,6 milljörðum til sjúkrahúsaþjónustu og öðrum 46 milljörðum til heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa,

starfsábyrgðartrygging fagstétta eru af sama meði en þeim er ætlað að tryggja fagmenn fyrir áföllum sem þeir geta orðið fyrir í starfi, t.d. vegna mistaka í starfi. Margir atvinnurekendur tryggja starfsmenn sína sérstaklega fyrir áföllum og aðrir kaupa tryggingar til viðbótar þeim sem almanna-tryggingar og atvinnurekendur bjóða.


Efnahagsleg velferð í hverju þjóðfélagi byggir á því að allir hafi nóg að gera og vinnu við hæfi. Það er því óhætt að fullyrða að vinnan sé uppspretta auðs. Tölur um atvinnuþátttöku, unnar yfirvinnustundir, fjölda í hlutastörfum og uppsagnir gefa því góða vísbendingu um tekjur og neyslu í framtíðinni.

Sem fyrr segir er atvinnuþátttöku- og gjaldgjald 1,35% gjald sem lagt er á tryggingagjaldstofn með almennu tryggingagjaldi. Tryggingagjaldið skiptist því í almennt tryggingagjald og atvinnuþátttöku- og gjaldgjald sem rennur til Tryggingastofnunar ríkisins til að fjármagna lífeyris- og slysatryggingar almannaþátttöku- og gjaldgjald er ætlað að fjármagna Atvinnuleysisþátttöku- og gjaldgjald sem tryggir launamönnum eða sjálfstætt starfandi einstaklingum tímabundna fjárhagsaðstoð á meðan þeir eru að leita sér að nýju starfi eftir að hafa verið sagt upp störfum eða misst vinnuna af öðrum orsökum. Vinnuástandur hefur umsjón með Atvinnuleysisþátttöku- og gjaldgjaldinu en að stjórn sjóðsins koma auk ríkisins hinir ýmsu hagsmunaaðilar í atvinnulífinu, verkálöðsfélög, samtök atvinnulífsins og samband sveitarfélaga.

Íslendingar hafa lengst af verið þeirrar gæfu aðnjótandi að hér hefur verið auðvelt að fá vinnu en hér á landi hefur atvinnuþátttöku- og gjaldgjald mikil og starfsævi löng. Vinnan skiptir flesta miklu máli en atvinnuleysi er þjóðfélagsból sem hefur ýmsar hliðarverkanir. Víða í heiminum er atvinnuleysi landlægt. Óhætt er að fullyrða að atvinnuþátttöku- og gjaldgjald hér sé með því mesta sem þekkist.

Atvinnuleysi hlýst af því að einstaklingar og þjóðfélagið allt þarf að laga sig að breyttum atvinnuháttum, sem vonandi leiða til meiri hagkvæmni og betri starfa í framtíðinni. Talað hefur verið um að það sé eðlilegt að allt að sex prósent vinnufærra manna standi í þeim sporum á hverjum tíma að þurfa að leita sér að nýrri vinnu.

Það er ef til vill til marks um að nokkuð hafi dregið úr hinum mikla vexti sem hér hefur verið undanfarin ár að árið 2018 jukust atvinnuleysisbætur annað árið í röð. Vinnuástandur greiddi 11



milljarða í atvinnuleysisbætur árið 2018 sem var tveimur milljörðum eða 21,6% meira en greitt var árið áður. Árið 2016 voru atvinnuleysisbætur 8,6 milljarðar og

### Greiðslur úr lífeyrissjóðum

Líkt og almanna- og atvinnuleysisþátttöku- og gjaldgjald eru lífeyrissjóðir hluti af hinu félagslega samtryggingakerfi í landinu.

”

Vinnuástandur greiddi 11 milljarða í atvinnuleysisbætur árið 2018 sem var rúmum tveimur milljörðum eða 21,6% meira en greitt var árið áður. Árið 2016 voru atvinnuleysisbætur 8,6 milljarðar og níu milljarðar árið 2017


níu milljarðar árið 2017. Hins vegar fengu færri greiddar bætur 2018 en árið áður eða 9.853, samanborið við 10.386 árið 2017. Hér er um að ræða alla sem fengu greiddar atvinnuleysisbætur einhvern tímann á árinu en að öllum líkindum hefur verið um tímabundið atvinnuleysi að ræða í einhverjum tilvikum.

Lífeyrisgreiðslur, líkt og tryggingabætur og fjárfesting í hlutabréfum, snúast um að neita sér um að neyta til að eiga eitthvað til neyslu síðar eða með öðrum orðum að búa í haginn fyrir framtíðina.

Öllum vinnandi mönnum á aldrinum 16 til 70 ára ber skylda til að greiða í lífeyrissjóð og því er hér ekki um frjálsan

Milljarðar

## Greiðslur úr lífeyrissjóðum



Landsmenn fengu 146,8 milljarða greidda úr lífeyrissjóðum árið 2018 sem var 7,6 milljörðum eða 5,5% meira en menn fengu greitt árið áður. Greiðslur úr almennum lífeyrissjóðum voru um 135,6 milljarðar sem var 6,8 milljörðum meira en greitt var árið áður en þar að auki voru greiddir út 11,2 milljarðar úr séreignarsjóðum sem var 842 milljónum eða 8,1% meira en greitt var árið áður. Greiðslur úr lífeyrissjóðum jukust mikið í hruninu. Árið 2009 tóku þeir sem höfðu náð aldri út 19,8 milljarða úr séreignarsjóðum en hinir sem ekki höfðu náð aldri tóku út 28,1 milljarð. Hér var um að ræða sérstök úrræði sem voru ætluð þeim sem höfðu orðið fyrir tekjumissi eða öðrum áföllum í hruninu. Á árunum 2009 til 2015 voru greiddir út 120,1 milljarður sem sérstök útgreiðsla úr lífeyrissjóðum. Þá voru reglur um úttekt úr séreignarsjóðum einnig rýmkaðar. Alls tóku 63.477 manns út lífeyri árið 2018 en það var 1.896 fleiri en árið áður en 8.284 tóku út lífeyri úr séreignarsjóði.

sparnað að ræða. Greiðsla í almenna lífeyrissjóði er ekki eign sjóðsfélaga heldur veitir hún þeim réttindi sem er óvíst hvort þeir muni nokkurn tíman nýta sér. Margir greiða því umtalsverðan hluta ævitekna sinna í lífeyrissjóði án þess að þeir eða erfingjar þeirra fái nokkuð út úr þeim. Þessi réttindi eru hvorki eign- né tekjufærð hjá sjóðsfélögum og mynda ekki skattstofn en hér getur skiljanlega verið um umtalsverða fjármuni að ræða. Það má hins vegar ætla að fyrir vikið sé iðgjald hinna sem fullnýta réttindin lægra en ella væri.

Greiðslur í lífeyrissjóði eru almennt frádráttarbærar og lífeyrissjóðir greiða ekki tekjuskatt en greiðslur úr lífeyrissjóðum eru hins vegar skattlagðar. Almennt greidda launamenn 4,0% af launum í lífeyrissjóð en launagreiðendur greiða mótframlag sem getur verið mismunandi eftir starfsstéttum.

Séreignarsjóðir eru í eðli sínu eins og hver annar sparnaður. Þeir njóta hins vegar skattfrelsis og eru iðgjöld jafnframt almennt frádráttarbær frá tekjuskattstofni. Þá greiðir launagreiðandi mótframlag í sjóðinn á móti launamanninum. Eign í séreignarsjóðum er heldur ekki talin fram á skattframtali.

Landsmenn fengu tæpa 146,8 milljarða greidda úr lífeyrissjóðum árið 2018, sem var 7,6 milljörðum meira eða 5,5% meira en árið áður. Lífeyrir úr almennum lífeyrissjóðum var 135,6 milljarðar, 6,8 milljörðum eða 5,3% hærri en árið 2017. Greiðslur úr séreignarlífeyrissjóðum jukust um 842 milljónir eða 8,1% en samtals fengu landsmenn greidda 11,2 milljarða úr séreignarsjóðum. Alls fengu 61.078 manns eða 2.052 fleiri greiddan lífeyri úr almennum lífeyrissjóði 2018 en árið áður. Þá fengu 8.284 greiddan lífeyri úr séreignarsjóðum eða 277 færri en árið áður.

### Frádráttarbært iðgjald í lífeyrissjóð

Sem fyrr segir öðlast menn lífeyrisréttindi með því að greiða í lífeyrissjóði. Það er hin hliðin á lífeyriskerfinu. Lífeyrisiðgjöld eru almennt frádráttarbær frá tekjum og lífeyrissjóðir greiða ekki tekjuskatt af ávöxtun. Iðgjöld í lífeyrissjóð eru því dregin frá tekjum áður en skatturinn er reiknaður.

Landsmenn greidda 51,2 milljarða í almenna lífeyrissjóði árið 2018, sem var 2,1 milljörðum eða 4,4% meira en greitt var árið áður. Alls greidda 222.030 einstaklingar í almennan lífeyrissjóð, 6.325 fleiri

en árið áður. Þá greidda 120.025 manns 29,5 milljarða í séreignarsjóð en 2.330 fleiri greidda í slíka sjóði en árið 2017. Greiðslur í séreignarsjóði voru 1,5 milljörðum eða 5,4% hærri en árið 2017. Það hefur dregið nokkuð úr aukningu á frádrætti vegna iðgjalds í séreignarsjóð. Hann jókst um 51,0% árið 2014, 40,6% árið 2015, 10,7% árið 2016 og 8,9% árið 2017.

### Styrkir til náms, rannsókna og vísindastarfa

Árið 2018 fengu 30.459 manns greidda ýmis konar endur- og starfsmenntunarstyrki sem voru samtals um 3,6 milljarðar. Þessir styrkir voru nú tæpum 456 milljónum eða 14,5% hærri en árið 2017 en styrkþegarnir voru 2.779 fleiri. Þetta er breyting frá álagningu árið 2018 en þá lækkuðu styrkirnir um 91 milljón á sama tíma og styrkþegum fjölgaði um 57.

Það vekur nokkra athygli að námsstyrkir hafa aukist mikið á undanförunum árum. Þeir minnkuðu mikið í hruninu en árið 2010 voru um 1,8 milljarðar greiddir í styrki en styrkþegar voru þá 16.845. Síðan hafa námsstyrkir nær tvöfaldast og styrkþegum fjölgað um 80,1%.

Ef gerð er krafa um frádrátt vegna kostnaðar á móti náms-, rannsóknar- eða vísindastyrkjum, skal gera sundurliðaða grein fyrir honum á sérstöku yfirliti sem fylgir framtalinu. Rúmir 2,2 milljarðar voru dregnir frá námsstyrkjum árið 2018 en frádrátturinn jókst um 303 milljónir eða 15,7%, aðeins meira en styrkirnir. Yfirleitt er um 60% styrksins dreginn frá skattstofni en 16.479 manns færðu frádrátt á móti styrknum. Rúmur helmingur þeirra sem færðu styrk á skattframtalið voru með frádrátt, alls 16.479 manns, sem var 1.501 fleiri en árið áður.

### Aðrar tekjur og styrkir

Aðrar greiðslur eru t.d. barnsmeðlög, dagvistunargreiðslur, dvalar- og ferðastyrkir, framfærslulífeyrir, greiðslur frá sveitarfélögum vegna fósturbarna, greiðslur til stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna, höfundarlaun, skattskyld heiðursverðlaun, skattfrjáls laun frá alþjóðastofnunum, styrkir úr sjúkrasjóðum sveitarfélaga og ýmsir aðrir styrkir, t.d. vegna íþróttaiðkunar og vegna ættleiðingar barna.

Árið 2019 töldu 76.339 manns fram 13,8 milljarða í aðrar tekjur og styrki sem var 621 milljón eða 4,7% meira en fyrir ári en þá töldu 73.562 fram þessar greiðslur. Ef ekki er um sjálfstæðan atvinnurekstur að ræða er heimilt að draga frá kostnað á móti styrkjum til sérstakra verkefna eða öðrum

starfstengdum greiðslum. Frádráttur á móti öðrum tekjum var 3,1 milljarður á skattframtali núna en það var 352 milljónum meiri frádráttur en fyrir ári. Alls voru 50.720 einstaklingar með frádrátt eða 5.165 fleiri en fyrir ári.

## Húsaleigubætur, félagsleg aðstoð og styrkir

Árið 2018 greiddu sveitarfélög um 2,5 milljarða í húsaleigubætur, félagslega aðstoð og styrki, en það var tæpum 74 milljónum eða 3,0% meira en árið áður. Alls fengu 3.460 aðstoð samanborið við 3.471 árið áður.

Þó að hér sé ekki um háar fjárhæðir að ræða segir þróun þessa tekjupósts ákveðna sögu. Árið 2013 var félagsleg aðstoð sveitarfélaga 4,1 milljarður, 4,2 milljarðar árið 2014, 3,8 milljarðar árið 2015 og 2,9 milljarðar árið 2016. Þeir sem fengu greiðslurnar voru 6.042 árið 2013 en fækkaði svo í 5.783, 5.103 og 4.124 á árunum 2014 til 2016.

## Aðrar skattfrjálsar greiðslur

Ákveðnar bætur úr almannatryggingum eru undanþegnar skatti. Ýmsar aðrar greiðslur, s.s. dánarbætur tryggingafélaga og sjúkrasjóða stéttarfélaganna sem eru greiddar í einu lagi eru einnig skattfrjálsar. Sama gildir um dvalar- og ferðastyrki til jöfnunar á námskostnaði, heiðurslaun Norðurlandaráðs, húsaleigubætur, miska- og skaðabætur sem greiddar eru vegna eignatjóns eða varanlegrar örorku, styrki til fatlaðra, styrki sveitarfélaga til foreldra, samskot og ýmsa aðra styrki, t.d. vegna langveikra barna.

Árið 2018 fengu 26.755 framteljendur samtals 24,0 milljarða í skattfrjálsar greiðslur, sem var 1,7 milljörðum eða 7,8% meira en árið áður en þá töldu 23.810 framteljendur þessar greiðslur fram eða 2.945 færri en árið 2018. Framteljendum sem fá aðrar skattfrjálsar greiðslur hefur ekki fjölgað jafn mikið á milli ára síðan árið 2010 en greiðslurnar jukust hins vegar minna en árið 2017 þegar hækkunin var 11,0% á milli ára.

## Áætlanir

Ef vel á að vera ættu allir skattskyldir einstaklingar að skila rétt útfylltu skattframtali fyrir skilafrest. Reyndin er hins vegar sú að margir skila ekki skattframtali eða fylla það ekki rétt út. Ýmsar ástæður kunna að liggja þarna að baki, til að mynda sinnuleysi, vangá, mistök eða ásetningur. Þá má ekki útiloka þann möguleika að persónuleg fjármál og skatt-

skil séu einhverjum landsmönnum alger ofraun, það geti þótt bæði erfitt og flókið að þurfa að skila skattframtali.

Ef talið er að skattstofnar séu vantaldir, t.d. vegna þess að launa- eða verktakamiðar hafa borist vegna tekna sem ekki hafa verið taldar fram, áætla ríkisskattstjóri tekjur gjaldandans. Ef ekki er talið fram má ríkisskattstjóri bæta allt að 15% álagi við þá stofna til tekjuskatts og útsvars sem hann áætla umfram 95% af stofni sem staðgreiðslu var skilað af. Ef framtal berst hins vegar eftir lok framtalsfrests en áður en álagningu ríkisskattstjóra er lokið má ríkisskattstjóri bæta 0,5% álagi á skattstofna fyrir hvern dag sem skil á framtali dregst fram yfir framtalsfrest, en álagið verður þó ekki herra en 10%. Ef talið er fram eftir að álagningu er lokið má ríkisskattstjóri bæta allt að 15% álagi við þá skattstofna sem hann ákvarðar umfram 95% af stofni sem staðgreiðslu var skilað af. Að lokum má nefna að ef talið er að annmarkar séu á framtali eða einstakir liðir rangt taldir fram má ríkisskattstjóri bæta 25% álagi við áætlaða eða vantalda skattstofna. Álag í álagningunni sjálfri snýr fyrst og fremst að síðbúnum framtölum.

”

Ef framtal berst hins vegar eftir lok framtalsfrests en áður en álagningu ríkisskattstjóra er lokið má ríkisskattstjóri bæta 0,5% álagi á skattstofna fyrir hvern dag sem skil á framtali dregst fram yfir framtalsfrest, en álagið verður þó ekki herra en 10%


Í álagningu 2019 voru skattar 20.188 manna áætlaðir en þar af voru 16.998 einstaklingum áætlaðar tekjur, samtals 71,4 milljarðar. Hinir 3.190 voru ekki taldir hafa haft neinar tekjur árið 2018 og tók áætlunin mið af því. Áætlanir voru 11,0 milljörðum hærri nú en í fyrra en þetta er hækkun um 18,2% á milli ára. Þá voru skattar 2.058 fleiri áætlaðir en það er 13,8% fleiri en í álagningunni í fyrra. Þó að um umtalsverða hækkun sé að ræða er hækkun áætlana nú minni en í fyrra. Áætlaðar tekjur voru 28,9% hærri

árið 2018 en árið áður. Framteljendum sem eru áætlaðar tekjur hefur fjölgað um 9.193 eða 83,6% frá álagningu 2015 en 8.327 þessara einstaklinga voru áætlaðar tekjur þannig að 96,0% fleiri voru með áætlaðar tekjur árið 2019 en í álagningu 2015.


Álag var nú lagt á 16.156 einstaklinga en 842 voru með áætlaðar tekjur en ekkert álag. Álag á vantaldar tekjur var 4,7 milljarðar, eða 718 milljónum herra en í fyrra sem er hækkun um 17,9% á milli ára. Meðalálag var 6,6% eða jafnhátt og fyrir ári. Skattar 6,6% framteljenda voru nú áætlaðir, samanborið við 6,0% framteljenda fyrir ári. Hlutfall áætlaðra hefur hækkað talsvert á síðustu árum. Árið 2015 voru skattar 4,0% framteljenda áætlaðir þannig að áætlunum hefur fjölgað um 62,2% á þessum tíma.

## Laun, hlunnindi, lífeyrir o.fl.

Allar aðrar tekjur en fjármagnstekjur voru samtals 1.737,5 milljarðar árið 2018. Þær hækkuðu um 76,9 milljarða eða 4,6% á milli ára. Þetta er talsvert minni aukning en árið 2017 en þá jukust þessar greiðslur um 131,5 milljarða frá árinu áður sem var 8,6% aukning. Allt



Á síðustu áratugum hafa orðið nokkrar breytingar á samsetningu tekna í þjóðfélaginu. Árið 1992 voru laun, reiknað endurgjald og aðrar atvinnutengdar greiðslur um 84,0% útsvarsskyldra tekna einstaklinga. Þá voru tryggingabætur um 6,1% tekna og lífeyrir um 3,5% framtalinna tekna. Árið 2000 voru launatekjur um 79,8% tekna, tryggingagreiðslurnar um 6,1% og lífeyrir um 4,4%. Þess skipting breyttist lítið fram til ársins 2008 en þá voru launagreiðslur enn 80,0% framtalinna tekna, tryggingagreiðslur voru 5,8% og lífeyrir 6,1%. Þá voru atvinnuleysisbætur um 0,4% tekna. Ári síðar höfðu laun lækkað um 136,9 milljarða frá árinu áður og vægi þeirra komið niður í 74,0% framtalinna tekna, tryggingagreiðslur voru þá 6,4% og greiðslur úr lífeyrissjóðum voru þá um 10,4%. Þrátt fyrir uppgang síðustu ára eru laun enn ekki nema um 76,4% framtalinna tekna. Tryggingagreiðslur vega hins vegar nú um 7,9% og greiðslur frá lífeyrissjóðum um 8,5%. Vægi launa hefur minnkað um 4,4% frá árinu 2008 en vægi tryggingabóta og lífeyrisgreiðslna hefur hins vegar aukist um 35,6% og 38,4%. Atvinnuleysisbætur voru 0,4% tekna árið 2008 en voru nú um 0,6%.



Tekjuskattur og útsvar eru lögð á tekjuskatts- og útsvarsstofn. Stofninn var 1.524,1 milljarður árið 2018, 74,7 milljörðum eða 5,2% hærrí en í álagningu í fyrra. Tekjuskattsstofninn samanstendur af tekjum að frádregnu lífeyrisdögjaldi og ívilnun ríkisskattstjóra. Stofninn hækkaði mikið frá aldamótum og fram til ársins 2007 en þá stóð stofninn í 1.233,2 milljörðum. Hann lækkaði síðan um 203,2 milljarða eða 16,5% fram til ársins 2010 en síðan hefur stofninn vaxið aftur ár frá ári, samtals um 494,2 milljarða eða 48,0%. Tekjuskatts- og útsvarsstofn hefur aldrei verið hærrí. 2018 voru 271.887 framteljendur með tekjuskattskyldar tekjur en til viðbótar voru skattar 28.462 framteljenda handreiknaðir af starfsmönnum ríkisskattstjóra. Við skattlagningu þessara framteljenda er tekið tillit til dvalartíma í landinu. Þeir eru ekki taldir með í tölum hér fyrir ofan.

Laun, hlunnindi, reiknað endurgjald og hreinar tekjur af atvinnurekstri voru um 76,4% tekna árið 2018. Þessar starfstengdu

greiðslur hafa lækkað á undanförunum árum samanborið við tryggingabætur, lífeyri, atvinnuleysisbætur og aðrar greiðslur

sem voru tíundaðar hér að ofan. Árið 2008 voru laun um 80,2% launa, hlunninda, lífeyris og annarra greiðslna, greiðslur frá Tryggingastofnun voru um 5,8%, atvinnuleysisbætur um 0,4% og lífeyrisgreiðslur um 6,1%. Þá voru ýmsar greiðslur og áætlanir 2,1% og 5,6% launa, hlunninda, lífeyris og annarra greiðslna. Árið 2018 voru laun um 76,4% þessara greiðslna, tryggingagreiðslur um 7,9%, atvinnuleysisbætur um 0,6%, lífeyrir um 8,5% og ýmsar aðrar greiðslur voru um 2,2%. Áætlanir voru um 4,4% greiðslnanna. Það vekur því athygli að tryggingabætur og greiðslur úr lífeyrissjóðum hafa aukist hraðar en launin. Tryggingagreiðslur hafa aukist um 86,0% og lífeyrisgreiðslur um 89,9% á sama tíma og laun hafa aukist um 31,2%.

## Ívilnun

Í tekjuskattslögum er að finna heimild til að lækka tekjuskattsstofn við tiltekna aðstæður sem valda því að gjaldandinn á erfiðara en ella með að reiða skattinn af hendi. Dæmi um tilvik þar sem ríkisskattstjóra er heimilt að veita ívilnun er ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannlát hafa skert gjaldþol manns verulega, veikindi eða fötlun barns veldur verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað og vegna menntunar barna 16 ára og eldri.

Í álagningu nú ívilnaði ríkisskattstjóri 11.430 einstaklingum vegna sérstakra aðstæðna. Þetta er óveruleg breyting á milli ára, en 132 fleiri fengu ívilnun en í álagningu 2018. Skattstofninn var lækkaður hjá þessu fólki um tvo milljarða en það er sama lækun og árið áður. Langflestum er ívilnað vegna framfærslu ungmenna en þá var einnig ívilnað af öðrum ástæðum, í flestum tilvikum vegna mannláts eða veikinda.

## Tekjuskatts- og útsvarsstofn

Tekjuskattur og útsvar er reiknað af tekjuskatts- og útsvarsstofni. Um er að ræða allar tekjur að fjármagnstekjum undanskildum. Iðgjöld í lífeyrissjóði eru frádráttarbær frá tekjuskatts- og útsvarsstofni. Þá eru ákveðnar tekjur undanskildar tekjuskatti.

Skattar 28.462 framteljenda voru handreiknaðir. Flestir þessara framteljenda hafa dvalið erlendis og aflað þar tekna og því fer skattlagning þeirra eftir alþjóðlegum tvísköttunarsamningum sem geta verið mismunandi eftir því hvað lönd eiga í hlut. Yfirleitt eru skattar þessara gjaldenda reiknaðir af skattstofni sem tekur mið af dvalartíma í landinu.

Tekjuskatts- og útsvarsstofn var 1.524,1 milljarður í álagningu 2019. Stofninn

hefur aldrei verið hærri. Hann var 74,7 milljörðum eða 5,2% hærri að raunvirði en árið áður. Þetta er þó mun minni hækkun en árin 2017 og 2018 en þá hækkaði stofninn um 111,2 milljarða og 110,6 milljarða á milli ára. Hækkunin var þó engu að síður umtalsverð, en skattstofninn hækkaði um 69,1 milljarð álagningarárið 2015 og 61,7 milljarða árið 2016. Í reynd er þetta einhver mesta hækkun á tekjuskattsstofni sem sést hefur, að síðustu árum undanskildum. Þó að nokkuð hafi dregið úr mikilli hækkun stofnsins er því engan veginn hægt að segja að um samdrátt sé að ræða. Þá er vert að geta þess að stofninn hækkaði um 85,5 milljarða árið 2008 og 62,5 og 60,5 milljarða árin 2006 og 2007 í aðdraganda hrunsins en hann féll síðan um 110,2 milljarða árið 2009, 62,7 milljarða árið 2010 og 30,2 milljarða í álagningunni 2011.

## Tekjuskattur

Ríkisskattstjóri lagði 198,1 milljarð á einstaklinga í tekjuskatt sem var 14,3 milljörðum eða 7,8% meira en var lagt á fyrir ári. Álagður tekjuskattur hækkaði því meira en tekjuskattsstofninn en meðalskattbyrði tekjuskatts í álagningu hækkaði úr 12,7% í 13,0%. Hér hefur hins vegar ekki verið tekið tillit til þess að hluti tekjuskatts rennur til sveitarfélaganna í formi persónuafsláttar sem gengur upp í útsvar og því hefur ríkið ekki þetta miklar tekjur af tekjuskattinum þegar allt kemur til alls.

Meðalskattbyrði segir vitanlega ekki til um það hvort að fleiri eða færri greiða meira eða minna í skatt. Uppbygging skattkerfisins er þannig að það er ekki ólíklegt að þegar fólki fjölgar og tekjur aukast að fleiri hafi greitt hærri skatt af tekjum ársins 2018 en ársins 2017.

Tekjuskattur einstaklinga er stighækkandi, sem þýðir að þeir sem eru með hærri tekjur greiða ekki aðeins hærri skatta heldur einnig hærra hlutfall tekna í skatt, sem er það sem er kallað skattbyrði. Þar sem ríkið veitir persónuafslátt á móti skattgreiðslunni er skattbyrðin mun lægri en skatthlutfallið sem er reiknað af tekjunum. Unglingar, öryrkjar og aldraðir greiða yfirleitt lága eða enga skatta en hátekjumenn greiða oft umtalsverðan hluta tekna sinna í skatt. Aðstöðumunur ólíkra þjóðfélagshópa réttlætir mismunandi meðalskatt og því er það talið eðlilegt að þegar aðstæður breytast breytist skattbyrðin einnig.

Eins og gefur að skilja fer það nokkuð eftir tekjudreifingunni í þjóðfélaginu hvernig tekjubreyting hefur áhrif á tekjur

ríkisins af tekjuskatti og þar af leiðandi hvernig breytingar á skattinum hafa áhrif á tekjur af honum.

Hver einstakur skattgreiðandi greiðir ákveðinn skatt af tekjum. Með ívilnunum og bótum, sem eru misháar eftir því hvort um einhleyping, einstætt foreldri eða hjón er að ræða, tekur skattkerfið tillit til aðstæðna hvers og eins. Þegar allt kemur til alls greiða því fáir nákvæmlega jafn mikinn skatt af sömu tekjum og því er skattbyrðin misjöfn eftir aðstæðum.

Tekjuskattur er þrepaskiptur skattur með persónuafslætti þannig að jaðarskattur eða skatturinn sem greiddur er af hverri viðbótarkrónu sem menn afla breytist eftir því sem tekjurnar verða hærri og menn færast upp um skattþrep.

”

Dæmi um tilvik þar sem ríkisskattstjóra er heimilt að veita ívilnun er ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannlát hafa skert gjaldþol manns verulega, veikindi eða fötlun barns veldur verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað

Þetta kerfi var fyrst tekið upp í álagningu 2011 á tekjur ársins 2010 en allt frá árinu 1988 og fram að þeim tíma var aðeins eitt þrep í tekjuskatti. Reyndar var lagður svokallaður hátekjuskattur eða sérstakur tekjuskattur á tekjur árána 1993 til 2005 en hann var reiknaður sérstaklega og var ekki sérstakt þrep í almennum tekjuskatti. Það er út af fyrir sig áhugavert að þegar staðgreiðsla var tekin upp var tekjuskattur 28,5% og útsvarið 6,7% þannig að skatthlutfallið í staðgreiðslu var 35,2%. Á móti skattgreiðslunni var svo veittur persónuafsláttur sem var 186.624 kr. fyrsta árið sem lagt var á með þessu kerfi árið 1989. Ef miðað er við breytingar á verðlagi þá hefði persónuafslátturinn jafngilt um 782.068 kr. Persónuafsláttur í álagningu 2019 var 646.739 kr.

Í gegnum tíðina hafa menn svo tekist á um það hvort að eðlilegt sé að persónuafsláttur fylgi verðlagi eða launaþróun. Hér takast á sjónarmið um það hvort að meta beri laun í samanburði við launaþróun eða kaupmátt og þá í framhaldinu

hvort að lágtekjumenn, millitekjumenn og hátekjumenn eigi þá að greiða óbreytt hlutfall tekna í skatt óháð tekjuþróun, eða hvort að eðlilegt sé að skattbyrðin hækki til jafns við launaþróun í þjóðfélaginu þannig að þeir sem minnstar tekjur hafa greiði jafnháan skatt og þeir sem voru með hæstu tekjurnar einhverjum árum áður.

Í álagningunni árið 2018 urðu ákveðin tímamót þegar svokallað miðþrep í skattkerfinu var lagt af. Á síðustu tveimur árum hafa því verið tvö þrep, 22,50% og 31,80%, sem mætti kalla almennt þrep og hátekjuþrep. Þrepaskiptingin þýðir að nú er kerfið aftur orðið eins og það var á árunum 1993 til ársins 2005 en á tekjur þessara ára var sem fyrr segir annars vegar

lagður almennur tekjuskattur og svo sérstakur tekjuskattur. Efra þrepið tók við þegar tekjur einstaklings náðu 10.724.553 kr. en í álagningu árið 2018 voru fjárhæðarmörkin í 10.016.488 kr. Mörk hátekjuskatts hækkuðu því um 708.065 kr. eða 7,1% á milli ára.

Í álagningu 2019 voru veittar 646.739 kr. í persónuafslátt en afslátturinn var 634.880 kr. í álagningu árið 2018. Skattaafslátturinn hækkaði því um 1,9% á milli ára. Persónuafsláttur hélt þannig tæplega í við verðlag sem þýðir að skattur á sambærilegar tekjur miðað við kaupmátt hækkaði.

Tekjuskatturinn sjálfur var óbreyttur og því hækkuðu skattleysismörk í tekjuskatti úr 2.821.689 kr. í 2.874.396 kr. eða um 1,9%. Þegar gjaldandi hefur náð þessum tekjum fullnýtir hann persónuafsláttinn upp í tekjuskatt. Það eru því aðeins þeir sem eru með hátt á þriðju milljón króna í tekjuskattsstofn sem greiða tekjuskatt til ríkisins. Þar eð gjaldendur geta hvort heldur nýtt per-

sónuafslátt upp í útsvar og tekjuskatt eru skattleysismörkin umtalsvert lægri en tekjuskattmörkin. Þau voru 1.750.783 kr. af tekjum ársins 2018 og 1.718.678 kr. af tekjum ársins áður. Þau hækkuðu um 1,9% á milli ára.

Árið 2019 var lagður tekjuskattur á 234.716 manns eða 15.201 fleiri en árið áður. Þeim sem greiða skattinn fjölgaði um 6,9%, eða umtalsvert hraðar en gjaldendum á skattgrunnskrá sem fjölgaði ekki nema um 3,4%. Um 96,9% þeirra sem voru á skattgrunnskrá voru með tekjuskattstofn, sem er óveruleg breyting en 78,7% þeirra sem voru með skattskyldar tekjur greiddu tekjuskatt, samanborið við 76,5% álagningarárið 2018.

Álagður tekjuskattur rennur ekki allur til ríkisins. Ríkið greiðir útsvar þeirra sem eru

## Útsvar til sveitarfélaga

Á tekjuskatts- og útsvarsstofn er lagt útsvar sem rennur til sveitarfélaganna. Útsvarið er sérstakur skattur sem er lagður á með tekjuskatti í staðgreiðslu. Persónuafsláttur gengur bæði upp í tekjuskatt og útsvar og því hættir sumum til að líta á tekjuskatt og útsvar sem sama skattinn. Svo er hins vegar ekki. Tekjuskatturinn rennur til ríkisins en útsvarið til sveitarfélaga og tryggir ríkið sveitarfélögunum fullt útsvar af tekjum þeirra sem eru undir skattleysismörkum eða greiða það lága skatta að þeir duga ekki fyrir útsvarinu.

Útsvar í staðgreiðslu var óbreytt á milli árána 2017 og 2018. Útsvarið er breytilegt eftir sveitarfélögum en lögð voru 12,44% til 14,52% á tekjuskatts- og útsvarsstofn eftir sveitarfélögum. Með-

útsvars. Gjaldandinn greiðir því hvorki tekjuskatt né útsvar fyrir en tekjur hans ná skattleysismörkum sem eru talsvert lægri en tekjuskattmörkin.

Alls voru 232,2 milljarðar lagðir á landsmenn í útsvar af tekjum ársins 2018 sem var 10,3 milljörðum meira en árið áður. Tekjur sveitarfélaganna af útsvari jukust því um 4,6% á milli ára. Tekjur handreiknaðra eru ekki innifaldar í heildarfjárhæðum tekjuskatts- og útsvarsstofni sem skýrir mismun á hækkingu skattstofnsins og útsvarsins. Stofninn hækkaði meira en álagningin sem gefur til kynna að tekjustofn handreiknaðra hafi hækkað minna en hinna sem voru reiknaðir í álagningarkerfinu.

Það dregur nokkuð úr tekjuaukningunni í þjóðfélaginu þó að því fari fjarni að hægt sé að tala um samdrátt í tekjum á árinu 2018. Árið 2016 jukust útsvarstekjur um 9,8% og árið 2017 aftur um 9,0%. Frá árinu 2015 hafa útsvarstekjur sveitarfélaga aukist um 46,8 milljarða eða um 25,2%. Á þessum tíma hafa laun, hlunnindi, tryggingabætur og lífeyrir aukist um 24,1%, tekjur ríkisins af tekjuskatti hafa aukist um 27,5%.

Margir telja ranglega að ríkið taki til sín bróðurpart þeirra skatta sem lagðir eru á í staðgreiðslu. Það rétta er að margir þeirra sem afla tekna greiða engan tekjuskatt til ríkisins þrátt fyrir að þeir greiði til sveitarfélaganna. Árið 2018 var lagt útsvar á tekjur 298.069 einstaklinga. Þessir framteljendur greiddu ýmist útsvar eða nýttu persónuafsláttinn upp í útsvarið, þ.e. voru undir tekjuskattmörkum. Á sama tíma greiddu 234.716 manns tekjuskatt og því voru 63.353 einstaklingar með útsvarskyldar tekjur sem greiddu engan tekjuskatt til ríkisins. Það dregur þó nokkuð saman hér og er þar vafalaust bættu árferði að þakka. Í botni kreppunnar árið 2010 greiddu 98.482 þeirra sem voru með útsvarsskyldar tekjur engan tekjuskatt. Aðeins um 60,6% þeirra sem voru með tekjur greiddu þá tekjuskatt, samanborið við 78,7% árið 2018.

## Fjármagnstekjur og peningalegar eignir

Einstaklingar geta haft tekjur af eignum, þ.e. vexti, arð, leigutekjur og söluhagnað. Fjármagnstekjur eru í mörgum tilvikum afgjald fyrir afnot af eignum þess sem nýtur teknanna. Eignirnar, fasteignir og verðbréf, eru fjárfesting eða sparnaður en landsframleiðsla samanstendur einmitt af launum og launatengdum gjöldum einstaklinga og þeirra sem

”

**Tekjuskatturinn rennur til ríkisins en útsvarið til sveitarfélaga og tryggir ríkið sveitarfélögunum fullt útsvar af tekjum þeirra sem eru undir skattleysismörkum eða greiða það lága skatta að þeir duga ekki fyrir útsvarinu**

undir skattleysismörkum að fullu og þeirra sem eru yfir skattleysismörkum en undir tekjuskattmörkum að hluta. Þetta er gert í gegnum persónuafsláttinn. Hér er um raunveruleg útgjöld ríkisins að ræða sem eru greidd af tekjuskatti. Tekjur ríkisins verða þá lægri sem því nemur.

Árið 2018 nýttu 63.371 einstaklingur persónuafslátt til greiðslu tekjuskatts en persónuafsláttur í útsvar var 8,1 milljarður. Tekjur ríkisins af tekjuskatti voru því 190 milljarðar en ekki 198,1 milljarður eins og það sem lagt var á gjaldendur. Tekjur ríkisins af tekjuskatti jukust um 15,1 milljarð eða 8,6% á milli ára. Tekjur af skattinum hækkuðu meira en skattstofninn sem hækkaði um 5,2%. Tekjuskattur er næmari fyrir tekjuhækkun og því mætti búast við því að skatturinn hækkaði meira í uppsveiflu heldur en stofninn. Þá er það til marks um hærri tekjur að þeim sem nýttu persónuafslátt í útsvar fækkaði um 5.193 á milli ára. Það hafa aldrei jafn fáir gjaldendur nýtt persónuafslátt í útsvar.

alútsvar í staðgreiðslu var 14,44%. Í álagningunni nú var síðan lagt á rétt útsvar þannig að þeir sem búa í sveitarfélögum þar sem útsvar er lægra en það sem dregið var af í staðgreiðslu fá endurgreitt frá skattinum en hinir þurfa að greiða viðbótarskatt. Munur á hæsta og lægsta útsvari var 2,08% eins og í fyrra sem þýðir að þeir sem bjuggu í sveitarfélögum sem lagði á hámarksútsvar greiddu 20.800 kr. meira í útsvar af hverri milljón sem þeir öfluðu en þeir sem bjuggu í sveitarfélagi sem lagði á lágmarksútsvar.

Útsvarið er flatur skattur sem leggst á tekjuskatts- og útsvarsstofninn. Ríkið tryggir sveitarfélögunum útsvar af tekjum þeirra sem eru undir skattleysismörkum og greiða þeir því sjálfir engan skatt af tekjum, hvorki tekjuskatt né útsvar. Þetta er gert í gegnum persónuafsláttinn sem er veittur af ríkinu. Persónuafsláttur gengur fyrst upp í tekjuskatt en ef eitt-hvað er eftir af afsláttinum þegar hann hefur verið nýttur upp í tekjuskattinn gengur það sem eftir stendur til greiðslu



eru sjálfstætt starfandi, leigutekjum af fasteignum, vöxtum af verðbréfum og arði af hlutabréfum í eigu einstaklinga, auk óúthlutaðs hagnaðar fyrirtækja og óbeinum sköttum sem eru lagðir á selda vöru og þar með tekjur fyrirtækja, eða með öðrum orðum tekjum einstaklinga og fyrirtækja, en tekjur einstaklinga eru taldar fram á skattframtali einstaklinga. Í reynd má hins vegar segja að þegar litið er framhjá sjálfseignarstofnunum þá séu tekjur fyrirtækja tekjur hluthafa og þar með tekjur einstaklinga.

Framan af voru fjármagnstekjur einstaklinga fremur litlar en eftir að fjármagnstekjuskattur var tekinn upp árið 1997 tóku þær að aukast mjög hratt samfara vexti fjárfestingastarfsemi í landinu. Árið 2007 var nær fjórðungur tekna einstaklinga fjármagnstekjur en eftir fall bankanna hrundu þessar tekjur. Á síðustu árum hafa þær þó aftur tekið að aukast þó að þær séu enn ekki náðar nærri jafnháar og þær voru þegar þær voru hæstar og ef til vill ekki ástæða til að ætla að þær verði svo háar í náninni framtíð.


## Leigutekjur

Framteljendur sem hafa tekjur af útleigu fasteigna eða eignaréttinda, sem ekki falla undir atvinnurekstur, þurfa að gera grein fyrir þeim leigutekjum en geta ekki dregið frá þeim tekjum kostnað vegna viðhalds eða rekstrar fasteignarinnar.

Einstaklingar voru samtals með tæpa 16,4 milljarða í leigutekjur árið 2018 sem var 1,2 milljörðum eða 8,1% meira en árið áður. Tekjur af leigu annarra eigna en íbúðarhúsnæðis voru 1,9 milljarðar og hækkuðu um 490 milljónir á milli ára eða um 35,3%. Leigutekjur einstaklinga af þessum eignum nær tvöfölduðust á árunum 2015 til 2018. Þær voru um 765 milljónir árið 2015 og hækkuðu síðan um 25,7% árið 2016 í einn milljarð. Síðan hækkuðu þær aftur um 44,5% árið 2017.

Tekjur af leigu íbúðarhúsnæðis voru 14,5 milljarðar eða 734 milljónum og 5,3% hærri en árið áður. Nokkuð hefur dregið úr mikilli aukningu þessara tekna. Þær jukust um 7,2% árið 2015, 10,0% árið 2016 og 8,0% árið 2017. Frá árinu 2015 hafa tekjur einstaklinga af útleigu aukist um rúma fjóra milljarða eða 32,6% en þar af hafa tekjur af útleigu íbúðarhúsnæðis aukist um 2,9 milljarða eða 25,1% og tekjur af útleigu atvinnuhúsnæðis um 1,1 milljarð eða 145,6%.

Eignir og tekjur af eignum eru sam-eiginlegar tekjur hjóna og því vísa tölur um fjölda þeirra sem telja fram eignir og



tekjur af eignum til fjölda fjölskyldna, einhleypinga annars vegar og hjóna og samskattaðs sambúðarfólks hins vegar, en ekki til fjölda einstaklinga. Árið 2018 voru 10.136 fjölskyldur með leigutekjur sem var 418 fleiri en árið áður. Þar af voru 8.592 með leigutekjur af íbúðarhúsnæði, 32 fleiri en árið áður og 1.910 með tekjur af leigu annarra eigna en hér fjölgaði um 500 á milli ára sem er fjölgun um 35,5% á milli ára.

## Vaxtatekjur

Það eru ekki margir sem ekki eiga í viðskiptum við lánastofnun. Flestir eru með launareikning í banka til að geta fengið kaupíð sitt útborgað.

Eignatekjur eru leiga, vextir, arður og söluhagnaður. Leiga, vextir, arður og söluhagnaður eru endurgjald af eignum. Uppspretta teknanna er í öllum tilfellum eignirnar. Bankar lána fé gegn vöxtum en eigendur bankanna fá ekki vexti heldur arð. Þá skiptir ekki máli hvort að vextirnir eru greiddir af launum eða af leigutekjum sem áttu uppruna sinn til eignarinnar sem keypt var fyrir bankalánið. Allar tekjur í þjóðfélaginu eiga hins vegar uppruna sinn í framleiðslunni. Ef það er ekkert framleitt þá er heldur ekkert til skiptanna, hvort heldur það er kallað launatekjur eða fjármagnstekjur.

## Vextir af innstæðum

Vextir eru almennt greiddir af innstæðum og því eru nær allir landsmenn með einhverjar vaxtatekjur. Innstæður á skattframtali eru allar innstæður í bönkum og sparisjóðum, innstæður í innlánsdeildum samvinnufélaga og orlofsfjárreikningum og innstæður á gjaldeyrisreikningum sem eru færðar í íslenskum krónum á kaupgengi í árslok, sbr. gengisskráningu Seðlabanka Íslands. Rétt eins og flestir vilja hafa eitthvert borð fyrir báru eða varasjóð sem þeir geta gengið í til að mæta áföllum þá er almennt talið jákvætt að sparnaður aukist. Sparnaður stuðlar að lægri vöxtum og aukinni fjárfestingu í þjóðfélaginu. Almennur skilningur á vöxtum hefur verið sá að umbuna þurfi mönnum fyrir að fresta neyslu og því vilji menn fá vexti á sparnað. Þetta er mikil einföldun. Menn spara til að eiga eitthvað í framtíðinni frekar en ekki neitt og því sætta menn sig við neikvæða vexti. Þeir borga þannig bankanum fyrir að varðveita peningana sína.

Landsmenn áttu 724,6 milljarða á innlendum bankareikningum í árslok árið 2018. Innstæður höfðu vaxið um 34,0 milljarða frá árinu áður. Innstæður á íslenskum reikningum jukust um 4,9% að raunvirði á milli ára. Fólk virðist núna hafa meiri peninga á milli handanna, laun hafa hækkað og fleiri vinnandi hendur eru í landinu.

## Tekjur einstaklinga

	Fjárhæðir					Breytingar '17-'18		Fjöldi					Breytingar '17-'18	
	2014	2015	2016	2017	2018	Milljarðar	%	2014	2015	2016	2017	2018	Fjöldi	%
Laun og hlunnindi	957	1.038	1.140	1.224	1.273	49	4,0%	193.911	198.583	207.300	213.619	220.464	6.845	3,2%
Bifreiðahlunnindi	5	4	5	4	4	0	-1,6%	4.325	4.420	4.545	4.833	4.984	151	3,1%
Önnur hlunnindi	1	2	2	2	2	1	44,1%	12.640	12.661	12.256	15.776	15.259	-517	-3,3%
Ökutækjastyrkur	12	12	12	12	13	0	1,4%	39.086	40.062	41.997	43.142	44.256	1.114	2,6%
Frádráttur á móti ökutækjastyrk	8	8	8	8	9	0	1,0%	33.376	34.752	35.866	36.485	37.303	818	2,2%
Dagpeningar	13	14	14	14	15	1	7,1%	26.777	27.773	30.145	31.176	32.122	946	3,0%
Frádráttur vegna dagpeninga	12	13	14	13	14	1	7,0%	26.681	27.623	30.010	30.964	31.961	997	3,2%
Reiknað endurgjald	23	24	25	26	26	1	3,0%	17.858	17.677	17.652	17.079	17.182	103	0,6%
Hreinar tekjur	12	13	14	14	13	-1	-5,3%	15.446	15.490	15.608	15.041	15.035	-6	0,0%
Tekjur erlendis	19	20	16	13	10	-2	-19,3%	4.506	5.296	5.079	4.937	4.691	-246	-5,0%
Greiðslur frá alþjóðastofnunum	1	1	1	1	1	0	0,0%	127	126	121	143	159	16	11,2%
<b>Launatekjur</b>	<b>1.016</b>	<b>1.100</b>	<b>1.201</b>	<b>1.281</b>	<b>1.328</b>	<b>47</b>	<b>3,6%</b>	<b>203.770</b>	<b>208.630</b>	<b>216.889</b>	<b>222.942</b>	<b>229.663</b>	<b>6.721</b>	<b>3,0%</b>
Greiðslur frá Tryggingastofnun	84	87	96	118	124	7	5,6%	56.981	58.697	59.897	58.993	60.690	1.697	2,9%
Skattfrjálsar greiðslur frá Tryggingastofnun	11	11	12	13	13	0	-0,2%	18.890	18.405	18.428	18.479	18.257	-222	-1,2%
<b>Tryggingabætur</b>	<b>95</b>	<b>98</b>	<b>108</b>	<b>130</b>	<b>137</b>	<b>7</b>	<b>5,1%</b>	<b>67.183</b>	<b>68.497</b>	<b>69.577</b>	<b>68.412</b>	<b>69.915</b>	<b>1.503</b>	<b>2,2%</b>
<b>Atvinnuleysisbætur</b>	<b>12</b>	<b>10</b>	<b>9</b>	<b>9</b>	<b>11</b>	<b>2</b>	<b>21,6%</b>	<b>14.167</b>	<b>11.517</b>	<b>10.279</b>	<b>10.386</b>	<b>9.853</b>	<b>-533</b>	<b>-5,1%</b>
Greiðslur úr lífeyrissjóðum	99	108	119	129	136	7	5,3%	52.405	55.100	57.099	59.026	61.078	2.052	3,5%
Greiðslur úr séreignarsjóðum	9	9	10	10	11	1	8,1%	6.937	7.236	7.968	8.561	8.284	-277	-3,2%
Sérstök útgreiðsla séreignarsparnaðar	15	2	0	0	0	0		15.984	1.587	43	0	0	0	
<b>Lífeyrisgreiðslur</b>	<b>122</b>	<b>119</b>	<b>129</b>	<b>139</b>	<b>147</b>	<b>8</b>	<b>5,5%</b>	<b>70.274</b>	<b>59.235</b>	<b>59.827</b>	<b>61.581</b>	<b>63.477</b>	<b>1.896</b>	<b>3,1%</b>
Styrkir vegna náms og vísindastarfa	3	3	3	3	4	0	14,5%	25.161	26.548	27.623	27.680	30.459	2.779	10,0%
Frádráttur á móti náms- og rannsóknarstyrkjum	2	2	2	2	2	0	15,7%	13.953	14.406	15.208	14.978	16.479	1.501	10,0%
Aðrar tekjur	11	12	11	13	14	1	4,7%	61.515	65.261	65.563	73.562	76.339	2.777	3,8%
Húsaleigubætur, félagsleg aðstoð og styrkir	4	4	3	2	3	0	3,0%	5.783	5.103	4.124	3.471	3.460	-11	-0,3%
Frádráttur á móti öðrum styrkjum	2	2	2	3	3	0	12,8%	35.845	38.624	39.706	45.555	50.720	5.165	11,3%
Aðrar skattfrjálsar greiðslur	20	20	20	22	24	2	7,8%	24.993	24.369	23.403	23.810	26.755	2.945	12,4%
<b>Ýmsar greiðslur</b>	<b>34</b>	<b>35</b>	<b>33</b>	<b>36</b>	<b>39</b>	<b>2</b>	<b>6,2%</b>	<b>69.523</b>	<b>71.899</b>	<b>70.065</b>	<b>73.011</b>	<b>75.784</b>	<b>2.773</b>	<b>3,8%</b>
Áætlanir	36	36	47	60	71	11	18,2%	8.671	8.538	10.739	14.940	16.998	2.058	13,8%
Álag	3	3	3	4	5	1	17,9%	8.041	8.055	10.140	14.418	16.156	1.738	12,1%
<b>Áætlanir og álag</b>	<b>38</b>	<b>39</b>	<b>50</b>	<b>64</b>	<b>76</b>	<b>12</b>	<b>18,2%</b>	<b>8.671</b>	<b>8.538</b>	<b>10.739</b>	<b>14.940</b>	<b>16.998</b>	<b>2.058</b>	<b>13,8%</b>
<b>Laun, hlunnindi, lífeyrir o.fl.</b>	<b>1.318</b>	<b>1.400</b>	<b>1.529</b>	<b>1.661</b>	<b>1.738</b>	<b>77</b>	<b>4,6%</b>	<b>261.963</b>	<b>266.925</b>	<b>277.403</b>	<b>288.984</b>	<b>298.770</b>	<b>9.786</b>	<b>3,4%</b>
Frádráttur vegna lífeyrisdögjalda	39	42	46	49	51	2	4,4%	198.041	201.646	209.409	215.705	222.030	6.325	2,9%
Viðbótariðgjald í lífeyrissjóð	17	23	26	28	30	1	5,4%	112.954	107.736	112.187	117.695	120.025	2.330	2,0%
<b>Tekjuskatts- og útsvarstofn skv. framtalí*</b>	<b>1.166</b>	<b>1.228</b>	<b>1.339</b>	<b>1.449</b>	<b>1.524</b>	<b>75</b>	<b>5,2%</b>	<b>244.901</b>	<b>247.388</b>	<b>253.522</b>	<b>262.823</b>	<b>271.887</b>	<b>9.064</b>	<b>3,4%</b>
Ívilnun skv. 65. gr.	3	2	2	2	2	0	2,7%	14.715	13.197	12.375	11.298	11.430	132	1,2%
<b>Tekjuskatts- og útsvarstofn</b>	<b>1.163</b>	<b>1.225</b>	<b>1.337</b>	<b>1.447</b>	<b>1.522</b>	<b>75</b>	<b>5,2%</b>							
<b>Fjármagnstekjur</b>														
Leiga á íbúðarhúsnæði	11	12	13	14	15	1	5,3%	8.306	8.407	8.545	8.560	8.592	32	0,4%
Leiga af öðrum eignum	1	1	1	1	2	0	35,3%	919	918	1.007	1.410	1.910	500	35,5%
<b>Leigutekjur</b>	<b>12</b>	<b>12</b>	<b>14</b>	<b>15</b>	<b>16</b>	<b>1</b>	<b>8,1%</b>	<b>9.098</b>	<b>9.196</b>	<b>9.379</b>	<b>9.718</b>	<b>10.136</b>	<b>418</b>	<b>4,3%</b>
Vextir af verðbréfum	13	14	13	16	14	-3	-16,1%	51.359	46.939	57.774	50.967	51.159	192	0,4%
Vextir af innlendum innstæðum	17	17	20	17	18	1	4,4%	193.783	198.004	204.834	210.465	217.138	6.673	3,2%
Vextir af erlendum innstæðum	0	0	0	0	0	0	-5,2%	603	625	635	674	1.540	866	128,5%
Vextir af innstæðum barna	1	1	1	0	0	0	-30,4%	37.150	37.964	37.126	31.628	25.242	-6.386	-20,2%
<b>Vextir</b>	<b>30</b>	<b>32</b>	<b>34</b>	<b>34</b>	<b>32</b>	<b>-2</b>	<b>-6,0%</b>	<b>194.033</b>	<b>198.363</b>	<b>205.104</b>	<b>211.043</b>	<b>217.938</b>	<b>6.895</b>	<b>3,3%</b>
Arður af hlutabréfum	32	38	47	60	44	-16	-26,3%	13.635	14.521	15.172	14.677	14.741	64	0,4%
Arður af erlendum hlutabréfum	2	2	3	1	1	0	-30,9%	307	326	333	361	400	39	10,8%
<b>Arður af hlutabréfum</b>	<b>34</b>	<b>40</b>	<b>50</b>	<b>62</b>	<b>45</b>	<b>-16</b>	<b>-26,4%</b>	<b>13.764</b>	<b>14.648</b>	<b>15.315</b>	<b>14.863</b>	<b>14.915</b>	<b>52</b>	<b>0,3%</b>
Söluhagnaður af hlutabréfum	28	24	35	43	27	-15	-35,7%	3.172	3.762	3.855	2.859	2.811	-48	-1,7%
Annar söluhagnaður	2	3	4	6	4	-1	-26,3%	582	691	787	916	882	-34	-3,7%
<b>Söluhagnaður</b>	<b>31</b>	<b>27</b>	<b>39</b>	<b>48</b>	<b>32</b>	<b>-17</b>	<b>-34,6%</b>	<b>3.726</b>	<b>4.380</b>	<b>4.566</b>	<b>3.708</b>	<b>3.632</b>	<b>-76</b>	<b>-2,0%</b>
<b>Fjármagnstekjur alls</b>	<b>106</b>	<b>111</b>	<b>137</b>	<b>159</b>	<b>125</b>	<b>-34</b>	<b>-21,2%</b>	<b>194.049</b>	<b>198.377</b>	<b>205.119</b>	<b>211.059</b>	<b>217.956</b>	<b>6.897</b>	<b>3,3%</b>
<b>Heildartekjur</b>	<b>1.424</b>	<b>1.511</b>	<b>1.666</b>	<b>1.820</b>	<b>1.863</b>	<b>43</b>	<b>2,4%</b>	<b>266.876</b>	<b>271.854</b>	<b>282.023</b>	<b>292.877</b>	<b>302.686</b>	<b>9.809</b>	<b>3,3%</b>

\* Tekjur handreiknaðra eru ekki taldar með í tekjuskatts- og útsvarstofni skv. framtali.


## Eignir og skuldir í árslok

	Fjárhæðir					Breytingar '17-'18		Fjöldi					Breytingar '17-'18		
	2014	2015	2016	2017	2018	Milljarðar	%	2014	2015	2016	2017	2018	Fjöldi	%	
<b>Eignir</b>															
Innstæður í bönkum	560	583	630	691	725	34	4,9%	193.379	197.596	204.306	209.895	216.548	6.653	3,2%	
Innstæður í erlendum bönkum	12	12	13	14	25	11	74,1%	1.111	1.241	1.457	1.662	5.005	3.343	201,1%	
Innstæður barna	19	19	19	19	19	0	1,4%	37.406	38.174	37.169	37.020	37.247	227	0,6%	
Innlend hlutabréf	64	65	65	64	63	0	-0,4%	52.702	53.341	53.485	53.826	54.675	849	1,6%	
Erlend hlutabréf	11	13	13	14	15	1	10,2%	4.270	4.205	4.090	4.184	4.270	86	2,1%	
Innlend og erlend verðbréf	346	377	392	437	440	3	0,6%	45.309	49.250	44.947	45.215	44.358	-857	-1,9%	
Hrein eign skv. efnahagsreikningi	50	51	51	50	51	1	1,2%	7.173	7.191	6.991	6.760	6.713	-47	-0,7%	
Ökutæki	223	237	263	295	312	17	5,8%	113.715	115.315	118.652	122.997	126.461	3.464	2,8%	
Aðar eignir	29	35	29	30	31	1	3,0%	24.092	23.081	23.284	23.495	23.799	304	1,3%	
Áætluð eign	64	58	79	88	114	26	30,1%	3.423	2.732	2.589	3.724	3.884	160	4,3%	
Áætluð eign viðbót	11	9	12	13	17	4	30,1%	3.423	2.731	2.589	3.724	3.884	160	4,3%	
<b>Fasteignir</b>	<b>3.527</b>	<b>3.756</b>	<b>4.041</b>	<b>4.660</b>	<b>5.151</b>	<b>490</b>	<b>10,5%</b>	<b>100.186</b>	<b>101.313</b>	<b>102.746</b>	<b>104.132</b>	<b>106.290</b>	<b>2.158</b>	<b>2,1%</b>	
Fasteignir erlendis	11	12	13	18	23	6	31,5%	384	412	465	645	838	193	29,9%	
<b>Heildareignir</b>	<b>4.909</b>	<b>5.209</b>	<b>5.601</b>	<b>6.373</b>	<b>6.967</b>	<b>593</b>	<b>9,3%</b>	<b>197.382</b>	<b>200.968</b>	<b>107.476</b>	<b>214.377</b>	<b>221.236</b>	<b>6.859</b>	<b>3,2%</b>	
<b>Skuldir</b>															
Skuldir vegna íbúðarkaupa	1.375	1.308	1.334	1.385	1.473	88	6,3%	72.850	73.036	73.574	73.429	74.640	1.211	1,6%	
Skuldir umfram eignir skv. efnahagsreikningi	19	16	14	12	11	-1	-10,9%	3.831	3.620	3.425	3.148	3.039	-109	-3,5%	
Aðrar skuldir	691	661	648	638	627	-11	-1,7%	156.508	157.196	157.797	160.895	162.275	1.380	0,9%	
Skuldir vegna kaupleiguibúða eftirstöðvar	26	25	27	31	35	4	12,2%	1.069	1.070	1.124	1.219	1.353	134	11,0%	
<b>Heildarskuldir</b>	<b>2.084</b>	<b>1.984</b>	<b>1.996</b>	<b>2.035</b>	<b>2.111</b>	<b>75</b>	<b>3,7%</b>	<b>158.645</b>	<b>159.526</b>	<b>160.564</b>	<b>163.800</b>	<b>165.546</b>	<b>1.776</b>	<b>1,1%</b>	
<b>Vaxtagjöld</b>															
Vextir vegna íbúðarkaupa	75	73	77	75	73	-2	-2,7%	73.903	75.571	76.550	76.967	77.848	881	1,1%	
Vextir af kaupleiguibúðum	1	1	1	1	2	0	13,4%	1.110	1.077	1.165	1.249	1.365	116	9,3%	
Önnur vaxtagjöld	36	34	35	33	31	-2	-4,9%	144.438	145.346	146.367	152.401	157.000	4.599	3,0%	


## Opinber gjöld einstaklinga

	Fjárhæðir					Breytingar '18-'19		Fjöldi					Breytingar '18-'19	
	2015	2016	2017	2018	2019	Milljarðar	%	2015	2016	2017	2018	2019	Fjöldi	%
<b>Tekjuskattur, álagður</b>	<b>141</b>	<b>155</b>	<b>171</b>	<b>184</b>	<b>198</b>	<b>14</b>	<b>7,8%</b>	<b>169.240</b>	<b>181.638</b>	<b>199.635</b>	<b>219.515</b>	<b>234.716</b>	<b>15.201</b>	<b>6,9%</b>
Skattaafsláttur til greiðslu útsvars	12	11	10	9	8	-1	-9,1%	91.509	84.074	76.485	68.564	63.371	-5.193	-7,6%
Almennur tekjuskattur	129	145	161	175	190	15	8,6%	169.239	181.636	199.632	219.515	234.714	15.199	6,9%
Fjármagnstekjuskattur, álagður	19	20	24	28	24	-5	-15,9%	38.777	39.190	42.958	37.920	39.612	1.692	4,5%
Skattaafsláttur í fjármagnstekjuskatt	0	0	0	0	0	0	0,4%	3.876	3.543	3.332	2.468	2.458	-10	-0,4%
Fjármagnstekjuskattur	18	19	24	28	24	-5	-16,1%	36.471	37.089	40.823	36.462	38.058	1.596	4,4%
Útsvar	175	185	204	222	232	10	4,6%	260.708	265.696	276.096	288.067	298.069	10.002	3,5%
<b>Tekjuskattar samtals</b>	<b>322</b>	<b>349</b>	<b>388</b>	<b>425</b>	<b>446</b>	<b>21</b>	<b>4,9%</b>	<b>220.702</b>	<b>228.891</b>	<b>242.731</b>	<b>256.909</b>	<b>267.858</b>	<b>10.949</b>	<b>4,3%</b>
<b>Útvarpsgjald</b>	<b>4</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>4</b>	<b>4</b>	<b>0</b>	<b>2,3%</b>	<b>189.236</b>	<b>195.316</b>	<b>205.501</b>	<b>217.404</b>	<b>225.468</b>	<b>8.064</b>	<b>3,7%</b>
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	2	2	2	3	3	0	2,5%	189.386	195.492	205.645	217.593	225.660	8.067	3,7%
Slystryggingagjald v. heimilsstarfa	0	0	0	0	0	0	-1,6%	157.692	162.129	166.130	170.857	174.408	3.551	2,1%
Tryggingagjald staðgreiðsluskylt	2	2	2	3	3	0	2,3%	11.640	11.882	11.925	12.162	12.354	192	1,6%
Tryggingagjald gjaldfallið 1. júní	0	0	0	0	0	0	-4,3%	7.834	7.505	7.105	6.927	6.774	-153	-2,2%
Barnabætur	11	10	10	11	12	1	11,5%	48.416	44.829	43.546	45.172	46.830	1.658	3,7%
Vaxtabætur	8	6	5	3	3	0	-10,7%	37.753	29.710	26.107	18.985	17.127	-1.858	-9,8%
<b>Skattar alls</b>	<b>309</b>	<b>339</b>	<b>380</b>	<b>418</b>	<b>438</b>	<b>20</b>	<b>4,8%</b>	<b>214.365</b>	<b>224.169</b>	<b>238.635</b>	<b>253.381</b>	<b>264.011</b>	<b>10.630</b>	<b>4,2%</b>
Fjöldi reiknaður í álagningarkerfi								251.769	255.218	260.131	269.632	279.237	9.605	3,6%
Handreiknaðir								20.038	22.388	26.597	28.044	28.462	418	1,5%
<b>Fjöldi framteljenda á skattgrunnskrá</b>								<b>271.807</b>	<b>277.606</b>	<b>286.728</b>	<b>297.676</b>	<b>307.699</b>	<b>10.023</b>	<b>3,4%</b>

Fjárhæðir í milljörðum króna á föstu verðlagi í árslok 2018.



Landsmenn áttu 724,6 milljarða í innlendum innstæðum í árslok árið 2018 og aðra 25 milljarða í erlendum innstæðum. Þá áttu börn 19,4 milljarða í bankainnstæðum. Innlendar innstæður jukust um 34 milljarða, þær erlendu um 10,6 milljarða og innstæður barna jukust um 268 milljónir. Innstæður í bönkum voru fyrst áritaðar á skattframtal ársins 2009 og sýndu þær þá stöðuna í árslok árið 2008. Eftir að farið var að árita innstæður á skattframtöl riflega tvöfölduðust þær. Innstæður 183.765 fjölskyldna voru áritaðar en innstæðurnar voru 915,1 milljarður. Árið áður höfðu 75.627 einhleypingar og hjón talið fram 452,6 milljarða í innstæðum í íslenskum bönkum. Fram til ársloka 2013 lækkuðu innstæður ár frá ári en þá voru þær komnar niður í 544,7 milljarða og höfðu þá rýrnað um 370,5 milljarða eða 40,5% á fimm árum. Síðan hafa innstæður einstaklinga aftur tekið að hækka. Þær hafa hækkað um 179,9 milljarða eða 33,0% frá árinu 2013.



Landsmenn voru með 17,9 milljarða í vaxtatekjur af innlendum innstæðum árið 2018 og 77 milljónir í vexti af erlendum innstæðum. Þá voru börn með 299 milljónir í vexti af sínum innstæðum. Vextir af innlendum innstæðum hækkuðu um 748 milljónir eða 4,4% á milli ára. Vextir voru tæp 2,5% sem er að heita jafnmiklir og árið 2017 en þetta eru minnstu vextir miðað við innstæður sem hafa sést. Árin 2008 og 2009 voru vextir um 11,7% og 10,9% af innstæðum en síðan hafa þeir lækkað að heita ár frá ári. Vextir af innstæðum barna voru nú 1,5% af innstæðum í árslok en þeir hafa íðulega verið talsvert hærri en af innstæðum framteljenda.

Auk innstæðna í innlendum bönkum áttu 5.005 fjölskyldur á skattgrunnskrá hér á landi 25,0 milljarða á erlendum bankareikningum. Þessar innstæður eru færðar til eignar á skattframtal í íslenskum krónum á kaupgengi í árslok. Þeir sem töldu fram erlendar innstæður voru 3.343 fleiri

en árið 2017. Innstæðurnar sjálfar voru 10,6 milljörðum eða 74,1% hærri. Hér er því um athyglisverða aukningu að ræða.

Í árslok árið 2018 áttu börn 19,4 milljarða inn á bankareikningum sem var 268 milljónum eða 1,4% meira en árið áður. Foreldrarnir telja fram innstæður

en 37.247 foreldrar töldu fram innstæður barna sinna en foreldrar voru 227 fleiri en árið áður. Það er athyglisvert að þrátt fyrir að innstæður barna hafi hækkað nokkuð á síðastliðnum árum þá eru þær enn um 4,2 milljörðum lægri en þær voru árið 2008. Sömu sögu má segja af innstæðum fullorðinna en enn vantar 190,6 milljarða upp á að innstæður fullorðinna séu jafnháar og þær voru í árslok árið 2008, þegar innstæður voru áritaðar á skattframtöl í fyrsta skipti. Innstæður á íslenskum bankareikningum lækkuðu síðan ár frá ári fram til ársins 2013 en þá voru þær komnar niður í 544,7 milljarða en síðan hafa þær hækkað jafnt og þétt. Sömu sögu er að segja af innstæðum barna sem lækkuðu úr 23,6 milljörðum árið 2008 niður í 18,6 milljarða árið 2013.

Vextir á innlánsreikningum eru taldir til tekna þegar þeir eru reiknaðir og greiddir. Vextir af verðtryggðum reikningum sem eru bundnir til þriggja ára eru hins vegar ekki taldir til tekna fyrr en þeir eru greiddir út. Landsmenn töldu fram 17,9 milljarða í vexti af innstæðum í bönkum sem var 748 milljónum eða 4,4% meira en árið áður. Vaxtatekjur af innlendum innlánnum hafa lítið breyst á undanförunum árum.

Þeir sem áttu innstæður erlendis töldu fram 77 milljónir í vexti sem var fjórum milljónum minna en árið áður. Börn fengu 299 milljónir í vexti á innstæður árið 2018 sem var 131 milljón minna en árið áður. Það er athyglisvert að börnin fengu talsvert lægri vexti á innstæður árið 2018 en foreldrarnir.

### Vextir af innlendum og erlendum verðbréfum

Innlend og erlend verðbréf eru skuldabréf, hlutdeildarskírteini, víxlar og stofnfjáreign. Þessar eignir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok. Hlutdeildarskírteini teljast til eignar á gengi í árslok. Önnur verðbréf sem skráð eru í kauphöll eru talin til eignar á verðgildi skráðu í kauphöll í árslok. Þá eru eignir í erlendum gjaldmiðlum taldar fram í íslenskum krónum á kaupgengi í árslok. Eignarhlutur í sameignarfélögum og samlagsfélögum er einnig talinn fram hér sem og stofnsjóðsinneign hjá samvinnufélögum sem eru taldar fram á nafnverði.

Innlend og erlend verðbréf og kröfur í eigu einstaklinga voru metin á 439,6 milljarða í árslok 2018. Þau hækkuðu um 2,5 milljarða eða 0,6% frá áramótum. Þetta er mun minni hækking en á undanförunum árum. Verðbréfaeign hækkaði um 2,9% árið 2014, 8,9% árið 2015, 4,1% árið

2016 og 11,4% árið 2017. Árin 2015, 2016 og 2017 hækkaði verðbréfaeign um 30,8 milljarða, 15,4 milljarða og 44,7 milljarða.

Í ár töldu 44.358 fjölskyldur fram verðbréfaeign en 857 færri áttu verðbréf í árslok 2018 en árið áður. Allt frá árinu 2010 hefur fjöldi þeirra sem eiga verðbréf litið breyst.

Landsmenn voru með 13,7 milljarða í vaxtatekjur af verðbréfum árið 2018 sem var um 2,6 milljörðum eða 16,1% minni tekjur en árið áður. Vextir af verðbréfum eru taldir til tekna þegar þeir eru lausir til ráðstöfunar. Vextir af verðbréfum gefa því nokkra mynd af viðskiptum með verðbréf, ekki síður en vaxtastigi á hverjum tíma. 192 fleiri voru með vaxtatekjur af verðbréfum en árið áður eða 51.159 samanborið við 50.967 árið áður.

## Arður


Einstaklingar eiga miklar eignir sem eru bundnar í hlutabréfum. Hlutabréf eru staðfesting á eignarhlut einstaklinga í fyrirtækjunum í landinu. Hlutafélög eru sérstakar lögpersónur sem geta tekist á herðar skuldbindingar og fjárhagur þeirra er ótengdur fjárhag eigenda þeirra. Þrátt fyrir að eigendur lögaðila beri takmarkaða ábyrgð á félögunum njóta þeir engu að síður ágóðans af velgengni þeirra. Þarna liggur ákveðin tryggingafræðilegur vandi sem hefur verið hugðarefni hagfræðinga um árabíl og uppspretta áhugaverðra kenninga um upplýsingar og umboðsvanda.

Hvað sem því líður er hagnaður fyrirtækja eign eigenda fyrirtækjanna. Hlutabréf í fyrirtæki er því ekki aðeins eignarhlutur í félaginu heldur einnig í eigin fé og framtíðarhagnaði fyrirtækisins. Þegar um arðvænlegt fyrirtæki er að ræða kann reksturinn að vera margfalt meira virði en eignirnar og því eru menn oft tilbúnir til að greiða margfalt verð fyrir hlut í gróðavænlegum rekstri.

Hlutafé er talið fram á nafnverði en það gefur mjög takmarkaða mynd af raunverulegu verðmæti hlutabréfanna. Lágmarkshlutafé í einkahlutafélagi er 500 þúsund en mörg einkahlutafélög eru eignarhaldsfélög sem eru stofnuð um eignarhald í fjölda fyrirtækja sem hvert um sig getur verið mun meira virði en nafnverð sem er talið fram af eigandanum. Nafnverð hlutabréfa í eigu einstaklinga segir því harla lítið um raunverulegt virði bréfanna, hvorki eigið fé né rekstur fyrirtækjanna sem að baki nafnverðinu standa. Verulegur hluti eigna landsmanna er bundinn í fyrirtækjum og rekstri.


Nafnverð hlutabréfa í eigu einstaklinga var 63,4 milljarðar í árslok árið 2018 en

## Innlend og erlend verðbréf og kröfur



Verðbréf eru færð á nafnverði að viðbættum vöxtum og verðbótum í árslok. Verðbréf sem eru skráð í kauphöll eru hins vegar færð á markaðsverði. Landsmenn áttu 439,6 milljarða í verðbréfum í árslok árið 2019, 2,5 milljörðum eða 0,6% meira en árið áður. Nú töldu 44.358 fjölskyldur fram verðbréf sem var 857 færri en í fyrra. Verðbréfaeign landsmanna jókst mikið á uppgangsárunum fyrir hrun. Árið 2002 var verðbréfaeign landsmanna 198,7 milljarðar en fimm árum síðar hafði hún aukist um 433,7 milljarða eða 218,3% og var þá orðin 632,4 milljarðar. Árið 2008 töpuðust 325,5 milljarðar eða rúmum helmingur verðbréfa. Síðan hefur verðbréfaeignin aukist hæggum skrefum en hún hefur ekki verið meiri frá hruni.


## Vextir af verðbréfum




Vextir af verðbréfum eru taldir til tekna þegar þeir eru lausir til ráðstöfunar. Vaxtatekjur gefa því frekar vísbendingu um verslun með verðbréf en um nafnvexti á hverjum tíma. Vextir af verðbréfum voru um 13,7 milljarðar árið 2018 sem var 2,6 milljörðum minni vextir en árið áður. Vaxtatekjur af verðbréfum hafa þróast eins og aðrar fjármagnstekjur. Þær jukust mikið á blómaskeiði alþjóðlegrar fjármálastarfsemi hér á landi en snarminnk-uðu eftir fall bankanna. Vextir af verðbréfum héldu þó áfram að aukast árið 2008 þegar verðbréfaeignin hrundi. Árið 2018 voru 51.159 fjölskyldur með vexti af verðbréfum, 192 fleiri en árið áður.

54.675 fjölskyldur töldu fram hlutabréf. Hlutabréfaeign einstaklinga var að heita óbreytt frá árinu áður, 252 milljónum eða 0,4% minni. Fjölskyldurnar voru hins vegar 849 fleiri. Eins og fram hefur komið segir nafnverð ekkert um raunverulegt virði þessara bréfa sem fer fyrst og fremst eftir ástandi og horfum atvinnuvegganna á hverjum tíma.

Íslensk félög í eigu einstaklinga greiddu 44,3 milljarða í arð af eigin fé en ekki var leyfilegt að greiða út arð af hagnaði ársins 2018 á árinu 2018. Fyrirtækin greiddu út 15,8 milljörðum eða 26,3% meiri arð til einstaklinga sem voru skattskyldir hér á landi en árið áður. Arður af hlutabréfum hefur aukist talsvert á undanföllum árum. Hann var 32,4 milljarðar árið 2014, 38,3



Nú áttu 54.675 fjölskyldur innlend hlutabréf sem metin voru á 63,4 milljarða að nafnverði. Hlutabréfaeign landsmanna minnkaði um 252 milljónir eða 0,4% á milli ára. Til viðbótar áttu 4.270 fjölskyldur erlend hlutabréf sem metin voru á 15 milljarða. Erlend hlutabréfaeign landsmanna jókst um 1,4 milljarð eða 10,2% á milli ára og eigendurnir voru 86 fleiri en árið áður. Hlutabréfaeign einstaklinga jókst allan tíunda áratuginn á meðan veittur var skattaafsláttur af hlutabréfakaupum. Um aldamótin áttu 54.196 fjölskyldur hlutabréf en eftir að hætt var að veita afsláttinn minnkaði áhuginn. Árið 2004 töldu 47.911 fjölskyldur fram innlend hlutabréf sem metin voru á 86,5 milljarða. Árið 2007 voru fjölskyldurnar orðnar 58.090 og nafnverð bréfanna 140,9 milljarðar. Allt fram til ársins 2013 minnkaði hlutabréfaeignin ár frá ári en þá var nafnverð hlutabréfa um 58,7 milljarðar. Síðan hefur verðmæti hlutabréfa aftur hækkað um 4,8 milljarða og eigendurnir eru 2.054 fleiri en þeir voru þá.



Árið 2018 fengu landsmenn 44,3 milljarða greidda í arð af innlendum hlutabréfum sem var 15,8 milljörðum eða 26,3% minna en árið áður. Þá fengu landsmenn einn milljarð í arð af erlendum hlutabréfum sem var 457 milljónum minna en árið áður. Upp úr aldamótunum og fram að hrúni jukust arðgreiðslur fyrirtækja mjög hratt. Árið 2002 voru landsmenn með 16,8 milljarða í arð af innlendum hlutabréfum en fimm árum síðar var arðurinn orðinn 74,3 milljarðar. Arður er greiddur af hagnaði fyrri ára og því dró smám saman úr honum fram til ársins 2010. Hann var 69,9 milljarðar árið 2008, 46,8 milljarður árið 2009 en ekki nema 15,4 milljarðar árið 2010. Árið 2018 fengu 14.741 fjölskylda greiddan arð af hlutabréfum eða 64 fleiri en árið áður.

milljarðar árið 2015, 46,6 milljarðar árið 2016 og 60,1 milljarður árið 2017, eða 29,0% hærri en árið áður. Það eru því ákveðin tíðindi að arðgreiðslur skuli nú minnka í fyrsta skipti frá árinu 2010 en

þá greiddu fyrirtæki 15,4 milljarða í arð. Árið 2018 fengu 64 færri fjölskyldur greiddan arð en árið áður. Þær voru 14.741 samanborið við 14.677 árið áður. Það er áhugavert að mun færri fá nú greiddan

arð af hlutabréfum en upp úr síðustu aldamótum en árið 2000 fengu 43.359 fjölskyldur arð af hlutabréfum og árin 2006 og 2007 voru þær 44.828 og 44.022. Arðgreiðslur hrundu síðan árið 2009 og 2010 en þá fengu aðeins 5.850 og 5.589 fjölskyldur greiddan arð af íslenskum hlutabréfum.

Auk íslenskra hlutabréfa áttu 4.270 fjölskyldur 15,0 milljarða í erlendum hlutabréfum um áramótin síðustu sem var 1,4 milljörðum eða 10,2% meira en árið áður. Erlend hlutabréf eru talin fram á nafnverði en ef nafnverð er ekki þekkt eru bréfin talin fram á kaupverði í krónum þegar bréfin voru keypt. Gengishagnaður er því leystur út þegar bréfin eru seld.

Hlutabréfaeign í erlendum félögum hefur þróast með sama hætti og hlutabréf í innlendum félögum. Hún jókst mjög hratt í aðdraganda hrunsins, fór úr 10,5 milljörðum árið 2000 sem var 88,9% aukning frá árinu áður, hún var komin í 28,0 milljarða árið 2006 og 40,3 milljarða árið 2007. Hún minnkaði síðan eftir hrúnið og var komin niður í 10,9 milljarða árið 2013, en hefur síðan aukist að segja ár frá ári.

Árin 2006 og 2007 töldu 4.067 og 5.573 fjölskyldur fram erlend hlutabréf en þeim hefur síðan fækkað frá ári til árs allt til ársins 2016 en þá áttu 4.090 fjölskyldur erlend hlutabréf. Síðan hefur þeim fjölgað aftur fyrst um 94 og svo aftur um 86. Í árslok 2018 áttu 4.270 fjölskyldur erlend hlutabréf.

Arður af erlendum hlutabréfum var einn milljarður árið 2018 en 400 fjölskyldur fengu greiddan arð af slíkum eignum. Arður af erlendum hlutabréfum minnkaði um 457 milljónir á milli ára eða um 30,9%. Þetta er minnsti arður síðan 2011 en þá fengu 269 fjölskyldur 824 milljónir greiddar í arð. Arðurinn jókst síðan fram til ársins 2016 og var þá kominn í 3,4 milljarða en þá fengu 333 fjölskyldur greiddan arð. Á síðustu tveimur árum hefur arðurinn minnkað, fyrst um 1,9 milljarð og svo aftur um 457 milljónir sem fyrr segir.

## Söluhagnaður

Þegar hagnaður er af rekstri fyrirtækja þurfa menn að ákveða hvort að hann skuli greiddur út til eigendanna eða hvort að rétt sé að nýta hann í rekstri fyrirtækisins. Hagnaður sem er ekki greiddur út í arð til eigenda er nýttur til aukins vaxtar og verðmætasköpunar innan fyrirtækisins. Af þessum sökum greiða fyrirtæki í örum vexti yfirleitt ekki út mikinn arð til eigenda. Þá safna mörg fyrirtæki í sjóð eða byggja upp eigið fé til að styrkja fjárhag og undirstöður rekstrarins. Virði fyrirtækisins


eykst þegar umsvif og eignir fyrirtækisins aukast og framtíðarhorfur verða bjartari. Eins og þegar hefur komið fram endurspeglar verðmæti hlutabréfa ekki aðeins bókfært verð eigna fyrirtækisins heldur einnig tekjurnar sem þessar eignir munu skapa í framtíðinni og því eru menn oft tilbúnir til að greiða ríflegt verð fyrir von um mikinn hagnað. Söluhagnaður er þannig oft innlausn á hagnaði sem hefur verið haldið eftir og endurfjárfestur í fyrirtækinu og ávaxtast um langt árabíl.

Söluhagnaður er mismunur á kaupverði og söluverði. Leyfilegt er að draga tap af sölu hlutabréfa frá hagnaði á sama ári. Það hlýtur að teljast til marks um efnahagsbata að söluhagnaður hefur aukist en sem kunnugt er gengur efnahagsstarfsemi í þróuðu hagkerfi út á verkaskiptingu og viðskipti. Söluhagnaður, hvernig sem hann er metinn, er oft ástæða viðskiptanna. Menn láta oft vöru eða önnur verðmæti í skiptum fyrir eitthvað sem er þeim meira virði og þannig hagnast báðir aðilar af viðskiptunum. Auðvitað geta aðstæður manna verið mismunandi og stundum ganga viðskipti út á að minnka tap frekar en að auka hagnað.

Almennt er söluhagnaður skattskyldur án tillits til þess hversu lengi menn hafa átt eignina. Hagnaður af sölu lausafjár er hins vegar skattfrjáls svo framarlega sem ekki sé um atvinnurekstur að ræða eða eignin keypt í þeim tilgangi að selja hana með hagnaði. Þá er hagnaður einhleypings af sölu íbúðarhúsnæðis sem er minna en 600 m<sup>3</sup> og hjóna sem er minna en 1.200 m<sup>3</sup> skattfrjáls ef búið hefur verið í húsnæðinu lengur en tvö ár. Ef stærð íbúðarhúsnæðisins er yfir þessum mörkum er söluhagnaður skattskyldur á sama hátt og söluhagnaður af sumar-bústöðum, hesthúsum, bátaskýlum, landi eða lóðum, náttúruauðefnum og réttindum tengdum þessum eignum. Kaupverð er þá yfirleitt dregið frá söluverði að frádregnum beinum sölukostnaði. Þá er einnig heimilt að telja til tekna helming söluverðs þegar frá heildarsöluverði hefur verið dreginn beinn sölukostnaður. Ef um er að ræða íbúðarhúsnæði til eigin nota sem seljandi hefur átt í full tvö ár er söluhagnaður þó að fullu skattfrjáls, án tillits til rúmmáls.

Landsmenn voru nú með 27,4 milljarða í söluhagnað af hlutabréfum og tæpan 4,1 milljarð í annan söluhagnað. Söluhagnaður af hlutabréfum var 15,2 milljörðum eða 35,7% minni árið 2018 en árið áður.

Annar söluhagnaður dróst einnig saman um 1,5 milljarð eða 26,3%. Árið



Landsmenn voru með 27,4 milljarða í söluhagnað af hlutabréfum árið 2018 en það var 15,2 milljörðum minni söluhagnaður en árið áður. Söluhagnaður minnkaði um 35,7% á milli ára. Annar söluhagnaður var 4,1 milljarður, sem var 1,5 milljörðum eða 26,3% minni söluhagnaður en árið áður. Með auknum umsvifum á fjármálamarkaði um miðjan fyrsta áratuginn jukust tekjur af ýmis konar fjármálaumsýslu. Árið 2002 voru einstaklingar með 46,6 milljarða í söluhagnað en þar af voru 45,3 milljarðar söluhagnaður af hlutabréfum. Árið 2007 var söluhagnaður orðinn 149,5 milljarðar. Hann hátt í tvöfaldaðist síðan árið 2007 og var þá orðinn 257,4 milljarðar. Söluhagnaður var ekki nema 9,3 milljarðar árið 2010 en þar af var söluhagnaður af hlutabréfum 7,1 milljarður. Söluhagnaður jókst síðan ár frá ári fram til ársins 2017 en nú minnkar hann aftur í fyrsta skipti frá hruni.

2010 voru landsmenn með 7,1 milljarð í hagnað af sölu hlutabréfa og 2,2 milljarða í annan söluhagnað. Allt frá árinu 2010 og fram til ársins 2017 jókst söluhagnaður hlutabréfa því um 35,6 milljarða eða 504,8% og annar söluhagnaður um 3,3 milljarða eða 145,7%.

## Heildar fjármagnstekjur

Landsmenn voru með 125,2 milljarða í fjármagnstekjur árið 2018 en það var 33,8 milljörðum eða 21,2% minni fjármagnstekjur en árið áður. Þetta sætir nokkrum tíðindum en allar götur frá árinu 2011 hafa fjármagnstekjur aukist ár frá ári. Árið 2011

”


Það hlýtur að teljast til marks um efnahagsbata að söluhagnaður hefur aukist en sem kunnugt er gengur efnahagsstarfsemi í þróuðu hagkerfi út á verkaskiptingu og viðskipti

Árið 2018 högnuðust 2.811 einhleypingar og hjón af sölu hlutabréfa og 882 voru með hagnað af sölu annarra eigna. Þetta var óveruleg breyting frá árinu áður en þá voru 2.859 með hagnað af sölu hlutabréfa og 916 með hagnað af sölu annarra eigna. Þeim sem telja fram söluhagnað af hlutabréfum hefur fækkað mikið frá árunum 2015 og 2016 en þá töldu 3.762 og 3.855 fram söluhagnað af hlutabréfum.

voru fjármagnstekjur um 76,3 milljarðar. Þær jukust svo fram til ársins 2017 um 82,6 milljarða eða 108,3%. Hér var helst um að ræða aukningu söluhagnaðar sem jókst um 38,0 milljarða og arðs sem jókst um 45,0 milljarða. Vextir af innstæðum minnkuðu hins vegar um 6,6 milljarða. Árið 2018 minnkaði söluhagnaður um 16,7 milljarða frá árinu áður og arður um 16,3 milljarða. Breytinguna á fjármagnstekjum

Milljarðar


## Fjármagnstekjur



Heildarfjármagnstekjur einstaklinga voru 125,2 milljarðar árið 2018. Þær lækkuðu um 33,8 milljarða eða 21,2% frá árinu áður. Fjármagnstekjur fóru að aukast eftir að fjármagnstekjuskattur var tekinn upp um miðjan tíunda áratuginn. Einstaklingar voru með um 97,2 milljarða í fjármagnstekjur árið 2002. Tekjurnar jukust síðan hratt fram til ársins 2007 en þá voru fjármagnstekjur um 420,1 milljarðar. Söluhagnaður jókst um 210,8 milljarða á þessum tíma og arður af hlutabréfum um 60,1 milljarðar. Fjármagnstekjur lækkuðu síðan aftur um 343,8 milljarða fram til ársins 2011 en þá voru þær komnar niður í 76,3 milljarða og þá voru það aftur söluhagnaður og arður sem minnkuðu mest, söluhagnaður um 247,1 milljarðar og arður um 61,4 milljarða. Þær jukust síðan ár frá ári fram til ársins 2017, samtals um 82,6 milljarða og voru þá orðnar 158,9 milljarðar. Söluhagnaður jókst um 38,0 milljarða og arður um 45,0 milljarða. Fjármagnstekjur lækkuðu í fyrsta skipti frá hruni árið 2018. Söluhagnaður og arður lækkuðu um 16,7 milljarða og 16,3 milljarða.

Milljarðar

## Heildartekjur



Heildartekjur landsmanna voru 1.862,7 milljarðar árið 2018, 43,1 milljarði eða 2,4% hærrí en árið áður. Um 6,7% tekna voru fjármagnstekjur en hlutur fjármagnstekna hefur minnkað nokkuð á undanförunum árum. Tekjur jukust mjög hratt upp úr síðustu aldamótum. Þær voru 1.145,7 milljarðar árið 2002 en þar af voru um 97,2 milljarðar eða 8,5% fjármagnstekjur. Þær jukust síðan um 667,3 milljarða fram til ársins 2007 en þar af voru 322,9 milljarðar fjármagnstekjur. Launatekjur jukust um 268,1 milljarð, tryggingagreiðslur um 13,7 milljarða og lífeyrir um 25,8 milljarða. Fjármagnstekjur voru um 23,2% tekna einstaklinga árið 2007. Fram til ársins 2010 lækkuðu tekjur síðan aftur um 569,3 milljarða en þar af voru 331 milljarðar vegna minni fjármagnstekna. Launatekjur minnkuðu um 231,6 milljarða, tryggingagreiðslur lækkuðu ekki um nema 630 milljónir. Greiðslur úr lífeyrissjóðum og atvinnuleysisbætur jukust hins vegar um 26,2 milljarða og 22,4 milljarða. Fjármagnstekjur voru um 7,2% tekna árið 2010. Síðan hafa tekjur aukist ár frá ári, samtals um 619 milljarða, Laun og hlunnindi, lífeyrir og tryggingagreiðslur hafa aukist um 582,9 milljarða, laun um 456,3 milljarða, tryggingabætur um 60,9 milljarða og lífeyrisgreiðslur um 41,9 milljarða. Á sama tíma hafa fjármagnstekjur aukist um 36,1 milljarð. Ólíkt því sem var í aðdraganda hrunsins er tekjuaukningin að undanförunum fyrst og fremst vegna launatekna, tryggingabóta og lífeyris.

má því fyrst og fremst rekja til arðs og viðskipta með hlutabréf.

## Fjármagnstekjuskattur

Fjármagnstekjuskattur var tekinn upp árið 1997. Lengst af var hann flatur 10% skattur á allar fjármagnstekjur. Skatturinn var síðan hækkaður í áföngum, fyrst í 15% á miðju ári 2009, þá í 18% af tekjum ársins 2010 og loks í 20% af tekjum ársins 2011. Skattur á söluhagnað og arð var því hækkaður um 100% á þremur árum en á móti þessum hækkunum vó að frítekjumark var sett á vexti og 30% leigutekna voru undanþegnar skatti. Fjármagnstekjuskattur af vöxtum, arði, söluhagnaði og leigutekjum var síðan hækkaður í 22% í álagningu 2019 vegna tekna ársins 2018.

Tekjumörk vaxta voru hækkuð um fjórðung í álagningu árið 2015 á tekjur 2014, úr 100 þús. kr. í 125 þús. hjá einhleypingum og tvöföldum þessum mörkum hjá hjónum. Mörkin voru aftur hækkuð í 150 þús. fyrir einstakling og tvöföld þessi mörk hjá hjónum í álagningunni 2018. Þá var ekki nema helmingur leigutekna ársins 2016 af íbúðarhúsnæði skattlagður en ekki 70% eins og var og því var skattur af leigutekjum af íbúðarhúsnæði lækkaður úr 14% í 10% á tveimur árum. Þetta á þó ekki við um tímabundna útleigu íbúðarhúsnæðis, til dæmis til ferðamanna.

Álagður skattur á fjármagnstekjur 2019 var 23,9 milljarðar sem var um 4,5 milljörðum eða 15,9% minna en lagt var á í fyrra. Skatttekjurnar lækka því ekki jafnmikið og tekjurnar.

Framteljendur sem nýta ekki persónuafslátt til greiðslu tekjuskatts og útsvars nýta hluta persónuafsláttar til að greiða fjármagnstekjuskatt. Nú nýttu 2.458 manns 276 milljónir af persónuafslætti upp í fjármagnstekjuskatt og því voru tekjur ríkisins af fjármagnstekjuskatti lægri sem því nemur eða um 23,6 milljarðar. Persónuafsláttur sem ráðstafaður er til að greiða fjármagnstekjuskatt er óverulegur og hefur ekki mikil áhrif á álagninguna en lítil breyting varð á nýtingu persónuafsláttar til greiðslu á fjármagnstekjuskatti á milli ára. 2.468 manns nýttu 275 milljónir í skattinn í fyrra.

Að sjálfsögðu ræðst skatturinn að mestu leyti af fjármagnstekjum landsmanna en nú var lagður fjármagnstekjuskattur á 39.612 fjölskyldur, 1.692 færri en fyrir ári. Með fjölskyldu er hér átt við einstakling, sambúðarfólk eða hjón sem skila sameiginlegri eignasiðu í fram-



talskilum. Árið 2018 voru 217.652 fjöl-skyldur með fjármagnstekjur þannig að fjármagnstekjuskattur er ekki lagður á nema hluta þeirra sem eru með tekjur. Þarna komu tekjumörk vegna vaxtatekna til sögunnar. Nær allir landsmenn eru í viðskiptum við banka og fá greidda vexti af innlánsreikningum. Hins vegar hafa til þess að gera fáir miklar tekjur af eignum eða sölu eigna. Eftir að tekjumörkin voru sett fækkaði þeim mjög mikið sem greiddu fjármagnstekjuskatt en langflestir þeirra sem greiddu fjármagnstekjuskatt af vöxtum þegar innstæður voru áritaðar af ríkisskattstjóra voru með tekjur undir frítekjumörkum og sluppu því við skattinn þegar mörkin voru sett.


Meðalfjármagnstekjuskattur var 18,8% af tekjum ársins 2018 samanborið við 17,7% af tekjum ársins áður. Árið 2008 var meðalskattur um 9,8%, árið 2010 var meðalskattur á fjármagnstekjur 14,4% en hann var kominn í 16,2% árið 2011. Síðan hefur meðalskattur á fjármagnstekjur hækkað, fyrst í 17,2% og síðan í 17,4% á árunum 2013 og 2014. Söluhagnaður og arður jukust hraðar en vextir og leigutekjur og því hækkaði skatturinn. Nú var skatthlutfallið sjálf hækkað um tvö prósentustig eða um 10,0%, úr 20,0% í 22,0%.

## Heildartekjur


Árið 2018 voru landsmenn með 1.862,7 milljarða í tekjur sem var 43,1 milljarði eða 2,4% meiri tekjur að raungildi en árið áður. Laun, hlunnindi og lífeyrir hækkuðu um 76,9 milljarða en á móti vó að fjármagnstekjur lækkuðu um 33,8 milljarða. Launagreiðslur hækkuðu um 46,8 milljarða, áætlaðar tekjur um 11,7 milljarða, lífeyrir um 7,6 milljarða og tryggingabætur um 6,6 milljarða. Bróðurpart tekjuaukans árið 2018 má því rekja til aukinna launagreiðslna í þjóðfélaginu.

## Eignir og skuldir í árslok


Yfirleitt er sterkt samband á milli tekna, eigna og skulda einstaklinga. Eignir eru iðulega greiddar með tekjum, ýmist með sparnaði eða láni sem tekið er fyrir kaupnum. Lánið er aftur greitt upp með tekjum framtíðarinnar. Eignir skapa tekjur og veðhæfi og lán sem eru skuld þess sem tekur lánið eru yfirleitt tekin til kaupa á eignum. Tekjur eru yfirleitt skilyrði fyrir því að menn geti yfir höfuð fengið lán fyrir kaupum á eignum. Það er því fremur sjaldgæft að þeir sem eru með miklar tekjur eigi litlar eignir og að þeir sem eiga miklar eignir séu tekjulausir.




Á tekjur ársins 2018 voru lagðir 198,1 milljarðar í tekjuskatt sem var 14,3 milljörðum eða 7,8% meira en var lagt á árið áður. Útsvar var 232,2 milljarðar. Það hækkaði um 10,3 milljarða sem var hækking um 4,6% og þá voru lagðir 23,6 milljarðar á fjármagnstekjur sem var 4,5 milljörðum eða 16,1% minna en lagt var á árið áður. Samanlagt voru því lagðir 445,8 milljarðar á í skatta af tekjum einstaklinga. Þar sem tekjuskattur er stig-hækkandi skattur ráðast tekjur af almennum tekjuskatti ekki aðeins af skatthlutfalli og tekjuskatti heldur einnig af tekjuþróun og tekjudreifingu í þjóðfélaginu. Ef tekjuaukningin verður undir skattleysismörkum aukast tekjur af skattinum ekki, ef hún verður öll í efsta tekjuþrepinu fær ríkið 31,8% skatt af viðbótartekjunum. Útsvarið er hins vegar flatur skattur sem greiddur er af hverri tekjuskatts- og útsvarsskyldri krónu sem menn afla. Fjármagnstekjuskattur hefur verið flatur skattur í gegnum tíðina en á síðustu árum hefur verið sett frítekjumark á vexti auk þess sem ekki er reiknaður tekjuskattur af 50% af tekjum einstaklinga af útleigu íbúðarhúsnæðis til búsetu leigjanda. Samspil skatta og tekna hefur leitt til þess að skattar á tekjur einstaklinga hafa hækkað nokkuð á undanförnum árum.



Árið 2018 var meðalútsvar af launum, hlunnindum og lífeyri um 13,4%, almennur tekjuskattur eftir að búið var að nýta persónuafslátt var um 10,9%. Meðalskattur á fjármagnstekjur var 18,8%. Meðalútsvar var að heita óbreytt en tekjuskatturinn hækkaði um 0,4 prósentustig og skattur af fjármagnstekjum um 1,2 prósentustig. Tekjur ríkisins af tekjuskatti hafa ekki verið þetta háar síðan 2006 en þá tók ríkið um 11,1% af launum, hlunnindum og lífeyri. Útsvarið var þá 12,0%. Skattur af fjármagnstekjum var þá 9,9% þegar tekið hafði verið tillit til þess að menn geta nýtt persónuafslátt upp í fjármagnstekjuskatt. Eftir hrun voru gerðar ýmsar breytingar á skattkerfinu þar sem tekinn var upp margþrepa tekjuskattur, hámarksútsvar var hækkað, auk þess sem fjármagnstekjuskattur var hækkaður úr 10% í 20%. Hann var aftur hækkaður í 22% á fjármagnstekjur ársins 2018. Meðalskattur á fjármagnstekjur hefur hækkað úr 9,8% árið 2008, í 10,8%, 14,4% og 16,2% á árunum 2009, 2010 og 2011. Hann hefur verið um 17,4% á undanförnum árum en hækkaði í 17,7% árið 2017. Á þessum tíma hefur meðalskattur á heildartekjur einstaklinga farið úr 19,9% í 23,9% en þar skiptir miklu máli að vægi fjármagnstekna hefur minnkað auk þess sem skattur á þessar tekjur hefur hækkað. Meðalskattur á heildartekjur hefur ekki verið hærri en árið 2018.



Í árslok árið 2018 áttu einstaklingar eignir sem metnar voru á 6.966,6 milljarða. Matsverð eigna jókst um 593,3 milljarða eða 9,3% á milli ára. Á móti eignum stóðu skuldir upp á 2.110,8 milljarða. Skuldarnar jukust um 75,4 milljarð eða 3,7% á milli ára. Hrein eign einstaklinga jókst því um 517,9 milljarða eða 11,9% árið 2018 en skuldlausar eignir einstaklinga voru 4.855,8 milljarður. Bróðurpartur eigna einstaklinga eru fasteignir en innlendar fasteignir voru metnar á 5.150,7 milljarða árið 2018 en fasteignamat hækkaði um 490,5 milljarða eða 10,5% sem þýðir að um 82,7% eignaaukningarinnar var hækkun á matsverði íbúðarhúsnæðis. Árið 2007 var hrein eign landsmanna um 3.394,6 milljarðar. Hún rýrnaði um 1.344,6 milljarð fram til ársins 2010 en síðan hafa eignir aukist og skuldir lækkað. Hrein eign hefur aukist um 2.805,9 milljarða eða 136,9% en þar af eru 2.313,9 milljarða aukning á síðustu fimm árum.



Einstaklingar áttu 3.677,9 milljarða í íbúðarhúsnæði í árslok 2018. Fasteignir voru metnar á 5.150,7 milljarða en á móti eignum stóðu skuldir upp á 1.472,8 milljarða. Skuldlaus eign jókst um 12,3% á milli ára. Árið 2007 voru fasteignir einstaklinga metnar á rúma fjögur þúsund milljarða en skuldarnar voru þá 1.419 milljarðar. Eigð fé í íbúðarhúsnæði var þá 2.585,1 milljarður. Í hruninu rýrnaði verðmæti fasteigna en á sama tíma hækkuðu skuldarnar. Eigð fé minnkaði um 23,8% árið 2008, 9,0% árið 2009 og 19,9% árið 2010 og var þá komið niður í 1.433,6 milljarða. Síðan hafa eignirnar hækkað um 2.190,5 milljarða og skuldarnar lækkað um 53,8 milljarða. Hrein eign í íbúðarhúsnæði hefur aukist um 156,5% frá árinu 2010.

hluta tekna sinna þeir vilja greiða í vexti. Tekjur og efnahagur einstaklinga endurspeglar lífshlaup mannsins. Ungmennni eru iðulega tekjulág. Með auknum tekjum geta þau tekist á herðar skuldbindingar, tekið lán og fjárfest í húsnæði, en við lok starfsævinnar eiga margir talsverðar eignir sem þeim hafa áskotnast á lífsleiðinni á sama tíma og tekjurnar minnka. Þá er mikilvægt að hafa í huga að það eru hvorki allar eignir manna né þá heldur allt sem menn njóta í lífinu talið fram á skattframtali.

## Fasteignir

Sumar fasteignir eru ekki aðeins fasteignir heldur eru þær einnig heimili fjölskyldnanna í landinu. Menn njóta þess að búa í fallegu og rúmgóðu húsnæði en afnotin eru ávinningur af fjárfestingunni þó að hann sé ekki reiknaður til verðs. Fasteignir í eigu einstaklinga eru þó ekki alltaf keyptar til eigin nota heldur til fjárfestingar í íbúðarhúsnæði sem er ætlað að skapa tekjur af útleigu eða með hækkun á verði fasteignarinnar. Margir eiga því umtalsvert fé bundið í íbúðar- eða atvinnuhúsnæði sem ætlað er til ávöxtunar á þeim sparnaði sem er bundinn í fasteigninni.

Fasteignir í eigu einstaklinga eru forskráðar á skattframtal einstaklinga. Fasteignir eru skráðar á fasteignamat sem á að gefa raunsanna mynd af raunverulegu markaðsverði viðkomandi fasteignar. Hér er m.a. um að ræða hús og íbúðir, lóðir, jarðir og jarðarparta, útihús og sumarhús í eigu einstaklinga. Fasteignir sem hafa verið færðar inn í eignarhaldsfélög eru hins vegar ekki taldar fram á skattframtali einstaklinga. Hlutabréf í eignarhaldsfélaginu eru hins vegar talin fram á nafnverði sem þarf ekki að vera meira en 500 þús. kr.

Fasteignir í eigu einstaklinga voru metnar á 5.150,7 milljarða í árslok 2018. Fasteignamat hækkaði um 490,5 milljarða, eða 10,5% að raungildi á milli ára. Þetta er talsvert minni hækkun en árið 2017 en þá hækkaði fasteignamat um 619,6 milljarða eða 15,3%. Hækkunin er áhugaverð í ljósi þess að framtaldar tekjur einstaklinga voru 1.862,7 milljarðar árið 2018 þannig að hækkun fasteignamats var um 26,3% af tekjum landsmanna á árinu, sem var þó lægra hlutfall en árið 2017 þegar hún var um 34,1%. Á tíunda áratugnum fylgdust tekjur og hækkun fasteigna nokkuð vel að en undir lok áratugarins fóru fasteignir að hækka mun meira en tekjurnar. Á árunum 2003, 2004 og 2005 hækkaði fasteignamat mun hraðar en tekjurnar. Einstaklingar öfluðu 1.203,6 milljarða í tekjur árið 2003, 1.274,6 milljarða árið 2004 og 1.432,4

Skuldugur maður er ófrjáls maður en að sama skapi felst ákveðið frelsi í því að geta mætt áföllum í lífinu eða sagt starfi sínu lausu án þess að slíkt hafi veruleg áhrif á hagi eða líf manna. Tími manna og frelsi ætti að vera flestum mikils virði og því ætti sparnaður alltaf að hafa ákveðinn forgang umfram neyslu. Menn geta eytt því sem

þeir eiga eftir þegar búið er að leggja fyrir sem þýðir að eyðslufé verður mun minna en það sem menn fá í umslagið í hverri viku. Það er auðvelt að tileinka sér dýran lífsstíl og misjafnt hversu miklar skuldbindingar menn eru tilbúnir að taka sér á herðar gagnvart lánardrottni, hversu mikið þeir vilja leggja að veði og hversu stóran

milljarða árið 2005 en á þessum árum hækkaði fasteignamat um 229,4 milljarða, 292,6 milljarða og 766,5 milljarða. Árið 2005 var hækkan fasteignamats því rúmur helmingur tekna í þjóðfélaginu, sem var einsdæmi.

Á undanförunum árum hefur fasteignamat hækkað mikið samanborið við tekju- aukann á hverju ári. Hér er þó vert að hafa í huga að matsverð fasteigna í landinu ræðst af viðskiptum með, til þess að gera, lítinn hluta fasteigna í landinu en verð þessara fasteigna ræðst svo aftur af eignum og að- stæðum þeirra sem kaupa. Þar hljóta tekjur og væntingar um tekjur að ráða för, sem og sparnaður og lánakjör.


Í árslok 2018 áttu 106.290 fjölskyldur íbúðarhúsnæði eða 2.158 fleiri en fyrir ári. Fjölgunin var heldur meiri en á undan- förnum árum en árið 2015 fjölgaði fjöl- skyldum sem áttu íbúðarhúsnæði um 1.127, þeim fjölgaði um 1.433 árið 2016 og 1.386 árið 2017.

Auk innlendra fasteigna töldu 838 fjöl- skyldur fram 23,2 milljarða í erlendum fasteignum en verðmæti erlendra fasteigna í eigu landsmanna jókst um 5,5 milljarða, eða 31,5% árið 2018. Erlendar fasteignir eru færðar á fasteignamatsverði umreikn- uðu í íslenskar krónur en þegar fasteigna- matsverð liggur ekki fyrir er miðað við kaupverð. Þróun gengis hefur því mikil áhrif á verðmæti þessara eigna. Engu að síður fjölgaði þeim sem telja fram þessar eignir um 193 eða 29,9% á milli ára. Á undanförunum árum hefur verðmæti er- lendra fasteigna á framtali aukist töluvert á sama tíma og fleiri hafa talið fram þessar eignir. Í árslok árið 2013 voru erlendar fast- eignir metnar á 10,7 milljarða en þá töldu 378 fjölskyldur fram fasteignir erlendis.

## Skuldir og vaxtagjöld vegna íbúðarhúsnæðis

Þeir sem njóta lánstrausts, eru í launaðri vinnu eða hafa til þess að gera tryggjar tekjur eða eiga eign sem þeir geta lagt að veði, geta fengið fasteignalán. Fasteignin er þá keypt fyrir lánsfé út á framtíðartekjur þess sem kaupir en fyrir vikið greiðir hann lánardrottni vexti.

Á móti fasteignum sem metnar voru á 5.150,7 milljarða stóðu eftirstöðvar skulda vegna kaupa á íbúðarhúsnæði upp á 1.472,8 milljarða. Skuldir vegna íbúðarhúsnæðis jukust nú um 87,6 milljarða eða 6,3%. Skuldlaus eign í íbúðarhúsnæði var 3.677,9 milljarðar en hún jókst um 402,8 millj- arða eða 12,3% á milli ára. Þetta er minni aukning en árið 2017 en þá jókst eigið fé í íbúðarhúsnæði um 568,5 milljarða eða



Fasteignamat og verðmæti tiltekinnar fasteignar snertir kjarnann í verðmætamati og virði peninga og eigna. Hækkun á verðmæti fasteigna þýðir ekki að landsmenn eigi meira af íbúðarhúsnæði eða að notagildi þess hafi aukist heldur ræðst það af mark- aðsverði sem ræðst aftur af verslun með lítinn hluta fasteigna á hverju ári. Fasteigna- mat er matsverð en ekki raunverulegt söluvirði einstakrar eignar og því er það aðeins misnákvæm nálgun raunverulegs verðmætis. Hærri tekjur eða kaupmáttur og fólks- fjölgun leiðir til aukinnar eftirspurnar og hækkunar húsnæðisverðs. Þá skiptir smekkur manna og það hvort að menn eigi annarra kostnaði eða í önnur í hús að vanda einnig máli. Á meðan tekjur halda áfram að aukast og fólki fjölgar eykst eftirspurn eftir hús- næði og verð hækkar.

21,0%. Eigið fé landsmanna í íbúðarhús- næði hefur aukist mikið á undanförunum árum og aldrei verið meira en nú. Árið 2013 var það 1.907,9 milljarðar og því hefur það aukist um 1.770,0 milljarða eða nær tvö- faldast á fimm árum. Þetta hljóta að teljast nokkur tíðindi en stór hluti eigna einstakl- inga er bundinn í fasteignum.

Fasteignamarkaðurinn segir mikilvæga sögu um hag landsmanna og væntingar þeirra til framtíðarinnar. Hagur lands- manna hefur vænkast en auður og eignar- verð hefur margvísleg efnahagsleg áhrif. Þeir sem sjá hag sinn vænkast ár frá ári eru líklegri til að auka neyslu og fjárfesta sem aftur fær hjól efnahagslífsins til að snúast.

Í árslok 2018 áttu 106.290 fjölskyldur fasteign en 74.640 fjölskyldur voru með lán vegna íbúðarkaupar og því má ætla að um 31.650 fjölskyldur eða 29,8% þeirra sem töldu fram fasteignir hafi átt þær skuldlausar. Þetta hlutfall hækkaði um 0,3 prósentustig á milli ára og hefur ekki verið hærra síðan 1997 þegar 30,1% fjöl- skyldna töldu fram fasteignir án þess að skuldir kæmu á móti.


Það er mikilvægt að hafa í huga að jafn- vel þó að menn telji fram fasteignir á skatt- framtali þá er ekki alltaf um heila fasteign að ræða. Margir eiga hlut í íbúð, jarðarpart eða annað þess háttar á móti öðrum. Þá er ekki óþekkt að menn skuldi fasteignalán en eigi enga fasteign.

Vaxtabætur eru reiknaðar af vöxtum af lánnum sem hafa verið tekin vegna kaupar á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Hér er um að ræða heildargreiðslu og kostnað af lánnum vegna íbúðarkaupar að frádregnu því sem fór til að lækka höfuðstólinn. Vextir sem mynda stofn til vaxtabóta, vextir, verðbætur, afföll vegna sölu á skulda- bréfum, lántökukostnaður, stimpilgjöld, þóknarir og þinglýsingarkostnaður sem og uppgreiðslugjald teljast því til vaxta- kostnaðar. Árið 2018 greiddu landsmenn 72,7 milljarða í vexti af íbúðarlánnum sem var 2,0 milljörðum minna en þeir greiddu í vexti árið áður. Vextir af íbúðarhúsnæði hafa lækkað um 4,2 milljarða eða 5,5% á tveimur árum en á þessum árum hafa skuldir vegna kaupar á íbúðarhúsnæði aukist um 138,7 milljarða eða 10,4%.

## Bifreiðir


Bifreiðir eru almennt færðar á skattframtal á kaupverði og síðan niðurfærðar um 10% á hverju ári. Niðurfærslurnar miðast við eignfærsluna árið áður. Ólíkt íbúðarhús- næði, sem hækkar yfirleitt í verði frá ári til árs, falla bifreiðirnar því í verði ár frá ári og eftir því sem bíllinn er dýrari eru niðurfærslurnar meiri. Kaup landsmanna segja ákveðna sögu um væntingar þeirra til framtíðarinnar. Margir taka lán fyrir bifreiðakaupum og því takast menn yfir- leitt ekki á herðar skuldbindingar nema

## Skuldir sem hlutfall af eignum



Á árabílinu 1997 til 2002 voru um 36,3% eigna einstaklinga í skuld. Hlutfallið hækkaði lítið eitt þegar fasteignaverð tók að hækka undir lok tíunda áratugarins. Um miðjan fyrsta áratuginn jukust skuldir einstaklinga hratt en eignir hækkuðu til móts við skuldir og hlutfall skulda af eignum hélst því nokkuð stöðugt. Árið 2008 snarlækkaði matsverð eigna en skuldirnar héldu hins vegar verðgildi sínu eða hækkuðu. Um 55,2% af eignum einstaklinga voru í skuld árið 2010 og því hafði þetta skuldahlutfall hækkað um nær helming frá meðaltali árunum 1992 til 2002. Síðan hafa eignirnar hækkað í verði á meðan skuldirnar hafa minnkað en í árslok árið 2018 var hlutfall eigna og skulda orðið lægra en það var að jafnaði á árunum 1992 til 2002 eða 30,3%. Þetta hlutfall hefur aldrei verið lægra, a.m.k. ekki frá árinu 1992.

## Skuldir sem hlutfall af tekjum



Á árabílinu 1992 til 2002 voru skuldir landsmanna að jafnaði 3,9% hærrí en heildartekjur á hverju ári. Í kringum 2002 varð breyting á. Þrátt fyrir að tekjur ykjast hratt á þessum uppgangsárum, sérstaklega fjármagnstekjur, jukust skuldirnar engu að síður hraðar og árið 2007 voru skuldir einstaklinga orðnar 27,1% hærrí en árstekjur. Fram til ársins 2010 minnkuðu tekjur landsmanna á meðan skuldirnar héldu verðgildi sínu eða hækkuðu, hvort sem miðað var við erlendan gjaldmiðil eða verðlag. Skuldir voru þá 102,8% hærrí en tekjur. Síðan hafa skuldirnar lækkað og tekjur aukist en í árslok 2018 voru skuldir einstaklinga um 13,3% hærrí en heildartekjur á árinu. Í fyrsta skipti frá árinu 2010 jukust skuldir hraðar en tekjur og skuldahlutfallið hækkaði.

Síðan hafa bifreiðir landsmanna verið endurnýjaðar og verðmæti þeirra aukist.

Nú töldu 126.461 fjölskyldur fram bifreiðir á skattframtali en það var 3.464 fleiri fjölskyldur en fyrir ári. Það hafa aldrei fleiri fjölskyldur talið fram bifreiðir, en 20.947 fleiri fjölskyldur áttu slíkar eignir í árslok árið 2018 en árið 2007. Meðaleign í bifreiðum var 2.466.954 kr. sem var 2,9% meira en árið 2017.

## Aðrar eignir

Mönnum ber að telja fram til skatts aðrar eignir en fasteignir og bifreiðir, s.s. hjólhýsi, tjaldvagna, báta, vélsleða, vélhjól, hesta, seðla og annað slíkt. Stór hluti eigna landsmanna er hins vegar ekki talinn fram á skattframtali en þar má nefna raunvirði hlutabréfa í fyrirtækjum umfram nafnverð, menntun og rétt til menntunar, lífeyrisréttindi og almannatryggingar sem veita ákveðna tryggingavernd og rétt til heilbrigðisþjónustu. Ýmis önnur þjónusta og réttindi gagnvart opinberum aðilum eru mikils virði en hvorki tekju- né eignfærð á skattframtali. Menn geta þannig leikið sér að því að núvirða framtíðartekjur sínar, laun og elli lífeyrinn sem þeir kunna að fá greiddan að lokinni starfsævinni. Þarna er oft um verulegar fjárhæðir að ræða.

Landsmenn áttu 31,2 milljarða í öðrum eignum í árslok 2018 sem var 897 milljónum eða 3,0% meira en árið áður en 23.799 fjölskyldur töldu fram aðrar eignir eða 304 fleiri en fyrir ári.

## Aðrar skuldir og vaxtagjöld

Aðrar skuldir eru skuldir vegna lána sem hafa verið tekin til kaupa á öðru en fasteignum. Hér er því m.a. um að ræða lán sem hafa verið tekin til að greiða fyrir lífsstíl eða neyslu eða til að kaupa ýmsa lausamuni: húsbúnað, bifreiðir, báta, vélsleða, mótorhjól og þess háttar sem og skyndilán, yfirdrátt og krítarkortaskuldir að ógleymdum lánnum sem hafa verið tekin til að kaupa verðbréf. Þá hafa einhverjir vafalaust tekið lán til að mæta ófyrirséðum áföllum í lífinu, atvinnumissi, tannviðgerðum eða málaferlum o.s.frv. Skuldir við Lánasjóð íslenskra námsmanna eru einnig taldar til annarra skulda.

Eins og gefur að skilja er undir hælinn lagt hvort að lánunum hafi verið varið til kaupa á eignum sem taldar eru fram á skattframtali eða eytt í neyslu sem kemur hvergi fram. Þá er matsverð eignanna sem standa að baki skuldunum oftar en ekki allt annað en fjárhæð lána sem voru tekin til að kaupa eignirnar.

að þeir sjái fyrir sér að geta staðið í skilum. Bifreiðafлотinn er því iðulega endurnýjaður í góðæri.

Í árslok árið 2018 áttu landsmenn bifreiðir og ökutæki sem metin voru á 312,0 milljarða. Bifreiðaeign jókst um 17,0 milljarða eða 5,8% á milli ára. Þetta er minni aukning en árið 2017 en þá jókst bifreiðaeign um 32,4 milljarða eða 12,3%. Árið 2016 jókst bifreiðaeign um 25,4 milljarða

sem var 10,7% aukning frá árinu áður. Það var kominn tími á endurnýjun en bifreiðaeign landsmanna hefur aukist um 96,1 milljarð eða 44,5% frá árinu 2013. Það lítur út fyrir að endurnýjun bifreiðafлотans sé langt komin en hann hefur aldrei verið jafn verðmætur. Bifreiðir voru metnar á 309,9 milljarða árið 2007 en þær lækkuðu síðan í verði fram til ársins 2013 og höfðu þá rýrnað um 94,0 milljarða, eða 30,3%.


Aðrar skuldir einstaklinga voru tæpir 627,1 milljarður í árslok 2018. Þær höfðu þá lækkað um 10,9 milljarða frá árinu áður, eða um 1,7%. Það hefur verið áhugavert að fylgjast með þróun annarra skulda á undanförunum árum. Þær jukust mikið upp úr miðjum fyrsta áratug aldarinnar þegar einstaklingum buðust lán til kaupa á verðbréfum, neyslu og öðru sem hugurinn girntist og voru orðnar 868,0 milljarðar árið 2007. Þær jukust svo aftur mikið í hruninu og voru orðnar 998,6 milljarðar árið 2009. Síðan hafa þær lækkað ár frá ári. 162.275 fjölskyldur voru með aðrar skuldir sem var 1.380 fleiri en fyrir ári.

## Heildareignir og heildarskuldir

Heildareignir landsmanna voru metnar á 6.966,6 milljarða í árslok 2018. Eignir landsmanna jukust um 593,3 milljarða á milli ára eða 9,3%. Þetta var heldur minni eignaaukning en árið 2017 þegar eignir jukust um 750,1 milljarð sem var 14,3% aukning. Á árunum 2013 til 2018 jukust eignir landsmanna um 2.296,2 milljarða eða 49,2%. Eignaaukningin á síðustu árum er bersýnilega mjög mikil. Árið 2005 jukust eignir landsmanna um 852,3 milljarða sem var 22,3% aukning. Þær jukust um 369,6 milljarða árið 2006 og aftur um 649,5 milljarða árið 2007. Eignir landsmanna rýrnuðu síðan um 1.144,3 milljarða fram til ársins 2011. Heildareignir hafa aldrei verið jafn miklar og árið 2018.

Mikla hækkun eigna á undanförunum árum má að mestu rekja til hækkunar fasteignamats. Af þeim 593,3 milljörðum sem eignir landsmanna hækkuðu á milli ára voru 490,5 milljarðar vegna hækkunar fasteignamats sem var 82,7% eignaaukningarinnar. Fasteignamatið vó heldur þyngra í eignaaukningunni árið 2018 en árið áður en þá voru 80,2% eignaaukningarinnar hækkun fasteignamats.

Á móti eignum einstaklinga stóðu heildarskuldir þeirra upp á 2.110,8 milljarða. Skuldir jukust um 75,4 milljarð á milli ára sem var 3,7% aukning. Á undanförunum árum hafa skuldir hækkað mun minna en eignir og því hefur eigið fé landsmanna aukist. Eigið fé jókst þannig um 517,9 milljarða árið 2018, 732,7 milljarða árið 2017 og 380,6 milljarða árið 2016. Frá árinu 2013 hafa skuldlausar eignir landsmanna aukist um 2.313,9 milljarða eða 91,0%, sem hlýtur að teljast umtalsvert. Hækkun eiginfjár er ekki vegna peninga sem landsmenn hafa safnað, lagt til hliðar á reikningum eða í sjóði heldur er bróðurpartur eignaaukningarinnar vegna hækkunar á fasteignaverði sem byggir á viðskiptum



Á árunum 1992 til 2002 greiddu landsmenn að jafnaði um 4,8% tekna í vexti af fasteignalánum. Hér er miðað við allar aðrar tekjur en fjármagnstekjur. Upp úr aldamótum, með hækkandi fasteignaverði og auknum skuldum, jukust þessar vaxtagreiðslur en árið 2004 greiddu landsmenn um tæp sex prósent af tekjum í vexti af fasteignalánum. Eftir að bankarnir fóru að bjóða hagstæð lán til íbúðarkaupa lækkaði þetta hlutfall nokkuð en það hækkaði síðan aftur eftir því sem skuldir jukust. Á árunum 2009 og 2010 fóru um 6,6% af launum, hlunnindum, lífeyri og tryggingabótum í vexti af fasteignalánum. Síðan hefur þetta hlutfall lækkað en það var 4,2% árið 2018 og en það hefur aldrei verið lægra, a.m.k. ekki frá árinu 1992.

með fáar eignir á hverju ári. Hér gildir því það sama lögmál og um verðbreytingar á verðbréfum sem ýmist hækka eða lækka í verði eftir því hvernig framtíðarhorfur fyrirtækja eru metnar hverju sinni. Matsverðið hefur litla þýðingu fyrir þá sem hafa byggt sér framtíðarheimili og sjá ekki fram á að selja húsnæði í bráð.

Tæpur þriðjungur eigna landsmanna var í skuld í árslok 2018, eða 30,3%. Þetta sætir tíðindum en skuldir hafa ekki


landsmanna í skuld. Síðan hefur skulda-hlutfallið lækkað og nú er það sem fyrr segir með því lægsta sem hefur sést. Þá er þó athyglisvert að skuldir jukust lítið eitt sem hlutfall af tekjum landsmanna árið 2018. Landsmenn skulduðu um 113,3% tekna. Þetta hlutfall hækkaði um 1,5 prósentustig á milli ára en á tíunda áratugnum og upp úr síðustu aldamótum var ekki óalgennt að skuldir væru um rétt ríflega jafn háar og tekjur ársins. Þetta

”

## Mikla hækkun eigna á undanförunum árum má að mestu rekja til hækkunar fasteignamats

verið lægri samanborið við eignir, a.m.k. ekki frá árinu 1992 en þá var það 30,9%. Hlutfallið tók að hækka lítilllega upp úr aldamótum en upp úr miðjum fyrsta áratugnum hækkaði eignaverð til jafns við skuldirnar og því hélt þetta hlutfall að mestu stöðugt fram að hruni. Meðaltal árunum 1992 til 2002 var 36,6%. Þegar eignir féllu í verði eða töpuðust á sama tíma og skuldirnar héldu verðgildi sínu hækkaði hlutfall skulda af eignum snarlega en árið 2010 voru um 55,2% eigna

breyttist hratt í aðdraganda hrunsins en þá jukust skuldir mikið og steininn tók úr í eftirmála hrunsins þegar skuldir jukust mjög mikið með hliðsjón af tekjum. Þannig voru skuldirnar um 108,8% tekna ársins 2001 og 2002, 110,1% árið 2003, 119,1% árið 2004 og 123,5% árið 2005 og 127,9% árið 2006. Í árslok 2007 voru skuldir 127,1% tekna, í árslok 2008 voru skuldir um 157,5% tekna og 188,6% árið 2009. Skuldirnar héldu síðan áfram að aukast 2010 en þá voru heildarskuldir



Nú voru greiddir 11,7 milljarðar í barnabætur sem var 11,5% meira en var greitt vegna ársins 2017. Framan af tíunda áratugnum og fram yfir aldamót voru barnabætur um tíu milljarðar. Árið 2018 fengu 46.830 foreldrar bætur með 85.406 börnum en þar af voru börn undir sjö ára aldri 33.056 og börn yfir sjö ára aldri 52.350. Bætur voru greiddar með 153 fleiri börnum en í fyrra. Vægi bóta var nær óbreytt á tíunda áratuginum en um miðjan fyrsta áratuginn jókst það talsvert. Það minnkaði síðan aftur í kjölfar hrunsins en á síðustu árum hafa barnabætur verið á bilinu tíu til ellefu milljarðar.

orðnar um 202,8% tekna. Síðan hefur þetta hlutfall lækkað ár frá ári, þar til nú að það hækkar aftur lítillega.

## Bætur

Bótum í skattkerfinu er, líkt og frádrætti, ívilnunum og skattafslætti, ætlað að milda skattbyrði þeirra sem hafa, vegna sérstakra aðstæðna, skert gjaldþol og eiga því erfiðara en ella með að svara skatti. Barna- og vaxtabótum er þannig ætlað að milda skattbyrði ungs fólks sem er að koma sér upp heimili og hefur fyrir börnum að sjá. Hér er miðað við greiðslugetu fjölskyldunnar en ekki einstaklingsins og því taka bætur mið af því hvort að um hjón, einhleypa foreldra eða barnlausa einstaklinga er að ræða.

## Barnabætur

Barnabótum er ætlað að létta skattbyrði þeirra sem hafa fyrir börnum að sjá. Árið 2018 voru bætur greiddar með börnum sem voru fædd árið 2001 til 2018 og var miðað við fjölskylduna eins og hún var í árslok 2018.

Nú voru rúmir 11,7 milljarðar greiddir í barnabætur sem var 1,2 milljarði eða 11,5% meira að raungildi en var greitt í álagningu í fyrra. Bæturnar voru hækkaðar um 5,0% á milli árána 2017 og 2018 sem var nokkru minni hækkun en á milli árána þar á undan en þá hækkuðu bæturnar um 8,5% á milli ára. Sem

var reyndar þá talsvert meiri hækkun en árin þar á undan.

Í álagningu nú fengu hjón greiddar 234.500 kr. með fyrsta barni og 279.200 kr. með hverju barni umfram það. Í fyrra voru greiddar 223.300 kr. með fyrsta barni hjóna og 265.900 kr. með hverju barni umfram eitt. Einstæðir foreldrar fengu nú 390.700 kr. greiddar með fyrsta barni og 400.800 kr. með öðrum börnum. Þar að auki voru greiddar 140.000 krónur með börnum undir sjö ára aldri en þessar bætur hækkuðu einnig um 5,0% á milli ára.

Barnabótum er fyrst og fremst ætlað að létta undir með þeim heimilum sem eiga erfitt með að greiða fullan skatt vegna lágra tekna og þungrar framfærslubyrði. Bæturnar eru því skertar með hliðsjón af tekjum. Nokkrar breytingar voru gerðar á skerðingu barnabóta en bætur voru skertar af tekjustofni hjóna umfram 7.200.000 kr. og að 11.000.000 kr. um 4% með einu barni, 6% með tveimur börnum og 8% með þremur börnum eða fleiri. En af tekjustofni umfram 11.000.000 kr. var skerðingin 5,5% með einu barni, 7,5% með tveimur börnum og 9,5% með þremur börnum eða fleiri. Hjá einstæðum foreldrum voru tekjumörkin 3.600.000 kr. og 5.500.000 kr. Í álagningu í fyrra var miðað við 5.800.000 kr. skerðingarmörk hjá hjónum og 2.900.000 kr. skerðingarmörk hjá ein-

hleypu foreldri og voru bætur skertar um 4%, 6% og 8% af tekjum umfram mörk. Þarna er því búið að bæta inn nýjum tekjuþrepum og nýjum skerðingarhlutföllum sem taka til þeirra sem eru með tekjur yfir efri fjárhæðarmörkunum en neðri fjárhæðarmörkin voru hækkuð um 24,1%.

Alls fengu 46.830 foreldrar greiddar bætur sem var 1.658 fleiri en fyrir ári. Þeim sem fengu greiddar barnabætur hefur fækkað umtalsvert á undanförunum árum. Í álagningu árið 2010 var 69.826 foreldrum reiknaðar bætur sem var 22.996 fleiri foreldum en í álagningunni nú.

Á undanförunum árum hefur atvinnuástandið farið batnandi, tekjur hafa aukist og færri fá því barnabætur. Börnum hefur einnig fækkað nokkuð. Árið 2010 voru 36.027 börn undir sex ára aldri og 50.740 á aldrinum sjö til 15 ára. Nú var getið um 33.056 börn sex ára eða yngri og 52.350 börn á aldrinum sjö til 17 ára. Börnum undir sjö ára aldri hefur því fækkað um 2.971 á þessum tíma en börn sjö ára og eldri voru 1.610 fleiri en árið 2010.

## Vaxtabætur

Vaxtabótum er ætlað að létta skattbyrði þeirra sem eru að reyna að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Ríkisskattstjóri reiknaði landsmönnum nú 2,7 milljarða í vaxtabætur af vaxtagreiðslum ársins 2018. Vaxtabætur voru 329 milljónum eða 10,7% lægri en í álagningu í fyrra.

Landsmenn greiddu 72,7 milljarða í vexti af íbúðarhúsnæði og því gengu bætur upp á móti 3,8% vaxtakostnaðarins. Vaxtabætur hafa lækkað mikið á undanförunum árum. Árið 1992 voru 24,3% vaxta af íbúðarhúsnæði endurgreiddar í gegnum vaxtabætur. Vægi vaxtabóta sem hlutfall af vaxtagreiðslum hefur þannig minnkað mikið á undanförunum árum.

Fullar vaxtabætur hækkuðu nú úr 400.000 kr. í 420.000 kr. hjá einstaklingi, 500.000 kr. í 525.000 kr. hjá einstæðum foreldrum og úr 600.000 kr. í 630.000 kr. hjá hjónum og samsköttuðu sambúðarfólki. Vaxtabætur voru veittar fyrir vexti sem voru allt að 840.000 kr. þegar um barnlausa einhleypinga var að ræða, 1.050.000 kr. hjá einstæðum foreldrum og 1.260.000 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki. Hámark vaxtagjalda var þó 7% af skuldum. Vaxtagreiðslur voru síðan skertar um 8,5% af tekjuskattstofni. Hámark vaxtagjalda hækkaði um 5,0% á milli ára.

Bætur eftir tekjuskerðingu voru síðan skertar hlutfallslega miðað við hreina eign. Nú var byrjað að skerða bætur ein-

hleyplinga sem átta meira en 5.000.000 kr. í skuldlausum eignum og þær féllu niður þegar þeir átta orðið meira en 8.000.000 kr. Hjá hjónum og sambúðarfólki voru bætur skertar þegar hrein eign var orðin meiri en 8.000.000 kr. og bæturnar féllu niður við 12.800.000 kr. Eignamörk einstaklinga voru hækkuð um 11,1% en eignamörk hjóna og sambúðarfólks um 9,6%.


Í gegnum tíðina hafa eignamörkin fyrst og fremst skert bætur og því hefur ekki verið óalgengt að þeir sem á annað borð hafa fengið bætur eftir skerðingar hafi fengið fullar bætur, þrátt fyrir að geta heitið að kalla tekjuháir. Skerðingarmörkin eru til þess að gera þröng, 3.000.000 kr. hjá einhlypum og 4.800.000 kr. hjá hjónum, sem þýðir að lítil hækun á fasteignamati getur myndað eigið fé sem skerðir bætur þrátt fyrir að fjárhagsleg staða fólks sé að öðru leyti óbreytt.

Árið 2018 fengu 17.127 einstaklingar greiddar vaxtabætur, 1.858 færri en árið áður. Þeim sem fá greiddar vaxtabætur hefur fækkað mikið á undanfönum árum en árið 2013 fengu 41.933 einstaklingar greiddar vaxtabætur. Vaxtabætur hafa aldrei verið minni og aldrei hafa færri fengið greiddar bætur.

## Og að lokum

Árið 2018 var Íslendingum gjöfult. Efna-hagslífið blómstraði og hagur landsmanna vænkaðist. Það er ekki sjálfgefið að lítil þjóð sem býr við ystu mörk hins byggilega heims, í köldu, blautu og myrku landi, búi við bestu lífskjör í heimi. Landsframleiðsla eða tekjur er auðvitað ekki algildur mælikvarði á lífskjör. Þarfir manns í samfélagi við aðra menn eru margvíslegar en Íslendingar búa svo vel að ganga að ýmsu vísu sem er víðast hvar áfátt. Við eigum stórt og fallett land sem er friðsælt og mörgum kostum búið. Í landi allsnægtanna snýst lífið ekki aðeins um það hvort að menn hafi í sig og á heldur hvernig unnt er að seðja andlegt hungur þeirra sem hafa alla jafna nóg til hnífs og skeiðar.

Með aukinni velmegun leggur fólk meira upp úr lystisemdum lífsins; mat og drykk, menningu og listum, ferðalögum og námskeiðum og öðru sem kann að gefa lífinu gildi. Á sama tíma læra menn að meta ýmislegt það sem þeir leiða sjaldnast hugann að í amstri dagsins. Þess vegna hafa menn í auknum mæli reynt að meta lífsgæði einstakra þjóða og einstaka



Vaxtabætur eru greiddar fyrir vexti, verðbætur og lántökukostnað vegna kaupa á íbúðarhúsnæði og eru þær skertar með tilliti til tekna og eigna gjaldandans. Vægi bóta í skattkerfinu minnkaði nokkuð á tíunda áratugnum og framan af þeim fyrsta. Þetta voru uppgangstímar í þjóðfélaginu þegar tekjur og eignir jukust ár frá ári. Vaxtabætur hækkuðu þó eins og barnabætur talsvert um miðjan fyrsta áratuginn og náðu hámarki árið 2010 en þá voru bæturnar hækkaðar umtalsvert á sama tíma og eignaskerðingarmörkin voru lækkuð. Síðan hefur vægi vaxtabóta minnkað ár frá ári, bæturnar hafa lítið breyst á sama tíma og fasteignamat hefur hækkað, skuldir lækkað og eigið fé aukist í íbúðarhúsnæði. Færri fá því bætur. Í álagningu 2019 reiknaði ríkisskattstjóri landsmönnum 2,7 milljarða í vaxtabætur sem var 329 milljónum eða 10,7% minna en í fyrra. Þá fengu 17.127 manns bætur, 1.858 færri en fyrir ári.

þætti sem stuðla að lífsfyllingu og hamingju hvers einstaklings. Þar horfa menn meðal annars til fjölskyldutengsla, félagslegrar stöðu, tækifæris til menntunar, tómstundaiðkunar, starfs og starfsframa, og ekki síður til stöðu einstaklingsins og

í velmeguninni. Íslendingar geta rekið velferðarriki vegna þess að þeir hafa ráð á því. Það hlýtur að teljast betra hlutskipti að þurfa að læra að hemja sig við nægtaborð vellystinganna en að líða skort, sem er þrátt fyrir allt enn hlut-

”

Vaxtabætur voru veittar fyrir vexti sem voru allt að 840.000 kr. þegar um barnlausa einhleyplinga var að ræða, 1.050.000 kr. hjá einstæðum foreldrum og 1.260.000 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki. Hámark vaxtagjalda var þó 7% af skuldum

tækifæra til að hafa áhrif á og móta samfélagið sem hann býr í.

Þó að það megi halda því fram að stundum sé meira minna og minna meira þá verður auðurinn ekki til úr engu. Undirstöður velferðarinnar felast

skipti stórs hluta jarðarbúa. Hvað sem því líður hlýtur hver og einn að haga lífi sínu eins og honum þóknast, finna sér einhvern heillavænlegan farveg í lífinu og læra af mistökum sínum þegar svo ber undir. Eða hvað?

# Skipulag ríkisskattstjóra

Ný skipurit fyrir fjögur kjarnasvið, álagningarvið, eftirlitssvið, innheimtu- og skráasvið og samskiptasvið voru kynnt á fundi allra starfsmanna hinn 20. september sl.

Í ársbyrjun 2010 tók gildi sameining nýu skattstjóraembættis vítt og breitt um landið og ríkisskattstjóra í eina stofnun, eftir að lög þar um höfðu verið samþykkt á Alþingi hinn 18. desember 2009. Það var því ekki langur tími til stefnu til skipulagningar. Fyrstu vikurnar var verkefnið fyrst og fremst að halda starfsemi gangandi, eins og ekkert hefði í skorist, fara yfir stöðu mála á hverjum stað og byrja að samræma vinnubrögð. Settir voru vinnuhópar sem fóru í gegnum þau mörgu atriði sem þurfti að huga að, m.a. innra skipulagi.

”

Eitt af meginmarkmiðum ríkisskattstjóra er að stofnunin sé á hverjum tíma mönnum hæfu starfsfólki sem leggi sig fram um að þjónusta almenning og fyrirtæki í landinu og að stofnunin ræki skyldur sínar lögum samkvæmt

## Skipulag RSK – fyrst eftir sameiningu

Skipulag nýs embættis ríkisskattstjóra eftir sameiningu var í stórum dráttum kynnt til sögunnar á starfsmannafundi hinn 5. maí 2010, en áfram var unnið að frekari útfærslu á því. Nýtt skipurit tók síðan að fullu gildi seinni hluta árs 2010. Leitast var við að auka sérhæfingu á hverri starfsstöð án þess að tapa sérþekkingu starfsmanna. Skipulagið var byggt upp á fjórum framleiðslusviðum, einstaklingssviði, atvinnurekstrarsviði, eftirlitssviði og skráasviði, og sjö stoðsviðum. Sex stoðsviðanna gengu þvert á framleiðslusviðin, þ.e. lögfræðisvið, fagsvið,

skipulagssvið, tæknisvið, fjármálasvið og starfsmannasvið, en auk þess var sérgreint svið alþjóðasamskipta. Starfsstöðvar ríkisskattstjóra voru í fyrstu tíu en fækkaði síðla árs 2010 í níu þegar starfsstöðinni við Tryggvagötu í Reykjavík var lokað og starfsemi flutt á Laugaveg 166 og á Suðurgötu í Hafnarfirði. Í fyrstu var skipulagið þannig að starfsmenn á hverri starfsstöð gátu tilheyrt fleiri en einu sviði. Úti á landi gátu starfsmenn á sömu starfsstöð tilheyrt bæði einstaklings- og atvinnurekstrarsviði, eða tæknisviði og þannig verið undir yfirstjórn fleiri

en eins sviðsstjóra, en jafnframt undir stjórn starfsstöðvarstjórans á hverjum stað. Starfsmenn staðsettir í Reykjavík og Hafnarfirði voru starfsmenn á einhverju framleiðslusviðanna eða á stoðsviðunum.

## Að fenginni nokkurri reynslu

Þegar nokkur reynsla var komin á skipulag og virkni eftir sameiningu var fljótlega ljóst að það gat orðið flókið og ruglingslegt fyrir starfsmenn og stjórnendur að starfsstöðvar væru ekki „hreinar“, þ.e. að starfsmenn á hverri starfsstöð tilheyru einungis einu sviði. Um áramótin 2012/2013 var því ráðist í talsverðar breytingar á skipulaginu. Starfsstöðvar

úti á landi voru sérhæfðar meira en áður og tilheyru nú hver og ein aðeins annað hvort einstaklingssviði eða atvinnurekstrarsviði. Á haustdögum 2013 var öll starfsemi þjónustuværs ríkisskattstjóra flutt frá Reykjavík til Norðurlands. Var það í fyrstu mannað bæði starfsmönnum á Siglufirði og Akureyri. Síðla árs 2015 var gerð sú grundvallarbreyting að þjónustuver ríkisskattstjóra var alfarið flutt til Akureyrar og tekin sú ákvörðun að manna það einungis háskólamenntuðum starfsmönnum.

Um mitt ár 2015 var jafnframt gerð sú breyting að bætt var við einu framleiðslusviði, virðisaukaskattssviði, en áður hafði virðisaukaskattsframkvæmdin tilheyrt atvinnurekstrarsviði. Var staðan þá aftur orðin sú að starfsmenn úti á landi gátu lotið yfirstjórn fleiri en eins sviðsstjóra, auk starfsstöðvarstjóra. Þetta fyrirkomulag átti þó ekki langa lífdaga því 1. október árið 2017 var virðisaukaskattssvið aftur sameinað atvinnurekstrarsviði á þeim tímamótum að starfsstöðinni í Hafnarfirði var lokað og þar með allir starfsmenn á höfuðborgarsvæðinu komnir undir eitt þak við Laugaveg í Reykjavík. Jafnframt var stoðsviðum fækkað um eitt, þegar verkefni lögfræðisviðs voru færð yfir til annarra sviða, auk annarra tilfæringa. Svið alþjóðasamskipta var lagt niður og verkefni flutt til og skipulagssvið var útvíkkað undir heitinu „skrifstofa yfirstjórnar“.

## Stöðug þróun

Skipulag þarf að þróast í takt við aðrar breytingar sem verða á starfsemi, verkefnum eða aðferðarfræði. Skipurit er einungis verkfæri til að stýra störfum frá degi til dags og þarf að taka samsvarandi breytingum. Allt frá sameiningunni í upphafi árs 2010 hafa skipulagsmál verið til umræðu innan stofnunarinnar. Hafa starfsmenn lagt þar hönd á plóg á starfs-





Elín Alma Arthursdóttir kynnir uppbyggingu álagningarsviðs.

mannafundum og stjórnendur útfært ýmsar hugmyndir á ótal stjórnenda-fundum. Ýmsar hugmyndir hafa verið á lofti en fyrst og fremst hefur verið horft til þess að gera breytingar í takt við breytt verklag, til einföldunar, til að gera vald-mörk skýrari og til að stytta boðleiðir. Þá hefur ávallt verið horft til hagkvæmni, að ráðstöfun fjármuna sé með sem bestum hætti og að árangur af starfsemi svari væntingum á hverjum tíma, bæði hvað varðar magn og gæði.

### Auðvelt aðgengi – auðveld samskipti

Embætti ríkisskattstjóra lítur á sig sem þjónustustofnun sem kappkostar að veita góða þjónustu og er þjónusta við viðskiptavinum stór þáttur í starfsemi.

Á síðustu árum hefur orðið mikil breyting varðandi afstöðu til þjónustu opinberra stofnana. Kröfur samfélagsins hvað þetta varðar hafa aukist og margar stofnanir, sem fyrir fáum árum litu ekki á það beint sem hlutverk sitt að veita þjónustu, hafa nú sem eitt af markmiðum sínum að veita góða þjónustu.

Í raun má segja að „The Best Service is No Service“, en þá er fyrst og fremst átt við rafræna sjálfsafgreiðslu þannig að viðskiptavinir geti sem mest afgreitt sig sjálfir, hvenær og hvar sem er. Það gildi

um ýmsar umsóknir, vottorð, tilkynningar, gagnaskil og fleira sem snýr að samskiptum við ríkisskattstjóra. Meginreglan ætti að vera að hægt sé að fylla út eyðublöð á vefnum, senda inn, fylgjast með afgreiðslu og fá úrlausn mála rafrænt.

Rafræn framtalsskil voru og eru eitt stærsta skrefið í þessari þróun rafræna samskipta við viðskiptavinum og þau, ásamt fyrirkomulagi varðandi miðlæga framtalsaðstoð RSK, hafa átt mikinn þátt í að breyta ásýnd embættisins út á við. Markmiðið er áfram að gera framtalsskil eins auðveld og kostur er. Stóraukin skil þriðja aðila á upplýsingum inn í framtalið er mikilvægur liður í því, auk þess að gera viðmótið eins þjálft og hægt er. Auðveldara er að nálgast leiðbeiningar við útfyllingu eða yfirferð rafræna framtalsins inni í framtalinu sjálfu og stöðugt er unnið að því að bæta upplýsingavefinn rsk.is og þjónustuvefinn skattur.is.


Eitt af meginmarkmiðum ríkisskattstjóra er að stofnunin sé á hverjum tíma mönnuð hæfu starfsfólki sem leggi sig fram um að þjónusta almenning og fyrirtæki í landinu og að stofnunin ræki skyldur sínar lögum samkvæmt. Afar mikilvægt er að tryggja fullt jafnræði borgaranna, bæði jafnræði í skattalegu tilliti og að jafnvægi ríki á milli dreifbýlis og þéttbýlis.

### Hugmyndir að breytingum - starfshópar

Á árinu 2016 voru starfsmönnum kynntar hugmyndir að töluvert breyttu skipulagi stofnunarinnar, m.a. með það að leiðarljósi sem fram kemur að framan um góð samskipti og auðvelt aðgengi. Þessar hugmyndir gengu út á það að færa skipulagið í þá átt að skipta þáverandi sviðum og einingum upp í „þróun, hönnun, framleiðslu og gæðastjórnun“. Markmiðið var að skipulagið hentaði sem best lög-bundinni starfsemi, þörfum starfsmanna og leiddi til aukinnar skilvirkni og hagkvæmni. Þessar hugmyndir voru ræddar enn frekar og niðurstaðan varð í fyrsta lagi að skoða betur þá útfærslu að setja upp sérstakt samskiptasvið sem ætlað væri það hlutverk að vera framlína embættisins og afgreiða viðskiptavinum þess í sem flestum tilvikum „frá fyrstu hendi“. Í öðru lagi að nýtt álagningarsvið myndi sjá um frumyfirferð fyrir álagningu, kærumeðferð, afgreiðslu erinda og tilfallandi leiðréttingar allra skattframtala og skýrslna, hvort heldur frá einstaklingum eða lögaðilum. Í þriðja lagi að öll síðari skoðun yrði á hendi eftirlitssviðs.

Snemma árs 2018 voru skipaðir samhliða þrjú starfshópar sem ætlað var það hlutverk að móta nýtt álagningarsvið, eftirlitssvið og samskiptasvið og

Mynd 1. Heildarskipulag RSK



byggja á fyrrgreindum hugmyndum. Starfshóparnir skiluðu af sér skýrslum á miðju ári 2018 og lögðu til að ráðist yrði í umræddar breytingar, en þó þannig að grunnskoðun skattframtala og skýrslna yrði alfarið á álagningarsviði, hvort sem hún færi fram fyrir eða eftir álagningu. Þannig yrði hluti þeirra verkefna sem teldist til síðari skoðunar eða eftirlits framkvæmdur á álagningarsviði.

### Ný verkefni – nýir stjórnendur

Hinn 1. október 2018 kom til starfa nýr ríkisskattstjóri, Snorri Olsen, en Skúli Eggert Þórðarson sem verið hafði ríkisskattstjóri í rúm ellefu ár hvarf til annarra starfa. Í desember 2018 var samþykkt á Alþingi að færa innheimtu opinberra gjalda á höfuðborgarsvæðinu frá tollstjóraembættinu til ríkisskattstjóra, frá og með 1. maí 2019, með það að markmiði að samþætta ferli skattlagningar og innheimtu og bæta þjónustu við viðskiptavinum. Auk þess voru samþykkt lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og ríkisskattstjóra falin ákveðin verkefni þessu tengd. Það urðu því bæði breytingar á yfirstjórn embættisins síðla árs 2018 og við bættust umfangsmikil verkefni.

Nýr ríkisskattstjóri tók þá ákvörðun að halda áfram á þeirri vegferð sem mótuð hafði verið í skipulagsmálum, sbr. framangreint, og hófst sú vinna fyrir alvöru í janúar 2019.

### Nýtt skipulag - undirbúningur

Í undirbúningi fyrir upptöku á nýju skipulagi og skipuriti var byggt á þeirri vinnu sem farið hafði fram á undanförunum árum og birtist í skýrslum greindra starfshópa. Málið var kynnt og tekið fyrir á stjórnendafundi í Hveragerði í byrjun apríl 2019. Rætt var við starfsmenn á öllum starfsstöðvum ríkisskattstjóra á landinu og þeim kynntar fyrirhugaðar breytingar og gefinn kostur á að koma með athugasemdir eða ábendingar um það sem betur mætti fara.

Ýmislegt tók breytingum á undirbúningstímanum, t.d. vegna ábendinga frá starfsmönnum, og huga þurfti að mörgum atriðum. Ákveðið var að fækka í hópi stjórnenda embættisins en samtímis að fá fleiri starfsmenn til að bera ákveðna ábyrgð á daglegum rekstri. Auk þess þurfti að huga að fyrirsjáanlegum kynslóðaskiptum sem eru á næsta leyti. Það var því að mörgu að hyggja.

Í fyrra skipulagi höfðu verið við stjórnvölinn, auk ríkisskattstjóra og vararíkisskattstjóra, sviðsstjórar, skrifstofustjórar og hópstjórar. Allir starfsstöðvarstjórar úti á landi voru einnig skrifstofustjórar yfir ákveðnum flokki verkefna. Ákveðið var að hverfa frá þessum starfsheitum að mestu leyti, en taka upp ný starfsheiti í staðinn. Ný starfsheiti eru færri en áður var og skipulagið einfaldara.

Ný skipurit fyrir fjögur kjarnasvið, álagningarsvið, eftirlitssvið, innheimtu- og skráasvið og samskiptasvið voru kynnt á fundi allra starfsmanna hinn 20. september sl. Þá höfðu eins og áður sagði farið fram kynningar á breytingunum á öllum sviðum og einingum innan þessara kjarnasviða. Fastsett var að nýtt skipulag tæki gildi frá og með 1. október 2019 en ljóst að innleiðing gæti tekið sinn tíma, enda voru verkefni að flytjast á milli sviða, auk þess sem verkefni sem eru á ábyrgð eins sviðs kunna að vera unnin af starfsmönnum á öðrum sviðum, a.m.k. fyrst um sinn.

Skipulag á stoðsviðum er enn í vinnslu, en ekki er gert ráð fyrir eins umfangsmiklum breytingum á þeim og á kjarnasviðunum.

### Sviðsstjórar – Deildarstjórar - Umsjónarmenn

Skipulag allra kjarnasviða RSK er byggt upp á sama hátt. Yfir hverju sviði er sviðsstjóri. Sviðin skiptast í mis margar deildir sem er stýrt af deildarstjórum. Þá er sú nýjung að í hverri deild eru nokkrar einingar sem stýrt er af umsjónarmönnum og hafa með höndum tiltekin verkefni. Umsjónarmennirnir eru „fremstir meðal jafningja“. Þeir bera ákveðna ábyrgð á því að verk séu unnin, þeir hafa frumkvæðisskyldu og eru leiðbeinandi fyrir aðra í einingunni. Þeir hafa ekki bein

mannaforráð og koma ekki fram sem stjórnendur stofnunarinnar en eru meðal stjórnenda viðkomandi sviðs, deildarstjórum til aðstoðar.

Í mynd 1 má sjá heildarskipulag RSK eins og það er frá og með 1. október 2019. Kjarnasviðin eru fjögur og stoðsviðin eru einnig fjögur. Auk þess er sérstök eining sem hefur það verkefni að sjá um alþjóðleg samskipti, ein eining sem er skrifstofa yfirstjórnar og þar undir er eining sem ber heitið „fagráð“. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir því að með tímanum verði sett á fót sérstök eining sem ætlað er að huga að framtíðarþróun, tæknibreytingum og ýmsu því sem snýr að óhjákvæmilegum breytingum á starfsemi vegna utanaðkomandi áhrifa. Yrði þetta sérstök eining, „grænt ský“, til að undirstrika að þarna er um að

ræða framtíðarmúsík sem huga þarf að, enda ótrúlegar breytingar í vændum á mörgum sviðum, meðal annars með notkun á gervigreind. Skipuritið er sett fram með þeim fyrirvara að eftir er að huga að endanlegu skipulagi stoðeininga og uppröðun í myndrænni framsetningu sem kann að eiga eftir að taka breytingum. Heildarsýnin er þó alveg ljós og kemur skýrt fram í myndinni.


## Álagningarsvið

Hlutverk álagningarsviðs er í stórum dráttum að vinna í anda höfuðmarkmiðs ríkisskattstjóra sem er „Réttur skattur með réttum hætti“. Að reka þær skrár sem til þess þarf og leggja á þá skatta og gjöld sem um ræðir hverju sinni. Að sinna þjónustu vegna þessara verkefna sem og samtímaeftirliti af hvaða tagi sem er og


tengist verkefnum sviðsins, hvort sem það er unnið fyrir eða eftir álagningu. Að leitast við að hámarka afköst og faglega getu sviðsins á hverjum tíma, m.a. með fræðslu á sviðinu.

Starfsmenn á álagningarsviði eru staðsettir á öllum starfsstöðvum RSK, nema á Akureyri, og eru nú samtals 96. Allir eru þeir munstraðir í ákveðna einingu innan sviðsins en starfa þó þvert á þær eftir því sem þarf hverju sinni. Í eftirfarandi mynd 2 má sjá innra skipulag sviðsins. Skipulagið er myndað af þremur deildum sem allar skiptast í nokkrar einingar, en auk þess eru þrjár stoðeiningar. Deildum er stjórnað af deildarstjórum sem eru staðsettir bæði í Reykjavík og úti á landi. Umsjónarmenn verkefnaeininga eru einnig staðsettir á öllum starfsstöðvum sem tilheyrta sviðinu.

Mynd 2. Álagningarsvið



Mynd 3. Eftirlitssvið



### Eftirlitssvið

Eins og nafnið ber með sér hefur eftirlitssvið með höndum eftirlit með því að skattskil séu rétt, þ.m.t. samkvæmt s.k. milliverðlagningarreglum. Auk þess er þar starfrækt sérstök eining sem hefur eftirlit með gerð áhættukannana á tilkynningarskyldum aðilum samkvæmt lögum um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, ásamt þeim verkefnum sem þessu fylgir.

Ríkisskattstjóri skal annast skatteftirlit samkvæmt tekjuskattslögum og lögum um aðra skatta og gjöld sem honum er falin framkvæmd á. Skatteftirlitið tekur til hvers konar könnunar á réttmæti skattskila fyrir og eftir álagningu opinberra gjalda og samtímaeftirlits með rekstraraðilum, svo og annarra aðgerða sem ætlað er að tryggja að skattaðilar standi skil á lögboðum skýrslum og upplýsingum

um skattstofn eða skattskyldu manna og lögaðila. Við þessi störf er lögð áhersla á skilvirkt og hagkvæmt eftirlit sem er í samræmi við gildandi lög. Eftirlitið miðar að því að tryggja jafnræði, koma í veg fyrir skattsvik og auka tekjur hins opinbera. Við öflugt eftirlit er stefnt að því að nýta nýjustu tækni á hverjum tíma, s.s. með því að nýta stafrænar lausnir og gervigreind.

### Innheimtu- og skráasvið


Eins og fyrr er getið var innheimtuþáttur tollstjórans í Reykjavík færður til ríkisskattstjóra frá og með 1. maí sl. Þau verkefni sem þarna falla undir er innheimta opinberra gjalda á höfuðborgarsvæðinu, auk tiltekinna verkefna á landsvísu. Ákveðið var að sameina þennan hluta starfseminnar við þáverandi skráasvið ríkisskattstjóra sem hafði og hefur með

höndum allt það sem tengist fyrirtækjaskrá og ársreikningaskrá auk fleiri verkefna, t.d. rekstur afgreiðslu embættisins á Laugavegi. Úr þessu varð nýtt sameinað svið, innheimtu- og skráasvið.

Hlutverk innheimtu- og skráasviðs er að reka öruggt skráahald sem tryggir réttleika gagna, ásamt því að innheimta opinber gjöld með skilvirkum og árangursríkum hætti. Að afgreiða viðskiptavinum sviðsins með hröðum og réttum hætti í samræmi við lög og verklagsreglur og samræma verklag og hafa eftirlit með innheimtu opinberra gjalda á landsvísu.

Innheimtu- og skráasvið skiptist í þrjá meginþætti, innheimtu, fyrirtækja- og ársreikningaskrár og rekstur afgreiðslna ásamt annarri þjónustu, bæði í Tryggvagötu og á Laugavegi. Deildarstjórar eru þrír, umsjónarmenn tiltekinna verkefna eru átta og starfsmenn alls 60.

Mynd 4. Innheimtu- og skráasvið



## Samskiptasvið

Eins og á öðrum sviðum vinnur samskiptasvið í anda höfuðmarkmiðs RSK sem er „Réttur skattur með réttum hætti“. Helstu viðfangsefni sviðsins eru samskipti við viðskiptavini og úrlausn þeirra mála. Leitast er við að hámarka afköst og faglega getu sviðsins á hverjum tíma þannig að sem flestir sem til embættisins leita fái fullnaðarsvör við fyrirspurnum, leiðbeiningar og aðstoð frá fyrstu hendi, á öruggan og góðan hátt í samræmi við gildandi lagaákvæði. Auk ýmissa annarra fastra verkefna taka starfsmenn samskiptasviðs t.d. þátt í afgreiðslu erinda, kæra og vinna við síðari skoðun með álagningarviði. Ákveðið var að færa svörun erinda um innheimtu opinberra gjalda á höfuðborgarsvæðinu til samskiptasviðsins og efla þannig þjónustu ríkisskattstjóra við viðskiptavini sína til muna. Með þessari hagræðingu geta viðskiptavinir fengið upplýsingar um skatta og gjöld ásamt innheimtu á þeim á einum stað.

Stjórnendur á sviðinu eru sviðsstjóri og tveir deildarstjórar, annar jafnframt umsjónarmaður starfsstöðvarinnar og lögræðingur sviðsins. Á sviðinu eru jafnframt sex umsjónarmenn verkefna sem bera ábyrgð á framkvæmd þeirra gagnvart deildarstjóra.

Sviðinu er stýrt frá starfsstöðinni á Akureyri og eru starfsmenn sviðsins nú 32, þar af 28 á Akureyri. Gert er ráð fyrir því að í framtíðinni verði sviðið eingöngu mannað með starfsmönnum á Akureyri.

## Sérfræðingar í framlínuna

Eins og fram er komið hafa á undanförunum árum verið gerðar umtalsverðar breytingar á skipulagi ríkisskattstjóra sem ætlað er að bæta þjónustu, nú síðast með tilkomu nýs samskiptasviðs. Vegur þungt í þessu sambandi að ákveðið var að þeim verkefnum yrði sinnt sem mest frá einni

sem hlutir eru býsna fyrirsjáanlegir. Aðrir eru opnir fyrir því að taka áskorunum og tækifærum sem geta verið samfara skipulagsbreytingum. Þegar þetta er skrifað verður ekki annað séð en að býsna vel hafi til tekist. Skipurit er aðeins verkfæri sem er mannanna verk og alltaf má gera breytingar ef eitthvað reynist ekki ganga

”

Ákveðið var að færa svörun erinda um innheimtu opinberra gjalda á höfuðborgarsvæðinu til samskiptasviðsins og efla þannig þjónustu ríkisskattstjóra við viðskiptavini sína til muna

starfsstöð og eftir því sem kostur væri af háskólamenntuðum starfsmönnum. Vegna þessa hefur starfsstöðin á Akureyri verið eflað þannig að þar verði til staðar faglega sterk eining samhliða því að störfum er fjölgað á landsbyggðinni. Nú nýlega var í tengslum við skipulagsbreytingarnar ráðið í fimm sérfræðistörf á Akureyri til viðbótar við þau 23 störf sem fyrir voru.


## Að lokum

Breytingar á skipulagi geta átt það til að valda ákveðnu róti hjá starfsmönnum, og jafnvel kvíða. Margir óttast breytingar og telja betra að halda óbreyttu ástandi, þar

upp – sníða af einhverja vankanta sem koma í ljós þegar reynsla kemur á hlutina. Fyrst og fremst þarf að læra af reynslunni og taka mið af aðstæðum hverju sinni. Gildi ríkisskattstjóra, fagmennska, jákvæðni og samvinna eiga eins og áður að vera leiðarljós í öllum þeim mikilvægu verkefnum sem starfsmönnum eru falin á degi hverjum.

Allt hefur sinn tíma – og tekur sinn tíma. Aðalatriði er að þokast áfram við að gera enn betur á morgun en í dag. Ráðhollur maður sagði einu sinni: Vertu ekki hræddur við að vaxa hægt, óttastu heldur að standa kyrr.

Mynd 5. Samskiptasvið



# Hópmynd af starfsmönnum ríkisskattstjóra 6. desember 2019



Tíðkast hefur að halda stóran desemberfund fyrir alla starfsmenn ríkisskattstjóra þar sem m.a. er snæddur hátíðarmatur og

gjarnan hlýtt á ljúfa jólatóna í bland við aðra dagskrá. Slíkur desemberfundur var nú haldinn á Grand Hótel þann



6. desember sl. þar sem um 270 starfsmenn embættisins hittust í notalegri hátíðarstemningu. Af því góða tilefni var nú ekki hægt

að sleppa því að taka mynd af þeim glæsilega hópi starfsmanna RSK undir jólatrénu sem þar stóð.



Edda Simonardóttir, sviðsstjóri hins sameinaða innheimtu- og skráasviðs, fer vel yfir hið margþætta hlutverk hins nýja sviðs.

## Yfirstandandi breytingar kynntar á fjölmennum starfsmannafundi

**Allt frá sameiningu ríkisskattstjóra og skattstofanna þann 1. janúar 2010 hefur skapast mikil og góð hefð fyrir því að sameina alla starfsmenn embættisins á stórum starfsmannafundum, a.m.k. tvisvar sinnum á ári.**

Þegar starfsstöðvar RSK eru dreifðar um allt landið hefur þótt enn ríkari ástæða fyrir starfsmenn embættisins að hittast reglulega og stilla saman strengi, borða saman og ekki síst til að hafa gaman. Eins og glöggir lesendur Tíundar hafa séð skrifað um slíka fundi í gegnum tíðina hafa tilefni fundanna og fundar efni þeirra verið mismunandi, allt eftir því hvaða áherslur og verkefni hafa verið í gangi hverju sinni. Stundum hafa fundirnir verið annasamir vinnufundir, gestkvæmir fundir eða hreinlega bara há-tíðarfundir. Í kjölfar nýjustu sameiningar ríkisskattstjóra, nú við innheimtusvið Tollstjóra í maí sl., var því ærin ástæða til þess að allir starfsmenn hins sameinaða embættis myndu hittast í fyrsta sinn. Blásið var til starfsmannafundar föstudaginn 20. september sl. á Hilton Hótelu í Reykjavík og var fundarefnið vissulega í

takt við þær þörfu breytingar sem höfðu átt sér stað með sameiningunni, þ.e. skipulagsmál og stefnumótun.

Þennan fína haustdag var samgöngulukkan svo sannarlega með okkur í liði og ekkert sem gat komið í veg fyrir það að starfsmenn ríkisskattstjóra af öllu landinu, okkar níu starfsstöðvum, fengju tækifæri til að koma saman. Það er ólíkt þeim aðstæðum sem uppi voru á síðasta starfsmannafundi, í desember 2018, þegar nokkrar af samgönguæðum landsins höfðu skyndilega lokast vegna veðurs og því einhverjir starfsmenn sem ekki komust í höfuðborgina.

Það var því alveg sérdeilis glæsilegur hópur um 270 starfsmanna ríkisskattstjóra sem mætti til fundar þennan föstudagsmorgun þar sem skipulagsmálin voru krufin í bland við hugmyndir um framtíðina.

Eftir að fundarstjóri fundarins, Kristín Gunnarsdóttir, sérfræðingur á mannauðs sviði, hafði boðið alla velkomna og kynnt dagskrá fundarins bauð hún Snorra Olsen, ríkisskattstjóra, að hefja hina formlegu dagskrá þar sem hann kynnti nýtt skipurit ríkisskattstjóra. Samhliða því fór hann yfir helstu stefnumál ríkisskattstjóra þar sem horft var fram á veginn með hliðsjón af hlutverki embættisins, stefnu þess og framtíðarsýn.

Næst til leiks var Elín Alma Arthursdóttir, sviðsstjóri hins nýja álagningar sviðs, sem fór yfir heildarmynd sviðsins með áherslu á hlutverk og ábyrgð þess þar sem leiðarljós ríkisskattstjóra væru allt um lykjandi.

Þegar Elín Alma hafði lokið sinni góðu kynningu tók við Gunnar Karlsson, sviðsstjóri hins nýja samskiptasviðs, sem stýrt er frá Akureyri, og kynnti skipulag sviðsins og þau verkefni sem sviðinu væru falin.

Að loknu ljúfu hádegisverðarhlaðborði þar sem starfsfólkið fékk tækifæri á að spjalla saman var fundardagskrá haldið áfram þar sem Edda Simonardóttir, sviðsstjóri hins sameinaða innheimtu- og





Hluti af fyrrum starfsmönnum Tollstjóra, nú starfsmenn ríkisskattstjóra, sótti sinn fyrsta fund embættisins. Frá vinstri: Auður Brynja Eyjólfsdóttir, Gréta Björk Ómarsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir.

skráasviðs, kynnti fyrir starfsmönnum ríkisskattstjóra hlutverk sviðsins, innra skipulag þess sem og þær áskoranir sem framundan væru.

Stefán Skjaldarson, sviðsstjóri eftirlits-sviðs, tók næstur til máls og kynnti að sama skapi nýtt skipulag sviðsins eftir sundurgreiningu verkþátta.

Að endingu kom Unnur Ýr Kristjánsdóttir, mannauðsstjóri, í pontu og deildi með starfsmönnum þeim áherslum ríkisskattstjóra sem uppi eru í mannauðsmálum og þær áskoranir og nýju tækifæri sem við ættum að horfa til.

Var það síðan Snorri Olsen sem lauk þessum góða fundi sem reyndist vonandi starfsmönnum öllum gagnlegur og upplýsandi.

Á svona stundu, þegar fjöldi starfsmanna hefur gert sér ferð í höfuðborgina, og margir þverað landið, var tilefnið að sjálfsgöðu nýtt til að hafa enn meira gaman. Hélt starfsmannafélag ríkisskattstjóra vel lukkaða árs hátíð um kvöldið og heyrst hefur að dansinn hafi þar dunað langt fram eftir kvöldi.

KG



Ásgeir Heimir Guðmundsson og Reynir Jóhannesson fylgdust vel með.



Þótt fundardagskráin hafi verið þétt var þó stutt í brosin. Fremst á myndinni eru frá vinstri talið: Jón Orri Kristinsson, Þórdís Anna Þórsdóttir og Alexandra Guðjónsdóttir.

# Veiðigjald

## Ríkisskattstjóra falið að reikna

Með lögum nr. 145/2018, um veiðigjald, var ríkisskattstjóra falið það hlutverk að koma með tillögu til sjávarútvegráðherra fyrir 1. desember ár hvert, um fjárhæð veiðigjalds hvers nytjastofns, sbr. 5. gr. laganna, fyrir komandi veiðigjaldsár. Árið 2019 er því fyrsta árið sem RSK hefur þetta verkefni með höndum og verður niðurstaðan notuð við álagningu veiðigjalds 2020. Álagning gjaldsins verður áfram hjá Fiskistofu. Þykir rétt að gera hér stuttlega grein fyrir þessari framkvæmd, útreikningnum og þeim gögnum sem hann byggir á.

Við útreikninginn er byggt á afkomu af fiskveiðum 2018 og notast við upplýsingar sem skilað er með skattframtölum um aflaverðmæti og útgerðarkostnað. Þessar upplýsingar koma fram á sérstöku eyðublaði, RSK 4.29, sem útgerðaraðilum ber að skila með skattframtali sínu.

### Áritun – afli og verðmæti

Við framkvæmdina er byggt á upplýsingum frá Fiskistofu um landaðan afla allra íslenskra fiskiskipa niður á fisktegundir; afla í kílóum og verðmæti í krónum. Upplýsingarnar eru áritaðar á RSK 4.29 blaðið hjá öllum útgerðaraðilum, eitt blað fyrir hvert þeirra 1.148 skipa og báta sem lönduðu afla á árinu. Afli sem frystur er um borð er sérgreindur og einnig afli sem veiddur er utan fiskveiðilögsögunnar (Barentshaf).

Framteljandinn færir inn upplýsingar um allan útgerðarkostnað hvers skips; laun, eldsneyti, veiðarfæri, frýstingu, löndun og viðhald, sem og um fyrningar og hlutdeild í stjórnunarkostnaði. Allir sem stunda útgerð, 757 lögaðilar og 188 einstaklingar í rekstri, verða að fylla eyðublaðið út og skila því með framtalinu.

Alls voru áritaðar 7.645 línur (allar veiddar fisktegundir fyrir hvert og eitt skip) þar sem heildarafli var ríflega 1,25 milljónir tonna (1.251.978.425 kg) og verðmætið rúmlega 131,6 milljarðar króna. Fisktegundirnar voru 63. Ekki er lagt veiðigjald á þær tegundir sem

veiðast í óverulegu magni, en á árinu 2019 báru 24 fisktegundir veiðigjald. Ríkisskattstjóri reiknar ekki veiðigjald vegna hvalveiða og þangskurðar, sem er ákvarðað samkvæmt sérákvæði.

Í byrjun nóvember 2019 höfðu nær allar útgerðir skilað inn gögnum, sem náðu yfir 99,87% þess afla sem landað var á árinu (1.250.336.635 kg). Ríkisskattstjóri hafði því þau gögn sem þarf til að reikna út veiðigjald.

### Útreikningur veiðigjalds

Útreikningur veiðigjalds hefur verið einfaldaður mjög frá því sem áður var og byggist hann nú eingöngu á upplýsingum af eyðublaðinu RSK 4.29. Mjög skýr fyrirmæli eru í 5. gr. laganna um hvernig gjaldstofninn skal reiknaður.

Fyrst er reiknað fyrir hvert skip og fundin afkoma fyrir hvern nytjastofn. Frá aflaverðmæti stofnsins er dreginn sá hluti útgerðarkostnaðar sem nemur hlutdeild stofnsins í heildaraflaverðmæti skipsins. Næst er lögð saman afkoman fyrir öll skip sem veiddu nytjastofninn.

## Samtölur tekna og gjalda fyrir öll fiskiskip

	Samtölur	Hlutfall af heildargjöldum
Aflaverðmæti	130.414.351.611	
Aðrar tekjur	3.159.556.959	
<b>Teikjur samtals</b>	<b>133.573.908.570</b>	
Laun af aflahlutum	38.504.910.045	31,94%
Önnur laun	2.151.837.797	1,78%
Launatengd gjöld	8.631.836.232	7,16%
<b>Samtals laun og launatengd gjöld</b>	<b>49.288.584.074</b>	<b>40,88%</b>
Fyrning skips og búnaðar	10.162.334.655	8,43%
Orkukostnaður	13.701.349.937	11,37%
Viðhaldskostnaður	9.461.526.399	7,85%
Veiðarfærakostnaður	5.516.867.321	4,58%
Frystikostnaður	142.297.440	0,12%
Umbúðakostnaður	1.162.113.135	0,96%
Löndunarkostnaður	4.578.364.624	3,80%
Flutningskostnaður	1.101.622.829	0,91%
Tryggingar	1.724.682.255	1,43%
Söluarkostnaður	1.359.875.906	1,13%
Stjórnunarkostnaður	4.697.625.605	3,90%
Önnur rekstrargjöld	17.657.964.011	14,65%
<b>Samtals annar kostnaður</b>	<b>71.266.624.117</b>	<b>59,12%</b>
<b>Samtals gjöld</b>	<b>120.555.208.191</b>	<b>100,00%</b>
<b>Mismunur tekna og gjalda</b>	<b>13.018.700.379</b>	

Stofn til útreiknings á veiðigjaldi er alls um 16,3 milljarðar króna, en ekki 13 milljarðarnir í niðurstöðunni hér til hliðar. Það sem skýrir muninn er fernt: 1) Líðirnir „aðrar tekjur“ og „önnur rekstrargjöld“ koma ekki inn í útreikning á veiðigjaldi. 2) Vaxtagjöld eru hér ekki meðtalin. Við útreikning á stofni eru þau áætluð jöfn fyrningum. 3) Verðmæti á frystum afla og uppsjávaraflla er reiknað upp/niður eins og skýrt er í greininni. 4) Veiðar utan fiskveiðilögsögunnar (Barentshaf) koma ekki inn í útreikning veiðigjalds.

## Tillaga ríkisskattstjóra til sjávarútvegsráðherra um fjárhæð veiðigjalds 2020

Tegund	Afkoma (kr.)	Aflamagn (kg.)	Reiknistofn	Veiðigjald (33%)	Veiðigjald 2019	Veiðigjald 2018
<b>Porskur</b>	8.440.360.281	262.177.932	32,19	<b>10,62</b>	13,80	21,69
<b>Ýsa</b>	2.113.911.398	46.937.014	45,04	<b>14,86</b>	16,15	25,16
<b>Ufsi</b>	645.863.610	66.150.519	9,76	<b>3,22</b>	7,73	13,23
<b>Karfi / Gullkarfi</b>	559.902.019	48.201.468	11,62	<b>3,83</b>	8,14	13,23
<b>Litli karfi</b>	1.222.895	116.380	10,51	<b>3,47</b>	4,55	7,81
<b>Djúpkarfi</b>	204.496.175	10.087.772	20,27	<b>6,69</b>	11,32	17,35
<b>Langa</b>	157.105.989	6.610.475	23,77	<b>7,84</b>	8,42	11,50
<b>Blálanga</b>	6.133.122	482.463	12,71	<b>4,19</b>	6,90	9,98
<b>Keila</b>	25.776.071	2.077.426	12,41	<b>4,10</b>	4,69	6,94
<b>Steinbitur</b>	281.381.265	9.543.152	29,49	<b>9,73</b>	8,42	12,80
<b>Hlýri</b>	25.002.471	1.335.716	18,72	<b>6,18</b>	12,56	16,92
<b>Skötuselur</b>	22.775.474	561.688	40,55	<b>13,38</b>	10,76	25,59
<b>Gulllax / Stóri gulllax</b>	42.334.348	4.081.079	10,37	<b>3,42</b>	4,14	6,51
<b>Grálúða / Svarta spraka</b>	1.483.467.714	15.080.358	98,37	<b>32,46</b>	35,19	58,13
<b>Skarkoli</b>	517.177.238	10.307.454	50,18	<b>16,56</b>	10,35	17,14
<b>Pykkvalúra / Sólkoli</b>	178.004.940	1.691.800	105,22	<b>34,72</b>	23,74	37,31
<b>Langlúra</b>	22.845.617	763.214	29,93	<b>9,88</b>	4,83	6,51
<b>Sandkoli</b>	9.108.536	443.890	20,52	<b>6,77</b>	2,48	3,04
<b>Skrápflúra</b>	46.065	15.106	3,05	<b>1,01</b>	2,62	2,60
<b>Síld</b>	590.164.894	123.904.809	4,76	<b>1,57</b>	2,27	3,22
<b>Loðna</b>	175.737.853	179.254.429	0,98	<b>0,32</b>	2,13	1,80
<b>Kolmunni</b>	56.679.605	292.949.339	0,19	<b>0,06</b>	0,57	1,16
<b>Makrill</b>	692.993.619	135.364.078	5,12	<b>1,69</b>	3,55	3,35
<b>Humar / Leturhumar</b>	-27.313.625	679.230	-40,21	<b>0,00</b>	18,91	20,17
<b>Rækja / Djúprækja</b>	4.363.305	4.455.918	0,98	<b>0,32</b>	0,00	1,74

Síðast er svo deilt í samtöluna með öllu aflamagni stofnsins hjá öllum skipum sem hann veiddu. Veiðigjaldið er síðan 33% af þannig reiknuðum stofni.

Búið var til nýtt reikniverk vegna veiðigjalds. Eins og áður segir gilda sér reglur um útreikning á verðmæti afla sem frystur er um borð (lækkað um 10%) og um verðmæti uppsjávarafla, þ.e. síld, loðna, kolmunni og makrill (hækkað um 10%). Þær reglur eru innbyggðar í reikniverkið. Afkoma af veiðum utan íslenskrar fiskveiðilögsögu (Barentshaf) kemur ekki inn í útreikning á veiðigjaldi. Af reynslunni á þessu fyrsta ári að dæma liggja megin línur um veiðigjald fyrir um miðjan september. Í meðfylgjandi töflu má sjá stofn og reiknað veiðigjald 2020 fyrir helstu fisktegundirnar. Til samanburðar er veiðigjaldið eins og það var 2019 og 2018.

### Gæði gagna og úrvinnsla

Ríkisskattstjóri hefur við framkvæmdina reynt að tryggja með öllum ráðum að

þær upplýsingar sem notaðar eru séu réttar. Þannig var í upphafi farið vandlega yfir áritunarupplýsingar frá Fiskistofu með hliðsjón af skattgrunnskrá. Jafnframt voru upplýsingar um verðmæti grásleppuhrogn og loðnuhrogn lagðar saman við aflaverðmæti grásleppu og loðnu, til að hafa upplýsingarnar um heildaraflaverðmæti þeirra tegunda í einni tölu.

14 reglum var bætt inn í villuprófun skattframtals vegna eyðublaðsins RSK 4.29. Þar eru ýmis lykilatriði prófuð, sem verða að vera rétt svo hægt sé að skila framtalinu. Þegar svo framtali hefur verið skilað skoða starfsmenn ríkisskattstjóra eyðublað RSK 4.29 til að meta gæði þeirra. Þá eru gerðar frekari prófanir, t.d. að fyrningar séu í samræmi við eignaskrá, að launakostnaður stemmi við framtal og launamiða, kannað hvort árituðum upplýsingum hafi verið breytt og leitað að öðrum villum og öfgagildum. Þá var áreiðanleiki reikni-

verksins prófaður með „handreikningi“ veiðigjalds fyrir nokkrar tegundir.

Ítarleg skoðun leiddi í ljós að upplýsingarnar eru almennt réttar og framteljendur virðast hafa vandað vel til verka við útfyllinguna. RSK hefur aðeins þurft að senda út nokkrar fyrirspurnir varðandi afmörkuð atriði á eyðublaðinu og gert veiðeigandi lagfæringar í kjölfarið.

Það er mat þeirra starfsmanna RSK sem komið hafa að þessari nýju framkvæmd að vel hafi tekist til með alla þætti verkefnisins. Gögnin sem útreikningurinn byggist á eru eins tímanleg og rétt og kostur er og framteljendur virðast hafa vandað skil sín á upplýsingum. Framkvæmdin við áritun og söfnun upplýsinganna, sem og sjálfur útreikningurinn, hefur almennt gengið eins og best verður á kosið.

HH, KÓM

# Þýðing meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga við skattfrákvæmd

Í grein þessari er leitast við að varpa ljósi á þýðingu meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 við skattfrákvæmd. Í upphafi er stuttlega vikið almennt að greindri meðalhófsreglu, tilurð hennar og á hvaða sjónarmiðum hún byggir. Síðan er gerð grein fyrir því með hvaða hætti á hana hefur reynt í skattfrákvæmd.

## I

### Almennt um meðalhófsregluna

Almenn meðalhófsregla í stjórnsýslurétti var fyrst lögleidd hér á landi með 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 (ssl.) sem tóku gildi 1. janúar 1994. Í frumvarpsathugasemdamum segir að hér sé lagt til að lögfest verði ein af grundvallarreglum stjórnsýsluréttarins<sup>1</sup> en lagaákvæðið hljóðar svo:

„Stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.“

Hér er um þrennt að ræða:

- Ákvörðun sé til þess fallin að ná því markmiði sem að er stefnt.
- Velja skal vægasta úrræðið til að ná því markmiði.
- Gæta skal hófs við beitingu þess úrræðis sem valið er og því ekki beitt harkalegar en nauðsyn ber til.

Inntak meðalhófsreglunnar er að setja þurfi opinberu valdi skorður á grundvelli lagasjónarmiða, sem skylda handhafa slíks valds til að líta ekki aðeins til

þess markmiðs sem starf þeirra stefnir að, heldur einnig til hagsmuna og réttinda einstaklinga sem ákvarðanir og valdbeiting bitnar á. Handhöfum ríkisvaldsins er því skylt að vega og meta hagsmuni, sem ekki fara saman, og fara í athöfnum sínum og ákvörðunum tiltekinn meðalveg með tilliti til þeirra andstæðu hagsmuna sem í hlut eiga.<sup>2</sup>

Sjónarmiða eða anda þessarar reglu gætir snemma en í Hávamálum segir: „**Ríki sitt/skyli ráðsnotra/hverr í hófi hafa.**“<sup>3</sup> Atla má að meðalhófinu sé skyld sú hugsun sem er á bak við sættir mála (Grágás), sbr. t.d. spakmælið „*Betri er mögur sátt en feitur dómur*“ og málsháttinn „*Bera skal sök til sátta og bóta*“. Sennilegt er að menn sætti sig fremur við ákvarðanir þar sem meðalhófs gætir en þegar svo er ekki.

Í grein Gauks Jörundssonar, prófessors og síðar umboðsmanns Alþingis og dómara við Mannréttindadómstól Evrópu, „*Meðalhófsreglan í stjórnskipunarrétti og stjórnsýslurétti*“, segir, að meðal sumra þýskra fræðimanna komi fram það viðhorf að þeirra sjónarmiða sem búi að baki meðalhófsreglunni hafi gætt alla tíð og þau verði rakin til réttar Forn-Grikkja og Rómarréttar hins forna. Í þýskum rétti hafi meðalhófsreglan þó almennt verið talin leidd af þeirri grundvallarreglu að Þýskaland sé réttarríki eða af mannréttindaákvæðum þýsku stjórnarskrárinnar,

sem aldrei megi afnema, og séu grundvöllur sérhvers samfélags manna. Lögregluréttur sé í Þýskalandi talinn elsta réttarsviðið þar sem meðalhófsreglunnar gætti og þar hafi hún fyrst verið lögfest. Sömu sjónarmið voru svo síðar lögð til grundvallar þegar þvingunarúrræðum var beitt á öðrum sviðum réttarins.<sup>4</sup>

Í sömu grein telur Gaukur meðalhófsregluna hafa verið bindandi grundvallarreglu í íslenskum stjórnsýslurétti fyrir tilkomu stjórnsýslulaganna.<sup>5</sup> Þá má sjá af upphafi athugasemda við 12. gr. frumvarpsins að stjórnsýslulögunum að meðalhófsreglu hafi gætt í íslenskum rétti fyrir tilkomu stjórnsýslulaganna og að hún sé ein af grundvallarreglum stjórnsýsluréttarins.<sup>6</sup> Af vettvangi skattaréttar segir svo í úrskurði yfirséttanefndar nr. 662/1994 að meðalhófsregla 12. gr. ssl. teljist hafa gilt óskráð í íslenskum rétti fyrir gildistöku stjórnsýslulaganna.

Líkt og í Þýskalandi ruddi meðalhófsreglan sér snemma til rúms hérlandis gagnvart valdbeitingu lögreglu, sbr. fyrstu heildstæðu lögin um meðferð opinberra mála nr. 27/1951, einkum 38. og 151. gr. Þá má nefna ýmsa aðra eldri löggjöf: lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 38/1954, 2. mgr. 7. gr. (brottvikning starfsmanna), löggjöf um vernd barna og ungmenna nr. 29/1947, 26. gr., (og í lögnum sem við tóku nr. 53/1966 er bæði um

<sup>1</sup> Alþt. 1992, A-deild, bls. 3294.

<sup>2</sup> Gaukur Jörundsson: „Meðalhófsreglan í stjórnskipunarrétti og stjórnsýslurétti“. Afmælisrit Gizurar Bergsteinssonar níraðs. Reykjavík 1992, bls.207.

<sup>3</sup> Hófsemi hefur löngum þótt mikil dyggð. Hana má finna í ýmsum orðtökum eins og t.d.: Allt er best í hófi, hóf er vandhitt, allt kann sá sem hófið kann, hóf er best í hverjum leik, hafnaðu því sem hófi er meira, undan hrösun fer óhóf og hófsemi er féhírsla dyggðanna.



Greinarhöfundur, Sigmundur Stefánsson, er lögfræðingur hjá embætti ríkisskattstjóra.

að ræða 32. og 26. gr.), sóttvarnarlög nr. 34/1954, 13. gr., og lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 50/1981, 27. gr.

Meðalhófsreglan verður ekki jafn auðveldlega afmörkuð og t.d. rannsóknarreglan og andmælareglan og jafnvel rökstuðningsreglan. Er því hætt við að þeim sem í stjórnsýslunni starfa sjáist fremur yfir hana en síðarnefndu reglurnar. Hún er **ekki algild regla** sem leiðir til afdráttarlausrar niðurstöðu í einstökum tilvikum heldur gefur hún til kynna ákveðin sjónarmið sem beita ber við skýringu reglna svo og við úrlausn mála í einstökum tilvikum.<sup>7</sup>

Í dómi Hæstaréttar frá 10. des. 2007 nr. 634/2007 (minnihluti tveir af fimm) segir:

„Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. stjórnarskrárinnar skal birta lög. Þá er það undirstöðuregla íslenskrar stjórnskipunar að stjórnvöld eru bundin af lögum við sýslan sína. Í þessari reglu, sem almennt er nefnd lögætisreglan, felst annars vegar að ákvarðanir stjórnvalds verða að eiga stöð í lögum og hins

vegar að þær mega ekki vera í andstöðu við lög. Þýðingarmikill kjarni reglunnar er fölginn í því að stjórnvöld geta ekki íþyngt mönnum með ákvörðunum sínum nema hafa til þess viðhlítandi heimildir í lögum. Við skýringu á valdheimildum stjórnvalda er almennt á því byggt að því tilfinnanlegri eða meira íþyngjandi sem stjórnvaldsákvörðun er þurfi að gera strangari kröfur til þess að lagaheimild sem ákvörðun er reist á sé skýr. **Séu uppi tveir kostir við skýringu á texta lagaheimildar skuli velja þann sem hagkvæmari er þeim manni sem valdbeiting stjórnvalds beinist að.**“

Allar feitletranir hér að framan og eftirleidis eru höfundar.

Þó að meðalhófsreglan sé ekki skýrt afmörkuð, **þ.e. hvenær hún á við og á hvern veg**, hefur hún afgerandi þýðingu og telst eins og fyrr segir til grundvallarreglna stjórnsýsluréttarins. Í þessu samhengi má hafa í huga 2. gr. laga nr.

85/1997, um umboðsmann Alþingis, en af henni verður leidd sú meginregla að stjórnsýslunni beri að haga í samræmi við **vandaða stjórnsýsluhætti**.<sup>8</sup> Sjá í þessu tilliti eftirfarandi í dómi Hæstaréttar 1998 bls. 4557-8 (mál nr. 312/1998):

„Grundvöllur er lagður að starfi stjórnvalda með réttarreglum. Stjórnarframkvæmdin er lögbundin. Löggjöfin er því undirstaða stjórnsýslunnar. Í lögum um stjórnarframkvæmdir og reglum, settum með heimild í þeim, eiga að koma fram helstu atriði, sem gilda um hvert svið þeirra fyrir sig. Það fer eftir mikilvægi þáttar í stjórnarframkvæmdinni, hvernig honum er skipað. Ráðherrar fara síðan með það vald, sem löggjöfin veitir þeim, á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum eða ræðst af meginreglum laga **og eðli- legum stjórnarháttum.**“

Meðalhófsreglan kemur ávallt til skoðunar þegar efni ákvörðunar er að einhverju leyti komið undir mati viðkomandi stjórnvalds.<sup>9</sup> Nefna má að

<sup>4</sup> „Meðalhófsreglan í stjórnskipunarrétti og stjórnsýslurétti“, bls.207-209.

<sup>5</sup> „Meðalhófsreglan í stjórnskipunarrétti og stjórnsýslurétti“, bls.222-223.

<sup>6</sup> Alþt. 1992, A-deild, bls. 3294.

<sup>7</sup> Páll Hreinsson: *Stjórnsýslulögin – skýringarrit*. Reykjavík 1994, bls. 147.

<sup>8</sup> Skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2000, bls. 10-11.

<sup>9</sup> Páll Hreinsson: *Stjórnsýslulögin – skýringarrit*. Reykjavík 1994, bls. 149.

reglunnar gætir mjög við ákvörðun og framkvæmd eignarnáms. Í grein Ásgerðar Ragnarsdóttur og Karls Axelssonar „Ákvörðun um eignarnám“ í 1. hefti Tímarrits lögfræðinga 2017, bls. 64, segir:

„... má sjá af dómaframkvæmd síðustu ára að meðalhófsreglan leikur lykilhúttverk við mat á öllum þáttum eignarnámsákvörðunar. Það hefur þýðingu við mat á tímasetningu, umfangi og mati á því hvort eignarnám teljist nauðsyn-

Í dómi Hæstaréttar frá 15. mars 2001 í máli nr. 354/2000 segir:

„Tilgangur tollmeðferðar innflutningsvara hlýtur annars vegar að vera sá að koma í veg fyrir ólögsmætan innflutning og hins vegar að tryggja rétta álagningu og skil aðflutningsgjalda lögum samkvæmt. Þessu valdi tollgæslunnar verða þó sett málefnaleg mörk, er dregin verða af ákvæðum stjórnarskrár og meðalhófsreglu stjórnarsýsluréttar

”

Tilgangur tollmeðferðar innflutningsvara hlýtur annars vegar að vera sá að koma í veg fyrir ólögsmætan innflutning og hins vegar að tryggja rétta álagningu og skil aðflutningsgjalda lögum samkvæmt. Þessu valdi tollgæslunnar verða þó sett málefnaleg mörk, er dregin verða af ákvæðum stjórnarskrár og meðalhófsreglu stjórnarsýsluréttar auk annarra laga um réttarstöðu borgaranna

legt. Í yngstu dómum Hæstaréttar má og jafnframt sjá athyglisvert samspil meðalhófs við rannsóknarskyldu í aðdraganda eignarnámsákvörðunar. Hér má sérstaklega nefna dóma Hæstaréttar frá 12. maí 2016 í málum nr. 511, 512, 513 og 541/2015 (Suðurnesjalína 2) þar sem skortur á rannsókn mismunandi valkosta á undirbúningsstigi, leiddi til ógildingar eignarnámsákvörðana þar sem eignarnemi gat ekki sýnt fram á að meðalhófs hefði verið gætt. Komist var að öndverðri niðurstöðu um ætlað brot á meðalhófi í dómi Hæstaréttar frá 15. júní 2017 í máli nr. 193/2017 (Kröflulína 4 og 5).“

Meðalhófsreglan vegur þungt við ákvarðanir sem snerta þá vernd sem einstaklingar njóta í mannréttindaákvæðum stjórnarskrár eða alþjóðlegum mannréttindasáttmálum og þá sérstaklega hagsmuni er varða frelsi manna og friðhelgi, sbr. niðurlag athugasemda við 12. gr. frumvarpsins að stjórnarsýslulögunum.<sup>10</sup>

**auk annarra laga um réttarstöðu borgaranna.“**

Þá segir og í dómnum:

„Þótt stefndi hafi rúmar heimildir að lögum til skoðunar á innfluttum varningi hefur hann ekki sýnt fram á það við þessar aðstæður, **að nauðsynlegt hafi verið að opna reglubundið og fyrirvaralaust póstsendingar að utan að viðtakendum fornspeurðum til að ná því lögsmæta markmiði að innheimta aðflutningsgjöld og ekki hafi verið kostur á öðrum aðferðum í því skyni.** Að öllu þessu virtu þykir stefndi með þeirri tollframkvæmd, sem áfrýjandi ber brögð á, hafa gengið í berhögg við einkalífsvörnd stjórnarskrárinnar **auk meðalhófsreglu stjórnarsýsluréttarins.**“

Ekki standa efni til að hafa þennan inngang lengri heldur snúa sér að því að varpa ljósi á það hvernig reynt hafi á meðalhófsregluna í skattframkvæmdinni.

II

## Meðalhófsreglan í skattframkvæmd

Í þessum kafla verður sjónum beint að þýðingu meðalhófsreglu stjórnarsýslulaganna við skattálagningu og þá einkum því sem um það verður ráðið af úrskurðum yfirskattanefndar.

### A. Vefenging skattframtala

#### Úrskurður nr. 105/2000

Skattframtali var ekki skilað fyrir álagningu opinberra gjalda og skattstofnar því áætlaðir. Skattstjóri hafnaði síðan innsendu kærufamtali þar sem það þótti tortryggilegt og ótraust heimild um tekjur, eignir og skuldir. Vísaði hann einkum til misræmis í framtalsgerð varðandi bifreiðar og fasteignir samanborið við upplýsingar úr skráum Fasteignamatís ríkisins og ökutækjaskrár auk þess sem málið laut að söluhagnaði. Í úrskurði yfirskattanefndar segir síðan:

„Rétt hefði verið og í samræmi við rannsóknarreglu 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 að skattstjóri aflaði skýringa kæranda og upplýsti að öðru leyti um nefnt ósamræmi milli skráanna og skattskila kæranda áður en hann tók hina umdeildu ákvörðun um höfnun framtalsins. Í þessu sambandi skal og bent á að ekki er einhlítt að byggja á tilgreiningum í umræddum skráum varðandi eignarhald og eignartíma. Jafnframt verður að telja að skattstjóri hafi borið að afla skýringa kæranda og upplýsa nánar um meðferð söluhagnaðar af bifreið teldi hann ástæðu til athugasemda við þann þátt skattskilanna. Þá verður að telja, miðað við aðfinnslufni skattstjóra, að hver sem niðurstaðan hefði orðið, að umræddum atriðum upplýstum, að vart hefði verið tilefni til höfnunar framtalsins með öllu, heldur einungis til breytinga á viðkomandi þáttum þess, sbr. og meðalhófsreglu 12. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.“

Niðurstaðan varð síðan sú að ómerkja úrskurð skattstjóra sakir brota á rannsóknarreglunni og ófullnægjandi rökstuðnings.

<sup>10</sup> Alþt. 1992, A-deild, bls. 3294-3295.

## Úrskurður nr. 304/2000

Skattstjóri lækkaði innskatt um 2.700.000 kr. þar sem hann taldi framlögð gögn sýna að ekki væri til staðar uppfært afstemmt tvíhliða bókhald samkvæmt 2. gr. bókhaldslaga. Yfirsattanefnd sagði skattstjóra hafa dregið þessa ályktun af því að tiltekin fjögur fylgiskjöl þættu að formi og efni ekki í samræmi við 20. gr. virðisaukaskattslaganna. Þá sagði orðrätt eftir umfjöllun um brot á rökstuðningsskyldu og andmælarétti:

„Þá skal tekið fram að miðað við forsendur skattstjóra verður ekki séð að tilefni hafi verið til þess að áætla virðisaukaskatt kæranda, heldur einungis til breytinga á viðkomandi þætti skattskilanna, sbr. meðalhöfsreglu 12. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993.“

## Úrskurður nr. 262/2000

Ríkisskattstjóri felldi niður allan innskatt á þeirri forsendu að kærandi hefði ekki fært neitt bókhald. Yfirsattanefnd benti á að skattrannsóknarstjóri hefði gert yfirlit yfir innskatt samkvæmt gögnum sem kærandi hefði lagt fram við rannsóknina. Síðan segir orðrätt í úrskurðinum:

„Ekki kemur annað fram en við rannsókn skattrannsóknarstjóra hafi verið litið til forms skjala og efnis þeirra. Með hliðsjón af þessu eru ekki efni til að draga í efa að kærandi hafi innt umræddan virðisaukaskatt af hendi. [...]. Verður að telja að málið hafi alveg verið vanupplýst með tilliti til þessarar ákvörðunar, sbr. 10. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993, og ákvörðunin jafnframt ekki verið rökstudd á viðhlítandi hátt, sbr. 96. gr. laga nr. 75/1981 og 22. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993, auk þess sem farið hafi verið á svig við meðalhöfsreglu 12. gr. síðastnefndra laga.“

## Úrskurður nr. 662/1994

Með kærúrskurðum samkvæmt 99. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt (tsl.), hafnaði skattstjóri framtölum 1989 og 1990 sem réttmætum álagningargrundvelli, en felldi samt niður áætlaðan tekjuskatts- og eignarskattsstofn vegna mikils yfirferanlegs rekstartaps frá fyrri árum. Hins vegar viðurkenndi skattstjóri ekki að til staðar væru frekari rekstartöp til færslu á skattframtali næsta árs. Í úrskurðinum segir:

„Skattstjóri tók fram að ársreikningar kæranda væru aðeins áritaðir af öðrum eiganda félagsins[...]. Þá bæri reiknuðum áföllnum vöxtum í efnahagsreikningi ekki saman við sama skuldalið í skýr-

ingum með reikningunum og munaði 9.634.500 kr. sem væri tortryggilegt. Benda mætti á gjaldaliði sem væru án sérstakra skýringa og virtust óeðlilegir miðað við umfang og eðli rekstrar, en heildarsala hefði numið 15.814.139 kr. og greidd vinnulaun og dagpeningar 1.390.000 kr. Tiltök skattstjóri gjaldaliðinn kostnað við sölusýningar erlendis 3.575.542 kr. sem væri meira en 20% af heildarsölu kæranda. Gjaldfærð vaxtagjöld næmu 26.461.174 kr. og væru ósundurliðuð sem þó virtist full ástæða til að virtri 20. gr. bókhaldslaga og rekstrarmiðurstöðu ársins.“

Í rökstuðningi yfirsattanefndar segir síðan:

„Þegar litið er til þeirra atriða, sem vefing skattstjóra beindist að, verður að telja að réttara hefði verið að hann leitaði annarra úrræða við afgreiðslu fyrirliggjandi kærufamtala en þess að hafna því að leggja þau til grundvallar álagningu opinberra gjalda með þeim afleiðingum sem að framan greinir, sbr. þá meginreglu stjórn-sýsluréttar sem nú

”

Þá skal tekið fram að miðað við forsendur skattstjóra verður ekki séð að tilefni hafi verið til þess að áætla virðisaukaskatt kæranda, heldur einungis til breytinga á viðkomandi þætti skattskilanna, sbr. meðalhöfsreglu 12. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993

hefur verið lögfest með 12. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993, en tekið skal fram að sú regla telst hafa gilt ólögskráð í íslenskum rétti fyrir gildistöku þeirra laga. Á þessu sjónarmiði virðist og byggt í kröfugerð ríkisskattstjóra í máli þessu, sbr. niðurlag hennar, þar sem þess er krafist að kæranda verði áætlað yfirferanlegt tap til skattframtals 1991.“

## Úrskurður nr. 484/2001

Skattstjóri hafnaði vaxtabótum vegna láns sem þó hafði árið á undan verið lagt til grundvallar vaxtabótum (1999). Af hálfu umboðsmanns kæranda var gefin sú skýring að andvirði lánsins hafi verið ráðstafað til greiðslu afborgana af öðrum lánnum. Yfirsattanefnd sagði að

ekki væri annað séð en skattstjóri hefði tekið undir það að hluti lánsins hafi gengið til greiðslu eldri lána. Engu að síður hafi hann felld niður **ÖLL** vaxtagjöld af láninu gagnvart útreikningi vaxtabótanna. Yfirsattanefnd þótti þannig meðferð skattstjóra á þessum vaxtagjöldum ekki nægilega rökstudd, sbr. 4. og 5. mgr. 96. gr. laga nr. 75/1981, auk þess sem ákvörðun hans væri **naumast í samræmi við meðalhöfsreglu 12. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993**. Ákvörðun skattstjóra var því úr gildi felld.

## Úrskurður nr. 602/2012

„Með vísan til þess, sem hér að framan greinir, sbr. og niðurstöðu í fyrrgreindum úrskurði yfirsattanefndar nr. 185/2011, verður að taka undir það með ríkisskattstjóra að ýmsir annmarkar eru á fyrirliggjandi skattframtali kæranda árið 2010, m.a. vegna offærðra fyrninga, frádráttar rekstartaps frá fyrri ári og meðferðar aflaheimilda að öðru leyti sem kærandi hefur ekki gefið skilmerkilegar skýringar á þrátt fyrir áskoranir þar um. Verður að fallast á með ríkisskattstjóra

að skattframtalið hafi ekki fullnægt skilyrðum 1. mgr. 90. gr. laga nr. 90/2003 og hafi því ekki verið tækur álagningargrundvöllur og að rétt hafi verið af þeim sökum að áætla tekjur kæranda gjaldárið 2010, sbr. lokamálslið 1. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003. Eins og fram er komið áætlaði ríkisskattstjóri tekjuskatts- og útsvarsstofn kæranda 16.000.000 kr. með úrskurði sínum. Til þess er að líta að samkvæmt rekstrarskýrslu (RSK 4.11) með skattframtali kæranda árið 2010 nam rekstrarhagnaður smábátaútgerðar 16.752.802 kr. á árinu 2009. **Að þessu athuguðu og þar sem ekki verður annað séð en að málefnalegra sjónarmiða og meðalhöfs hafi verið gætt við hina kærðu áætlun**

**ríkisskattstjóra þykja ekki efni til að lækka framangreinda áætlunarfjárhæð. Rétt þykir að vísa kærunni frá yfirskattanefnd að svo stöddu.**

Í þessum úrskurðum, nema þeim síðastnefnda, var um að ræða einstök efnisatriði í framtalsgerðinni sem ekki voru afdráttarlaust bornar brigður á að gætu að hluta til átt rétt á sér. Því stóðst ekki að virða þau að vettugi heldur bar að áætla fjárhæð frádráttarliðanna fyrst ekki var hægt að leiða fram hina réttu fjárhæð á grundvelli upplýsinga frá gjaldandanum, sbr. 1. mgr. 96. gr. tsl. Í síðastnefnda úrskurðinum var hins vegar um margvíslega annmarka að ræða sem snertu grundvallargerð ársreikningsins. Af þeirri

að ræða tekjur, gjöld, eignir eða skuldir. Í þriðja lagi eru frádráttarliðir felldir niður eða lækkaðir að álitum (áætlun frádráttarfjárhæðar) þegar framteljandi hefur þrátt fyrir fyrirspurn ekki gert fullnægjandi grein fyrir þeim. Áætlanir í tveimur síðarnefndu tilvikunum byggja á 1. mgr. 96. gr. tsl. og er orðalag hennar það sama og í 2. mgr. 95. gr. tsl. - **að áætlanir skuli vera svo ríflegar að tekjur og eignir séu ekki lægri en þær eru í raun og veru.** Til slíkra áætlana getur hvort heldur komið við frumálagningu opinberra gjalda eða við ákvarðanir eftir lok hennar. Þær síðarnefndu grundvallast þá ýmist á 5. mgr. 96. gr. tsl, afgreiðslu skattkæra skv. 99. gr. tsl. eða skatterinda skv. 2. mgr. 101. gr. tsl.<sup>11</sup>

grundvallar við álagningu skatta vegna þess að upplýsingar um raunverulegar tekjur liggja ekki fyrir. Yrði að játa skattfyrirvöldum að einhverju leyti svigrúm til þessa mats, enda væri beiting heimildarinnar yfirleitt háð þeirri forsendu að fullnægjandi upplýsingar skorti til að skattfyrirvöld gætu tekið rétta ákvörðun um álagningu. Umboðsmaður lagði hins vegar áherslu á að svigrúm skattfyrivalda við beitingu íþyngjandi úrræðis á borð við heimild 2. mgr. 95. gr. takmarkaðist af lögmætisreglu stjórnisýsluréttarins svo og ákvæðum 10. og 12. gr. stjórnisýslulaga. Af þessum lagareglum leiddi að skattfyrirvöld verða að beita slíkum heimildum af varfærni og gæta þess að ganga ekki lengra en nauðsynlegt er.“

”

Hvort heldur áætlanir eru tilkomnar vegna annmarka á skattframtali, eða sökum þess að því hafi ekki verið skilað, verður orðalagið um ríflegar áætlanir ekki skilið svo að ríkisskattstjóri hafi alveg frjálssar hendur við þessar áætlanir

ástæðu þótti ekki tækt að byggja álagningu opinberra gjalda á hinu innsenda skattframtali heldur víkja því til hliðar og áætla skattstofnana, en við slíka áætlun skal hins vegar hafa hliðsjón af meðalhófsreglunni, sbr. B-lið hér á eftir.

## B. Áætlanir skattstofna

Við tiltekna lögmæltar aðstæður ber að áætla skattstofna. Í fyrsta lagi þegar framtölum er ekki skilað til álagningar í tæka tíð en þá skal ríkisskattstjóri „áætla tekjur [...] og eign svo ríflega að eigi sé hætt við að fjárhæðir séu lægri en þær eru í raun og veru“, sbr. 2. mgr. 95. gr. tsl. Í öðru lagi skal víkja skattframtali til hliðar og áætla tekjuskattstofn þegar það þykir, að undangenginni athugun, þ.m.t. með fyrirspurnum til framteljandans, ekki nægilega traustur grundvöllur til að byggja álagningu á, hvort heldur um er

Hvort heldur áætlanir eru tilkomnar vegna annmarka á skattframtali, eða sökum þess að því hafi ekki verið skilað, verður orðalagið um ríflegar áætlanir ekki skilið svo að ríkisskattstjóri hafi alveg frjálssar hendur við þessar áætlanir. Honum ber bæði að horfa til stjórnisýslulaganna og meginreglna stjórnisýsluréttarins. Til að mynda ber honum að gæta rannsóknarreglu 10. gr. stjórnisýslulaganna og meðalhófsreglu 12. gr. þeirra um að ganga ekki lengra en nauðsyn ber til við þessar ákvarðanir, sbr. álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 4617/2005. Í samantekt þessa álits, sem fjallar um áætlanir þegar skattframtali er ekki skilað, segir m.a. svo í skýrslu umboðsmanns Alþingis 2007, bls. 174-176:

„Umboðsmaður benti á að ákvæði 2. mgr. 95. gr. væri að ýmsu leyti sérstaks eðlis þar sem það fæli í sér að skattfyrirvöld hefðu heimild til þess að ákveða hvaða forsendur skuli leggja til

## Úrskurður nr. 177/2001

„Vegna tilvísunar ríkisskattstjóra til lokamálsliðar 1. mgr. 96. gr. laga nr. 75/1981 skal tekið fram að einsýnt þykir að þrátt fyrir orðalag ákvæðisins um „ríflegar“ áætlanir verður að túlka það þannig að tryggt sé að málefnalegra sjónarmiða og meðalhófs sé gætt. Við beitingu ákvæðisins verður því ávallt að gera grein fyrir þeim megin sjónarmiðum sem liggja til grundvallar áætlun tekjuviðbótar þótt telja verði að það leiði af eðli áætlunar sem slíkrar að ekki verður gerð krafa um nákvæma sundurliðun áætlunar fjárhæðar með tilliti til einstakra þátta máls. Almennt er því ekki viðhlítandi að rökstyðja áætlun viðbótar tekna með því einu saman að samkvæmt 1. mgr. 96. gr. laga nr. 75/1981 skuli áætlun vera „rífleg“.“

## Úrskurður nr. 599/1999

„Þegar litið er til lögmæltra aðstæðna við beitingu áætlunarheimildar þeirrar, sem gildi samkvæmt 7. mgr. 27. gr. laga nr. 50/1988, verður að telja við ákvörðun áætlunar fjárhæðar hafi verið rétt og skylt að byggja á því sjónarmiði að slík fjárhæð yrði ákveðin þannig að ekki væri hætt á að fjárhæðin yrði áætluð lægri en hún var í raun og veru. Hvað varðar 1. mgr. 96. gr. laga nr. 75/1981 þykir einsýnt að þrátt fyrir orðalag um „ríflegar“ áætlanir verði að túlka ákvæðið þannig að tryggt sé að málefnalegra sjónarmiða og meðalhófs sé gætt. Samkvæmt þessu verður að telja að í raun beri að leggja sömu meginvið-

<sup>11</sup> Ákvæði 1. mgr. 96. gr. tsl. gilda ekki við afgreiðslu skattkæra skv. 99. gr. og ekki heldur við afgreiðslu erinda skv. 2. mgr. 101. gr. nema um hækkun á

álagningarstofni sé að ræða. Í þessum tilvikum gilda stjórnisýslulögin alfarið. Sjá úrskurði yfirskattanefndar nr. 1061/2000 og 154/2004.



horf til grundvallar áætlunarfjárhæðum eftir framangreindum ákvæðum. Er það í samræmi við áratugalanga skatt- og úrskurðarframkvæmd. Tekið skal fram að í lögskýringargögnum, þ. á m. vegna laga nr. 149/1996, kemur ekkert fram sem bendir til þess að tilætlun löggjafans hafi verið að efnislegur munur væri á áætlunarheimildum að þessu leyti. Með vísan til þess, sem að framan greinir, þykja engin efni til að ákveða áætlunarfjárhæðir misháar í máli þessu.“

### Úrskurður nr. 349/2000

Ríkisskattstjóra barst erindi (2. mgr. 101. gr. tsl.) vegna álagningar á dánarbú gjaldárin 1995-1998. Álagning síðustu þriggja ára byggði á áætlunum skattstofnum þar sem engum skattframtölum hafði verið skilað. Ríkisskattstjóri féllst ekki á að hrófla við álagningu árána 1995 og 1998. Hins vegar **lækkaði** hann áætlaða eignarskattsstofna árána 1996 og 1997 en lét áætlun tekjuskattsstofna standa. Lækkunin byggði á fjárhæðum í erfðafjárskýrslu sem send hafði verið sýslumanni vegna endurupptöku hans á skiptum dánabúsins en skattframtöl fylgdu ekki erindinu til ríkisskattstjóra.

Vegna gjaldáranna 1995 og 1998 vísaði yfirskaðanefnd kærundi frá þar sem engri kæránlegri breytingu væri fyrir að fara þau ár, en felldi niður álagningu árána 1996 og 1997 með eftirfarandi rökstuðningi:

„Með erfðafjárskýrslu, dags. 30. desember 1997, voru skipti á dánarbúinu tekin upp að nýju, sbr. 4. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1991, um skipti á dánarbúum o.fl., í kjölfar þess að sýslumanni bárust upplýsingar frá skattstjóra um eign sem skattstjóri kvað hafa tilheyrt dánarbúinu við andlát M[...] heitinnar á árinu 1994, þ.e. söluandvirði íbúðar hennar að B[...]. Þrátt fyrir að málið hafi legið þannig fyrir að kærandi hafi sætt áætlun á skattstofnum umrædd ár verður að telja að ríkisskattstjóra hafi borið, þrátt fyrir það hvernig málið bar að og úr því að hann hróflaði við áætlunarfjárhæðum umrædd gjaldár, að skora á kæranda að standa skil á skattframtali vegna þessara ára, sbr. meðalhófsreglu 12. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, væri það viðhorf hans að endurupptaka skipta á kæranda hefði í för með sér að kærandi teldist bera sjálfstæða skattskyldu vegna tekna og eignar á árunum 1995 og 1996.“

### C. Hvaða lagaákvæðum ber að beita (túlkun réttarreglna)

#### Úrskurður nr. 225/2013

„Af hálfu kæranda er því borið við að meðalhófsreglu 12. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 hafi ekki verið gætt við meðferð málsins af hálfu ríkisskattstjóra. Samkvæmt málalíbúnaði kæranda er gefin breiðsída varðandi meint brot á reglu þessari, enda kemur fram í kærnu að það sé mat kæranda „að ríkisskattstjóri hafi í allri málsmeðferð sinni brotið freklega gegn meðalhófsreglu 12. gr. ssl.“, eins og þar segir. Meðal annars telur kærandi að ríkisskattstjóri hafi brotið gegn reglunni með því að sjá ekki til þess, til samræmis við niðurstöðu sína í máli kæranda, að leiðréttingar yrðu gerðar á skattálagningu og skattskilum viðsemjenda kæranda, svo sem með tilliti til fyrningarstofns, svo og skattálagningu á hluthafa kæranda sem hafi greitt verulegan fjármagnstekjuskatt af hagnaði vegna sölu hlutbréffanna í F[...] ehf. Taka má undir það með kæranda að þegar það á við beri almennt að leiðrétta skattskil viðsemjenda að samningssambandi til samræmis við niðurstöðu í máli

”

Að öðru leyti sem byggt er á því af hálfu kæranda að meðalhófsreglu hafi ekki verið gætt skal tekið fram að ekki verður séð að meðalhófsregla geti átt hér við, enda er einungis um að ræða úrlausn ágreiningsefna á grundvelli gildandi réttarreglna

sammingsaðila, enda ber skattyfirvöldum að leggja samræmt mat til grundvallar gagnvart báðum eða öllum sammingsaðilum, sbr. að nokkru sjónarmið í úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur frá 25. febrúar 1998 í málinu nr. Y-1997 (I. Guðmundsson ehf. gegn Tollstjóranum í Reykjavík). Með vísan til sama úrskurðar verður á hinn bóginn **ekki talið að það eitt geti leitt til ógildingar hinnar kærðu skattákvörðunar þótt ríkisskattstjóri hafi ekki haggað við skattskilum greindra aðila. Verður ekki talið að ríkisskattstjóri hafi af þessum sökum brotið gegn meðalhófsreglu 12. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.**

Að öðru leyti sem byggt er á því af hálfu kæranda að meðalhófsreglu hafi ekki verið gætt skal tekið fram að ekki verður séð að meðalhófsregla geti átt hér við, enda er **einungis um að ræða úrlausn ágreiningsefna á grundvelli gildandi réttarreglna.** Nær varakrafa kæranda því ekki fram að ganga á þessum grundvelli.“

#### Úrskurður nr. 315/2014

Ríkisskattstjóri færði óheimila lántöku hluthafa (kæranda) frá einkahlutfélagi til tekna hjá honum sem gjöf í samræmi við 2. mgr. 4. tölul. A-liðar 7. gr. tsl. Í kærnu til yfirskaðanefndar er fjárhæð tekjufærslunnar mótmælt sem rangri og órökstuddri. Beri undir ríkisskattstjóra að sýna fram á að hagsmunir einkahlutafélagsins hafi verið skertir og hver úttekt hluthafans hafi í raun verið svo að leggja megi mat á verðmæti hinnar skattskyldu gjafar. Í því efni þurfi ríkisskattstjóri að meta til verðs framlag hluthafans á móti láninu, þ.e. veð í hlutabréfum hans og persónulega ábyrgð, en í raun hafi verið um fullkomið skaðleysi félagsins að ræða. Með ákvörðun sinni hafi ríkisskatt-

stjóri brotið gegn meðalhófsreglu 12. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Er þess krafist að yfirskaðanefnd meti nettóframlag félagsins til hluthafans. Taldi kærandi að slíkt mat myndi leiða til þess að ekki kæmi til neinnar skattlagningar hjá honum. Í úrskurðinum segir síðan:

„Að því leyti sem byggt er á því af hálfu kæranda að meðalhófsreglu 12. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 hafi ekki verið gætt, sbr. athugasemdir í kærnu til yfirskaðanefndar, skal tekið fram **að ekki verður séð að meðalhófsregla geti átt hér við, enda er einungis um að ræða úrlausn ágreiningsefna á grundvelli gildandi réttarreglna.**“

## Úrskurður nr. 387/2013

Ríkisskattstjóri tekjufærði kauprétt hjá einstaklingi þótt einkahlutafélag hans hafi að formi til talist rétthafinn. Yfirsattanefnd féllst ekki á að ríkisskattstóri hafi ekki rökstutt ákvörðun sína með fullnægjandi hætti. Síðan sagði:

„Vegna tilvísunar kæranda til meðalhófsreglu 12. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993 skal tekið fram að í málinu er einungis um að ræða úrlausn ágreiningsefna á grundvelli gildandi réttarreglna og verður því ekki talið að ákvæði 12. gr. stjórn-sýslulaga eigi við.“

## Úrskurður nr. 603/2012

„Með vísan til þess, sem hér að framan er rakið, verður ekki talið að kærandi hafi sýnt fram á að virða beri hinar umdeildu greiðslur A[...]Ltd. til hans í heild eða að hluta sem tekjur af hlutareign hans í félaginu, þ.e. að í skilningi 4. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 1. mgr. 11. gr. sömu laga. Vegna tilvísunar umboðsmanns kæranda til meðalhófsreglu 12. gr. stjórn-sýslulaga skal tekið fram að ágreiningsefni málsins lýtur að mati á eðli umræddra tekna kæranda. Verður ekki talið að ríkisskattstjóri hafi farið á svig við meðalhófsreglu við greiningu sína á eðli teknanna og verður raunar að telja að við slíkar aðstæður eigi regla þessi naumast við. Rétt þykir að vísa kærinni frá yfirsattanefnd að svo stöddu.“

## Úrskurður nr. 180/2002

„Samkvæmt þessu verður að fallast á það með skattstjóra að söluhagnað kæranda vegna sölu báts og aflahlutdeildar beri að virða sem tekjur af atvinnurekstri samkvæmt B-lið 7. gr. laga nr. 75/1981. Af þessu leiðir að hafna verður kröfu kæranda um að greindur söluhagnaður verði skattlagður sem fjármagnstekjur einstaklings utan rekstrar samkvæmt 3. mgr. 67. gr. laga nr. 75/1981, sbr. 7. gr. laga nr. 97/1996. [...]. Þá á meðalhófsregla 12. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993 ekki við um ákvörðun þess hvernig skattleggja ber greindan söluhagnað að öðru leyti en því að meðalhófsstjórnarmið kunna að orka á skýringu réttarreglna þar sem það á við.“

## Úrskurður nr. 83/2008

Sökum réttaróvissu í málinu var þess krafist til vara að endurákvörðun opinberra gjalda yrði ekki látin ná lengra aftur en til skattframtals 2005 og sömuleiðis með vísan til meðalhófsreglu 12. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993. Um þessar viðbáru segir svo í úrskurðinum:

„Hvað varðar meinta réttaróvissu þá verður hvorki fallist á að slíkt hafi verið til staðar né geti að öðru leyti haft nokkra þýðingu í málinu, sbr. þau gögn sem vikið er að hér að framan. Þá á meðalhófsregla 12. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993 ekki við, enda er einungis um að ræða úrlausn ágreiningsefna á grundvelli gildandi réttarreglna. Samkvæmt þessu verður ekki fallist á þá kröfu kæranda sem er framsett sem varakrafa.“

## Úrskurður nr. 108/2018

Í kærinni segir:

„Þá er því mótmælt að 3. mgr. 15. gr. tvísköttunarsamnings Norðurlandanna eigi við í máli kæranda, eins og ríkisskattstjóri haldi fram. Í raun eigi 4. mgr. sömu greinar samningsins við um tilvik kæranda og eigi því að beita undanþáguaðferð samkvæmt a-lið 4. mgr. 25. gr. samningsins við lausn undan tvísköttun. Ljóst sé að danskur tekjuskattur hafi verið reiknaður af útreiknuðum heildarlaunum kæranda, launin síðan lækkuð um þá fjárhæð og kærandi fengið greidd nettólaun, eins og við eigi um staðgreiðslu opinberra gjalda á Íslandi, sbr. lög nr. 45/1987. Tekjur kæranda hafi verið skattlagðar í Danmörku, en vegna sérstakra reglna til hagsbóta fyrir útgerðir þar í landi hafi útgerðin ekki þurft að standa skil á skattinum. Kærandi hafi þannig fengið greidd svokölluð nettólaun. Með vísan til framanritaðs sé ljóst að kærandi hafi þurft að þola skattlagningu í tveimur ríkjum þrátt fyrir að einungis Ísland eigi skattlagningarrétt á tekjum kæranda. Sé farið fram á að yfirsattanefnd beiti meðalhófsreglu 12. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993 og fallist á að beita undanþáguaðferð að svo stöddu við skattlagningu tekna kæranda, enda verði markmiði fyrrgreinds tvísköttunarsamnings ekki náð með öðrum hætti.“<sup>12</sup>

Niðurstaða yfirsattanefndar:

„Það leiðir af framangreindu að fara ber eftir ákvæðum b-liðar 25. gr. margnefnds tvísköttunarsamnings Norðurlandanna um aðferð til að komast hjá tvísköttun vegna tekna kæranda frá Danmörku. Samkvæmt þeim ákvæðum skal draga frá íslenskum tekjuskatti fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur er í hinu samningsríkinu. Eins og fram er komið liggja engar upplýsingar eða gögn fyrir í málinu um skattgreiðslur kæranda í Danmörku. Er komið fram af hálfu kæranda að ekki sé greiddur skattur af tekjunum þar í landi og sé tekið tillit til þess við ákvörðun launa fyrir umrædd störf. Með vísan til þess sem að framan er rakið er það niðurstaða úrskurðar þessa að skattaleg meðferð tekna kæranda frá Danmörku hafi verið í fullu samræmi við íslenska löggjöf og ákvæði fyrrnefnds tvísköttunarsamnings. Vegna tilvísunar kæranda til meðalhófsreglu 12. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993 skal tekið fram að skattlagning umræddra tekna hjá kæranda leiðir af lögum. Verður því ekki talið að meðalhófsregla eigi hér við, enda er einungis um að ræða úrlausn á grundvelli gildandi réttarreglna. Með vísan til þess sem að framan greinir er kröfum kæranda í máli þessu hafnað.“

## D. Annað

### Úrskurður nr. 12/2012

„Víkur þá að þeim sjónarmiðum kæranda að beiting álags samkvæmt 2. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003 gangi í berhögg við meðalhófsreglu 12. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993. Eins og fram er komið taldi ríkisskattstjóri ástæðu til að beita álagi samkvæmt heimildarákvæði 2. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003, enda væri um slíkan annmarka að ræða að fullt tilefni væri til álagsbeitingar. Þá væri ekkert fram komið um að atvik væru með þeim hætti að fella bæri álag niður samkvæmt 3. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003. Ekki verður talið að meðalhófsregla 12. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993 hafi staðið í vegi fyrir því að ríkisskattstjóri beitti valdheim-

<sup>12</sup> Auglýsing nr. 11/1997 og birt í C-deild Stjórnartíðinda.

**ildum sínum samkvæmt 108. gr. laga nr. 90/2003. Verður álagsbeitingunni því ekki hnekkt á þessum grundvelli.“**

### Úrskurður nr. 502/2002

Umboðsmaður kæranda taldi ríkisskattstjóra ekki hafa gætt meðalhófsreglu stjórnsluréttar, sbr. 12. gr. laga nr. 37/1993. Sagði hann ríkisskattstjóra hvað eftir annað hafa farið langt út fyrir öll eðlileg skynsemismörk við athugasemdir um einstök fylgiskjöl í bókhaldi kæranda, gífurleg vinna hafi verið lögð í smávægilegar aðfinnslur og ofuráhersla lögð á form þar sem efnisatriði máls hafi verið augljós. Um þetta segir svo í úrskurðinum:

„Aðgerðir ríkisskattstjóra lutu að því að staðreyna skattskil kæranda fyrir rekstrarárið 1997, bæði almenn skattskil og virðisaukaskattsskil. Við það beitti ríkisskattstjóri lögmaletum úræðum og málsmeðferð og **verður ekki séð að hann hafi gengið harðar fram en efni stóðu til. Þótt aðgerðir ríkisskattstjóra hafi í einhverjum tilvikum varðað líði með lágum fjárhæðum er ekki þar með brotið gegn meðalhófsreglu eins og umboðsmaður kæranda virðist álíta.** Samkvæmt þessu þykir umboðsmaður kæranda ekki hafa sýnt fram á að ríkisskattstjóri hafi í málsmeðferð sinni farið á svig við meðalhófsreglu 12. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 með þeim hætti að ómerkja beri hina kærðu ákvörðun.“

### Úrskurður nr. 104/2018

Í rökstuðningi fyrir kröfu kæranda segir m.a.:

„Með álagsbeitingu í máli kæranda sé brotin jafnræðisregla stjórnsluréttar og meðalhófs ekki gætt. Hafi ríkisskattstjóra mátt vera ljós annmarki á skattframtali kæranda strax við skil þess. Hlutafélögum hafi verið skylt að skila hlutafjármiðum fyrir 20. janúar 2017. Hafi ríkisskattstjóra því mátt vera ljóst fyrir álagningu opinberra gjalda að kærandi hafi selt hlutabréf sín. Er í því sambandi m.a. vísað til þess að K[...] hf. hafi sem fjármálafyrirtæki verið skylt að upplýsa skattyfirvöld um viðskipti með hlutabréf. Hafi ríkisskattstjóri því

haft vitneskju um viðskiptin og borið að senda kæranda fyrirspurnarbréf á grundvelli 96. gr. laga nr. 90/2003 fyrir álagningu. Hefði þannig mátt leiðrétta skattframtal kæranda árið 2017 fyrir álagningu og þannig koma í veg fyrir álagsbeitingu. Þetta hafi ekki verið gert og hafi ríkisskattstjóri þannig ekki gætt meðalhófs, sbr. úrskurð yfirskattanefndar nr. 844/1998.“<sup>13</sup>

Í niðurstöðu yfirskattanefndar segir:

„Þá verður ekki fallist á með kæranda að ríkisskattstjóra hafi verið unnt að leiðrétta skattframtal hennar árið 2017 fyrir álagningu opinberra gjalda umrætt ár á grundvelli 1. mgr. 95. gr. laga nr. 90/2003 og að þannig hafi verið brotið gegn meðalhófsreglu stjórnsluréttar,

”

Vegna tilvísunar kæranda til meðalhófsreglu 12. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 skal tekið fram að skattlagning umræddra tekna hjá kæranda leiðir af lögum. Verður því ekki talið að meðalhófsregla eigi hér við, enda er einungis um að ræða úrlausn á grundvelli gildandi réttarreglna

enda er ljóst að fyrir ríkisskattstjóra lágu ekki upplýsingar um söluverð hinna seldu hlutabréfa í K[...] hf. Eru atvik í máli kæranda því ekki sambærileg atvikum í máli því sem lauk með úrskurði yfirskattanefndar nr. 844/1998 sem vísað er til í kæru og verður ekki fallist á með kæranda að meðalhófsregla hafi staðið í vegi fyrir því að ríkisskattstjóri beitti valdheimildum sínum samkvæmt 108. gr. laga nr. 90/2003.“

### Úrskurður nr. 280/2015

„Aðalkrafa kæranda er byggð á því að upplýsingaöflun ríkisskattstjóra hafi brotið lagastoð og falið í sér óheimila valdbeitingu þar sem málefnalegar forsendur hafi ekki legið að baki og meðalhófs hafi ekki verið gætt, sbr. 12. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Er vísað

til þess að kæranda hafi verið veittur skilyrðislaus frestur til kl. 10 þann 11. desember 2013 til að koma á framfæri athugasemdum vegna boðaðra breytinga ríkisskattstjóra. Andmælabréfi kæranda hafi verið komið í póst innan frests, en meginreglan sé sú að málsmeðferð skattamála fari fram skriflega. Ríkisskattstjóri hafi með tölvupósti sama dag farið fram á að fá andmælabréfið sent í tölvupósti. Þegar ekki hafi verið orðið við þeirri beiðni hans hafi ríkisskattstjóri mætt á starfsstöð umboðsmanns kæranda og óskað eftir afriti af bréfi þessu á grundvelli 94. gr. laga nr. 90/2003. Að mati kæranda hafi ríkisskattstjóri með þessum aðgerðum sínum farið út fyrir heimildir sínar svo sem nánar er rakið í kærinni.“

Niðurstaða yfirskattanefndar:

„Ljóst er að það er undir skattaðila sjálfum komið hverju sinni hvort hann kys að neyta lögbundins andmælaréttar síns samkvæmt 4. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003. Að því athuguðu má taka undir með kæranda að erindisrekstur ríkisskattstjóra á starfsstöð umboðsmanns félagsins þann 11. desember 2013 hafi tæpast átt sér stoð í eftirlitshæðum embættisins samkvæmt 94. gr. laga nr. 90/2003. Á greindum tíma lá hins vegar fyrir að andmælin höfðu verið send ríkisskattstjóra. Hvað sem öðru líður verður því ekki séð að kærandi hafi orðið fyrir neinum réttarspjöllum vegna umræddra aðgerða ríkisskattstjóra, enda kemur ekkert fram þess efnis í kæru til yfirskattanefndar. Með

<sup>13</sup> Hér er verið að vísa til þess að óheimilt er að beita álagi á breytingar til hækunar skattstofna sem gerðar eru á grundvelli 2. mgr. 95. gr. tsl., sbr. úrskurð ríkisskattanefndar nr. 327/1982, og þess að yfirskattanefnd hafi í framkvæmd

ekki talið rétt að beita álagi þegar skattstofnar eru hækkaðir eftir álagningu vegna breytinga sem gera mátti fyrir álagningu á grundvelli téðs lagaákvæðis, sbr. t.d. úrskurði hennar nr. 139/2013 og 95/2018.

*hliðsjón af framansögðu og þar sem ekki er deilt um að kæranda hafi verið veittur hæfilegur frestur til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum vegna hinnar fyrirhuguðu endurákvörðunar verður hinn kærði úrskurður ríkisskattstjóra ekki felldur úr gildi á þeim forsendum sem hér um ræðir. Er aðalkröfu kæranda því hafnað.“*

## Úrskurður nr. 1103/1998

Í skattmatsreglum ríkisskattstjóra er kveðið á um mat skattskyldra bifreiðahlunninda og um skilin milli fullra umráða og takmarkaðra umráða launamanns af bifreiðum vinnuveitanda. Við vissar kringumstæður, þ.e. þegar launamaður með til-

laganna vegur þungt við matskenndar ákvarðanir eins og þær sem hvíla að hluta eða öllu leyti á áætlunum. Eftir skil skattframtala kemur helst til áætlana þegar ekki hafa verið send fullnægjandi gögn og upplýsingar, sem framteljandinn hefur skýrlega verið krafinn um, og ríkisskattstjóri telur nauðsynleg til að leiða fram rétta álagningarstofna. Þrátt fyrir þessa upplýsingaskyldu samræmist það ekki meðalhófsreglunni að hafna alfarið einstaka liðum framtals þó að þeir eigi ekki að öllu leyti rétt á sér. Ekki samræmist heldur meðalhófsreglunni að framtali sé alfarið hafnað þó eitthvað sé aðfinnsluvert við fleiri en einn liða þess. Eftir málsmeðferð samkvæmt 1. mgr. 96. gr. tsl. ber við

ekki verið leiðréttir til samræmis við niðurstöðu viðkomandi máls, sbr. úrskurð yfirskattanefndar nr. 225/2013.

**3.** Í allnokkrum framangreindra úrskurða er komist svo að orði að meðalhófsreglan eigi ekki við þar sem „**einungis sé um að ræða úrlausn ágreiningsefna á grundvelli gildandi réttarreglna.**“ Í tveimur málanna var ágreiningur um það hvaða lagaákvæði ætti að beita við skattlagningu tiltekinna tekna (eðli teknanna). Í fyrri úrskurðinum, nr. 603/2012, var deilt um hvort tekjurnar teldust arður í skilningi 4. tölul. C-liðar 7. gr. tsl., sbr. 1. mgr. 11. gr. sömu laga, eða féllu undir 2. mgr. sömu 11. gr., og teldust þá laun samkvæmt 1. tölul. A-liðar 7. gr. laganna. Í þeim seinni, nr. 180/2002, var tekist á um hvort sala á bát skyldi skattlögð sem tekjur samkvæmt B-lið 7. gr. tsl. (atvinnurekstrartekjur) eða sem fjármagnstekjur einstaklings utan atvinnurekstrar samkvæmt þágildandi 3. mgr. 67. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981. Í úrskurði nr. 83/2008 var deilt um hvenær gjaldfæra ætti leigu aflamarks, þ.e. hvort gjaldfæra mætti alla leiguna strax eða dreifa bæri henni fram á næsta ár með hliðsjón af nýtingartímanum. Í úrskurði nr. 387/2013 var kaupréttur tekjufærður hjá eiganda einkahlutafélags á grundvelli 1. mgr. 57. gr. tsl. en ekki hjá félaginu sem var hinn formlegi kaupréttarhafi (skattasniðganga). Einnig var skattasniðgöngu fyrir að fara í úrskurði nr. 225/2013 en þar var færsla eigna úr hlutafélagi talin eignasala og skattlögð sem slík þar eð gagngjaldsskilyrði 52. gr. tsl. (skipting hlutafélaga) fyrir skattfrjálsri útskiptingu eigna taldist ekki uppfyllt. Í úrskurði nr. 315/2014 var óheimil lánveiting frá einkahlutafélagi skattlögð sem gjöf skv. 2. mgr. 4. tölul. A-liðar 7. gr. tsl., en kærandi taldi að virða ætti nokkur atriði til frádráttar lánsfjárhæðinni.<sup>14</sup> Í úrskurði nr. 108/2018 reyndi á hvaða reglu, í Norðurlandasamningi til að komast hjá tvísköttun tekna og eigna, bæri að beita til að komast hjá tvísköttun. Var niðurstaða úrskurðarins sú að beita ætti svonefndri frádráttaraðferð, þ.e. að lækka skattlagningu hérlendis sem nemur greiddum skatti í Danmörku, sbr. b) lið 4. mgr. 25. gr. samningsins, en ekki hlutfallsaðferð a) liðar sömu málsgreinar. Dönsku teknanna var aflað um borð í skipi í flutningum á alþjóðaleiðum og

”

Meðalhófsreglan virðist ekki hafa vægi við ákvörðun á því hvort rétt sé að beita álagsheimild 2. mgr. 108. gr. tsl. á vantalda skattstofna, sbr. úrskurð yfirskattanefndar nr. 12/2012, eða hversu langt aftur í tímann skuli endurákværða, sbr. úrskurð hennar nr. 83/2008

tekna stöðu hjá fyrirtæki hefur bifreið þess til aksturs milli heimilis og vinnustaðar, beri hann ríkari sönnunarskyldu en ella á því að umráðin séu einungis takmörkuð. Kærandi taldi þessa tilhögun mála fara í bága við meðalhófsreglu stjórnsýsluaganna. Yfirskattanefnd fjallaði ekki með beinum hætti um tilvísun kæranda til meðalhófsreglunnar en sagði:

*„Fram er komið að kærandi er aðaleigandi og daglegur stjórnandi S[...] ehf. Við þær aðstæður þykir eðlilegt að gera nokkuð ríkar kröfur til þess að kærandi leiði í ljós með gögnum eða sýni fram á með öðrum sannfærandi hætti að hann hafi ekki þau umráð yfir bifreiðum fyrirtækisins að þau verði metin honum til skattskyldra tekna eftir reglum um bifreiðahlunnindi miðað við full umráð.“*

## E. Samantekt

**1.** Ljóst er af framangreindum úrskurðum að þýðing meðalhófsreglu stjórnsýslu-

ákvörðun skattstofns að leggja mat á vægi þess sem ábótavant þykir, hvort heldur um sé að ræða tekju- eða frádráttarliði. Þá hefur meðalhófsreglan einnig þýðingu þegar áætla þarf skattstofna þeirra sem ekki skila skattframtali, sbr. umfjöllun hér að framan í B-lið kafla II. Meðalhófsreglan vegst þannig á við ákvæði 2. mgr. 95. og 1. mgr. 96. gr. tekjuskattlaganna og 2. mgr. 25. og 26. gr. virðisaukaskattlaganna hvar segir að áætlun skuli vera það rífleg að eigi sé hætta á að skattstofn verði lægri en hann á í raun að vera. Þessar „mótstæðu“ reglur þurfa að skoðast saman þegar skattákvæðanir byggja alfarið eða að hluta til á mati (áætlun).

**2.** Meðalhófsreglan virðist ekki hafa vægi við ákvörðun á því hvort rétt sé að beita álagsheimild 2. mgr. 108. gr. tsl. á vantalda skattstofna, sbr. úrskurð yfirskattanefndar nr. 12/2012, eða hversu langt aftur í tímann skuli endurákværða, sbr. úrskurð hennar nr. 83/2008. Ekki á hún heldur við þó svo að aðrir skattaðilar hafi

<sup>14</sup> Um var að ræða tryggingu sem kærandi setti fyrir greiðslu lánsins með veði í hlutabréfunum sem hann keypti fyrir andvirði lánsins og einnig þá persónulegu ábyrgð sem hann gekkst í fyrir því bankaláni sem lánveitandinn fékk og endurlánaði honum (fyrirkomulag að kröfu bankans).

féllu þær því undir 3. mgr. 15. gr. samningsins. Þar sem kærandi var ekki skattlagður af þessum tekjum í Danmörku var ekki um neinn skatt að ræða til frádráttar hinni íslensku skattlagningu. Yfirskattanefnd taldi hina kærðu skattlagningu í fullu samræmi við íslenska löggjöf og fyrrnefndan tvísköttunarsamning og hafnaði kröfum kæranda. Hér var því ekki unnt á grundvelli meðalhófsreglunnar að velja þá leið sem gjaldandanum var hagnafelldari (hlutfallsaðferðina), enda skýrt tekið fram í tvísköttunarsamningnum hvenær hvor leiðin ætti við. Í þessum efnum hafði stjórnvaldið því ekkert val.

Í einum úrskurðanna (nr. 180/2002), hvar vísað er til þess að 12. gr. stjórn-sýslulaganna eigi ekki við þar sem einungis sé um að ræða úrlausn ágreiningsfna á grundvelli gildandi réttarreglna, er bætt við „**að öðru leyti en því að meðalhófsjónarmið kunna að orka á skýringu réttarreglna þar sem það á við.**“

Í þessu máli var deilt um hvaða söluhagnaðarákvæði ætti við. Um var að ræða sölu á bát og aflamarki sem kærandi fékk í arf en nýtti ekki til áframhaldandi atvinnurekstrar. Taldi hann að í slíkum tilvikum giltu reglur um söluhagnað eigna samkvæmt 7. tölul. C-liðar 7. gr. tsl. (fjármagnstekjur). Yfirskattanefnd taldi hins vegar að í skattalegu tilliti teldist kærandiinn vera í sömu stöðu og arfleifandinn hefði verið við sölu útgerðar sinnar í lifanda lífi, sbr. m.a. 47. gr. laga nr. 75/1981 [nú 44. gr. tsl.], sem gefi vísbendingu um þessa reglu. Söluhagnaðurinn væri því atvinnurekstrartekjur samkvæmt B-lið 7. gr. tsl.

Af þessum úrskurðum má sjá að meðalhófsreglan hefur ekki þýðingu við ákvörðun á því undir hvaða lagaákvæði málsatvik eru felld og á grundvelli hennar kemur ekki til álita að velja eigi það lagaákvæði sem kemur gjaldandanum betur gagnvart skattlagningu. Í þessum efnum gilda viðurkenndar lögskýringaraðferðir, þ.m.t. að haga skattlagningu í samræmi við raunveruleikaregluna og skattasniðgöngureglu 1. mgr. 57. gr. tsl. Ennfremur má hér nefna afmörkun þess hvað teljist atvinnurekstur og þar með hvar skilin séu á milli launatekna og atvinnurekstrartekna (tekjur skv. B-lið 7. gr. tsl.). Sama á við um afmörkun fjármagnstekna gagnvart öðrum tekjum og þá hvenær þær

falli undir launatekjur eða gjafir, sbr. 2. mgr. 11. gr. tsl. Þá sýnist meðalhófsreglan heldur ekki hafa þýðingu við afmörkun á því hvað falli undir rekstrarútgjöld skv. 31. gr. tsl. eða hina ýmsu frádráttarliði frá tekjuskattsstofni. Hún hefur hins vegar þýðingu þegar áætla þarf fjárhæðir í þessum tilvikum. Miðað við orðalag í úrskurði yfirskattanefndar nr. 180/2002 geta þó meðalhófsjónarmið orkað á skýringu réttarreglna þar sem það á við. Greinarhöfundur rakst þó ekki á dæmi þess í þeim úrskurðum sem skoðaðir voru.

4. Í lokin skal nefna að í meðalhófsreglunni felst að ekki skuli afla frekari gagna og upplýsinga hjá gjaldanda en nauðsyn ber til í þágu viðkomandi máls. Þannig verður að vera fullt tilefni fyrir gagna- og upplýsingaöfluninni. Það taldist þó ekki fara í bága við meðalhófsregluna þótt leitað hafi verið skýringa á smávægilegum atriðum, sbr. úrskurð yfirskattanefndar nr. 502/2002. Sömuleiðis ber að fara eins vægilega í öflun gagna frá þriðja aðila eins og kostur er. Meðalhófsregluna verður þannig að hafa í huga við framkvæmd rannsóknarreglunnar en það breytir að sjálfsgöðu ekki því að gera ber **allt sem nauðsynlegt er** til að mál sé fullnægjandi upplýst áður en til ákvörðunar kemur.

## III

### Aðrar ákvarðanir ríkisskattstjóra

Í þessum kafla verður meðalhófsreglan skoðuð með tilliti til nokkurra ákvarðana ríkisskattstjóra annarra en þeirra sem fjallað er um hér að framan, þar með aðkomu hans í undanfara ákvarðana um rekstrarstöðvun og kyrrsetningu eigna. Er hér um að ræða; a) sektir samkvæmt 1. og 3. mgr. 120. gr. og 1. mgr. 94. gr. a. ársreikningalaga nr. 3/2006 (ársrl.), b) stöðvun atvinnurekstrar skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda (staðgreiðslulög), 3. og 5. mgr. 28. gr. virðisaukaskattslaga nr. 50/1988 (vskl.) og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 165/2011, um fjársýsluskatt, c) niðurfellingu skattaðila af virðisaukaskattsskrá

skv. 27. gr. A. vskl., d) kyrrsetningu eigna sem heimiluð er í nokkrum ákvæðum skattalöggjafarinnar.

Um er að ræða valkvæð og að hluta til matskennd úrræði nema hvað 1. mgr. 120. gr. ársreikningalaganna kveður á um skyldubundna hlutlæga sektarálagningu. Önnur áðurnefnd úrræði eru ekki skyldubundin (sjá þó 3. mgr. 120. gr. ársrl. þegar sektarskilyrði eru uppfyllt) heldur heimil við tilteknar aðstæður. Má því ætla að meðalhófsreglan hafi þýðingu þegar skoðað er hvort þeim verði beitt og þá hvernig standa þurfi að málum (lögbundinn undirbúningur).

Eins og fram hefur komið ber að horfa til meðalhófsreglunnar við val úrræða þegar kostur er á fleiri en einu og ber þá að velja vægasta úrræðið sem að gagni getur komið. Í reglunni felst og að hóf verður að vera í beitingu þess úrræðis sem valið er, og ekki eigi að ganga lengra en nauðsyn ber til. Þegar stjórnvald ákveður hvernig beita eigi því úrræði sem valið hefur verið er því skylt að meta í samhengi þá andstæðu hagsmuni sem vegast á í málinu og fara meðalveg á milli þeirra.<sup>15</sup> Þegar aðeins er einu úrræði til að dreifa þarf þó í öllu falli að fullnægja lögbundnum undirbúningi áður en í aðgerðir er ráðist. Hver sá undirbúningur á að vera kemur ýmist fram í viðeigandi lagaákvæðum eða byggir alfarið á stjórn-sýslulögunum.

### A. Sektir

Stjórnvöldum er stundum veitt lagaheimild til þess að ákveða mönnum og lögaðilum sektir vegna tiltekinna brota. Oft er þá lögfestur ákveðinn sektarammi og stjórnvöldum falið að ákvarða sekt innan hans á grundvelli eðlis brotsins og annarra málefnalegra sjónarmiða. Við ákvörðun sektar reynir þá á meðalhófsregluna með svipuðum hætti og við refsíákvörðun í opinberum málum, það er að eðlilegt samræmi verður að vera á milli eðlis og grófleika brots annars vegar og þyngdar þeirra viðurlaga sem ákvörðuð eru hins vegar.<sup>16</sup>

Eins og að framan greinir eru sektir samkvæmt 1. mgr. 120. gr. ársreikningalaganna skyldubundnar. Mælikvarðinn fyrir sekt er hlutrænn, þ.e. ársreikningum ekki skilað fyrir lögbundinn tíma og er

<sup>15</sup> Páll Hreinsson. *Stjórn-sýslulögin – skýringarrit*. Reykjavík 1994, bls. 154.

<sup>16</sup> Páll Hreinsson: „Meðalhófsregla stjórn-sýslulaga“. Lögberg. Rit Lagastofnunar Háskóla Íslands. Reykjavík 2003, bls. 522.

sektin alfarið bundin við tiltekna fjárhæð, 600.000 kr. Samkvæmt 2. mgr. skal svo lækka sektina um 90% verði ársreikningnum skilað innan 30 daga frá sektar tilkynningu, um 60% ef skilað er innan tveggja mánaða og um 40% ef skilað er innan þriggja mánaða. Tæpast reynir því hér á meðalhófsreglu stjórnslu- laganna.<sup>17</sup> Svo gæti vírst sem málið horfi öðruvísi við um sektir samkvæmt 3. mgr. 120. gr., sem leggja skal á ef ársreikningar eða samstæðureikningar eru ekki rétt gerðir samkvæmt ársreikningalögnum. Hvenær sektarskilyrði eru uppfyllt í þessu efni er þannig ekki jafn klippt og skorið eins og í 1. mgr. Í ljósi meðalhófsreglunnar er því ósennilegt að við sektarákvarðanir verði farið mjög strangt í sakirnar við mat á því hvað ekki teljist vera rétt gerðir árs- eða samstæðureikningar. Hins vegar er ljóst að þegar niðurstaða ársreikningaskrár verður sú að þeir séu það ekki, og áskorun um úrbætur hefur ekki borið árangur, ber henni skylda til að beita sektarákvæðinu, þ.e. sekt að fjárhæð 600.000 kr. sem sam- kvæmt 4. mgr. tekur sömu lækkunum og sektir á grundvelli 1. mgr. Hafa ber í huga að samkvæmt 6. mgr. ákvæðisins verður stjórnvaldssektum beitt óháð því

veggar kærannlegar til yfirséttanefndar. Í úrskurði yfirséttanefndar nr. 132/2019 reyndi á sektarákvörðun samkvæmt þeirri málsgrein. Þar hafði kærandinn ekki fallist á að láta endurskoða árs- reikning sinn fyrir reikningsárið 1. mars 2016 til 28. febrúar 2017. Taldi hann árs- reikningaskrá ganga hart fram í málinu í ljósi þess að hann hefði skilað inn endur- skoðuðum ársreikningi fyrir næsta reikn- ingsár á eftir. Hann sé ekki í aðstöðu til þess nú að bæta úr þessu nema með tals- verðum kostnaði, sé það á annað borð mögulegt, og endurskoðun ársreikninga þurfi að vera ákveðin fyrirfram svo vel sé, en ekki eftir á. Sektarkvörðunin sé því mjög íþyngjandi. Bendir hann í fyrsta lagi á að sektin sé jafn há og ef félagið hefði engum ársreikningi skilað. Í öðru lagi séu viðmiðunarfrjárhæðir í 1. mgr. 98. gr. ársreikningalaganna of lágar. Í þriðja lagi hafi ársreikningur næsta reikningsárs verið endurskoðaður og í fjórða lagi sé afar íþyngjandi að krefjast endurskoðunar þessa eldri ársreiknings á haustmánuðum 2018, enda fylgi mikill kostnaður og áhætta endurskoðunar- vinnu sem gerð sé eftir á. Í niðurstöðu yfirséttanefndar segir:

á innsendum ársreikningi félagsins fyrir greint tímabil, þrátt fyrir áskorun þar um, voru lagaskilyrði til beitingar sektar skv. 3. mgr. 120. gr. laga nr. 3/2006. Af hálfu kæranda hefur því einkum verið borið við að lögákveðin sektarfjárhæð og stærðarmörk séu ósanngjörn og að endurskoðun ársreiknings kæranda fyrir liðið tímabil muni reynast kæranda íþyngjandi og kostnaðarsöm. Þessar við- báruð kæranda þykja ekki geta leitt til niðurfellingar hinnar umdeildu sektar ársreikningaskrár. Með vísan til framan- ritaðs er kröfu kæranda um niðurfellingu sektar hafnað.<sup>18</sup>

Í 1. mgr. 94. gr. a. téðra laga segir:

„Ársreikningaskrá getur lagt dagsektir á eftirlitsskyld félög samkvæmt kafla þessum veiti þau ekki umbeðnar upp- lýsingar innan hæfilegs frests. Greiddast dagsektirnar þangað til umbeðnar upp- lýsingar hafa borist ársreikningaskrá. Dagsektirnar geta numið frá 10.000 kr. til 100.000 kr. á dag. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta er heimilt að taka tillit til fjárhagslegs styrkleika viðkomandi fé- lags og hvort um ítrekað brot er að ræða.“

Ljóst er að vegna jafnræðis þarf í fram- kvæmd að setja samræmdar reglur um beitingu þessarar sektarheimildar („getur lagt dagsektir á“) og gæta meðalhófs í því efni sem og við mat á aðstæðum hverju sinni.

## B. Stöðvun atvinnurekstrar

1. Í 3. mgr. 29. gr. staðgreiðslulaga nr. 45/1987 segir:

„Innheimtuaðili getur látið lögreglu stöðva atvinnurekstur launagreiðanda sem ekki gerir fullnægjandi skil á skilafé eða álagi skv. 28. gr. innan 15 daga talið frá eindaga eða frá úrskurði skattyfirvalda um vanskil og álag, með því m.a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útibú, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð. Jafn- framt er ríkisskattstjóra heimilt að láta lögreglu stöðva atvinnurekstur launagreiðanda sem hefur ekki sinnt skyldum sínum skv. 2. mgr. 15. gr. eða

”

Ljóst er að vegna jafnræðis þarf í framkvæmd að setja samræmdar reglur um beitingu þessarar sektarheimildar („getur lagt dagsektir á“) og gæta meðalhófs í því efni sem og við mat á aðstæðum hverju sinni

hvort lögbrotin eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Eins og segir í neðanmálsgrein 17 eru sektir skv. 1. mgr. 120. gr. ársreikninga- laga kærannlegar til æðra stjórnvalds (at- vinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins) á grundvelli 1. mgr. 26. gr. stjórnslu- laganna. Samkvæmt 5. mgr. téðrar 120. gr. eru sektir skv. 3. mgr. hennar hins

„Ekki er ágreiningur um það í málinu að kæranda hafi borið að láta endur- skoða ársreikning félagsins fyrir tíma- bilið 1. mars 2016 til 28. febrúar 2017 í samræmi við 1. mgr. 96. gr. laga nr. 3/2006 og standa skil á honum til árs- reikningaskrár til opinberrar birtingar, sbr. 1. mgr. 109. gr. laganna. Vegna vanrækslu kæranda á að gera úrbætur

<sup>17</sup> Sektir ríkisskattstjóra skv. 1. mgr. 120. gr. eru nú kærannlegar til æðra stjórn- valds (atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins) samkvæmt kærannheimild 1. mgr. 26. gr. stjórnslulaganna, en voru áður kærannlegar til yfirséttanefndar. Yfirséttanefnd hafði komist að þeirri niðurstöðu að lagaheimild skorti fyrir sektum á félög með takmarkaðri ábyrgð þegar þau höfðu enga atvinnustarfsemi með höndum. Úr því var bætt með lögum nr. 73/2016. Í kjölfar kæra heldur

áðurnefnt ráðuneyti áfram að fella niður sektir þegar svona háttar til. Er í því efni fyrst og fremst á því byggt að á hafi orðið veruleg lagabreyting (sem félögin hafa væntanlega ekki gætt sín á) auk þess sem nefnt er að misskilnings hafi þótt gæta um þá skyldu félaganna að skila þurfi ársreikningi bæði til ársreikninga- skrár og skattyfirvalda.

<sup>18</sup> Samskonar niðurstaða er í úrskurðum yfirséttanefndar nr. 99 og 133/2019.

1. mgr. 19. gr. Ekki skal beita þessu úrræði nema eftir ítrekuð tilmæli um úrbætur.“

2. Í 28. gr. virðisaukaskattslaganna segir:  
3. mgr.

„Innheimtumaður getur látið lögreglu stöðva atvinnurekstur þeirra aðila sem ekki gera fullnægjandi skil á skattinum, álagi skv. 27. gr. eða dráttarvöxtum skv. 1. mgr. þessarar greinar á tilskildum tíma með því m.a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð.“

5. mgr.

„Vanræki skattskyldur aðili að færa tilskilið bókhald samkvæmt ákvæðum VIII. kafla laga þessara eða nota tilskilið söluskráningarkerfi samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim eða ef söluskráningarkerfi er verulega áfátt skal ríkisskattstjóri eða skattrannsóknarstjóri ríkisins með ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt beina til hans fyrir-mælum um úrbætur. Ef fyrir-mælum þessum er ekki sinnt innan 15 daga getur skattrannsóknarstjóri ríkisins eða ríkisskattstjóri látið lögreglu stöðva atvinnurekstur viðkomandi á sama hátt og greinir í 3. mgr. þessarar greinar og þar til fullnægjandi úrbætur hafa verið gerðar. Sama gildir hafi skattaðili vanrækt tilkynningarskyldu skv. 5. gr., skilaskyldu skv. 24. gr. eða sætt áætlun virðisaukaskatts skv. 25. eða 26. gr. í tvö uppgjörstímabil eða fleiri á næstliðnum tveimur árum frá yfirstandandi uppgjörstímabili skv. 24. gr.“

3. Í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 165/2011, um fjársýsluskatt, segir:

„Um skil fjársýsluskatts á staðgreiðslu-ári að hluta eða öllu leyti, öflun upplýsinga, skatteftirlit, skattrannsóknir, kyrrsetningu og viðurlög skulu gilda ákvæði laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, eftir því sem við á, þó að frátöldu ákvæði 1. tölul. 2. mgr. 28. gr. um ákvörðun álags. Ákvæði þeirra laga skulu auk þess taka sérstaklega til áætlunar gjaldstofns, dráttarvaxta og innheimtu vanskilafjár, þ.m.t. lögtaksréttar, stöðvunar atvinnurekstrar, refsinga, opinberrar rannsóknar og fyrningar gjaldkröfu.“

Eins og áður hefur komið fram leiðir af meðalhófsreglunni að ætíð skal beita vægasta úrræði sem að gagni má koma til að ná fram því markmiði stjórnvalds sem að er stefnt. Þetta ber ekki síst að hafa í huga við jafn íþyngjandi þvingunar- aðgerð sem stöðvun atvinnurekstrar er. Af meðalhófsreglunni leiðir yfirleitt að almennt ber að áminna málsaðila fyrst og veita honum hæfilegan frest til að koma málum í lögmætt horf áður en gripið er til harkalegri úrræða, nema ljóst sé að aðila sé það ómögulegt eða um bráða hættu sé að ræða sem bregðast verður tafarlaust við.<sup>19</sup>

”

Engu að síður gilti um slíka innheimtu sú grundvallarregla stjórnarfarsréttar, að stjórnvöld verði að gæta hófs í vali og beitingu þeirra úrræða, sem þeim eru að lögum tiltæk í þágu starfs síns og markmiðs með því

Um framkvæmd rekstrarstöðvunar til innheimtu söluskatts (forvera virðisaukaskatts) er fjallað í álitni umboðsmanns Alþingis frá 28. ágúst 1990.<sup>20</sup> Í samantekt álitins á bls. 218-219 segir:

„Starfsstöð fyrirtækisins A var sett undir innsigli vegna söluskattsskuldar. A kvartaði yfir því, að það hefði verið beitt þvingunum með fyrirvaralausri lokun og því ekki gefist ráðrúm til að bregðast við fyrirætlunum innheimtumanna ríkissjóðs og fjármálaráðherra, áður en af þeim varð. Aðfarargerðir og uppboðsmál í framhaldi af því hefðu gefið A ástæðu til að ætla, að innheimtu yrði hagað með þeim hætti gagnvart því. Þá taldi A sig hafa sætt mismunun af hendi fjármálaráðherra, þar sem það hefði orðið að inna skattskuldina afhöndum í reiðufé en aðrir söluskattsskuldarar hefðu síðar fengið að leggja fram bankatryggingar. [...] Þá taldi umboðsmaður, að ekki yrði að því fundið, þótt beitt hefði verið saman lögtaki og stöðvun atvinnurekstrar við innheimtu á söluskattsskuld A.

**Engu að síður gilti um slíka innheimtu sú grundvallarregla stjórnarfarsréttar, að stjórnvöld verði að gæta hófs í vali og beitingu þeirra úrræða, sem þeim eru að lögum tiltæk í þágu starfs síns og markmiðs með því. Hefðu innheimtumenn ríkissjóðs ekki mátt ganga harðar fram í innheimtu en eftir öllum atvikum málsins var hóflegt miðað við þá hagsmuni, sem í húfi voru, þ.e. annars vegar hag fyrirtækisins og hins vegar nauðsyn á greiðum og öruggum skilum söluskatts.**

Áleit umboðsmaður, að ekki hefði verið sýnt fram á, að það hefði verið fyllilega réttmætt að stöðva atvinnurekstur A fyrirvaralaus og án nokkurs tækifæris til að firra stöðvun nema með greiðslu í reiðufé. Var þar höfð hliðsjón af því, að ekki var liðinn sá frestur, sem A hafði verið settur í framhaldi af lögtakinu til greiðslu skattskuldarinnar. [...]“

Sama mál fór síðan fyrir dómstóla til heimtu skaðabóta úr ríkissjóði. Í dómi Hæstaréttar í því máli frá 17. mars 1994, málsnúmer 136/1992, dómabindi 1994, bls. 576, segir:

„Sem fyrr segir, höfðu skattamál áfrýjanda verið til meðferðar hjá yfirvöldum á fjórða ár, þegar hér var komið sögu. Fyrir lá úrskurður frá ríkisskattanefnd, sem áfrýjandi taldi hafa ómerkt álagningu gjaldsins, en tollstjóri hafði gert honum ljóst, að innheimtu þess yrði fram haldið með viðeigandi úrræðum. Er ekki unnt að líta svo á, að stöðvun á atvinnurekstri hafi verið þar undan

<sup>19</sup> Páll Hreinsson: Stjórnsýsluréttur – Málsmeðferð. Reykjavík 2013, bls. 909.

<sup>20</sup> SUA 1990:218.

skilin, en hins vegar hafði áfrýjandi ástæðu til að ætla, að leitað yrði lögtaks til tryggingar skuldinni, og yrði honum gert viðvart, ef grípa ætti til frekari úrræða. Í þess stað fór svo [...] að lögreglan mætti í höfuðstöðvum áfrýjanda [...] og innsigliði húsakynni fyrirtækisins, án nokkurrar viðvörunar. Enginn var á staðnum til að sinna greiðslu og ekki farið að opna banka.

Heimild 8. mgr. 12. gr. söluskattslaga til stöðvunar atvinnurekstrars var skýr og alkunn. Eðlilegt er, að beiting hennar styðjist við jafnræðisreglu öðru fremur. **Sú grundvallarregla stjórnarfarsréttar á einnig við um innheimtu af þessu tagi, að stjórnvöld þurfi að gæta hófs í vali milli úrræða, sem þeim eru tiltæk, og velja hið vægasta úrræði, sem að gagni kemur. Ber þeim og að taka mið af hagsmunum, sem í húfi eru, þ.e. annars vegar stöðu gjaldanda og hins vegar nauðsyn á greiðum og öruggum skattskilum. Um stöðvun atvinnurekstrar er þess almennt að vænta, að hún hafi í för með sér verulega röskun fyrir aðilann, sem í hlut á.**

Í máli þessu hefur ekki verið gerð sérstök grein fyrir því, hvernig innheimtu á söluskatti hafi almennt verið hagað í Reykjavík eða annars staðar á þeim tíma, sem sölugjald áfrýjanda var til meðferðar hjá stjórnvöldum [...]. Eins og málið liggur fyrir, verður að telja, að staða áfrýjanda sumarið 1989 hafi verið sérstök í mikilvægum efnium. Um var að ræða ákvörðun skattyfirvalda á gamalli skattskuld og önnur gjöld, sem á höfðu verið lögð af sama tilefni, voru til meðferðar fyrir dómstólum. Áfrýjandi hafði staðið í skilum með áfallandi söluskatt allt frá árinu 1985. Eins og samskiptum aðila hafði verið háttað, mátti hann vænta þess að fá tilkynningu um lokun samkvæmt lagaheimildinni, ef ákveðið yrði að beita henni. Eftirfarandi greiðsla áfrýjanda sýndi, að hann var gjaldfær og hefði getað varist lokuninni, hefði honum verið gefið tækifæri til þess.

Samkvæmt þessu verður að telja, að við stöðvun atvinnurekstrar áfrýjanda hafi ekki verið beitt réttum aðferðum.

Á hann rétt á bótum fyrir tjón, sem telja má, að af því hafi hlotist. Fjárhæð bótanna verður þó að takmarkast af því, að hann bauð ekki fram greiðslu, þegar er kostur var. Þykja bætturnar að álitum hæfilega metnar 900.000 krónur, er greiðist með vöxtum, svo sem á er kveðið í dómorði.“

Þau sjónarmið meðalhófs sem fram koma í ofangreindu álitum umboðsmanns Alþingis og dómi Hæstaréttar eiga án vafa við um þær rekstrarstöðvunarheimildir sem nú er að finna í skattalöggjöfinni. Samkvæmt þeim ákvæðum verður að gefa kost á úrbótum áður en til stöðvunar kemur og ljóst er að ekki verður farið fram á rekstrarstöðvun nema aðila sé áður gert aðvart um að til standi að beita þessu úrræði. Væntanlega nægir að þetta komi fram í þeim bréfum sem mæla fyrir um þær úrbætur sem viðkomandi þarf að ráðast í.<sup>21</sup> Með hliðsjón af 1. másl. 5. mgr. 28. gr. vskl. verður rekstrarstöðvun ekki beitt vegna minniháttar bókhaldsannmarka og varðandi söluskráningarkerfið kemur einungis til stöðvunar sé því „verulega áfátt“.

Í lokamálið 5. mgr. 28. gr. vskl. er heimild til rekstrarstöðvunar við sömu aðstæður og heimilt er að fella aðila af virðisaukaskattsskrá skv. 27. gr. A. þeirra laga (áætlun virðisaukaskatts skv. 25. eða 26. gr. laganna í tvö uppgjörstímabil eða lengur). Með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsýslulaganna er eðlilegt að fyrst verði gripið til þess úrræðis sem felst í 27. gr. A., sbr. umfjöllun um þá lagagrein í lið C. hér á eftir. Haldi viðkomandi hins vegar starfseminni áfram þrátt fyrir afskráningu skapast grundvöllur til að fara fram á rekstrarstöðvun.

Að lokum er að nefna 13. gr. nýsamþykktara laga nr. 150/2019, um innheimtu opinberra skatta og gjalda hvar segir:

„Þar sem lög kveða á um getur innheimtumaður ríkissjóðs látið lögreglu stöðva atvinnurekstur hjá þeim aðilum sem ekki gera fullnægjandi skil á sköttum og gjöldum, m.a. með innsigli á starfsstöðvar, skrifstofur, vörur og atvinnutæki. Gjaldanda skal tilkynnt um fyrirhugaða stöðvun atvinnurekstrar og gefinn sjö daga frestur frá dagsetningu tilkynningar til að greiða kröfu eða gera greiðsluáætlun.“

## C. Niðurfelling af virðisaukaskattsskrá samkvæmt 1. mgr. 27. gr. A. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt

1. mgr. 27. gr. A. hljóðar svo:

„Hafi skattaðili sætt áætlun virðisaukaskatts skv. 25. eða 26. gr. samfellt í tvö uppgjörstímabil eða lengur er ríkisskattstjóra heimilt að fella hann af virðisaukaskattsskrá.“

Í athugasemdum við 9. gr. þess frumvarps er varð að lögum nr. 163/2010, er þetta ákvæði kom inn í virðisaukaskattslögin, segir:

„Ef skattaðili stendur ekki skil á virðisaukaskattsskýrslu og virðisaukaskatti hefur ríkisskattstjóri nú einungis það úrræði að áætla virðisaukaskatt á viðkomandi aðila. Reynslan hefur sýnt að það úrræði eitt og sér kemur ekki í veg fyrir að þessir aðilar stundi áfram rekstur og gefi út reikninga sem viðskiptavinir þeirra leggja til grundvallar innskatti í bókhaldi sínu eða til grundvallar endurgreiðslu skv. 42. gr.“<sup>22</sup>

Þrátt fyrir þetta þvingunarúrræði er reyndin ekki sú að allir sem þannig eru afskráðir hætti starfsemi sinni. Þeim sem halda henni áfram og innheimta virðisaukaskatt í þeim viðskiptum ber að skila honum í ríkissjóð án frádráttar í formi innskatts skv. 3. og 4. mgr. 15. gr. vskl. Þeim sem eiga viðskipti við slíka aðila er einnig óheimilt að draga virðisaukaskattinn frá sem innskatt, sbr. 1. mgr. 16. gr. vskl. eða leggja til grundvallar endurgreiðslu skv. 42. og 43. gr. sömu laga. Verði leiðréttingu hins vegar við komið gagnvart kaupanda fellur skilaskyldan niður. Þegar starfsemin heldur áfram þrátt fyrir afskráningu má ætla að forsendur skapist til að fara fram á rekstrarstöðvun, sbr. umfjöllun í B. lið hér að framan.

Hér er um heimildarákvæði að ræða. Því þarf að gæta jafnræðis við afmörkun þess hvenær eigi að öllu jöfnu að beita því sem og að gæta meðalhófs þegar kemur að ákvörðun í hverju tilviki fyrir sig. Í áliti meirihluta efnahags- og skattanefndar um frumvarp að lögum nr. 163/2010 segir:

„Nefndin telur efni heimildarákvæðis 2. gr. frumvarpsins skýrt. Engu að síður veiti ákvæðið ríkisskattstjóra svigrúm

<sup>21</sup> Ekki er þó loka fyrir það skotið að niðurstaðan verði sú að ætíð þurfi sérstaka tilkynningu um fyrirhugaða rekstrarstöðvun sem þá kæmi í framhaldi af svörum eða svarleysi þess sem úrbóta er krafist hjá.

<sup>22</sup> 139. löggjafarþing 2010-2011, þingskjal 227, 208. mál.



til mats þurfi hann að taka ákvörðun um að synja aðila um skráningu á virðisaukaskattsskrá. Nefndin bendir á að þrátt fyrir framangreint svigrúm hefur ríkisskattstjóri ekki fullt frelsi til að draga þá þætti sem honum hugnast inn í mat sitt enda sé hann bundinn af lágmarksreglum stjórnýslulaga og meginreglum stjórnýsluréttar auk málsmeðferðarreglna virðisaukaskattslaga. Af þeim sökum þurfi hann m.a. að gæta jafnræðis við slíka ákvæðanatöku ásamt því að tryggja að meðalhófsreglu sé fylgt.<sup>23</sup>

Áður en til afskráningar kemur þarf því að gera viðkomandi bréflega aðvart um að til standi að fella hann af skrá og veita honum frest (í framkvæmd 15 dagar) til skýrsluskila fyrir hin áætluðu tímabil. Telji gjaldandi sig þurfa lengri tíma<sup>24</sup> ber, m.a. með hliðsjón af meðalhófsreglunni, að veita hæfilegt svigrúm til skilanna áður en til afskráningar kemur. Þó viðkomandi eigi þess kost að komast aftur á skrá með því að uppfylla skilyrði 2. mgr. 27. gr. A. um full greiðsluskil eða greiðslutryggingar (skilyrðislaus sjálfsábyrgð banka) á það ekki að vera því til fyrirstöðu að veita eigi hæfilegan viðbótarfrest miðað við þær ástæður sem tefja skýrsluskilin.

Lagaheimildin um afskráningu miðast alfarið við vanskil virðisaukaskattsskýrslna. Því má spyrja hvort eðlilegt sé að grípa til afskráningar þegar áætlaður skattur vegna vöntunar á skýrslu hefur verið greiddur. Á þá ekki fremur að skoða hvort skilyrði séu til enduráætlunar, sbr. 3. mgr. 26. gr. vskl., eða láta við óbreytt ástand sitja?

## D. Kyrrsetning eigna

Kyrrsetning er bráðabirgðaaðgerð til að tryggja fullnustu peningakröfu, sem ekki er unnt að fá fjárnám fyrir á þeim tímapunkti sem kyrrsetning fer fram.<sup>25</sup> Tilgangur hennar er að tryggja að hin kyrrsetta eign verði til staðar þegar fjárnám fer fram eftir að kröfuhafi hefur fengið aðfararheimild fyrir kröfu sinni.<sup>26</sup>

Í skattalöggjöfinni hafa verið ýmis ákvæði sem heimila kyrrsetningu fjár-

muna. Í 6. mgr. 113. gr. tsl. sagði að til tryggingar greiðslu væntanlegrar skattkröfu, fésektar og sakarkostnaðar í málum er sæta rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins sé heimilt að krefjast kyrrsetningar hjá skattaðila og öðrum þeim er rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi skv. 109. gr. beinist að, ef hætta er á að eignum verði ella skotið undan, þær glatist eða rýrni að mun, enda megi ætla að meint refsiverð háttsemi varði við 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.



Lagaheimildin um afskráningu miðast alfarið við vanskil virðisaukaskattsskýrslna. Því má spyrja hvort eðlilegt sé að grípa til afskráningar þegar áætlaður skattur vegna vöntunar á skýrslu hefur verið greiddur. Á þá ekki fremur að skoða hvort skilyrði séu til enduráætlunar, sbr. 3. mgr. 26. gr. vskl., eða láta við óbreytt ástand sitja?

Með sama hætti var heimilt að krefjast kyrrsetningar hjá aðilum sem báru ábyrgð á skattgreiðslum skv. 116. gr. tsl.

Með lögum nr. 24/2011 var þrennum lögum breytt til að heimila kyrrsetningu eigna til tryggingar innheimtu skatta.<sup>27</sup> Í fyrsta lagi var um að ræða 31. gr. a. í lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, hvar sagði að til tryggingar greiðslu væntanlegrar kröfu um staðgreiðslu opinberra gjalda, fésektar og sakarkostnaðar í málum er sæta rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins sé heimilt að krefjast kyrrsetningar hjá gjaldanda og öðrum þeim sem rökstuddur grunur um refsiverða háttsemi skv. 30. gr. beinist að. Eins og í 6. mgr. 113. gr. tsl. var hér áskilið að hætta þætti á að eignum yrði ella skotið undan eða þær myndu glatast eða rýrna að mun, enda megi ætla að meint refsiverð háttsemi varði við 262. gr. almennra hegningarlaga. Í öðru lagi komu

sambærileg kyrrsetningarákvæði í 41. gr. a. vskl. og 20. gr. a. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Þessum kyrrsetningarákvæðum hefur nú verið steypit í eina lagagrein, þ.e. 14. gr. nýsettra laga nr. 150/2019, um innheimtu opinberra skatta og gjalda, sem tóku gildi 31. desember 2019. Samhliða urðu nokkrar breytingar sem ekki skipta beint máli varðandi efni þessarar ritsmíðar. Rétt er þó að nefna þrennt: Í fyrsta lagi er nú ótvírátt að kyrrsetja má eignir hjá aðilum

sem bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félags. Í öðru lagi er tekið fram að kyrrsetning er leyfileg allan þann tíma sem mál er til meðferðar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins, einnig eftir að formlegri skattrannsókn er lokið en athugun hans á refsipætti málsins ólokið. Í þriðja lagi er tilgreint hvað koma þurfi fram í kyrrsetningarkröfu skattrannsóknarstjóra til ríkisskattstjóra.

Ennfremur er að finna heimild til kyrrsetningar í 9. gr. laga nr. 165/2011, um fjársýsluskatt, og vísar hún um þá heimild til áður nefndra staðgreiðslulaga nr. 45/1987. Þessi kyrrsetningarheimild færðist ekki yfir í 14. gr. laga nr. 150/2019. Verður því annað hvort að breyta lagaákvæðinu vegna tilvísunar þess til staðgreiðslulaganna eða færa það yfir í 14. gr. innheimtulaganna.

Með lögum nr. 142/2018 færðist rekstur þessarar kyrrsetningarmála frá tollstjóra

<sup>23</sup> 139. löggjafarþing 2010-2011, þingskjal 581, 208. mál. Þó að hér sé fjallað um umsagnir um 2. gr. frumvarpsins um heimild til að synja vissum aðilum skráningar á virðisaukaskattsskrá [nú 6. mgr. 5. gr.] segir í álitinu að sambærilegar athugasemdir hafi að hluta til og verið gerðar við a-lið 9. gr. frumvarpsins [nú 1. mgr. 27. gr. A.] en bæði þessi lagaákvæði stefna að sama markmiði.

<sup>24</sup> Frágangur bókhalds; eigin veikindi eða veikindi þess sem annast bókhaldið og/eða skýrslugerðina.

<sup>25</sup> Markús Sigurbjörnsson: *Aðfarargerðir*. Reykjavík 1995, bls. 33.

<sup>26</sup> Alpt.1989-1990, A-deild, bls. 1727.

<sup>27</sup> Þessi lagasetning kom í kjölfar dóms *Hæstaréttar 21. júní 2010 í máli nr. 372/2010*. Þar féllst Hæstiréttur ekki á að þágildandi 5. mgr. 49. gr. vskl., sem kvað á um að þau atriði sem ekki eru sérstök ákvæði um í þeim lögum fari samkvæmt lögum um tekjuskatt eftir því sem við geti átt, teldist fullnægjandi lagaheimild til kyrrsetningar vegna ætlaðra brota á lögum um virðisaukaskatt.

til ríkisskattstjóra og á skattrannsóknarstjóri ríkisins að beina slíkum málum til hans. Um **framkvæmd og gildi** kyrrsetningar samkvæmt framangreindum lögum fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt, sbr. lög um kyrrsetningu, lögbann o.fl. nr. 31/1990 (ksl.), með þeim undantekningum að tryggingu þarf ekki að setja, mál þarf ekki að höfða til staðfestingar á kyrrsetningu og gjöld þarf ekki greiða fyrir ráðstafanirnar, sbr. nú 3. mgr. 14. gr. laga nr 150/2019.

Samkvæmt 5. gr. ksl. eru skilyrði kyrrsetningar þau að krafan sé lögvarin peningakrafa, henni verði ekki þá þegar fullnægt með aðför, hún sé til tryggingar og það muni draga mjög úr líkindum á fullnustu hennar eða hún verði verulega örðugri komi ekki til kyrrsetningar. Um þessi skilyrði er fjallað í grein Eiríks Elíasar Þorlákssonar: Kyrrsetning og skilyrði hennar í Tímariti lögfræðinga, 2.

”

Eins og fram er komið annast ríkisskattstjóri rekstur allra þeirra mála þar sem krafist er kyrrsetningar til tryggingar væntanlegrar skattkröfu. Sýnt er að honum ber að leitast við að fá eignir kyrrsettar telji hann minnsta vafa leika á því að eða verði hagsmunir ríkisins ekki nægilega tryggðir. Hans hlutverk er því að gæta hagsmuna ríkissjóðs en ekki að horfa sérstaklega til hagsmuna væntanlegs gjaldþola

hefti 2015, bls. 370-383. Í þeirri grein er hvergi vikið að þýðingu meðalhófsreglu stjórnsýslulaganna við skoðun á því hvort skilyrði til kyrrsetningar séu til staðar.

Í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, fimmtudaginn 16. maí 2019, í máli nr. K-2/2019, er komið inn á þýðingu þessara skilyrða gagnvart kyrrsetningarheimild 6. mgr. 113. gr. tsl. Í úrskurðinum segir: „Ákvæði 6. mgr. 113. gr. laga nr. 90/2003 er sérstök regla um kyrrsetningu sem heimilar yfirvöldum að krefjast kyrrsetningar eigna í afmörkuðum tilvikum að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Í samræmi við almennar lög-

skýringarreglur verður að líta svo á að ákvæðið sé sérregla sem gangi framur almennu kyrrsetningarheimildinni í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. Það rennir styrkari stoðum undir þessa ályktun að í lokamálslið 7. mgr. 113. gr. laga nr. 90/2003 er tekið fram að um „framkvæmd og gildi kyrrsetningar“ en ekki skilyrði kyrrsetningar fari sem um kyrrsetningu fjármuna almennt með þeim undantekningum sem þar greini. Því verður lítið svo á að sambærileg sjónarmið eigi við þegar kyrrsetning fer fram samkvæmt ákvæðinu og gilda þegar um kyrrsetningu ræðir samkvæmt 88. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, en þar er heimild til kyrrsetningar veitt til að tryggja greiðslu sektar, sakarkostnaðar eða upptöku ávinnings sem aflað hefur verið með broti, sbr. og 9. mgr. 113. gr. sem vísar til laga

það markmið að tryggja fjármuni til greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku ávinnings, sem aflað hefur verið með broti. Skilyrði kyrrsetningar samkvæmt ákvæðinu er að „hætta þykir á að eignum verði eða skotið undan eða þær glattist eða rýrni að mun.“ Eru skilyrði þessi eðlisólík skilyrðum fyrir kyrrsetningu samkvæmt 5. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. og verða þau ekki lögd að jöfnu eins og varnaraðili heldur fram. Ekki liggja fyrir haldbærar upplýsingar um fjárhag og aðrar eignir varnaraðila utan að til séu einhverjar peningainnstæður umfram þær sem kyrrsettar voru. Við mat á því hvort til staðar séu þau skilyrði sem ákvæði 1. mgr. 88. gr. laga nr. 88/2008 tilgreinir ber einkum að líta til eðlis peningaeigna, þess að unnt er að færa peninga af bankareikningum á skömmum tíma, þess að um mjög háar fjárhæðir er að ræða, þess að ekki er bent á að til séu aðrar eignir sem verið gætu til tryggingar til fullnustu sektar, sakarkostnaðar eða ávinnings og refsiramma hins ætlaða brots. Þykir því fullnægt skilyrðum ákvæðisins fyrir lög-mæti kyrrsetningargerðar sýslumannsins í Reykjavík 13. nóvember 2009 og verður hinn kærði úrskurður staðfestur.“

Í tilvísuðum dómi Hæstaréttar nr. 601/2013 segir:

„Við mat á því hvort þessi skilyrði séu fyrir hendi ber meðal annars að líta til þess hve há sú fjárhæð er sem krafist er til tryggingar greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku ávinnings og hvort bent hafi verið á að til séu aðrar eignir sem staðið gætu til fullnustu þessu þrennu, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 26. febrúar 2010 í máli nr. 73/2010.“

Í málinu liggur fyrir samandreginn ársreikningur varnaraðila vegna fjárhagsársins 2012. Samkvæmt efnahagsreikningi hans námu eignir varnaraðila 169.003.113 krónum í árslok 2012 og var bókfært eigið fé hans við sama tímamark 100.106.554 krónur. Samkvæmt ársreikningnum samstanda eignir varnaraðila einkum af varanlegum rekstrarfjármunum að fjárhæð 27.687.000 krónur, annars vegar fasteign og hins vegar lóð, og fjárfestingarverðbréfum að fjárhæð 92.174.234 krónur, auk þess sem eignarhlutir varnaraðila í dótturfélögum nema 47.101.238 krónum. Þessum upplýsingum um efnahag varnaraðila hefur ekki verið andmælt af hálfu sóknaraðila.

nr. 88/200[8]. Um þau sjónarmið sem þá gilda má vísa til dóma Hæstaréttar í máli nr. 601/2013 frá 17. september 2013 og í máli nr. 73/2010.“

Í úrskurði þessum segir að um skilyrði til kyrrsetningar skv. 113. gr. tsl. gildi sambærileg sjónarmið og um kyrrsetningu samkvæmt 88. gr. sakamálalaga nr. 88/2008. Er í því efni m.a. vísað til tveggja dóma Hæstaréttar. Í hinum fyrri (73/2010) segir:

„Kyrrsetning samkvæmt 88. gr. laga nr. 88/2008 er þvingunaraðgerð í þágu meðferðar sakamáls og hefur

*Að því gættu að kyrrsetning hjá varnaraðila tók til fjárhæðar sem er mjög óveruleg í ljósi eignastöðu hans verður ekki talið að fullnægt sé skilyrðum kyrrsetningar samkvæmt 1. mgr. 88. gr. laga nr. 88/2008. Verður því felld úr gildi ákvörðun sýslumanns um að kyrrsetja innstæðu á bankareikningi varnaraðila til tryggingar 6.000.000 krónum.“*

Eins og fram er komið annast ríkisskattstjóri rekstur allra þeirra mála þar sem krafist er kyrrsetningar til tryggingar væntanlegrar skattkröfu. Sýnt er að honum ber að leitast við að fá eignir kyrrsettar telji hann minnsta vafa leika á því að ella verði hagsmunir ríkisins ekki nægilega tryggðir. Hans hlutverk er því að gæta hagsmuna ríkissjóðs en ekki að horfa sérstaklega til hagsmuna væntanlegs gjaldþola. Meðalhófsregla 12. gr. stjórnarsýslulaganna kemur því tæpast til skoðunar hjá ríkisskattstjóra er hann metur hvort hann eigi að fara fram á kyrrsetningu. Í þessu samhengi má vísa í áðurnefndan úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur frá 16. maí 2019 hvar segir:

*„Málsástæðu sóknaraðila, sem byggð er á því að varnaraðili hafi ekki lagt sjálfstætt mat á það hvort ástæða væri til að krefjast kyrrsetningar en í staðinn byggt einvörðungu á sjónarmiðum skattrannsóknarstjóra, verður að telja haldlausa. Dómurinn telur það eðli máls samkvæmt að þegar varnaraðila berst beiðni sem þessi leggi hann mat á það hvort ástæða sé til að fylgja henni eftir, enda verður að telja ábyrgðina á tjóni sem gerðin gæti valdið sóknaraðila liggja hjá varnaraðila. **Ekki verður þannig séð að gerð verði krafa um að varnaraðili rökstyðji það sérstaklega að hann telji nauðsynlegt að óska eftir kyrrsetningu í samræmi við beiðni skattrannsóknarstjóra, ef hann þá ljóslega hefur fallist á að sú beiðni sé réttmæt.“***

Ennfremur má benda á eftirfarandi orðalag í dómi Hæstaréttar í framangreindu máli nr. 601/2013:

*„Sú krafa verður eðli máls samkvæmt ekki gerð í málum sem þessum að fyrir liggja ótvíræð sönnun um refsiverða háttsemi eða að meint ásetningsstig eða saknæmisstig þess er grunaður er um undanskot hafi hér þýðingu.“*

Hins vegar er ljóst að skilyrðum kyrrsetningar er ekki fullnægt ef verulegt bil er á milli efnahags (traustra eigna) gerðarpola og þeirrar greiðslu sem kyrrsetningin á að tryggja, sbr. áðurnefndan úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. K-2/2019. Sú niðurstaða leiðir þó fremur af áskilnaði/orðalagi viðkomandi lagaákvæðis en meðalhófsreglu stjórnsýslulaganna.

”

## Hins vegar er ljóst að skilyrðum kyrrsetningar er ekki fullnægt ef verulegt bil er á milli efnahags (traustra eigna) gerðarpola og þeirrar greiðslu sem kyrrsetningin á að tryggja, sbr. áðurnefndan úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. K-2/2019

### IV

#### Lokaorð


1. Í skattframkvæmd gætir meðalhófsreglu stjórnsýslulaganna aðallega við matskenndar ákvarðanir og þá einkum þær sem byggja á því að tilskildar upplýsingar, sem þýðingu hafa við ákvörðun skattstofna, hafa ekki fengist frá gjaldendum. Þessar ákvarðanir geta hvort heldur komið til af því að skattskýrslum hefur ekki verið skilað eða einhverju er ábótavant við innsendar skattskýrslur. Í úrskurðum í síðarnefnda tilvikinu er stundum sagt að byggt sé á **áætlun að álitum**.

Fram kemur í úrskurði yfirskaðanefndar nr. 180/2002 að meðalhófssjónarmið geti orkað á skýringu réttarreglna þar sem það eigi við. Ekki fundust þó dæmi þess í þeim úrskurðum sem skoðaðir voru. Samkvæmt þeim hafði meðalhófsreglan hvorki þýðingu við túlkun viðkomandi skattalagaákvæða né undir hvaða lagaákvæði málsatvik voru felld, t.d. söluhagnaðarákvæði, tilhlíðrunarákvæði tvísköttunarsamninga eða skiptingu tekna í flokka skv. 7. gr. tsl. (laun, verktakatekjur eða fjármagnstekjur). Ekki kemur þannig til álita að á grundvelli meðalhófsreglunnar eigi að velja það lagaákvæði sem kemur gjaldandanum best skattalega. Þá sýnist meðalhófsreglan ekki hafa þýðingu um

hvort beita eigi skattasniðgöngureglum. Ennfremur má ætla að meðalhófsreglan hafi hvorki þýðingu við afmörkun á því hvað teljist til rekstrarútgjalda skv. 31. gr. tsl. né hvað falli undir hina ýmsu frádráttarliði frá tekjuskattstofni. Hún hefur hins vegar þýðingu þegar áætla þarf fjárhæðir í þessum tilvikum. Að endingu má nefna að meðalhófsreglan virðist ekki hafa vægi við ákvörðun á

því hvort rétt sé að beita álagsheimild 2. mgr. 108. gr. tsl. á vantalda skattstofna, eða hversu langt aftur í tímann skuli endurákvörðun skatta og hún girðir ekki fyrir endurákvörðun skatta þó svo að aðrir skattþegnar (t.a.m. viðsemjendur þess sem endurákvörðun sætir) hafi ekki verið „leiðréttir“ til samræmis við þá endurákvörðun.

2. Um aðrar tilgreindar ákvarðanir, sem ekki lúta beint að skattálagningunni, er þetta að segja: Ljóst er að meðalhófsreglan hefur mikið vægi við ákvarðanir um hvort þvingunarúrræði eins og rekstrarstöðvun verði beitt. Þá má ætla að hún hafi þýðingu við ákvarðanir um niðurfellingu af virðisaukaskattsskrá skv. 27. gr. A. virðisaukaskattslaganna. Ennfremur hefur meðalhófsreglan þýðingu við ákvörðun dagsekta skv. 1. mgr. 94. gr. a. ársreikningalaganna og hugsanlega við mat sektarskilyrða samkvæmt 3. mgr. 120. gr. sömu laga. Hins vegar hefur hún tæplega áhrif við ákvörðun sekta skv. 1. mgr. sömu lagagreinar. Þá er ólíklegt að horfa þurfi til meðalhófsreglunnar þegar ríkisskattstjóri áformar að fara fram á kyrrsetningu eigna.



# Einföldun rekstrarumhverfis fyrir atvinnulífið

Nordic Smart Government er samstarfsverkefni um einföldun rekstrarumhverfis fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki á Norðurlöndunum. Þátttakendur koma frá fyrirtækjaskrá, skattfyrvöldum, hagstofum og fleiri aðilum á öllum Norðurlöndunum og er hvert land með eigið landsteymi. Ríkisskattstjóri stýrir vinnu íslenska landsteymisins sem skipað er fulltrúum frá ríkisskattstjóra, fjármála- og efnahagsráðuneytinu, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og Hagstofu Íslands.

## Meginmarkmið

Nordic Smart Government miðar að því að gera fyrirtækjum og stofnunum kleift að miðla/sækja viðskipta- og bókhaldsgögn á sjálfvirkan, snjallan og öruggan hátt í því sem næst rauntíma.

Hugmyndin er að gera viðskiptaferla við kaup og sölu á vöru og þjónustu sjálfvirka með aðstoð stafrænnar tækni þannig að upplýsingar í keðjunni frá birgjum til fyrirtækja og frá fyrirtækjum til viðskiptavina ferðist með stafrænum hætti, bæði í viðskiptum innanlands og á milli Norðurlandanna.

Gert er ráð fyrir að hvert fyrirtæki geymi sín viðskiptagögn í eigin viðskiptakerfum og deili þaðan upplýsingum með stjórnvöldum og öðrum

hagsmunaaðilum eftir því sem við á - t.a.m. bönkum, tryggingafélögum, endurskoðunarfyrirtækjum og öðrum þjónustuaðilum svo einhverjir séu nefndir. Hverju fyrirtæki verður í sjálfvald sett hvort og þá hvaða gögnum það deilir og með hverjum.

Til að raungera þessa sýn þurfa pantanir, reikningar og kvittanir fyrirtækja og stofnana að vera hvoru tveggja á stafrænu og stöðluðu formi. Stöðlun skiptir höfuðmáli því gögn á stöðluðu formi eru forsenda þess að hægt sé að vinna verk með stafrænum og helst sem mest sjálfvirkum hætti. Í slíkt henta hvorki gögn á PDF formi né á pappír.

Til að tryggja samhæfð viðmið fyrir gagnasendingar á milli landa er mikil-

vægur hluti Nordic Smart Government verkefnisins að skoða fyrirliggjandi og viðurkennda staðla.

## Ávinningur

Ávinningurinn af því að gera viðskiptagögn aðgengileg fyrirtækjum og stofnunum á sjálfvirkan, snjallan og öruggan hátt í rauntíma er mikill.

Niðurstaða rannsóknar sem Ernst & Young gerði fyrir Nordic Smart Government árið 2018 leiddi í ljós að fjárhagslegur ávinningur er áætlaður 25 milljarðar evra árlega fyrir fyrirtæki á öllum Norðurlöndunum og 56 milljarðar króna árlega fyrir íslensk fyrirtæki að innleiðingu lokinni, en gert er ráð fyrir að hún taki hátt í tíu ár.

Mestur er ávinningurinn í tengslum við fjárhags- og birgðastýringu því sjálfvirkni, til dæmis við bókhald og skýrslugerð, gerir fyrirtækjum kleift að nýta betur auðlindir sínar, ekki síst mannauðinn, til flóknari og meira gefandi verka en til að mynda innslátt. Þá styður aðgengi að uppfærðum viðskiptagögnum við nýsköpun á sviði stafrænnar þjónustu og auðveldar lánastofnunum sem og tryggingafélögum að vinna lánsþæfis- og áhættumat og fyrirtækjum þar með alla fjármögnun, einkum smærri fyrirtækjum. Þá má nefna ávinning á borð við eftirfarandi:

- Minnkar stjórnálag á lítil og meðalstór fyrirtæki.
- Dregur úr álagi vegna umsýslu og sparar tíma með sjálfvirku bókhaldi og skýrslugerð.
- Meira gagnsæi í opinberri stjórnálagi og viðskiptalífi sem eykur traust.
- Viðskipti milli Norðurlandanna verða einfaldari með samræmdum stöðlum og samkeppni virkari.
- Dregur úr pappírnotkun, umhverfisvænt.

## Verkefnisvinnan

Verkefnið er upprunnið hjá dönsku fyrirtækjaskránni árið 2016. Nú er unnið að þriðja áfanga þess sem áætlað er að ljúki í júní 2020. Þeim áfanga var formlega ýtt úr vör í Stokkhólmi 15. maí 2018 af viðskipta- og iðnaðarráðherrum Norðurlandanna. Meginafurðin verður leiðarvísir fyrir innleiðingu Nordic Smart Government.

Í norræna verkefnishópnum starfa nú 70 sérfræðingar frá 16 stofnunum og fyrirtækjum. Talsvert fjölgaði í norræna hópnum haustið 2019 sem er jákvætt því mönnun í þessu verkefni líkt og öðrum skiptir öllu máli.

Verkefnishópnum er skipt upp í smærri vinnuhópa en dagleg stjórnun er í höndum fulltrúa í verkefnisstjórn, verkefnastjóra og aðstoðarverkefnastjóra. Þátttakendur frá hverju landi skipa svokölluð landsteymi.

Nordic Smart Government er flókið verkefni. Það tók hópinn því tíma að öðlast skilning á verkefninu, skipta með sér verkum og að hefja vinnu við hina ýmsu verkþætti. Á ábyrgð vinnuhópa er meðal annars að:

- Skrifa meginreglur byggðar á þörfum notenda.
- Greina lagaumhverfi verkefnisins.
- Leggja til staðla og tækniarkitektúr, þ.e. uppdrætti og hönnun að mismunandi þáttum kerfa, fyrir miðlum viðskipta- og bókhaldsgagna.
- Greina ávinning örfyrirtækja og lítilla fyrirtækja af notkun staðlaðra gagna/rafrænna viðskiptaskjala, kortleggja notkun þeirra og leggja til aðgerðir sem stuðla að frekari útbreiðslu.
- Kortleggja kröfur sem gera þarf til viðskiptakerfa.
- Vinna nokkur raundæmi. Sem dæmi verður skoðað hvernig gera má skráningu virðisaukaskatts á reikninga sjálfvirka ef fyrirtæki og stofnanir nota rafræna reikninga.
- Útbúa kynningarefni og miðla upplýsingum til hagsmunaaðila innan og utan verkefnisins.

Kostnaðaráætlun fyrir þennan áfanga hljóðar upp á 57 milljónir norskra króna. Nordic Innovation fjármagnar hann til jafns við norrænu stofnanirnar sem taka þátt.

Þrátt fyrir fjarlægð milli aðila í verkefnisteyminu gengur verkefnisvinnan vel. Vinnuhóparnir hittast eftir þörfum en milli funda reiða þeir sig á fjarfundi og ýmsan hugbúnað í hópvinnumni. Öll samskipti fara fram á ensku.

## Samráð og samvinna

Landsteymi Nordic Smart Government gegna aðallega því hlutverki að hafa samráð við hagsmunaaðila í sínu heimalandi. Þau hafa sem dæmi staðið fyrir vinnufundum með fulltrúum fyrirtækja til að kortleggja dæmigert innkaupaferli og sölufæri ásamt þeirri bókhaldsvinnu sem tengist þessum ferlum. Sú vinna gaf verkefnishópnum góða innsýn í rekstrarumhverfi fyrirtækja og er meðal annars hagnýtt við greiningu á lagaumhverfinu. Þá hefur verið lögð áhersla á að funda með hugbúnaðarhúsum til að ræða kröfur til viðskiptakerfa framtíðarinnar.

Fundir landsteymisins hafa til þessa gengið vel og verkefnið fengið góðar undirtektir. Fjöldi aðila hefur sent jákvæða endurgjöf í framhaldi af fundum og boðið fram aðstoð sína. Fulltrúar ríkisskattstjóra og samstarfsstofnana í landsteyminu vilja nota tækifærið og þakka góða samvinnu.

LRB

Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á heimasíðunni:

<http://www.nordicsmartgovernment.org>



Norræni verkefnishópurinn var með þriggja daga vinnufund á Húsafelli í apríl 2019. Til að brjóta dagskrána upp, hlaða batteríin og þétta hópinn var farið í ferð á Langjökul til að skoða íshellinn.

# Álagning lögaðila 2019

**Undir lok september sl. lauk ríkisskattstjóri við að leggja gjöld á lögaðila vegna rekstrar ársins 2018. Það má segja að árið 2018 hafi verið mjög gott ár fyrir atvinnulífið og að hér hafi allt staðið með miklum blóma. Laun héldu áfram að hækka og hagnaður fyrirtækjanna var mikill. Það eru þó ýmis merki um að dregið hafi úr þeim mikla vexti sem hefur ríkt í landinu á undanförunum árum.**

## Lögaðilar á skrá

Árið 2018 voru 63.148 lögaðilar á skattgrunnskrá en þar af voru 45.821 tekjuskattskyld félög og 17.327 lögaðilar sem voru undanþegnir tekjuskatti. Opinberir aðilar, ríki, stofnanir ríkisins, sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir á vegum sveitarfélaga, félög, sjóðir og stofnanir sem ekki reka atvinnu, félaga- og líknarsamtök eru undanþegin tekjuskatti af hagnaði. Þau þurfa hins vegar að greiða tryggingagjald af launum starfsmanna sinna, ef

fjölgaði lögaðilum hins vegar um 2.342 en þar af voru 2.081 skattskyldur. Þetta var mesta fjölgun lögaðila á einu ári sem hafði sést frá hruni.

Langflest fyrirtæki á skrá eru einkahlutafélög en alls voru 39.638 slík félög á skrá árið 2018. Þeim fjölgaði nú um 1.169 frá árinu áður. Hlutafélög á skrá voru 736 en þeim fækkaði um 27 á milli ára. Með tilkomu einkahlutafélaganna hefur hlutafélögum fækkað frá ári til árs. Þau voru 8.257 árið 1994.

”

Árið 2016 fjölgaði lögaðilum hins vegar um 2.342 en þar af voru 2.081 skattskyldir. Þetta var þá mesta fjölgun lögaðila á einu ári sem hafði sést frá hruni

einhverjir eru, sem er ástæðan fyrir því að ríki og sveitarfélög eru iðulega meðal stærstu skattgreiðenda í landinu á hverju ári. Þá eru fyrirtæki sem hafa það að markmiði sínu að verja hagnaði af rekstrinum einungis til almannaheilla einnig undanþegin tekjuskatti líkt og líknarfélög. Fyrir nokkrum árum voru húsfélög sett inn á skattgrunnskrá en þá fjölgaði óskattskyldum lögaðilum mikið á milli ára.

Lögaðilum á skattgrunnskrá fjölgaði um 1.717 frá álagningu 2018 en þar af fjölgaði tekjuskattskyldum lögaðilum um 1.383 og öðrum lögaðilum um 334. Tekjuskattskyldum lögaðilum fjölgaði meira en árið 2017 en þá fjölgaði þeim um 1.312 og öðrum lögaðilum um 265. Árið 2016

Nú voru 14.854 almenn félagasamtök sem ekki eru skráð í firmaskrá. Þeim fjölgaði um 300 á milli ára og eru slík félög almennt ekki tekjuskattskyld.

## Flest fyrirtæki

Vaxtarsprotar atvinnulífisins leynast víða og mismunandi hvar menn reyna fyrir sér. Flestir þeirra lögaðila sem reknir voru í hagnaðarskyni voru skráðir í atvinnugreinina *leiga atvinnuhúsnæðis*. Í greininni voru 3.942 félög á skrá árið 2018. Í greininni *starfsemi eignarhaldsfélaga* voru 3.333 félög á skrá og í greininni *bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis* voru 2.864 félög á skrá. Í *viðskiptaráðgjöf og annarri*

*rekstraráðgjöf* voru 1.376 félög á skrá og loks voru 1.139 félög á skrá í greininni *blönduð heildverslun*. Í þessum fimm greinum eru því samtals 12.654 félög skráð eða um 27,6% skattskyldra félaga. Í greinunum *útgerð smábáta*, *veitingastaðir* og *hugbúnaðargerð* voru svo 1.041, 978, og 801 félög á skrá. Í þessum greinum starfar fjöldi dæmigerðra einstaklingsfyrirtækja, trillukarla og verktaka, en á hinn bóginn er um að ræða leigufélög og eignarhaldsfélög sem hafa verið stofnuð utan um ýmiss konar eignarhald á fasteignum og fjármálaumsýslu.

## Mest fjölgun

Fyrirtækjum fjölgaði mest í þeim greinum þar sem flest fyrirtæki voru fyrir. Þetta er þó ekki algilt. Fyrirtækjum í atvinnugreininni *bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis* fjölgaði um 110. Í atvinnugreininni *kaup og sala á eigin fasteignum* fjölgaði um 83 en þarna voru 741 fyrirtæki skráð. Þá fjölgaði um 72 fyrirtæki í greininni *önnur ótalin sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi* og um 68 fyrirtæki í greininni *önnur ótalin fjármálaþjónusta, þó ekki vátryggingafélög og lífeyris-sjóðir* en í greininni voru 479 fyrirtæki. Í greininni *önnur bókunarþjónusta og önnur starfsemi tengd ferðaþjónustu* fjölgaði fyrirtækjum um 62 en þar voru 659 fyrirtæki skráð. Nokkuð hefur dregið úr fjölgun fyrirtækja í þessari atvinnugrein en árið 2017 fjölgaði um 100 í greininni. Það hefur verið mikill uppgangur í þessum atvinnugreinum undanfarin ár en nokkuð hefur þó dregið úr vexti og færri ný fyrirtæki stofnuð en undanfarin ár. Sérstaklega meðal ferðaskipuleggjenda, í hugbúnaðargerð og blandaðri heildverslun sem hafa vaxið ört á undanförunum árum.

Á hinn bóginn fækkaði eignarhaldsfélögum um 14. Í *útgerð fiskiskipa* og í *útgerð smábáta* fækkaði um 11 og níu en í greinunum störfuðu 297 fyrirtæki annars vegar og 1.041 fyrirtæki hins vegar. Þá fækkaði *fataverslunum* einnig um níu og *söluturnum* um átta en í þessum greinum voru skráð 233 og 105 fyrirtæki.

## Þróun undanfarinna ára


Ekki verður séð að um neina afgerandi fjölgun fyrirtækja hafi verið að ræða árið 2018 sé horft til þróunar síðustu fjögurra ára þar á undan. Á síðustu fjórum árum hefur lögaðilum í atvinnugreininni **bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis** fjölgað um 581 eða 25,4%. Það hefur verið mikill uppgangur í byggingariðnaði á síðustu árum. Það er eðlismunur á fjárfestingu eftir því hvar menn bera niður. Fjárfesting í atvinnutækjum skapar yfirleitt tekjur um leið og tækin eru komin í gagnið. Nýsköpunarverkefni eru áhættusöm en kunna að skapa miklar tekjur í framtíðinni. Á hinn bóginn er uppgangur í byggingariðnaði yfirleitt tíma-bundið ástand og oft líður nokkur tími þangað til að fasteignir fara að skapa tekjur. Þegar framkvæmdum líkur er hætt við að menn sitji auðum höndum þangað til að eftirspurn eftir húsnæði tekur við sér að nýju. Fyrirtækjum sem stunda **leigu atvinnuhúsnæðis** fjölgaði um 536 eða 15,7% á þessum tíma. Þá fjölgaði fyrirtækjum sem stunda **kaup og sölu fasteigna** um 331 eða 80,7% á þessu tíma og fyrirtækjum í **annarri bóknarþjónustu og starfsemi tengdum ferðaþjónustu** um 304 sem var fjölgun um 85,6% á þessum tíma, en 659 félög voru skráð í greininni árið 2018.

## Áætlanir

Ef allt væri með felldu og eins og best yrði á kosið myndu allir á skattgrunnskrá skila rétt útfylltu skattframtali fyrir skilafrest. Stjórnendum fyrirtækja ber skylda til að standa skil á skattframtali á meðan fyrirtækið er skráð. Þrátt fyrir að lögaðilar fái lengri skilafrest en einstaklingar til að gera upp árið og skila skattframtali er ávallt nokkuð um að fyrirtæki skili ekki framtali á tilsettum tíma, seint eða alls ekki.

Það kunna að vera ýmsar ástæður fyrir slæmum skilum. Ekki er ólíklegt að flest þeirra fyrirtækja sem skila ekki skattframtali á réttum tíma hafi engan rekstur með höndum og séu í reynd lítið annað en kennitala á skrá. Menn átta sig ef til vill ekki á því að þeir þurfi að skila skattframtali undir slíkum kringumstæðum. Þetta er auðvitað misskilningur. Öllum skráðum aðilum á skattgrunnskrá ber að skila skattframtali fyrir lok framtalsfrest. Skattstofnar fyrirtækja sem ekki skila skattframtali eru áætlaðir af ríkisskattstjóra.

Sem fyrr segir voru 45.821 skattskyld félög á skattgrunnskrá en þar af áætlaði ríkisskattstjóri skattstofna á 8.268 félög eða 18,0% tekjuskattsskyldra félaga á



skattgrunnskrá. Skil framtala hafa aldrei verið betri. Áætlunum fækkaði um 343 á sama tíma og tekjuskattsskyldum félögum fjölgaði um 1.383 en hlutfall áætlana hefur lækkað hratt á undanförunum árum. Það var 30,3% árið 2012, 28,2% árið 2013, 28,3% árið 2014 og 26,9% árið 2015. Lækkunin hélt svo áfram árin 2016 og 2017 þegar hlutföllin voru 21,0% og 19,4%. Árið 2009 áætlaði ríkisskattstjóri skatta og gjöld 35,1% félaga. Vissulega voru aðstæður í þjóðfélaginu óvenjulegar árið 2009 en hlutfallið hefur lækkað um 48,7% frá þeim tíma.

## Flestar áætlanir

Það er athyglisvert að nokkur munur er á framtalsskilum hinna ýmsu atvinnugreina sem gæti gefið vísbendingu um ástæður lélegra skila. Eftir því sem auðveldara er að hefja rekstur er meiri hætta á ófullnægjandi framtalsskilum. Stundum krefst það mikilla fjárútláta, sérstakrar þekkingar á faginu, áralangrar þjálfunar og löggildingar að geta hafið störf í ákveðinni grein. Þá þurfa menn ekki aðeins að læra til verka heldur einnig á viðskipta- og rekstrarhlöðina, bókhald og sölu- og markaðsmál. Tengsl manna og viðskiptasambönd sem verða til á löngum

tíma geta ráðið úrslitum um það hvort að menn geti starfað innan greinarinnar og náð árangri. Í slíkum tilvikum má vænta betri framtalsskila.

Eins og við er að búast voru flest þeirra fyrirtækja sem voru áætluð í þeim atvinnugreinum þar sem flest fyrirtæki eru skráð. Í atvinnugreininni *bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis* voru 2.864 fyrirtæki skráð en þar af skiluðu 625 eða 21,8% ekki framtali fyrir skilafrest. Þá voru skattar 526 fyrirtækja eða 13,3% fyrirtækja í atvinnugreininni *leiga atvinnuhúsnæðis* áætluð. Í atvinnugreininni *starfsemi eignarhaldsfélaga* voru 492 fyrirtæki áætluð eða 14,8% fyrirtækja í greininni. Skattar 258 af 978 *veitingastöðum* voru áætlaðir sem var 25,8% fyrirtækja í greininni. Um 21,4% fyrirtækja í *blandaðri*

voru 58 fyrirtæki í greininni *veislubjónusta* en 19 þeirra eða 32,8% skiluðu ekki skattframtali fyrir framtalsfrest.

Ef menn skoða þær greinar sem voru með fleiri en hundrað félög skráð þá voru skil verst í greininni *heildverslun með fatnað og skófatnað* en þar voru 42 af 135 félögum áætluð. Ríkisskattstjóri áætlaði skatta 64 af 227 í greininni *bíla-sala* eða 28,2% félaganna. Í *frystingu fiskafurða, krabbadyra og lindýra* voru 164 fyrirtæki en 46 voru áætluð, og þá voru 29 af 105 *söluturnum* eða 27,6% söluturnanna áætlaðir.

### Bestu skattskilin

Það er ekki síður áhugavert að skoða hvar skattskil eru með besta móti. Ef menn einskorða sig aftur við þær at-

framtala. Þá vantaði tvö framtöl af 34 eða 5,9% í *æðardúnstekju*.

### Tekjuskattstofn

Tekjuskattur er lagður á hagnað fyrirtækja. Í grunninn er hagnaður fyrirtækja tekjur að frádregnum gjöldum en ýmsar sérreglur gilda þó um skattlagningu hagnaðar og því er yfirleitt aðeins lítill hluti heildartekna fyrirtækja skattlagður á hverju ári. Það koma ekki allar tekjur til skatts, t.d. greiða tiltekin fyrirtæki ekki skatt af fengnum arði. Þá er ekki allur hagnaður skattskyldur á því ári sem hann verður til. Stundum er leyfilegt að fresta tekjufærslu og þá má nýta tap fyrri ára á móti hagnaðinum. Reglur um afskriftir og gjaldfærslu í fyrirtækjum geta haft mikla þýðingu fyrir skattlagningu fyrirtækja, hvort sem menn líta á fyrirtækin sem hluta af fjárhag eigenda sinna eða sem sjálfstæða skattaaðila, sem þau eru. Málið er því flóknara en svo að hægt sé að segja að skattlagning fyrirtækja snúist aðeins um skatthlutfallið sem var óbreytt fyrir hlutafélög, eða 20%, en það hækkaði hins vegar úr 36% í 37,6% á sameignarfélög, samlagsfélög, þrotabú og dánarbú sem rekja má til hækkunar á fjármagnstekjuskatti úr 20% í 22%.

### Þróunin

Árið 2018 var skattskyldur hagnaður félaga í landinu 344,2 milljarðar. En þar af voru 52,9 milljarðar eða 15,4% byggðar á áætlunum, samanborið við 13,8% árið áður. Skattskyldur hagnaður minnkaði um tæpa 26,6 milljarða eða 7,2%, en þetta er annað árið í röð sem skattstofninn minnkar. Hann minnkaði um 39,3 milljarða eða 9,6% árið 2017 eftir að hafa aukist ár frá ári allt frá árinu 2012.

Skattstofn samkvæmt framtölum dróst saman um 28,5 milljarða, eða 8,9% á milli ára á sama tíma og áætlaðar tekjur voru tæpum 1,9 milljörðum eða 3,7% hærri en árið áður. Það er ekki gott að segja hversu nærri raunverulegum skattstofni áætlanirnar eru og hvernig stofninn muni þróast þegar fram líða stundir og lengra líður frá álagningunni.

Áætlanir aukast nú aftur eftir að hafa minnkað í hlutfalli við hagnað á undanförunum árum. Sem fyrr segir voru um 15,4% skattskylds hagnaðar byggðar á áætlunum í álagningu 2019, saman borið við 13,8% árið 2018 og 10,7% árið 2016.

Á skattstofninn voru lagðir 72,4 milljarðar en þar af voru tæpir 11,2 milljarðar

”

Reglur um afskriftir og gjaldfærslu í fyrirtækjum geta haft mikla þýðingu fyrir skattlagningu fyrirtækja, hvort sem menn líta á fyrirtækin sem hluta af fjárhag eigenda sinna eða sem sjálfstæða skattaaðila, sem þau eru

*heildverslun* voru áætluð. Í greininni voru 1.139 fyrirtæki og voru 244 þeirra áætluð. Um 25,9% áætlana voru á fyrirtæki í þessum fimm atvinnugreinum en 12.256 eða um 26,7% skattskyldra fyrirtækja voru í þessum greinum.

### Hæst hlutfall áætlana

Ef menn skoða þær greinar sem eru með 30 eða fleiri félög skráð þá var hæsta hlutfall áætlana í greininni *framleiðsla á gosdrykkjum, ölkelduvatni og öðru átöppuðu vatni* en 42,4% þeirra 33 fyrirtækja sem í greininni eru voru áætluð. Í greininni *einkarekin öryggisþjónusta* voru 12 fyrirtæki áætluð af 32 eða 37,5% fyrirtækjanna. Í greininni *nuddstofur, sólbaðsstofur, gufuböð o.þ.h.* voru 69 fyrirtæki skráð en 24 þeirra eða 34,8% höfðu ekki skilað framtali fyrir framtalsfrest. Í greininni *framleiðsla á öðrum trésmíðavörum til bygginga* voru 84 fyrirtæki skráð en 29 þeirra skiluðu ekki framtali eða 34,5%. Skattskil *bón- og þvottastöðva* voru lítið betri. Í þeirri atvinnugrein voru 62 fyrirtæki á skrá en skattar 21 eða 33,9% voru áætlaðir. Það

vinnugreinar sem eru með fleiri en 100 fyrirtæki skráð þá vantaði 15 af 211 eða 7,1% framtala frá fyrirtækjum í *blönduðum búskap*. Það vantaði 26 framtöl frá 324 *tannlæknum* en það er 8,0% framtala. Í greininni *heildverslun með aðrar ótaldar vélar og tæki* vantaði 10 framtöl af 108 sem gerir 9,3%. Í greininni *orlofsdvalarstaðir og annars konar gistiaðstaða* voru einnig 108 fyrirtæki á skattgrunnskrá en 11 þeirra eða 10,2% voru ekki búin að skila framtali fyrir skilafrest. Þá voru skil í greinunum *vélvinnsla málma* og *starfsemi sjúkraþjálfara* nokkuð góð en í fyrrnefndu greininni starfa 324 fyrirtæki en þar vantaði 34 framtöl eða 10,5% framtala en í þeirri síðarnefndu voru 149 fyrirtæki en 16 höfðu ekki skilað eða 10,7% fyrirtækjanna.

Í greininni *eldi og ræktun í ferskvatni* störfuðu 34 fyrirtæki en aðeins eitt þeirra hafði ekki skilað framtali. Þá vantaði aðeins eitt framtal af 77 frá *ökuskólum*, og fjögur af 75 frá fyrirtækjum í *skógrækt og annarri ótalinni starfsemi tengdri henni*. Þarna vantaði því 2,9%, 3,9% og 5,3%



byggðir á áætlun ríkisskattstjóra. Álagður tekjuskattur lækkaði um 5,3 milljarða eða 6,8% en þar af lækkaði tekjuskattur sem álagður var skv. framtali um 5,7 milljarða eða 8,5% en áætlaður tekjuskattur hækkaði hins vegar um 393 milljónir eða 3,6%. Tekjuskattur var lagður á 17.573 fyrirtæki eða 286 færri fyrirtæki en fyrir ári.

## Stærstu skattgreiðendurnir


Sem fyrr segir voru 45.821 tekjuskattskyld fyrirtæki á skattgrunnskrá í álagningu 2019 en þar af voru 28.248 eða 61,6% félaganna ekki með neinn tekjuskattstofn. Þetta er hærra hlutfall en fyrir ári en þá voru um 59,8% félaga ekki með tekjuskattstofn. Hluti þessara félaga hefur sjálfsgagt verið rekinn með hagnaði en einhver þeirra hafa átt yfirfæranlegt tap sem þau hafa getað nýtt á móti hagnaðinum. Hér er því ekki verið að fjalla um hagnað samkvæmt ársreikningi félaganna heldur aðeins þann hluta hagnaðarins sem myndar skattstofn þegar tekið hefur verið tillit til skattalegra leiðréttinga og yfirfæranlegs taps.

Þá er athyglisvert að af 17.573 fyrirtækjum sem voru með skattskyldan hagnað voru 4.904 með innan við eina milljón í hagnað en það voru 10,7% tekjuskattskyldra félaga. Þessi félög voru samanlagt með tvo milljarða í hagnað og greiddu 472 milljónir í tekjuskatt. 9.136 voru með 1-10 milljónir í tekjuskattstofn.


Önnur 1.600 félög voru með tíu til 20 milljónir í tekjuskattskyldar tekjur hvert og eitt en samanlagðar tekjur þeirra voru rúmur 22,1 milljarður. Þannig voru 95,8% félaganna með innan við 20 milljónir í tekjuskattstofn en samanlagt voru þessi félög með um 16,4% skattskyldra tekna fyrirtækja og greiddu skatt í samræmi við það.

Það voru ekki nema 368 félög, eða um 0,8% skattskyldra félaga, sem voru með meira en 100 milljónir í hagnað en þessi fyrirtæki voru með tæpa 224,4 milljarða í hagnað eða um 65,2% hagnaðar fyrirtækja. Þá voru 38 þessara fyrirtækja með meira en milljarð í hagnað. Samanlagður hagnaður þessara fyrirtækja var tæpir 142,5 milljarðar en það var 41,4% skattskylds hagnaðar.

Það voru níu fyrirtæki með meira en fjóra milljarða í tekjuskattstofn hvert og var samanlagður tekjuskattstofn þessara fyrirtækja um 87,8 milljarðar sem var um 25,5% tekjuskattstofns fyrirtækja. Þessi fyrirtæki munu því að öllum líkindum greiða um 18,3 milljarða í tekjuskatt.



Skattskyldur hagnaður lögaðila var um 344,2 milljarðar árið 2018. Hann minnkaði um 26,6 milljarða eða 7,2% að raungildi á milli ára. Þetta er annað árið í röð sem álagning lækkaði á milli ára. Áætlanir jukust um 1,9 milljarða á sama tíma og hagnaður skv. framtali minnkaði um 28,5 milljarða eða 8,9%. Um 15,4% hagnaðar fyrirtækja var byggður á áætlun saman borið við 13,8% í álagningu árið 2018. Upp úr aldamótum jókst skattskyldur hagnaður fyrirtækja mikið í kjölfar aukinna umsvifa fjármálaumsýslu og starfsemi tengdri henni. Hagnaður minnkaði mikið við fall bankanna, hann jókst síðan aftur í upphafi annars áratugarins en hefur nú aftur dregist nokkuð saman. Árið 2006 var hagnaður skv. skattframtölum lögaðila 311,7 milljarðar.




Árið 2019 voru lagðir tæpir 72,4 milljarðar á lögaðila í tekjuskatt sem var 5,3 milljörðum eða 6,8% minna en lagt var á árið 2018. Áætlaður tekjuskattur jókst um 393 milljónir eða 3,6% á sama tíma og tekjuskattur samkvæmt framtali minnkaði um 5,7 milljarða eða 8,5%. Meðalskattur á hagnað lögaðila árið 1992 var 39,7%. Skatturinn lækkaði í nokkrum skrefum á tíunda áratugi síðustu aldar og fyrsta áratugi þessarar og var kominn niður í 15,3% af hagnaði ársins 2008. Síðan hefur hann hækkað aftur og var 21,0% árið 2018. Tekjur af tekjuskatti jukust á þessum tíma úr tæpum 11,3 milljörðum árið 1992 í 78,6 milljarða árið 2007. Þær voru 38,6 milljarðar árið 2009 en þá var meðalskattfallið enn 15,4%. Þær hafa síðan aftur hækkað á sama tíma og skattfallið hefur hækkað. Tekjur af tekjuskatti lögaðila minnkuðu í fyrsta skipti frá hrúni í álagningu árið 2018 á tekjur ársins 2017.

Skattstofn 11.166 félaga hækkaði um samtals 108 milljarða á sama tíma og hagnaður 12.114 félaga minnkaði samtals um 134,6 milljarða. Hagnaður 25.574 félaga breyttist ekki en þar var iðulega um að ræða félög sem voru hvorugt árið með

skattskyldan hagnað en samtals voru 48.854 félög á skrá þessi tvö ár. Hér eru því talin með félög sem ýmist komu inn á skrá eða fóru út af skrá árið 2018.

Hagnaður tíu félaga jókst samtals um tæpa 17,1 milljarð sem þýðir að 15,8%

## Tekjuskattur



Rúmur helmingur tekjuskatts eða 53,9% álagðs tekjuskatts er borinn af fyrirtækjum í 15 atvinnugreinum. Um 14,4% tekjuskatts var lagður á önnur fjármálafyrirtæki sem er sú atvinnugrein sem mest er lagt á en í greininni voru 11 fyrirtæki. Þá greiða eignarhaldsfélög um 6,1% álagðs tekjuskatts en í greininni starfa 3.333 fyrirtæki eða um 7,3% fyrirtækja í landinu. Þá var um 5,2% tekjuskatts lögð á byggingariðnaðinn og 4,9% á heildverslun með lyf og lækningavörur. Í þessum greinum voru 2.864 og 60 skráð. Þá munu leigufélög og fyrirtæki sem annast frystingu fiskafurða greiða um 3,2% og 3,0% tekjuskatts.

Fá fyrirtæki greiða bróðurpart þess tekjuskatts sem lagður er á lögaðila. Árið 2019 voru 45.821 fyrirtæki á skattgrunnskrá. Þar af voru 28.248 ekki með tekjuskattsstofn eða 61,6% fyrirtækjanna. Þá voru 14.040 þeirra 17.573 fyrirtækja sem voru með skattstofn og greiða tekjuskatt með innan við tíu milljónir í skattskyldan hagnað en á þessi fyrirtæki voru lagðir 7,8 milljarðar í tekjuskatt sem var um 10,8% álagðs tekjuskatts fyrirtækja. Þá voru 3.165 fyrirtæki með 10 til 100 milljónir í hagnað en á þessi fyrirtæki voru lagðir 18,9 milljarðar sem var um 26,1% tekjuskatts og önnur 330 fyrirtæki voru með 100 milljónir til milljarð í hagnað en á þessi fyrirtæki voru lagðir 16,5 milljarðar í tekjuskatt. Þessi fyrirtæki munu að öllum líkindum greiða 22,8% tekjuskattsins. Loks voru 38 fyrirtæki með meira en milljarð í skattskyldan hagnað en þessi fyrirtæki munu greiða um 40,2% tekjuskatts fyrirtækja.

hækkunarinnar mátti þakka þessum tíu félögum og 7,9 milljarða til viðbótar voru vegna næstu tíu félaga en samtals stóðu 20 félög fyrir rúmunum 23,1% hækkunar á tekjuskattsstofni félaga árið 2018.

Á hinn bóginn minnkaði hagnaður tíu félaga um tæpa 34,5 milljarða sem var um 25,6% heildarlækkunar tekjuskattsstofnsins. Þá minnkaði hagnaður næstu tíu félaga samanlagt um 8,4 milljarða en um 31,9% lækkunar hagnaðar mátti rekja til þessara 20 félaga.

### Atvinnugreinar

Skattskyldur hagnaður einstakra fyrirtækja gefur nokkra mynd af stöðu fyrirtækisins og skattskyldur hagnaður fyrirtækja í einstökum greinum gefur nokkra mynd af stöðu greinarinnar. Árið 2018 var mestur hagnaður í atvinnugreininni **önnur fjármálafyrirtæki** en 11 fyrirtæki starfa í greininni. Tekjuskattur var

lagður á fimm fyrirtæki og voru þau með tæpan 52,1 milljarð í skattskyldan hagnað og munu því greiða um 10 milljarða í tekjuskatt til ríkisins af hagnaði ársins. Þannig voru 15,1% skattskylds hagnaðar fyrirtækja bundin við fimm fyrirtæki í þessari einu atvinnugrein.

Hagnaður fyrirtækja í greininni **starfsemi eignarhaldsfélaga** var um 22,3 milljarðar en 746 félög af 3.333 félögum sem skráð eru í greinina munu greiða tæpa 4,5 milljarða í tekjuskatt eða um 6,5% tekjuskatts félaga. Það er mikilvægt að hafa í huga að undir hatti eignarhaldsfélaga starfa oft rekstrarfélög en þá er eignarhaldsfélagið skattlagt þó að hagnaðurinn verði til í rekstrarfélaginu.

Þá var skattskyldur hagnaður 18,4 milljarðar hjá 1.190 fyrirtækjum í greininni **bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis** en alls voru 2.864 fyrirtæki skráð í greininni. Byggingariðnaðurinn mun

því greiða um 3,8 milljarða í tekjuskatt til ríkisins. Skattskyldur hagnaður var af 19 fyrirtækjum sem skráð eru í greinina **heildverslun með lyf og lækningavörur** en samanlagður hagnaður félaganna var tæpir 17,9 milljarðar sem er um 5,2% heildarhagnaðar en þessi félög munu að öllum líkindum greiða um 3,6 milljarða í tekjuskatt. Það vekur reyndar athygli að stór hluti hagnaðar í greininni byggir á áætlun ríkisskattstjóra. Það var 11,4 milljarða hagnaður í greininni **leiga atvinnuhúsnæðis**. Þarna voru 3.942 félög skráð en hagnaður var af starfsemi 1.271. Hagnaður í þessum fimm atvinnugreinum var tæpur 122,1 milljarður sem þýðir að um 35,5% hagnaðar fyrirtækja var í þessum fimm atvinnugreinum.

Tekjuskattsstofn í greininum **útgerð fiskiskipa** og **hitaveitum** jókst mest eða um 2,3 milljarða í hvorri grein. Þá jókst hagnaður í greininni **bygging íbúðar- og**

**atvinnuhúsnaðis** um tæpa 2,3 milljarða og um tæpa tvo milljarða í **þráðlausum fjarskiptum**. Tekjuskattsstofn í greininni **heildverslun með fast, fljótandi og loftkennt eldsneyti og skyldar vörur** var 1,9 milljörðum hærri árið 2018 en árið áður.

Á hinn bóginn lækkaði tekjuskattsstofn um 14,7 milljarða hjá **öðrum fjármála-fyrirtækjum** og rúma 6,4 milljarða hjá **álfyrirtækjum**. Tekjuskattsstofn í **starfsemi eignarhaldsfélaga** lækkaði um 6,3 milljarða og í **leigu atvinnuhúsnaðis** lækkaði stofninn um 2,9 milljarða. Þá er athyglisvert að skattskyldar tekjur **hótel- og gistheimila án veitingaþjónustu** minnkuðu um 1,5 milljarða.

### Hlutfall þeirra sem greiða skatt

Það er áhugavert og ef til vill til marks um mismunandi gengi fyrirtækja í hinum ýmsu atvinnugreinum að hlutfall þeirra sem greiða tekjuskatt er mjög mismunandi eftir greinum. Ef menn einskorða sig við þær greinar þar sem fleiri en 30 félög voru skráð þá sést að tekjuskattur var lagður á 110 eða 73,8% af þeim 149 fyrirtækjum sem voru skráð í greininni **starfsemi sjúkraþjálfara**. Þá var hagnaður af starfsemi 548 **sérfræðilækna** en 769 störfuðu í greininni. Um 71,3% fyrirtækjanna voru því með skattskyldan hagnað. Sömu sögu er að segja af **tannlæknum** en 230 af 324 eða 71,0% þeirra greiða tekjuskatt af hagnaði. Eins og gefur að skilja er tekjuskattur einnig lagður á áætlaðan hagnað fyrirtækjanna og því er ekki fullyrt hér að hagnaðurinn og álagningin séu skv. skattframtali. **Sálfræðingar og heilsugæsla og heimilislækningar** áttu einnig gott ár árið 2018 en 59 fyrirtæki **sálfræðinga** og 20 fyrirtækja í **heilsugæslu og heimilislækningum** voru með skattskyldan hagnað en 95 og 33 fyrirtæki störfuðu í þessum greinum sem þýðir að 62,1% og 60,6% fyrirtækja í þessum greinum greiddu tekjuskatt. Þessar fimm greinar byggja allar á sérfræðingum.

Það er athyglisvert að tekjuskattur var lagður á 34 eða 63,0% þeirra 54 fyrirtækja sem voru í greininni **bygging annarra ótalinna mannvirkja**. Í greininni **bygging íbúðar- og atvinnuhúsnaðis** var hins vegar ekki lagður tekjuskattur á nema 1.190 þeirra 2.864 eða 41,6% félaga í greininni.

Á hinn bóginn var ekki hagnaður af starfsemi nema níu þeirra 54 fyrirtækja sem störfuðu í greininni **framleiðsla rafmagns** og níu þeirra 53 fyrirtækja sem störfuðu í greininni **leiga á loft-**

**förum**. Hlutfall fyrirtækja sem lagt var á í greinunum var 16,7% og 17,0%. Þá var lagður tekjuskattur á níu fyrirtæki í **annarri ótalinni þjónustustarfsemi** og 31 fyrirtæki í greininni **aðrar rannsóknir og þróunarstarf í raunvísindum og verkfræði**. Hlutfall fyrirtækja sem greiða skatt í þessum greinum var 20,0% og 20,5%. Þá greiddu sjö fyrirtæki af 34 fyrirtækjum í **eldi og ræktun í ferskvatni** tekjuskatt.

### Laun og tryggingagjald

Tryggingagjald er lagt á allar tegundir launa og þóknana fyrir starf. Þá er einnig greitt tryggingagjald af mótframlagi launagreiðanda í lífeyrissjóð. Tryggingagjald, líkt og lífeyrissjóð, er hluti af því verði sem fyrirtæki greiða fyrir vinnu. Það má

”

Það er áhugavert og ef til vill til marks um mismunandi gengi fyrirtækja í hinum ýmsu atvinnugreinum að hlutfall þeirra sem greiða tekjuskatt er mjög mismunandi eftir greinum

búast við því að flestir launagreiðendur láti sér í léttu rúmi liggja hvernig þessi kostnaður skiptist á milli launþegans, ríkissjóðs, sveitarsjóðs, Tryggingastofnunar ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóðs, lífeyrissjóðs eða séreignarsjóðs og Íslandsstofu. Það sem skiptir launagreiðandann máli er hvað hann greiðir fyrir verkið sem hann vill láta vinna og hvers virði það er honum, það er vinnan sem verkamaðurinn innir af hendi.

Tryggingagjaldið og lífeyrisframlagið rennur ekki í vasa launamannsins og því er hann ef til vill ekki sérlega meðvitaður um hversu mikið eða lítið af launakostnaði fyrirtækisins eða heildargreiðslunni fyrir vinnuna rennur í vasa hans sjálfs. Framboð og eftirspurn eftir vinnu hlýtur að ráðast, að minnsta kosti að einhverju leyti, af heildarlaunakostnaði kaupandans, vinnuveitandans, annars vegar og því sem kemur í vasa þess sem selur vinnuna, launþegans hins vegar.


Tryggingagjald samanstendur af tveimur gjöldum, almennu tryggingagjaldi og atvinnutryggingagjaldi, en til viðbótar tryggingagjaldi er gjald í

ábyrgðasjóð vegna gjaldþrota og markaðsgjald lagt á tryggingagjaldsstofn en þessi gjöld eru talin með í álagningunni. Þá er greitt slysatryggingagjald vegna sjómannsstarfa. Tekjur af almennu tryggingagjaldi renna til Tryggingastofnunar ríkisins til að fjármagna lífeyris- og slysatryggingar almannatrygginga. Almennu tryggingagjald var 5,40% í staðgreiðslu árið 2018. Atvinnutryggingagjald var 1,35% en tekjur af atvinnutryggingagjaldi renna til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þá var gjald í Ábyrgðasjóð launa lagt á tryggingagjaldsstofninn en það var 0,05% af stofni. Ábyrgðasjóður launa ábyrgist greiðslu á kröfum um vangoldin laun, bætur vegna slita á ráðningarsamningi, orlof, bætur vegna vinnuslysa og lífeyrissjóðsiðgjöld í bú vinnuveitanda sem hefur


staðfestu og rekur starfsemi hér á landi. Loks var markaðsgjald, sem rennur til Íslandsstofu, lagt á tryggingagjaldsstofn en það er 0,05%. Þá greiðir útgerðin til viðbótar slysatryggingagjald vegna sjómannsstarfa sem er 0,65%. Gjaldið var óbreytt á milli ára.

### Þróun síðustu ára

Sem fyrr segir leggst tryggingagjald á öll laun í landinu. Tryggingagjaldsstofn lögaðila var 1.488,2 milljarðar árið 2018, en hann hefur aldrei verið jafnhár. Launagreiðslur lögaðila í landinu jukust um 77 milljarða eða 5,5% að raungildi á milli ára. Þetta er minni hækkun en á undanförunum árum. Stofninn hækkaði um 91,3 milljarða árið 2015, 124,1 milljarð árið 2016 og 110,4 milljarða árið 2017, sem var þá hækkun um 8,4%, 10,5% og 8,5% á þessum árum. Raunhækkun launagreiðslna upp á 77,1 milljarð eða 5,5% er engu að síður umtalsverð, sérstaklega í ljósi hækkunar síðustu ára. Frá árinu 2013 hefur tryggingagjaldsstofn hækkað um 460,1 milljarð eða 44,7%, sem hlýtur að teljast umtalsverð hækkun á fimm árum.



Tryggingagjald er lagt á allar tegundir launa og endurgjalds fyrir vinnu auk lífeyrisiðgjalds. Launagreiðslur lögaðila í landinu voru 1.488,1 milljarður árið 2018 sem var 77,1 milljörðum eða 5,5% meira að raungildi en greitt var árið áður. Frá miðjum tíunda áratuginum fram yfir aldamót var stöðugur og jafn vöxtur í landinu. Launagreiðslur jukust mikið á nokkrum árum í aðdraganda hrunsins. Raunvirði launa jókst um 364 milljarða eða 41,9% á fimm ára tímabili frá árinu 2002 til 2007. Frá árinu 2007 og fram til ársins 2010 rýrnaði raungildi launa aftur um 278,2 milljarða eða tæp 22,6% þegar atvinnu þvarr og virði gjaldmiðilsins rýrnaði. Á fimm ára tímabili frá árinu 2013 til 2018 jókst raungildi launagreiðslna í landinu um tæpa 460 milljarða eða 44,7%. Launagreiðslur hafa aldrei verið hærrí en árið 2018.



Árið 2019 var 102,1 milljarður lagðar á lögaðila í tryggingagjald sem var um 5,3 milljörðum eða 5,5% meira en lagt var á í fyrra. Tryggingagjald er lagt á tryggingagjaldsstofn. Tekjur af tryggingagjaldi þróast því eins og stofninn og gjaldið sjálft. Árin 2007 og 2008 var meðaltryggingagjald um 5,35% en gjaldið var hækkað í hruninu og árin 2010 og 2011 var meðaltryggingagjald 8,67%. Gjaldið hafði því hækkað um 62% á tveimur árum. Síðan hefur tryggingagjald lækkað aftur. Tryggingagjald af launum ársins 2017 var að jafnaði 6,86% saman borið við 7,10% árið áður. Gjaldið var óbreytt árið 2018. Meðalgjald á tryggingagjaldsstofn hefur því lækkað um 1,81% prósentustig eða 20,9% frá árinu 2011. Þrátt fyrir að gjaldið hafi lækkað um fimmtung hafa tekjur af gjaldinu hækkað um 18 milljarða eða rúman fimmtung.

fá fyrirtæki og stofnanir greiða bróðurpart launa landsmanna.

Sem fyrr segir voru 63.148 lögaðilar í landinu en þar af greiddu 22.130 eða 35,0% laun. Hin 41.018 greiddu engin laun. Af þeim 22.130 félögum sem greiddu laun greiddu 3.022 fyrirtæki og stofnanir innan við eina milljón í laun og voru samanlagðar launagreiðslur þeirra tæpir 1,4 milljarðar króna. Um 13,7% launagreiðenda greiddu því um 0,1% launa. Þá greiddu 13.582 þessara 22.130 launagreiðenda eða 61,4% launagreiðenda innan við tíu milljónir í laun og lífeyri. Þessi fyrirtæki greiddu samantlagt 48,2 milljarða eða 3,2% launa árið 2018, sem þýðir að 38,6% launagreiðenda greiddi meira en tíu milljónir í laun og lífeyri og að samantlagt hafi þeir greitt um 96,8% launa í landinu.

Það voru 1.684 fyrirtæki sem greiddu meira en hundrað milljónir í laun árið 2018 en samanlagðar launagreiðslur þessara fyrirtækja voru rúmum 1.224,4 milljarðar sem þýðir aftur að 7,6% launagreiðenda greiddu 82,3% launa í landinu en þar af greiddu 197 fyrirtæki og stofnanir meira en einn milljarð í laun og mótframlag í lífeyrissjóð. Samantlagt greiddu þessi fyrirtæki og stofnanir 832,2 milljarða í laun sem var 55,9% launagreiðslna í landinu. Ellefu þessara fyrirtækja og stofnanna sem hvert um sig greiddi meira en tíu milljarða í laun greiddu samantlagt 386,1 milljarð í laun og rúma 26,4 milljarða í tryggingagjald eða hátt í fjórðung eða 25,9% launa og tryggingagjalds í landinu.

### Skattskyld félög

Rétt er að hafa í huga að mörg fyrirtæki eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Það voru 45.821 tekjuskattsskyld félög á skattgrunnskrá árið 2019 en flest þeirra stunda atvinnustarfsemi í hagnaðarskyni. Árið 2018 greiddu 20.672 þessara 45.821 tekjuskattsskyldu félaga samantlagt 1.033,3 milljarða í laun og mótframlag í lífeyrissjóð. Þau greiddu því 69,4% launa í landinu. Um 30,6% launa eru því greidd af fyrirtækjum eða stofnunum sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni og því undanþegin tekjuskatti. Það er áhugavert að aðeins tæpur helmingur eða 45,1% tekjuskattsskyldra lögaðila skuli greiða laun en 93,4% launagreiðenda voru tekjuskattsskyld fyrirtæki.

Það er fyrst og fremst starfsemi þessara fyrirtækja og vinnuframlag stafsmanna þeirra sem stendur undir velferðinni í landinu og rekstri hins opinbera, ekki

Tryggingagjald er flatur skattur og því fylgja tekjurnar þróun stofnsins svo fremi að gjaldhlutfallinu sé ekki breytt. Á launagreiðslur ársins 2018 var lagður 102,1 milljarður í tryggingagjald sem var 5,3 milljörðum eða 5,5% meira en lagt var á launagreiðslur ársins áður.

### Stærstu launagreiðendurnir

Landshagur er kominn undir gengi fyrirtækjanna í landinu sem ráða starfsmenn í vinnu og greiða þeim laun. Nokkur stór fyrirtæki verða að teljast burðarásinn í íslensku atvinnulífi. Bróðurpartur tekna landsmanna eru laun og til þess að gera

síst launum starfsmanna ríkis og bæja. Þau skapa verðmæti, framleiða og greiða vexti og skatta. En skattarnir standa undir opinberum rekstri, framkvæmdum og þjónustu ríkis og sveitarfélaga sem stuðlar aftur að velferð landsmanna.

Flest fyrirtæki í landinu eru lítil en 2.859 fyrirtæki greiddu minna en eina milljón í laun hvert og voru heildarlaunagreiðslur þessara fyrirtækja rétt tæpir 1,3 milljarðar. Þannig greiða 13,8% þeirra skattskyldu fyrirtækja sem greiða laun samanlagt ekki nema 0,1% launanna. Þá greiddu 9.069 fyrirtæki eða rétt um 43,9% þeirra fyrirtækja sem greiða laun minna en fimm milljónir í laun. Þessi félög greiddu tæpa 18,8 milljarða í laun eða um 1,8% launanna. Á hinn bóginn greiddu 7.790 fyrirtæki meira en tíu milljónir í laun en samanlagt greiddu þessi fyrirtæki um 987,6 milljarða í laun sem þýðir að um 37,7% þeirra fyrirtækja sem greiddu laun greiddu um 95,6% launa.

Þá greiddu 1.472 fyrirtæki meira en hundrað milljónir í laun og voru samantlagðar launagreiðslur fyrirtækjanna 790,8 milljarðar en það var um 76,5% launagreiðslna í landinu. Þar af greiddu 155 fyrirtæki meira en milljarð í laun, samantlagt 455,7 milljarða sem var 44,1% þeirra launa sem voru greidd af skattskyldum fyrirtækjum.

Hátt í þriðjungur launa eða 29,7% var greiddur af 141 fyrirtæki sem hvert um sig greiddi einn til fimm milljarða í laun og voru heildarlaunagreiðslur þeirra um 306,6 milljarðar en önnur átta fyrirtæki greiddu fimm til tíu milljarða hvert en samantlagðar launagreiðslur þeirra voru tæpir 52 milljarðar sem var um 5,0% af launagreiðslum fyrirtækja. Sex fyrirtæki greiddu meira en tíu milljarða í laun en þessi sex fyrirtæki greiddu samantlagt 97,1 milljarð í launagreiðslur sem var um 9,4% launagreiðslna fyrirtækja. Tíu stærstu fyrirtækin greiddu samantlagt um 126,7 milljarða í laun eða um 12,3% launa á almennum markaði.

Tíu fyrirtæki og stofnanir sem mest greiða greiddu samantlagt um 374,5 milljarða í laun. Þegar þessir launagreiðendur eru skoðaðir nánar sést að Ríkissjóður Íslands er langstærsti launagreiðandinn með um 193,8 milljarða í tryggingagjaldsstofn eða um 13,0% launa og lífeyris í landinu. Stærstu sveitarfélögin eru einnig meðal þessara tíu, Reykjavík, Kópavogur og Akureyri en samantlagt greiddu opinberir aðilar í þessum hópi stærstu launagreiðendanna 277,4 milljarða í laun árið 2018 sem var um 18,6%

launagreiðslna í landinu. Þá skipa hálfopinberar fjármálastofnanir einnig sess meðal þeirra tíu stærstu sem og fyrirtæki í flutningastarfsemi.

### Atvinnugreinaskipting

Eins og gefur að skilja greiða fyrirtæki og stofnanir í atvinnugreininni *almenn stjórnsýsla og löggjöf* mest laun en í þessari grein er að finna ríki og sveitarfélög. Í greininni voru 166 fyrirtæki og stofnanir sem greiddu samantlagt um 357,3 milljarða í laun til starfsmanna og í lífeyrissjóði og tæpa 24,5 milljarða í tryggingagjald. Tæpur fjórðungur launa í landinu eða

2017 en þá jukust launagreiðslur um 5,8 milljarða sem var aukning um 21,1% frá árinu áður.

### Mest aukning

Þar sem fyrirtæki og stofnanir í greininni *almenn stjórnsýsla og löggjöf* greiða langmest í laun og tryggingagjald þarf ekki að koma á óvart að launagreiðslur jukust mest í þeirri grein. Þá jukust launagreiðslur í *farþegaflutningum með áætlunarflugi* um 10,6 milljarða eða 34,0%. Þá er athyglisvert að laun jukust um 5,8 milljarða eða 47,5% í greininni *önnur bókunarþjónusta og önnur starfsemi*

”

Hátt í þriðjungur launa eða 29,7% var greiddur af 141 fyrirtæki sem hvert um sig greiddi einn til fimm milljarða í laun og voru heildarlaunagreiðslur þeirra um 306,6 milljarðar en önnur átta fyrirtæki greiddu fimm til tíu milljarða hvert


24,0% voru greidd í þessari atvinnugrein. Launagreiðslur í greininni jukust um 16,9 milljarða eða 5,0% á milli á ára. *Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis* greiddi um 49,5 milljarða í laun en þar voru 2.899 fyrirtæki skráð. Launagreiðslur jukust um tæpa 5,2 milljarða eða um 11,6% á milli ára. Þá greiddu fyrirtæki í atvinnugreininni *farþegaflutningar með áætlunarflugi* um 41,8 milljarða í laun, sem var 10,6 milljörðum eða 34,0% meira en greitt var árið áður. *Frysting fiskafurða, krabbadýra og lindýra* greiddi um 41,1 milljarð í laun og tæpa 2,9 milljarða í tryggingagjald en í greininni voru 164 fyrirtæki skráð. Launagreiðslur jukust um 1,6 milljarða eða 3,9% á milli ára, sem er breyting frá árinu áður þegar þær minnkuðu um rúma tvo milljarða. Önnur fjármála fyrirtæki, þ. á m. bankarnir, greiddu tæpa 39 milljarða í launagreiðslur árið 2018, sem var 775 milljónum eða tveimur prósentum minna en árið áður. Af þessum launum voru greiddir tæpir 2,7 milljarðar í tryggingagjald. Þá greiddu 982 *veitingastaðir* samantlagt um 34 milljarða í laun og aðra 2,3 milljarða í tryggingagjald en greinin greiddi 731 milljón eða 2,2% meira í laun árið 2018 en árið 2017. Það var mikill uppgangur í þessari grein árið

*tengd ferðaþjónustu* árið 2018. Í greininni voru 663 fyrirtæki. Það hefur verið áhugavert að fylgjast með launagreiðslum í greininni. Þær voru 2,7 milljarðar árið 2014, 3,8 milljarðar árið 2015 og 7,5 milljarðar árið 2016. Þær jukust svo um 4,7 milljarða eða 62,7% árið 2017. Þær jukust síðan aftur um 47,5% árið 2018.

Launagreiðslur í greininni *bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis* jukust um tæpa 5,2 milljarða eða 11,6% en mikill uppgangur hefur verið í byggingariðnaði undanfarin ár þó eitthvað virðist hafa dregið úr miklum vexti greinarinnar sem hljóta að vera sett ákveðin takmörk. Laun í greininni jukust um tæpan 9,1 milljarð árið 2017 eða 25,7%. Þá jukust launagreiðslur í greininni *þráðlaus fjarskipti* um 2,2 milljarða sem var aukning um 24,0%. Það er einnig athyglisvert að launagreiðslur *heilsu- og líkamsræktarstöðva* jukust um 2,2 milljarða sem var aukning um 42,9%. Árið 2018 greiddu 111 *heilsu- og líkamsræktarstöðvar* 7,3 milljarða í laun.

Á hinn bóginn minnkuðu greiðslur í greininni *þjónustustarfsemi tengd flutningum með flugi* um rúma fjóra milljarða eða 16,9% en 48 fyrirtæki voru skráð í greininni og voru heildarlaunagreiðslur árið 2018 um 20,1 milljarður en hún

## Tryggingagjaldsstofn



Tryggingagjald er greitt af öllu endurgjaldi fyrir vinnu og þá skiptir ekki máli hvort að um fyrirtæki sem rekið er í hagnaðarskyni eða opinbera aðila og félagasamtök er að ræða. Helmingur launa í landinu var greiddur af stofnunum og fyrirtækjum sem skráð eru í 15 atvinnugreinar árið 2018. Ríki og sveitarfélög greiddu 357 milljarða eða 24,0% launa. Fyrirtæki í byggingariðnaði greiddu um 50 milljarða eða um 3,3% launa og fyrirtæki í farþegaflutningum með áætlunarflugi greiddu 42 milljarða sem var um 2,8% launa í landinu, að heita jafnmikið og fyrirtæki í frystingu fiskafurða, krabbadýra og lindýra. Önnur fjármálafyrirtæki greiddu 39 milljarða sem var um 2,6% launagreiðslna og þá greiddu veitingastaðir um 34 milljarða, um fimm milljörðum meira en útgerð fiskiskipa sem greiddi um 28 milljarða í laun. Hótel og gistiheimili með veitingaþjónustu greiddu 28 milljarða í laun. Þá greiddu fyrirtæki sem skráð eru í starfsemi verkfræðinga um 23 milljarða í laun. Þjónustustarfsemi tengd flutningum með flugi greiddi 20 milljarða í laun. Þessar tíu atvinnugreinar greiddu um 662 milljarða í laun sem var um 44,5% þeirra launa sem greidd voru í landinu af lögaðilum árið 2018.

Í álagningu árið 2019 voru 63.148 lögaðilar á skattgrunnskrá en þar af greiddu 41.018 eða 65,0% engin laun og því ekkert tryggingagjald af launum. Tryggingagjald var lagt á 22.130 lögaðila. Þá greiddu 3.022 lögaðilar eða 4,8% lögaðila á skrá minna en eina milljón í laun en samanlagt greiddu þessir lögaðilar 1,4 milljarða í laun sem var um 0,1% heildarlauna. Um 3,1% launa voru greidd af 10.560 fyrirtækjum sem greiddu eina til tíu milljónir í laun en um 16,7% lögaðila voru í þessum hópi. Um 86,5% lögaðila greiddu innan við tíu milljónir í laun en samanlagt greiddu þeir 3,2% launa. Á hinn bóginn greiddu 197 fyrirtæki og stofnanir meira en milljarð í laun. Samanlagðar launagreiðslur þessara fyrirtækja voru 832,2 milljarðar sem var um 55,9% launanna. Ellefu launagreiðendur greiddu meira en tíu milljarða í laun en þessir launagreiðendur greiddu samanlagt um 25,9% launa í landinu.

greiddi tæpa 1,4 milljarða í tryggingagjald. Launagreiðslur í **dagblaðaútgáfu** minnkuðu um 2,5 milljarða eða 45,2% en 21 fyrirtæki starfaði í greininni árið 2018. Launagreiðslur í **lyfjaframleiðslu** minnkuðu um tæpa 1,6 milljarða eða 27,3% og í **heildverslun með lyf og lækningarvörur** um rúma 1,4 milljarða sem var 15,5%. Í lyfjaframleiðslu voru 15 fyrirtæki en 61 í heildversluninni. Það vekur einnig athygli að launagreiðslur **ferðaskrifstofa** minnkuðu um 1,1 milljarð árið 2018 sem er 11,9%. Ferðaskrifstofum fjölgaði hins vegar um tíu, úr 243 í 253.

### Yfirfæranlegt tap

Innan hvers fyrirtækis er unnið að mörgum verkefnum. Einyrkinn selur ekki bara vinnu sína heldur þarf hann

einnig að færa bókhald og sjá um innkaup og ýmislegt annað snatt og útréttingar sem fylgja rekstrinum. Hann þarf alltaf að vera vakandi fyrir því hvort að hægt sé að minnka kostnað og auka tekjurnar þannig að hagnaður verði af starfseminni. Á að auglýsa og ráða fleira starfsfólki? Eða fjárfesta í hagkvæmari tækjum eða hugbúnaði til að auðvelda bókhald og birgðahald? Þannig þarf að leggja mat á hvort þau verkefni sem menn taka að sér skapi hagnað í fyrirtækinu. Hvert verkefni krefst yfirleitt nokkurra fjárútláta í fyrstu áður en að menn fara að sjá árangur starfsins og það fer að skapa tekjur og arð í rekstrinum. Í stóru fyrirtæki kunna að vera mörg verkefni í gangi í einu, sum skapa arð en önnur ekki. Verkefnin sem skapa

arð verða því undirstaða nýsköpunar og vaxtar innan fyrirtækisins. Fyrirtæki eru hins vegar oft stofnuð um eina hugmynd og eitt verkefni. Ef verkefnið stendur ekki undir sér verður tap af starfseminni.

Fyrirtæki eru oft rekin með tapi í nokkurn tíma áður en þau fara að skila hagnaði. Rekstraraðilum er heimilt að draga frá tekjum þann kostnað sem fellur til við að afla teknanna og halda þeim við. Fyrirtæki sem rekin eru í ágóðaskyni geta því flutt tap ársins, eða kostnað umfram tekjur, yfir til næsta árs, í allt að 10 ár, og nýtt það til að lækka skattstofn komandi ára. Yfirfæranlegt tap til næsta árs er því uppsafnað tap fyrri ára að viðbættu tapi ársins eða uppsafnað tap fyrri ára að frá-dregnum hagnaði ársins.

## Þróun yfirfæranlegs taps


Samanlagt yfirfæranlegt tap fyrirtækja sem skilað höfðu skattframtali fyrir álagningu 2019 var 2.099 milljarðar, sem var 20,7 milljörðum minna en árið áður. Tapið lækkaði því um eitt prósent á milli ára.

Þegar bankarnir féllu árið 2008 jókst tapið mikið og það hélt síðan áfram að aukast fram til ársins 2014 á meðan þrotabú föllnu bankanna voru óuppgerð og skiluðu skattframtali. Síðan hefur yfirfæranlegt tap lækkað ár frá ári. Það var 8.169 milljarðar árið 2014, 2.641,5 milljarðar árið 2015 og 2.326,5 milljarðar árið 2016. Það var svo 2.119,8 milljarðar árið 2017. Yfirfæranlegt tap er enn mun hærra en það var upp úr aldamótum.

## Mesta tapið

Sem fyrr segir er yfirfæranlegt tap fyrirtækja fyrst og fremst bundið við mjög skuldug fyrirtæki. Fyrirtæki sem framleiða vöru og þjónustu áttu lítið yfirfæranlegt tap og aðeins lítinn hluta tapsins sem sést af því að af þeim 45.821 félögum sem voru í tekjuskattskyldri starfsemi, og geta því nýtt tap á móti hagnaði komandi ára, voru 22.749 ekki með neitt tap eða 49,6% félaganna og 8.823 félög eða 19,3% félaganna áttu innan við milljón í yfirfæranlegu tapi. Samanlagt yfirfæranlegt tap þessara félaga var ekki nema tæpir 2,9 milljarðar sem var rúmlega 0,1% tapsins. Því voru 38,2% þeirra félaga sem áttu yfirfæranlegt tap með innan við milljón í tap hvert.

Þá áttu 18.120 félög, eða 78,5% félaganna, innan við tíu milljónir í yfirfæranlegt tap en þessi félög voru samanlagt með 38,5 milljarða í tap eða um 1,8% tapsins. 4.952 félög voru með meira en tíu milljónir í tap en heildartap þessara félaga var 2.060,5 milljarðar en þar af voru 847 félög með meira en 100 milljónir í tap. Þessi félög áttu tæpa 1.943,9 milljarða í tap en þar af voru 129 félög með meira en milljarð í tap og var heildartap þessara 129 félaga 1.744,7 milljarðar. Þannig voru 83,1% yfirfæranlegs taps bundið við 129 félög en af þessum félögum voru 33 félög sem hvert um sig átti meira en tíu milljarða í tap en samanlagt tap félaganna var tæpir 1.516,2 milljarðar. Níu þessara fyrirtækja áttu meira en fimmtíu milljarða í yfirfæranlegt tap. Samanlagt tap félaganna níu var tæpir 973,4 milljarðar sem var rétt um helmingur yfirfæranlegs taps félaga eða 46,4% tapsins. Þetta eru flest allt fjármálafyrirtæki, *eignarhaldsfélög* eða *önnur fjármálafyrirtæki*, fjárfestingarfyrirtæki sem fóru illa við fall bankanna á sínum tíma.



Yfirfæranlegt tap fyrirtækja í árslok árið 2018 var 2.099 milljarðar. Það lækkaði um 20,7 milljarða eða 1,0% á milli ára. Ríkisskattstjóri áætla ekki yfirfæranlegt tap fyrirtækja og því getur það hækkað nokkuð ef fyrirtæki skila framtali seint. Nokkur munur getur því verið á yfirfæranlegu tapi sé miðað við stöðu álagningar strax að lokinni álagningu í september eða þegar nokkuð er liðið frá framtalsfresti og fleiri framtöl hafa borist og önnur hafa verið leiðrétt. Þá er tapið að miklu leyti bundið við fáein fjármála- og fjárfestingafélög og því hefur það veruleg áhrif á yfirfæranlegt tap hafi eitt eða fleiri þessara fyrirtækja ekki skilað skattframtali á réttum tíma. Þetta er ástæðan fyrir mikilli lækkun taps árið 2013 en þegar upp var staðið hækkaði tapið um rúma 4.559 milljarða frá álagningarstöðunni. Yfirfæranlegt tap hefur hækkað um 187 milljarða frá álagningarstöðunni 2017 og tap ársins 2018 hefur þegar hækkað um fjóra milljarða.

## Atvinnugreinar

Mest yfirfæranlegt tap er í atvinnugreininni *starfsemi eignarhaldsfélaga*. Í greininni voru 2.192 fyrirtæki af 3.333 með yfirfæranlegt tap og var samanlagt tap félaganna 1.207,3 milljarðar. Þá áttu *önnur fjármálafyrirtæki* um 295,4 milljarða í yfirfæranlegu tapi en sex félög af 11 voru með tap. *Leiga atvinnuhúsnaðis* átti 101,5 milljarða í yfirfæranlegu tapi en 2.186 fyrirtæki af 3.942 voru með

var samanlagt tap í greininni um 25,7 milljarðar.

Um 57,5% yfirfæranlegs taps var vegna *starfsemi eignarhaldsfélaga*, 14,1% var vegna *annarra fjármálafyrirtækja*, 4,8% var vegna fyrirtækja í *leigu atvinnuhúsnaðis*. Þá var 2,1% tapsins hjá *lyffjaframleiðendum*. 1,2% voru hjá *byggingu íbúðar- og atvinnuhúsnaðis*. Samanlagt var því 79,8% tapsins hjá félögum í þessum fimm atvinnugreinum.

”

Sem fyrr segir minnkaði samanlagt yfirfæranlegt tap félaga um 20,7 milljarða árið 2018, mun minna en árið áður þegar tapið lækkaði um 206,9 milljarða

yfirfæranlegt tap í greininni. *Lyffjaframleiðsla* átti 44,9 milljarða í tap en þar voru 13 fyrirtæki með tap en 15 fyrirtæki voru skráð í greinina. Í greininni *bygging íbúðar- og atvinnuhúsnaðis* voru 1.313 fyrirtæki með yfirfæranlegt tap og

Sem fyrr segir minnkaði samanlagt yfirfæranlegt tap félaga um 20,7 milljarða árið 2018, mun minna en árið áður þegar tapið lækkaði um 206,9 milljarða. Tap *eignarhaldsfélaga* minnkaði um tæpa 50 milljarða eða 4,0% á milli ára. Tap

**annarra fjármálafrýrtækja** minnkaði um 15,6 milljarða eða 5,0% og tap **félaga í leigu á atvinnuhúsnæði** minnkaði um 13,5 milljarða eða 11,7%. Þá minnkaði tap frýrtækja sem sjá um **frýstingu fiskafurða, krabbadyra og lindýra** um 2,9 milljarða eða 36,7%. Tap frýrtækja sem sjá um **fjárskipti um streng** minnkaði einnig um 2,9 milljarða sem var 16,0% lækkun taps. Í greininni voru 36 frýrtækja. Yfirfæranlegt tap í þessum fimm atvinnugreinum minnkaði því um 84,8 milljarða.

Á hinn bóginn jókst tap í nokkrum atvinnugreinum. Yfirfæranlegt tap frýrtækja í **lyfjaframleiðslu** jókst um 36,9 milljarða eða 438,2%. Þá jókst tap um 18,1 milljarð eða 1.540,3% hjá **fjármögnunarleigum** og 3,7 milljarða eða 17,0% í **byggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis**. Þá jókst tapið einnig um tæpa 3,3 milljarða eða 61,1% hjá frýrtækjum sem reka **hótel og gistiheimili með veitingaþjónustu**. Tap frýrtækja í **smásölu á járn- og byggingarvöru í sérverslunum** jókst um 2,2 milljarða sem var aukning um 1.067,6%. Yfirfæranlegt tap í þessum fimm atvinnugreinum jókst um 63,9 milljarða.

Þegar þau 48.852 félög sem voru á skrá árin 2017 og 2018 eru skoðuð sést að tap 13.564 félaga minnkaði samtals um 283,7 milljarða en á móti jókst tap 14.266 félaga um 262,9 milljarða. Tap

21.022 félaga var óbreytt á milli ára en hér er yfirleitt um að ræða félög sem voru ekki með tap.

Tap tíu félaga minnkaði um rúma 102,5 milljarða en á móti jókst tap annarra tíu félaga um 121,5 milljarða. Breytingar á tapi eru því að miklu leyti bundnar við gengi ákveðinna félaga en eins og gefur að skilja er hér iðulega um fjárfestingarfélög að ræða.

Þegar þessi 48.852 félög eru skoðuð betur kemur í ljós að 44.387 félaganna voru á skrá 2017 en þar af voru 3.077 ekki á skrá ári síðar. Þá voru 45.775 félög á skrá árið 2018 en 4.465 þeirra voru ekki á skrá árið áður. Yfirfæranlegt tap félaga árið 2017 var 2.119,8 milljarðar en þar voru 41,5 milljarðar hjá félögum sem voru ekki á skrá árið 2018. Aftur á móti voru 49,5 af þessum 2.099 milljarða yfirfæranlega tapi, tap félaga sem ekki voru á skrá árið áður.

### Fjármagnstekjuskattur

Í venjulegum frýrtækjum sem rekin eru í hagnaðarskyni skiptast tekjur yfirleitt í rekstrartekjur af venjulegri starfsemi að frádregnum rekstrargjöldum sem stofnað er til við öflun tekna og á hinn bóginn eru svo fjármunatekjur og fjármagnsgjöld. Yfirleitt er ekki gerður greinamunur á því hvort að hagnaðurinn verður til vegna

rekstrarhlíðar eða fjármögnunarhlíðar frýrtækisins. Hagnaður vegna fjármögnunar er því skattskyldur eins og annar hagnaður frýrtækisins og því er lagður á hann 20% eða 37,6% tekjuskattur eftir atvikum.

Lögaðilar sem eru ekki reknir í hagnaðarskyni, ríki, sveitarfélög og félagasamtök eru undanþegin tekjuskatti af hagnaði en greiða fjármagnstekjuskatt af vöxtum, arði og söluhagnaði hlutabréfa eins og einstaklingar. Ríki, sveitarfélög og félagasamtök greiða því fjármagnstekjuskatt af fjármagnstekjum.

Í álagningu 2019 voru tæpir 1,8 milljarðar lagðir á lögaðila í fjármagnstekjuskatt sem var 185 milljónum eða 11,6% meira en var lagt á fyrir ári. Eins og gefur að skilja getur sala þessara lögaðila á hlutabréfum haft umtalsverð áhrif á fjármagnstekjur á hverju ári. Fjármagnstekjuskattur var lagður á 732 lögaðila, 25 fleiri en fyrir ári.

### Endurgreiðsla vegna rannsóknarkostnaðar

Frýrtækja sem uppfylla ákveðin skilyrði geta sótt um skattafrádrátt vegna nýsköpunar og þróunarverkefna. Frádrátturinn er 20% af styrkhæfum kostnaði en hámarks kostnaður er 300 milljónir kr. vegna gjaldfærðs kostnaðar en 450 milljónir ef um er að ræða aðkeypta rannsóknar- og þróunarvinnu. Skatta-

## Opinber gjöld lögaðila 2014 til 2019

Álagningarár	Álagning						Breyting		Fjöldi						Breyting	
	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2018-2019		2014	2015	2016	2017	2018	2019	2018-2019	
Tekjuskattur	61.484	70.034	75.008	85.032	77.709	72.392	-5.318	-6,8%	16.332	17.405	18.418	17.940	17.820	17.534	-286	-1,6%
Fjármagnstekjuskattur	1.687	1.582	1.468	1.991	1.591	1.776	185	11,6%	583	605	643	690	707	732	25	3,5%
Búnaðargjald	234	242	270	247	0	0	0	0,0%	651	690	716	717	0	0	0	0,0%
Jöfnunargjald alþjónustu	50	51	51	50	48	46	-2	-4,0%	52	59	58	52	61	47	-14	-23,0%
Útvarpsgjald	742	704	659	697	721	735	14	1,9%	34.547	35.995	37.331	39.247	40.640	41.976	1.336	3,3%
Sérstakur skattur á fjármálafrýrtækja	38.792	36.972	9.375	9.239	9.798	10.625	827	8,4%	9	11	4	4	4	4	0	0,0%
Fjársluskattur	3.848	3.180	3.112	3.124	3.324	3.276	-48	-1,4%	143	152	145	146	147	127	-20	-13,6%
Sérstakur fjársluskattur	14.415	6.617	7.320	3.840	3.783	2.780	-1.002	-26,5%	9	10	8	6	8	7	-1	-12,5%
Tryggingagjald*	79.291	82.520	88.340	92.412	96.832	102.124	5.293	5,5%	17.559	17.919	18.720	20.289	21.423	22.119	696	3,2%
Endurgreiðsla vegna rannsóknarkostnaðar	1.108	1.117	1.257	2.227	2.203	2.969	766	34,7%	93	94	98	114	119	136	17	14,3%
<b>Samtals</b>	<b>200.543</b>	<b>201.902</b>	<b>185.604</b>	<b>196.631</b>	<b>193.806</b>	<b>193.754</b>	<b>-52</b>	<b>0,0%</b>								
<b>Fjöldi gjaldskyldra félaga</b>									<b>38.773</b>	<b>39.813</b>	<b>41.045</b>	<b>43.126</b>	<b>44.438</b>	<b>45.821</b>	<b>1.383</b>	<b>3,1%</b>

\* Markaðsgjald og iðgjald slysatryggingar sjómanna eru hér talin með í tölum um tryggingagjald.


Fjárhæðir í milljónum á föstu verðlagi í árslok 2018.




## Yfirfæranlegt tap

Starfsemi eignarhaldsfélaga	1.207,3
Önnur fjármálafyrirtæki	295,4
Leiga atvinnuhúsnæðis	101,5
Lyfjaframleiðsla	44,9
Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis	25,7
Leiga íbúðarhúsnæðis	21,2
Fjármögnunarleiga	19,3
Framleiðsla á gosdrykkjum, ölkelduvatni og öðru átöppuðu vatni	18,9
Rannsóknir og þróunarstarf í líftækni	18,9
Álframleiðsla	15,9
Fjarskipti um streng	15,3
Hugbúnaðargerð	13,1
Aðrar rannsóknir og þróunarstarf í raunvísindum og verkfræði	11,2
Önnur ótalin fjármálabjónusta, þó ekki váttryggingafélög og lífeyrissjóðir	10,4
Kaup og sala á eigin fasteignum	9,9

Fjöldi með yfirfæranlegt tap



Yfirfæranlegt tap



■ Núll    ■ 0-1    ■ 1-10    ■ 10-100  
■ 100-1 ma.kr.    ■ 1-10 ma.kr.    ■ 10-100 ma.kr.    ■ >100 ma.kr.

Eins og gefur að skilja er yfirfæranlegt tap fyrirtækja að miklu leyti bundið við fyrirtæki í fjármála- og fjárfestingastarfsemi. Eignarhaldsfélög áttu 1.207 milljarða í yfirfæranlegt tap, sem var um 57,5% yfirfæranlegs taps félaga. Þá áttu önnur fjármálafyrirtæki, en bankastarfsemi fellur undir þessa atvinnugrein, 295,4 milljarða í yfirfæranlegt tap en það var 14,1% tapsins. Um 71,6% yfirfæranlegs taps fyrirtækja var í þessum tveimur atvinnugreinum. Þá áttu fyrirtæki sem stunda leigu atvinnuhúsnæðis um 102 milljarða í yfirfæranlegt tap og fyrirtæki sem starfa í lyfjaframleiðslu áttu um 45 milljarða sem var um 2,1% taps félaga. Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis átti tæpa 26 milljarða og leiga íbúðarhúsnæðis 21 milljarð. Fjármögnunarleiga átti 19,3 milljarða í tap og framleiðsla á gosdrykkjum tæpa 19 milljarða. Rannsóknir og þróunarstarf í líftækni og álframleiðsla áttu 19 og 16 milljarða hvor. Um 84,3% yfirfæranlegs taps félaga var í þessum tíu atvinnugreinum.

Bróðurpart yfirfæranlegs taps fyrirtækja má rekja til nokkurra alþjóðlegra fjármála- og fjárfestingafyrirtækja. Árið 2018 áttu 23.072 tekjuskattsskyld félög 45.821 yfirfæranlegt tap eða 50,4% félaganna. Þá áttu 8.823 félög minna en eina milljón í tap en það eru um 19,3% fyrirtækjanna. Þessi fyrirtæki áttu 2,9 milljarða í tap eða 0,1% tapsins. Önnur 9.297 félög eða 20,3% félaganna áttu eina til tíu milljónir í tap en samanlagt tap þessara félaga var tæpir 35,6 milljarðar sem var um 1,7% yfirfæranlegs taps félaga. Á hinn bóginn áttu 129 félög meira en einn milljarð í tap og var samanlagt tap þeirra 1.745 milljarðar en það var um 83,1% tapsins. Þá voru 33 félög með meira en tíu milljarða í tap og var samanlagt tap félaganna 1.516 milljarðar sem var 72,2% tapsins en þar af voru 712,4 milljarðar eða 33,9% yfirfæranlegs taps félaga hjá fimm félögum sem hvert um sig átti meira en hundrað milljarða í yfirfæranlegt tap.

frádráttur getur því mest orðið 90 milljónir. Þó að frádrætti vegna þróunar- og nýsköpunarverkefna sé ætlað að koma til lækkunar á lögðum tekjuskatti við álagningu opinberra gjalda lögaðila er hér ekki um hreinan frádrátt að ræða. Ef álagður tekjuskattur er lægri en skattafrádrátturinn er mismunurinn greiddur út. Dæmigerð nýsköpunarfyrirtæki eru sjaldnast rekin með hagnaði, sem á þó ekki við um stór fyrirtæki sem stunda vöruþróun og rannsóknir.

Endurgreiðsla vegna rannsóknarkostnaðar var fyrst reiknuð árið 2011 og hefur hún aukist talsvert á undanförunum árum. Í álagningu 2019 var fyrirtækjum reiknaðir tæpir þrjú milljarðar í endurgreiddan rannsóknarkostnað sem var 766 milljónum eða 34,7% meira en árið áður. Þá fengu 17 fleiri fyrirtæki endurgreiddan

rannsóknarkostnað, 136 samanborið við 119 í fyrra. Þessu til viðbótar voru um 608 milljónir nýttar til skuldajöfnunar á lögðum tekjuskatti sem var rúmum hundrað milljónum meira en í álagningunni fyrir ári. Það er mikilvægt að hafa í huga að hér er um álagningartölur að ræða sem kunna að breytast þegar líður frá álagningu.

### Skattar á fjármálafyrirtæki

Árið 2011 var lagður á sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki en skatturinn var 0,041% á heildarskuldir fjármálafyrirtækja skv. skattframtali. Hann var lagður á 19 fjármálafyrirtæki og skilaði þá tæpum 1,2 milljörðum í tekjur. Í álagningunni 2019 var lagður 0,376% skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja umfram 50 milljarða. Þá var skatturinn einnig lagður

á banka í slitameðferð. Skatturinn var lagður á heildarskuldir fjögurra fjármálafyrirtækja og skilaði hann rúmum 10,6 milljörðum í tekjur sem var 827 milljónum eða 8,4% meira en lagt var á þessi fyrirtæki árið 2018. Tæpir 118,5 milljarðar hafa verið lagðir á fjármálafyrirtækin í sérstakan skatt frá því að skatturinn var fyrst lagður á árið 2011.

Viðbót á sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki var lögð á árin 2012 og 2013. Viðbótin var 0,0814% skattur sem var lagður á sama stofninn og sérstaki skatturinn. Hann skilaði samtals um 5,2 milljörðum í tekjur árin sem hann var lagður á.

Árið 2012 var lagt sérstakt gjald á lífeyrissjóði sem var 0,0814% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Gjaldið var lagt á 35 lífeyrissjóði og skilaði það rúmum 1,8 milljörðum þegar það var lagt á.

Frá árinu 2013 hefur verið lagður fjársýsluskattur á allar tegundir launa og þóknana hjá fjármálafyrirtækjum, verðbréfafyrirtækjum og tryggingafélögum auk Íbúðalánasjóðs. Skatturinn var 5,45% árið 2013, 6,75% árið 2014 en frá árinu 2015 hefur hann verið 5,5%. Fjársýsluskattur var lagður á 127 fyrirtæki sem var 20 fyrirtækjum færri en árið 2018. Heildarálagningin var tæpir 3,3 milljarðar, 48 milljónum eða 1,4% minna en var lagt á í fyrra. Á síðustu sjö árum hefur tæplega 22,9 milljarða fjársýsluskattur verið lagður á fyrirtæki.

Sérstakur fjársýsluskattur var lagður á sjö fyrirtæki sem var einu fyrirtæki færri en árið 2018. Skatturinn var tekinn upp á sama tíma og fjársýsluskatturinn, þ.e. 2013, en hann er sérstakur 6% viðbótar-tekjuskattur sem lagður er á tekjuskattstofn umfram milljarð hjá fyrirtækjum sem greiða fjársýsluskatt. Við álagningu sérstaks fjársýsluskatts er ekki tekið tillit til samsköttunar og yfirferanlegs taps.

”

Það eru þó ýmis merki um að nokkuð hafi dregið úr hinum mikla og hraða vexti sem hefur verið eftir að viðspyrnunni var náð árið 2011 og landið fór aftur að rísa eftir efnahagshremmingar sem landið gekk í gegnum á sínum tíma

Árið 2013 voru lagðir tæpir tveir milljarðar á í sérstakan fjársýsluskatt en þegar reglan um samsköttun og yfirferanlegt tap var tekin upp í álagningu árið 2014 hækkaði skatturinn í tæpa 14,4 milljarða. Skatturinn skilaði tæpum 6,6 milljörðum árið 2015 og rúmum 7,3 milljörðum árið 2016. Í álagningu 2019 voru tæpir 2,8 milljarðar lagðir á í sérstakan fjársýsluskatt sem var einum milljarði eða 26,5% minna en lagt var á 2018. Álagður fjársýsluskattur nemur samanlagt 44,7 milljörðum frá því skatturinn var fyrst lagður á.

Árið 2019 nam samanlögð álagning sérstakra skatta á fjármálafyrirtæki 16,7 milljörðum sem var 223 milljónum minna en var lagt á árið áður. Frá árinu 2011 hefur álagning sérstakra skatta og gjald á fjármálafyrirtæki numið tæplega 189,1 milljarði.

## Önnur gjöld

Útvarpsgjald hefur verið lagt á lögaðila frá árinu 2009. Gjaldið var 17.500 kr. og var það lagt á skattskylda lögaðila. Dánarbú, protabú og lögaðilar undanþegnir skattskyldu eru undanþegnir gjaldinu. Samtals voru 735 milljónir lagðar á skattskyld fyrirtæki í útvarpsgjald sem var 14 milljónum eða 1,9% meira en lagt var á 2018. Gjaldið var lagt á 41.976 lögaðila, 1.336 fleiri en fyrir ári.

Jöfnunargjald alþjónustu er 0,1% gjald sem er lagt á veltu af fjarskiptastarfsemi. Það var lagt á 47 félög eða 14 félögum færri en í fyrra. Gjaldið skilað 46 milljónum, sem var um tveimur milljónum eða 4,0% minna en fyrir ári.

## Og að lokum

Árið 2018 var Íslendingum gjöfult. Það eru þó ýmis merki um að nokkuð hafi dregið úr hinum mikla og hraða vexti sem hefur verið eftir að viðspyrnunni var náð árið 2011 og landið fór aftur að rísa eftir

stefnir í að Ísland verði í 108. sæti af 185 yfir landsframleiðslu þjóða, rétt fyrir ofan Papúa nýju Gíneu og Trínidad og Tóbago, en rétt fyrir neðan Senegal og Sambíu.

Íslendingar eru hins vegar í 66. sæti yfir fjölda útgefinna bóka, næst á eftir Kúbu og Filippseyjum en rétt fyrir ofan Costa Rica og Nígeríu. Það er svo sem ekki gott að segja hvenær minnisblað verður að greinargerð, greinargerð verður skýrsla eða skýrsla að bók en engu að síður er það merkilegt ef rétt er að gefnar séu út álíka margar bækur á íslensku og Svahíli sem er tungumál sem um það bil 250 milljónir manna tala eða í Nígeríu sem er land með 200 milljónir íbúa.

Málið horfir þó öðruvísi við þegar tekið er tillit til smæðar þjóðarinnar. Samkvæmt Alþjóða gjaldeyrissjóðinum er Ísland í fimmta sæti yfir tekjur á mann, næst á eftir Írlandi og Noregi en rétt fyrir ofan Qatar og Singapore. Sé tekið tillit til kaupmáttar er Ísland hins vegar í 14. sæti á eftir Sadí Arabíu og Hollandi en rétt fyrir ofan Svíþjóð og Þýskaland. Kaupmáttur, sem er fyrst og fremst efnahagslegur mælikvarði, segir ekki allt um lífskjör og þess vegna hafa menn reynt að taka tillit til og mæla andlega næringu ekki síður en líkamlega. Sé tekið tillit til menntunar og heilbrigðisþjónustu er Ísland í sjötta sæti yfir þróðustu lönd veraldar, næst á eftir Þýskalandi og Írlandi en rétt fyrir ofan Hong Kong og Svíþjóð. Sé einnig tekið tillit til ýmissa annarra þátta, eins og öryggis íbúanna, loftgæða, umferðartíma og veðurfars, skipa Íslendingar sér áfram í efstu sætin. Þeir eru í fimmta sæti á lífsgæðalista Numbeo, á eftir Dönum, Svisslendingum, Finnum og Áströlum en rétt fyrir ofan Austurríki, Holland og Þýskaland. Fyrir suma gerir svo óspillt náttúra og útivist útslagið. Þeir vilja frekar búa hér heldur en annars staðar.

Hvað sem því líður er áhugavert að velta fyrir sér hvernig ríkjum sem hlutu sjálfstæði um miðja síðustu öld hefur vegnað og hvað kunni að skýra misjafnt gengi þeirra. Hvaða vanda hefur verið við að etja og hvar áherslurnar hafa legið í gegnum tíðina? Hvað eiga þau lönd sem búa við mesta velmegun sameiginlegt? Vítin eru til að varast þau. Er eitthvað sem Ísland getur lært af reynslu annarra ríkja?

PK

# Innheimta opinberra skatta og gjalda hjá ríkisskattstjóra

Höfundar efnis: Auður Brynja Eyjólfsdóttir, Ingileif Eyleifsdóttir og Anna Harðardóttir.

## Hlutverk og helstu verkefni innheimtumanns ríkissjóðs á höfuðborgarsvæðinu.

Þann 1. maí 2019 færðist innheimta opinberra skatta og gjalda frá tollstjóra til ríkisskattstjóra með lögum nr. 142/2018, um breytingu á lögum um tekjuskatt og fleiri lögum (fyrirkomulag innheimtu) og varð ríkisskattstjóri innheimtumaður ríkissjóðs á höfuðborgarsvæðinu. Sýslumenn eru innheimtumenn ríkissjóðs í öðrum umdæmum. Hlutverk innheimtumanna ríkissjóðs er að innheimta skatta og gjöld sem lögð eru á lögum samkvæmt. Ríkisskattstjóri fer einnig með sérstök verkefni á landsvísu svo sem stefnumótun á sviði innheimtumála og samræmingar- og eftirlitshlutverk gagnvart öðrum innheimtumönnum. Þá tekur ríkisskattstjóri

saman á tveggja mánaða fresti tölfraðiupplýsingar um innheimtuárangur<sup>1</sup> innheimtuembættu landsins í helstu gjaldflokkum.<sup>2</sup> Ríkisskattstjóri notar tölfraðiupplýsingarnar til að halda utan um nokkrar reiknaðar stærðir, m.a. hlutdeild innheimtuembættu í samanlagðri álagningu helstu skatta og gjalda eftir álagningarárum og innheimtuárangur álagninga<sup>3</sup> 1. júlí árið eftir álagningarár.


Innheimtustarfsemin heyrir undir innheimtu- og skráasvið. Starfsemi innheimtunnar fer enn að miklu leyti fram á starfsstöð ríkisskattstjóra að Tryggvagötu 19 og skiptist í afgreiðslu og greiðslumóttöku, lögfræðiinnheimtu og þjónustuver.

Helstu verkefni afgreiðslu og greiðslumóttöku eru móttaka á greiðslum og skjölum, skuldajöfnun, útborgun inn- eigna og móttaka viðskiptavina. Meðal

annarra verkefna eru launagreiðenda-merkingar vegna krafna um launaafdrátt, gæðaúttekt á afskriftum skattkrafna og uppgjör á sjóðum gjaldkera.

Helstu verkefni lögfræðiinnheimtu eru vanskilainnheimta opinberra skatta og gjalda, t.d. útsending greiðsluáskorana, fjárnáms-, nauðungarsölu- og gjaldþrotaskiptabeiðna og gerð greiðsluáætlana. Lögfræðiinnheimta sér einnig um svörun stjórnvaldserinda, mætingar til sýslumanns vegna aðfaragerða, málflutning fyrir dómi vegna fullnustu-gerða, erlenda innheimtu og almenna upplýsingagjöf. Undir erlenda innheimtu fellur innheimta skattkrafna sem berast til Íslands á grundvelli samninga um gagnkvæma stjórnsýsluástoð í skattamálum sem og sending skattkrafna til innheimtu í öðrum ríkjum.

## Hlutdeild innheimtumanna ríkissjóðs í samanlagðri álagningu helstu skatta og gjalda álagningarársins 2017 þann 31.12.2018




■	Tollstjóri; 79,21%
■	Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra; 4,89%
■	Sýslumaðurinn á Suðurnesjum; 3,52%
■	Sýslumaðurinn á Suðurlandi; 3,28%
■	Sýslumaðurinn á Vesturlandi; 3,26%
■	Sýslumaðurinn á Austurlandi; 2,76%
■	Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra; 1,25%
■	Sýslumaðurinn á Vestfjörðum; 1,07%
■	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum; 0,76%

<sup>1</sup> Innheimtuárangur = greiðslur á höfuðstól / (álagning + breytingar + afskriftir á höfuðstól).

<sup>2</sup> Helstu gjaldflokkar eru: Staðgreiðsla launagreiðanda, tryggingagjald, virðisaukaskattur, þing- og sveitarsjóðsgjöld einstaklinga og þinggjöld lögaðila, bifreiðagjöld, greiðslufrestur í tolli og vörugjöld af ökutækjum.

<sup>3</sup> Gjaldflokkar undir greiningunni eru: Staðgreiðsla launagreiðanda, tryggingagjald, virðisaukaskattur, þing- og sveitarsjóðsgjöld einstaklinga og þinggjöld lögaðila.

## Samtals innheimtuárangur álagningar 1. júlí eftir álagningarári



Helstu verkefni þjónustvers eru almenn upplýsingagjöf og þjónusta við gjaldendur sem fer að mestu leyti fram í gegnum síma og tölvupóst. Þjónustuverið er staðsett á Akureyri og í Reykjavík en unnið er að því að færa símsvörum alfarið til Akureyrar.

### Innheimtuúrræði og innheimtuferli

#### Innheimtuúrræði

Innheimtumenn ríkissjóðs nota Tekjubókhaldskerfi ríkisins við innheimtu skatta og gjalda. Kerfið veitir upplýsingar um álagningu, greiðslur, skuldastöðu gjaldenda og innheimtuúrræði sem gripið hefur verið til. Innheimtumönnum er skylt að innheimta allar kröfur, bæði vegna áætlana og álagningar samkvæmt framtölum og er innheimtuúrræðum beitt þótt skattskýrslu hafi ekki verið skilað eða skattálagning kærð. Dráttarvextir leggjast einnig á lögum samkvæmt frá gjalddaga hafi skattar og gjöld ekki verið greidd á eindaga og er innheimtumanni óheimilt að lækka þá eða fella niður nema lög mæli fyrir á annan veg. Enn fremur er innheimtumanni óheimilt að lækka eða fella niður lögboðinn kostnað vegna innheimtuaðgerða.

Innheimtumenn ríkissjóðs geta beitt ýmiss konar úrræðum við innheimtu skatta og gjalda. Helstu innheimtuúrræði eru launaafdráttur, fjárnám, nauðungarsala, gjaldprotaskipti, stöðvun atvinnurekstrar, skuldajöfnun, kyrrsetningar, greiðsluáætlanir og innheimta hjá ábyrgðaraðila, t.d. samsköttunaraðila. Sumum innheimtuúrræðum er eingöngu hægt að beita um ákveðin gjöld, t.d. er launaafdrætti eingöngu beitt um þing- og sveitarsjóðsgjöld og

heimild til stöðvunar atvinnurekstrar tekur eingöngu til tilekinna gjalda. Þá er kyrrsetning, sem heimilt er að beita á grundvelli 14. gr. laga 150/2019, um innheimtu opinberra skatta og gjalda, sérstakt innheimtuúrræði að því leyti að því er beitt vegna væntanlegrar álagningar og fésektar. Ríkisskattstjóri annast rekstur kyrrsetningarmála á landsvísu að

ist eða rýrni að mun. Síðastliðin ár hafa dómstólar úrskurðað í nokkrum málum vegna kyrrsetningar og hafa skýrt enn frekar hvenær þetta skilyrði er uppfyllt. Helstu eignir sem ríkisskattstjóri hefur kyrrsett eru fasteignir, ökutæki, innstæður á bankareikningum, hlutafjár- eignir og kröfur gerðarþola á hendur öðrum (kaupsamningsgreiðslur).

”


Helstu innheimtuúrræði eru launaafdráttur, fjárnám, nauðungarsala, gjaldprotaskipti, stöðvun atvinnurekstrar, skuldajöfnun, kyrrsetningar, greiðsluáætlanir og innheimta hjá ábyrgðaraðila, t.d. samsköttunaraðila

kröfu skattrannsóknarstjóra en endanleg ákvörðun um hvort farið er fram á kyrrsetningu er í höndum ríkisskattstjóra. Tilgangur kyrrsetningar er að tryggja að eignir verði fyrir hendi til að gera fjárnám í þegar skattákvörðun eða ákvörðun um sekt liggur fyrir, en úrræðið hefur verið umfangsmikið í innheimtustarfseminni undanfarin ár. Ef skilyrði eru til kyrrsetningar sendir ríkisskattstjóri kyrrsetningarbeiðni til sýslumanns og gætir hagsmuna ríkissjóðs við meðferð málsins. Helsta hlutverk ríkisskattstjóra við kyrrsetningar er að meta hvort uppfyllt sé það skilyrði að *hætta þyki á að eignum skattaðila eða öðrum sem grunur beinist að, verði skotið undan eða þær glat-*

#### Innheimtuferli

Stærstur hluti opinberra skatta og gjalda er greiddur fyrir eindaga án þess að grípa þurfi til innheimtuaðgerða. Ef skattar og gjöld eru komin í vanskil hefst lögfræðinnheimta með birtingu greiðsluáskorunar í dagblöðum eða með stefnuvotti. Fimmtán dögum eftir birtingu hennar er innheimtumanni heimilt að senda fjárnámsbeiðni (aðfararbeiðni) til sýslumanns hafi gjöldin ekki verið greidd að fullu eða gerð greiðsluáætlun um þau. Eftir að innheimtumaður hefur sent fjárnámsbeiðni til sýslumanns er ekki hægt að gera greiðsluáætlun<sup>4</sup> um gjöldin fyrir en búið er að taka beiðnina fyrir en hægt er að komast hjá fyrirtöku málsins með

## Almennur ferill fjárnámsbeiðna



því að greiða kröfuna að fullu. Fyrirtökunni lýkur ýmist með fjárnámi í eign eða með árangurslausu fjárnámi. Eftir fyrirtöku málsins er hægt að gera greiðsluáætlun um gjöldin, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, til að koma í veg fyrir frekari íþyngjandi innheimtuaðgerðir, t.d. nauðungarsölu og gjaldþrotaskipti.

Greiðsluáætlun er úrræði sem kemur til móts við gjaldendur í vanskilum og er gerð m.a. í því skyni að létta greiðslubyrði og fresta innheimtuaðgerð. Þetta er virkt úrræði en 13.012 greiðsluáætlanir voru gerðar á árinu 2018 hjá tollstjóra, nú ríkisskattstjóra. Hagsmunum ríkissjóðs er þjónað með viðtöku greiðsluáætlana þar sem gjaldandi viðurkennir skuldina með undirritun sinni og rýfur fyrningu hennar. Flestar greiðsluáætlanir eru gerðar til sex mánaða í senn og ber gjaldanda að standa skil á greiðslum samkvæmt þeim.

### Sjálfsafgreiðsla-rafræn þjónusta

Á næstu árum er stefnt að því að auka möguleika gjaldenda til sjálfsafgreiðslu í því skyni að bæta þjónustu, auka hagkvæmni og skilvirkni. Áhersla er lögð á að gjaldendur muni geta gert greiðsluáætlanir sjálfir með rafrænum hætti og nálgast yfirlit um skuldir. Á hverjum degi berst mikill fjöldi tölvupósta frá aðilum sem óska eftir yfirlitum úr Tekjubókhaldskerfi ríkisins en mjög tíma-

frekt er að afgreiða slíkar beiðnir og því mikill ávinningur af því að bjóða uppá sjálfsafgreiðslumöguleika.

Jafnframt er stefnt að því að kröfur um launaafdrátt til launagreiðanda og skilgreinar launagreiðanda til innheimtumanns verði eingöngu með rafrænum hætti. Helstu kostir rafrænna skila eru m.a. minni villuhætta í skráningu, öruggari skil, tímasparnaður, auk þess sem rafræn skil eru umhverfisvænni.

### Lög nr. 150/2019, um innheimtu opinberra skatta og gjalda

Undanfarin ár hefur verið unnið að gerð frumvarps til laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda. Frumvarpið var samþykkt á Alþingi þann 17. desember 2019 og tóku lög nr. 150/2019 gildi 30. desember 2019. Helsta markmiðið með lögunum er að tryggja sem best réttaröryggi gjaldenda gagnvart ríkissjóði þegar kemur að innheimtu opinberra skatta og gjalda og lögfesta gildandi framkvæmd. Einnig fela lögin í sér nokkrar breytingar á gildandi framkvæmd, m.a. í því skyni að tryggja jafnræði gjaldenda.

Reglur um innheimtu opinberra skatta og gjalda var að finna á víð og dreif í hinum ýmsu lagabálkum og verklagsreglum en aðallega í XIII. kafla laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Hluti þeirra ákvæða var tekinn upp í lögin ásamt ákvæðum laga um endurgreiðslu oftek-

inna skatta og gjalda, nr. 29/1995 en þó með ákveðnum breytingum.

Gjaldendur eiga því að geta nálgast helstu reglur sem varða innheimtu opinberra skatta og gjalda á einum stað. Í lögunum eru m.a. ákvæði um greiðsluáætlanir, skyldu til skuldajöfnunar, launaafdrátt, kyrrsetningar, rafræna þjónustu og upplýsingagjöf stjórnvalda og fjármálafyrirtækja. Lögunum er ætlað að auka gagnsæi fyrir gjaldendur og styrkja heimildir innheimtumanna við innheimtu opinberra skatta og gjalda.

### Hvað hefur áunnist með sameiningunni?

Á þeim stutta tíma sem liðinn er frá því ríkisskattstjóri tók við starfsemi innheimtunnar hefur ávinningur fyrir starfsmenn innheimtunnar komið ljós. Þeir hafa fengið aukinn aðgang að upplýsingum í gegnum upplýsinga- og tölvukerfi, t.d. fyrirtækjaskrá, en þær nýtast meðal annars við undirbúning innheimtuaðgerða. Þessi aukni aðgangur hefur leitt til bættrar þjónustu við gjaldendur, einföldunar á verklagi, skilvirkni, tímasparnaðar, upplýsingaöryggis og hagkvæmni. Þá leiddi sameiningin til þess að ferill álagningar og innheimtu er samfelldur og geta gjaldendur á höfuðborgarsvæðinu nú leitað til eins stjórnvalds við afgreiðslu erinda sinna í stað tveggja.

<sup>4</sup> Heimilt er að gera greiðsluáætlun um lækkan launaafdráttar þrátt fyrir fjárnámsbeiðni en það frestar ekki innheimtuaðgerðum.



# DÓMAR

Dómur Hæstaréttar í máli nr. 576/2017

## Virðisaukaskattur - endurgreiðsla - vextir - dráttarvextir

Hinn 22. nóvember 2018 staðfesti Hæstiréttur dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli er varðaði kröfu tveggja félaga, A og B, um endurgreiðslu vaxta í kjölfar leiðréttingar skattstjóra á virðisaukaskattskilum þeirra. Annars vegar fól leiðrétting skattstjóra í sér að virðisaukaskattur A á árunum 2004 til 2006 var felldur niður í heild vegna tiltekinna viðskipta við B og

Félögin tvö gerðu þær kröfur að þeim yrði gert heimilt að koma að leiðréttingu á virðisaukaskattskilum félaganna samkvæmt 3. málslið 3. mgr. 22. gr. laga nr. 50/1988 þannig að greiðslur á framangreindum vöxtum gengju til baka. B gerði auk þess þá kröfu að stefnda, íslenska ríkinu, yrði gert að greiða sér fjárhæð sem svaraði til vaxtamunar.

væri að koma fram leiðréttingu gagnvart kaupandanum. Það var þó mat Hæstaréttar að í þessu tilviki þarfnaðist A engrar slíkrar lausnar undan greiðsluskyldu, enda hefði hann greitt íslenska ríkinu með skilum virðisaukaskatt, sem hann hafði áskilið sér ranglega, og hafði fengið skattinn endurgreiddan. Orðrét kom svo fram í dómi Hæstaréttar: „Ákvæði 3. mgr. 22. gr. laga nr. 50/1988 taka á hinn bóginn á engan hátt til virðisaukaskattskila kaupanda, sem ranglega hefur verið krafinn um virðisaukaskatt af verði vöru eða þjónustu, þó svo að hann geti í eigin virðisaukaskattskilum hafa nýtt fjárhæð skattsins sem innskatt til frádráttar útskatti af veltu sinni. Í máli þessu er sá kaupandi áfrýjandinn [B] ehf. Jafnvel þótt heimildarinnar í 3. málslið 3. mgr. síðastnefndrar lagagreinar hefði verið neytt þegar í framhaldi af úrskurðum skattstjóra 28. apríl 2009 til að leiðrétta virðisaukaskattskil áfrýjandans [A] ehf. vegna viðskipta hans við áfrýjandann [B] ehf. hefði það af þessum sökum í engu breytt þeirri staðreynd að sá síðarnefndi stóð hvað sem öðru leið í skuld vegna vangreidds virðisaukaskatts, sem stafaði af viðskiptum hans við aðra, og þá jafnframt þótt tollstjóri sem innheimtumaður stefnda hefði haft milligöngu um að koma ofgreiðslu hans til áfrýjandans [A] ehf. aftur í hans hendur.“ Gæti ákvæðið því efni sínu samkvæmt ekki staðið til þess að unnt væri að taka kröfur áfrýjenda til greina.

”

Dómurinn vísaði til þeirrar meginreglu samkvæmt fyrstu tveimur málsliðunum að seljandanum væri skylt að greiða skattinn í ríkissjóð, en undantekningarreglan í 3. málsliðnum gæti leyst hann undan þeirri skyldu...

hins vegar að innskattur í virðisaukaskattskilum B var lækkaður sem niðurfellingu nam.

Innheimtumaður ríkissjóðs, tollstjóri, reiknaði vexti af inneign A vegna ofgreidds virðisaukaskatts eftir 1. mgr. 2. gr. laga nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Á móti reiknaði tollstjóri dráttarvexti af skuld B samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 á grundvelli 1. mgr. 28. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Hæstiréttur taldi að virða ætti 3. másl. 3. mgr. 22. gr. laga nr. 50/1988 í samhengi við 1. og 2. másl. hennar og væri ljóst að í heild varðaði málsgreinin eingöngu stöðu seljanda vöru eða þjónustu (hér A) sem ranglega hefði kafið kaupanda um fjárhæð sem svaraði virðisaukaskatti af verði hennar. Dómurinn vísaði til þeirrar meginreglu samkvæmt fyrstu tveimur málsliðunum að seljandanum væri skylt að greiða skattinn í ríkissjóð, en undantekningarreglan í 3. málsliðnum gæti leyst hann undan þeirri skyldu ef unnt

*Var íslenska ríkið því sýknað af kröfum þeirra.*

# Aflahlutdeild - matsverð - fyrningar

Málavextir eru þeir að með úrskurðum skattstjóra og ríkisskattstjóra voru gjaldfærðar fyrningar samkvæmt rekstrar-skýrslum áfrýjenda árin 2003 og 2008 lækkaðar. Var það annars vegar gert á þeim grundvelli að þeim hafi verið óheimilt að hækka bókfært verð eigna í atvinnurekstri sínum með tilliti til matsverðs eignanna á hverju ári og hins vegar með vísan til þess að þeim hafi verið óheimilt að fyrna stofnkostnað vegna kaupa á aflahlutdeild. Krafist var ógildingar á þessum úrskurðum. Ógildingarkrafan laut einnig að þeirri ákvörðun ríkisskattstjóra að hafna gjaldfærslu að tiltekinni fjárhæð vegna skerðingar á úthlutuðu aflamarki fyrir fiskveiðarárið 2007 til 2008.

Fyrir héraðsdómi byggðu áfrýjendur málatilbúnað sinn í fyrsta lagi á því að þeim hafi verið heimilt að hækka bókfært verð eigna í atvinnurekstri sínum með

vísan til 50. og 51. gr. laga nr. 133/2001 og með tilliti til matsverðs eignanna á hverju ári. Í öðru lagi væri almenn fyrning af aflahlutdeild í eigu áfrýjenda reiknuð og færð til gjalda í rekstrarreikningi og í þriðja lagi vísuðu áfrýjendur til almennra reglna um rekstrartjón. Samkvæmt slíkum reglum, sbr. m.a. 34. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, væri fyrirtækjum heimilt að færa til gjalda tjón á eignum sem notaðar væru við öflun tekna í atvinnurekstri ef tjónið teldist venjuleg og eðlileg afleiðing af þeirri rekstraráhættu sem fylgir atvinnurekstri skattaðila hverju sinni. Áfrýjendur byggðu á því að skerðing á aflamarki þeirra teldist til tjóns í skilningi ákvæðisins. Sama mætti segja um verðbreytingu sem yrði á rekstrarfjármunum fyrir umrædd ári.

Héraðsdómur féllst ekki á málatilbúnað áfrýjenda með vísan til þess að ekki væri að finna heimild í lögum til að miða

fyrningargrunn umræddra eigna við matsverð þeirra. Það var mat héraðsdóms að úrskurður skattstjóra að endurákvarða gjöld áfrýjenda til samræmis við stofnverð þeirra samkvæmt 2. mgr. 36. gr. laga nr. 90/2003 hafi því verið í samræmi við lög. Jafnframt taldi héraðsdómur að árleg ákvörðun á aflamarki áfrýjenda hafi ekki falið í sér skerðingu á aflahlutdeild þeirra og væri þeim því óheimilt samkvæmt ótvíræðum fyrirmælum 1. mgr. 48. gr. sömu laga að fyrna stofnkostnað við kaup á varanlegri aflahlutdeild. Dómurinn taldi loks að ekki yrði á það fallist að téð réttindi hefðu fallið niður eða verið skert í skilningi lokaorða 3. mgr. 48. gr. laganna. Það var því niðurstaða héraðsdóms að úrskurðir skattyfirvalda hefðu verið í samræmi við skýr og ótvíræð fyrirmæli laga.

*Landsréttur staðfesti dóm héraðsdóms með vísan til forsendna hans.*

# Sérstök veiðigjöld - stjórnarskrá

Í þessu máli voru málavextir þeir að á áfrýjendur, þrjú útgerðarfyrirtæki, voru lögð almenn og sérstök veiðigjöld vegna veiða skipa þeirra á úthafsækju fiskveiðarárið 2012-2013 en álagningin var gerð á grundvelli þágildandi laga nr. 74/2012, um veiðigjöld. Lögin voru felld úr gildi í árslok 2018. Áfrýjendur felldu sig ekki við álagningu sérstaka veiðigjaldsins og kröfðust endurgreiðslu. Þeir töldu hana ólögsmæta þar sem hún hafi ekki verið í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar um skattheimtu, sbr. 72. og 77. gr. og jafnræðisreglu 65. gr. hennar. Viðurkenn-ingarkrafa þeirra var reist á því að veiðar þeirra á úthafsækju á fiskveiðarárinu 2012-2013 hafi ekki skilað þeim neinum arði og vísuðu því til stuðnings m.a. til minnisblaðs veiðigjaldanefndar 3. apríl 2014, sem gefið hafi til kynna að meðal-afkoma úthafsækjuveiða fiskveiðarárið 2012/2013 hafi verið slök eða neikvæð

og hafi það leitt til þess að veiðigjald af þeim veiðum hafi verið fellt niður fyrir komandi fiskveiðarári og gjöld vegna fiskveiðarársins 2013/2014 endurgreidd. Töldu þeir meðal annars af þessari ástæðu að álagning gjaldsins stæðist ekki framan-greind ákvæði stjórnarskrár. Innheimta þess hafi því verið ólögleg og ættu þeir af þeim sökum rétt á endurgreiðslu á grundvelli laga nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.

Í dómi Landsréttar kom fram að hið sérstaka veiðigjald væri skattur í skilningi 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar og væri markmiðum álagningar þess lýst í 2. gr. laga nr. 74/2012. Í ákvæðinu kæmi fram að gjaldið væri annars vegar lagt á til að mæta kostnaði stefnda, þ.e. íslenska ríkinu, við rannsóknir, stjórn, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu og hins vegar til að tryggja þjóðinni í heild hlutdeild í þeim arði sem nýting

sjávarauðlinda skapar. Landsdómur vísaði einnig til dóms Hæstaréttar í máli nr. 213/2016, en þar kæmi fram að lög-gjafinn hefði með ákvörðun sinni um hið sérstaka veiðigjald tekið rökstudda afstöðu til fjárhæðar gjaldsins og hún verið reist á málefnalegum grunni. Með vísan til þess var talið að löggjafanum hefði verið heimilt að leggja til grundvallar þær forsendur sem lágu að baki ákvörðun hins sérstaka veiðigjalds. Afkoma eða arðsemi af rækjuveiðum áfrýjenda á umræddu fiskveiðarári gæti engu breytt um lögmæti álagningar veiðigjaldsins. Hvorki var talið að útreikningur hins sérstaka veiðigjalds hefði falið í sér ólögsmætt framsal skattlagningarvalds né að álagning veiðigjaldsins hefði brotið gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar.

*Var því íslenska ríkið sýknað af öllum kröfum áfrýjenda.*

# Upplýsingar um innskattskvöð - ágreiningur milli kaupanda og seljanda

Málavextir voru þeir að stefndi keypti af stefnanda fasteign sem leigð var út í frjálsri skráningu, sbr. 6. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og var ágreiningur um uppgjör eftirstöðva kaupverðsins. Stefndi lýsti því yfir í kaupsamningi að hann myndi nýta fasteignina í virðisaukaskattsskyldri starfsemi og yfirtaka kvöð um leiðréttingu innskatts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988 ef breyting yrði á notkun fasteignarinnar sem hefði í för með sér breytingu á rétti til innskattsfrádráttar. Síðan sagði í samningnum:

*„Seljandi skal afhenda kaupanda yfirlit um innskattskvöð eins og hún er á afhendingardegi, að sögn seljanda er kvöðin ca. 6 milljónir.“*

Ágreiningur aðila málsins snerist í meginatriðum um það hvort stefnda bæri að greiða stefnanda 2.438.053 krónur, en stefndi taldi sig eiga rétt á að halda eftir greiðslu að þessari fjárhæð af kaupverði. Hann taldi þá fjárhæð svara til mismun-

Í dómi héraðsdóms kom fram að meta yrði tilvitnað ákvæði 44. gr. laga nr. 40/2002 með hliðsjón af því hvort upplýsingagjöf stefnanda við sölu fasteignarinnar hafi leitt til þess að fasteignin teldist gölluð, en í 27. gr. laganna væri fjallað um það atriði. Að mati héraðsdóms þýddi það eitt að stefnandi hafi veitt rangar upplýsingar um innskattskvöðina þó ekki þar með að fasteignin hafi verið gölluð í skilningi 1. mgr. 27. gr. laga nr. 40/2002. Til þess að svo væri þyrftu skilyrði 2. mgr. 27. gr. að einnig vera uppfyllt. Í þeim felist að upplýsingarnar sem veittar voru hafi haft áhrif á gerð eða efni kaupsamnings og ekki verið skýrlega leiðréttar í tæka tíð. Talið var ágreiningslaust að upplýsingarnar sem stefnda voru veittar um innskattskvöð í söluyfirliti og við undirritun kaupsamnings hafi ekki verið í samræmi við raunverulega fjárhæð kvaðarinnar. Ágreiningur aðila stóð hins vegar í meginatriðum um það hvort yfirlýsing stefnanda hafi haft áhrif á efni kaupsamningsins.

tilvikum nægði ekki að horfa einvörðungu á fjárhæðina sem slíka, heldur yrði einnig að horfa til allra atvika að baki samningsgerð og stöðu aðila að öðru leyti. Þannig væri ljóst af efni tilvitnaðra reglna að vægi upplýsinga um fjárhæð kvaðar kynni að vera ólíkt eftir því hvort aðili sem kaupir fasteign ætli sér að nýta hana áfram í virðisaukaskattsskyldri starfsemi eða ekki. Ef svo væri, yrði leiðréttingarskylda innskattsins ekki virk og seljanda væri því ekki þörf á að gera upp kvöðina. Þótt slík skylda kynni vitaskuld að koma til síðar, t.d. ef breyting yrði á leigutaka, þeirri starfsemi sem fram fer í fasteigninni eða við sölu fasteignarinnar, þá væri ekki þar með sagt að sá sem yfirtekur kvöð beri sama kostnað af því og hann hefði haft við að gera upp kvöðina í kjölfar kaupa á fasteign, enda gætu aðrir þættir haft áhrif á þann kostnað, svo sem samningar við síðari kaupendur eigna og nýting frekari frádráttar vegna innskatts, sem hækkar þá fjárhæð kvaðar frá því sem upphaflega var.

Við mat á þeirri málsástæðu að eignin hafi verið gölluð taldi héraðsdómur að óhjákvæmilegt væri að horfa til þess að stefndi undirgekkst sjálfur þá skuldbindingu í kaupsamningi að yfirtaka kvöð um leiðréttingu innskatts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988. Þá lýsti hann því jafnframt yfir að hann myndi nýta fasteignina áfram í virðisaukaskattsskyldri starfsemi. Þá yrði heldur ekki litið framhjá því að orðalag kaupsamningsins sem og samskipti aðila báru greinilega með sér að fjárhæð kvaðarinnar væri ekki tilgreind með nákvæmum hætti. Að mati héraðsdóms yrði að telja að stefnda hafi átt að vera í lófa lagið að krefjast skýrari tilgreiningar á þessari fjárhæð í kaupsamningi ef hann teldi þessu atriði áfátt í samningnum. Þá yrði að hafa í huga að í ljósi skýrrar yfirlýsingar stefnda í kaupsamningi um að hann myndi nýta eignina áfram í virðisaukaskattsskyldri starfsemi hafði stefnandi ekkert tilefni til að ætla að nákvæm tilgreining fjárhæðarinnar hefði sömu þýðingu og ef áform stefnda um að gera upp kvöðina og hætta nýtingu eignarinnar í virðis-

”

Í dómi héraðsdóms kom fram að meta yrði tilvitnað ákvæði 44. gr. laga nr. 40/2002 með hliðsjón af því hvort upplýsingagjöf stefnanda við sölu fasteignarinnar hafi leitt til þess að fasteignin teldist gölluð, en í 27. gr. laganna væri fjallað um það atriði

arins milli endanlegrar innskattskvaðar og þeirra sex milljóna sem stefndi taldi sig þurfa að greiða samkvæmt því sem fram kom í kaupsamningi. Stefndi byggði kröfu sína á ákvæði 44. gr. laga nr. 40/2002, um fasteignakaup, en þar er kveðið á um að ef kaupandi hefur uppi réttmæta kröfu vegna galla þá geti hann á eigin áhættu haldið eftir svo miklum hluta kaupverðs sem nægi til að tryggja greiðslu hennar.

Með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 50/1988 og IV. kafla reglugerðar nr. 192/1993, um innskatt, þar sem kveðið væri á um skyldu aðila til að leiðrétta innskattskvöð vegna frjálsrar skráningar fasteigna, taldi héraðsdómur ljóst að upplýsingar um fjárhæð kvaðar gætu almennt haft áhrif á gerð og efni kaupsamnings í skilningi 2. mgr. 27. gr. laga nr. 40/2002. Dómurinn taldi þó að við mat á því hvaða áhrif slíkar upplýsingar hefðu í einstökum



aukaskattsskyldri starfsemi hefðu legið ljós fyrir við samningsgerðina. Dómurinn taldi að þegar horft væri til ofangreindra reglna um frjálsa skráningu á virðisaukaskattsskrá og atvika málsins eins og þau voru við undirritun kaupsamnings, og þá einkum þeirrar yfirlýsingar stefnda að hann hygðist nýta fasteignina áfram í virðisaukaskattsskyldri starfsemi, væri ekki hægt að slá því föstu að vöntun á gleggri upplýsingum um endanlega fjárhæð innskattskvaðarinnar hafi haft slík áhrif á efni og gerð kaupsamningsins á því tímamarki sem hann var gerður að fasteignin teldist gölluð af þeim sökum, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 40/2002. Ekki yrði

séð að stefnandi gæti borið ábyrgð á því hvernig stefndi sjálfur breytti áformum sínum um rekstur fasteignarinnar frá því sem hann greindi stefnanda frá við gerð kaupsamnings. Að mati dómsins væru því ekki efni til að fallast á þá málsástæðu sem byggt væri á í vörnum og gagnsök stefnda að fasteignin hafi, vegna þeirrar óglöggu upplýsinga sem fram komu í kaupsamningi um innskattskvöð, leitt til þess að stefndi gæti krafist skaðabóta eða afsláttar úr hendi stefnanda. Þegar litið væri til samskipta aðila í aðdraganda samningsins og þess að stefnda mátti vera kunnugt um að stefnandi hefði ekki upplýsingar á reiðum höndum um endanlega

fjárhæð kvaðarinnar, yrði að telja að það hafi staðið stefnda nær að gera fyrirvara um þetta atriði, ekki síst þegar horft væri til yfirlýsinga hans um að hann yfirtæki kvöðina og að hann myndi halda áfram virðisaukaskattsskyldri starfsemi í hús-næðinu. Yrði þá jafnframt að horfa þess að stefndi festi kaup á eigninni í tengslum við atvinnurekstur sinn sem gerði að verkum að meiri kröfur yrðu gerðar til aðgæsluskyldu hans að þessu leyti.

*Í ljósi framangreinds var fallist á kröfur stefnanda um greiðslu 2.438.053 kr.*

## Nýr fararskjóti vekur almenna ánægju

Þegar fyrir lá að innheimta opinberra gjalda skyldi færð til embættis ríkisskattstjóra fóru ferðir starfsfólks milli starfsstöðvanna í Reykjavík að aukast töluvert. Nú þegar stefnir í að sameiningin verði víðtækari er ljóst að þeim ferðum mun fjölga enn meira.

Áður þurfti starfsfólk að fá lánaðan bíl, sækja bíllykla, finna leið inn og út úr miðbænum framhjá ótal vegaframkvæmdum og oft í töluverðri umferð og enda svo á að finna sér bílastæði. Eftir því sem ferðirnar urðu fleiri, varð ljóst að þetta væri ekki þægilegasta leiðin til að ferðast á milli.

Innblásnir og fylltir eldmóði eftir glæsilega kynningu Umhverfisstofnunar og Græn-skrefunga ríkisskattstjóra á umhverfsvænum háttum á vinnustöðum fengu starfsmenn þá hugmynd að skoða möguleikann á hentugri og umhverfsvænni valkosti til að ferðast á milli starfsstöðvanna tveggja. Eftir töluverða skoðun nokkurra starfsmanna var ákveðið að fjárfesta í rafmagnshlaupahjólí og rafmagnshjólí.

Kostir þessara nýstárlegu ferðamáta voru fljótir að koma í ljós. Ekki er þörf á að bóka bíl, styttri ferðatími, minni tafir vegna umferðar, að ótalinni persónulegu ánægjunni sem fylgir því að hlífa andrúmsloftinu okkar við óþarfa eitruðum útblæstri.

Það sem kom á óvart eftir fyrstu vikur notkunar, voru jákvæð andleg áhrif þess að nota nýju fararskjótana. Það er magnað hvað það hefur góð áhrif á andlega heilsu að sleppa við að hanga á flautunni, blóta öðrum öikumönnum fyrir að gleyma að gefa stefnulljós, sitja fastur í langri bílaröð og þar fram eftir götunum. Þess í stað er nú í boði að svífa um á umhverfsvænum rafknúnum fararskjóta um nýmalbikaða hjólastíga Hverfisgötunnar, óáreittur og áhyggjulaus, með goluna í andlitinu og gleði í hjarta.



*Hjörtur Sigurðsson notar rafmagnshlaupahjólí til að ferðast milli Laugavegar og Tryggvagötu.*

Í vinnugögnum Grænna skrefa má finna gátlista þar sem farið er yfir þær kröfur sem ríkisstofnanir þurfa að uppfylla til þess að taka skrefin í átt að vistvænum rekstri. Þar á meðal má finna ýmis atriði sem snúa að samgöngum starfsmanna. Með því að nýta sér þessa nýju valmöguleika eru starfsmenn því að taka þátt í að færa ríkisskattstjóra nær því að teljast vistvæn ríkisstofnun.

HS

## Gréta Björk Ómarsdóttir, innheimtu- og skráasviði



# Að samþætta starf og nám - hvatning til starfsþróunar

Spólum aðeins til baka, árið er 1992 og ég er 16 ára gömul, nýbúin með grunnskólann og hafði ekki hugmynd um hvað mig langaði að verða þegar ég yrði eldri. Eftir um það bil eitt ár í framhaldsskóla hætti ég og fór að vinna. Það var viss léttir en á sama tíma þá langaði mig að vera samferða vinkonum mínum sem voru að útskrifast úr námi. Árin liðu og ég varð ekkert nær því að vita hvað ég vildi verða, hafði þó áhuga á sálfræði og mannlegu hliðum lífsins. Ég lauk diplóma námi frá Nýja tölvu- og viðskiptaskólanum til að hafa eitthvað í farteskinu og fór á ýmis námskeið en það var ekki fyrr en ég hóf störf hjá Tollstjóra árið 2011 sem ég fékk innblásturinn sem ég þurfti svo á að halda. Þar fékk ég mikla hvatningu og meðbyr til þess að hefja nám samhliða vinnu.

Þar sem ég hafði ekki lokið menntaskóla hóf ég nám árið 2013 í Háskólagátt við Háskólann á Bifröst sem gerði mér kleift að klára það sem upp á vantaði og var það mín fyrsta áskorun - að vera í námi og vinna samhliða. Það gekk mjög vel í ljósi þess að ég þurfti að tileinka mér ný viðhorf og vinnubrögð, ég þurfti að „læra að læra“. Árið 2016 skráði ég mig í fullt háskólanám í viðskiptalögfræði. Það var því ekkert annað að gera en að bretta upp ertar og spenna beltið því framundan var krefjandi og spennandi tími. Ég vissi auðvitað ekkert hvað ég var að fara út í, einstæð móðir með stórt heimili og í fullri vinnu en

ég vildi láta á þetta reyna. Það versta sem gæti gerst er að þetta gengi ekki upp! Ég bjó að sjálfsgöðu að þeirri reynslu sem ég tók með mér úr Háskólagáttinni og það var mikils virði. Ég lauk einu námsári í viðskiptalögfræði.

Vorið 2018 barst mér tölvupóstur frá stéttarfélaginu mínu með yfirskriftinni: „Fagháskólanám í opinberri stjórnsýslu - vilt þú vera með í tilraunahóp?“

Þetta hljómaði dásamlega í mín eyru. Mér fannst þetta virkilega gott framtak sem liður í að fjölga úrræðum til menntunar og starfsþróunar fyrir ríkisstarfsmenn. Ég bar þetta undir minn yfirmann sem tók vel í þetta og úr varð að ég sótti um og fékk að taka þátt í þessu skemmtilega tilraunaverkefni á vegum Starfsmenntunar og Háskólans á Bifröst. Námið er byggt upp með þeim hætti að það sé mögulegt að stunda það samhliða vinnu. Tækifærin okkar í dag til þess að mennta okkur samhliða vinnu eða auka við þá menntun sem við höfum nú þegar eru mörg og þeim fjölgar sífellt og það gerir okkur kleift að flétta saman starfi, námi og fjölskyldu. Það getur reynst flókið að sameina þessa þætti og erfitt á köflum, því eðlilega koma dagar sem eru erfiðari en aðrir dagar og þá þarf ég að minna mig á þau markmið sem ég stefni að og þann ávinning sem hlýst af því að ljúka náminu.



Gréta Björk ásamt dóttur sinni Ölmu Hinriku.

Ég hef þegar lokið einu ári í opinberri stjórnslu og á eitt ár eftir. Með réttu skipulagi og hugarfari þá er þetta vel hægt. Ég hef ávallt mætt miklum skilningi í vinnunni og að sjálfsögðu þarf að taka tillit til margra þátta. Fjarvera vegna námsins þarf líka að henta vinnustaðnum og starfsfólki - þetta snýst allt um góða samvinnu. Námið hefur engin áhrif á frammistöðu mína né afköst í mínu starfi, ef eitthvað er þá hefur áhugi minn aukist í mínum daglegu störfum. Það er nefnilega svo merkilegt að þegar starfsmaður fær hvatningu, viðurkenningu eða hrós þá hefur það, eðli málsins samkvæmt, áhrif á frammistöðu hans.

Það eru mikil lífsgæði fólgin í því að starfa á vinnustað sem eflir og hvetur starfsfólk sitt til starfsþróunar og menntunar - að fá tækifæri og stuðning til að auka við þekkingu sína og þróast enn frekar er ómetanlegt. Mín reynsla í gegnum þennan tíma er sú að samvinna, góð skipulagning og jákvætt hugarfar skiptir gríðarlega miklu máli. Stuðningur frá fjölskyldu jafnt sem samstarfsfélögum er líka mikilvægur. Þegar öllu er á botninn hvolft þá er það ekki eingöngu hagur starfsfólksins að fá þetta tækifæri heldur hagnast vinnustaðurinn einnig á þessu fyrirkomulagi til lengri tíma litið. ■

# Upplýsingatafla RSK

## Staðgreiðsla opinberra gjalda 2019

### Þrepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er reiknuð í tveimur þrepum.

Útreikningur fyrir mánaðartekjur er sem hér segir:

- Af fyrstu 927.087 kr. .... 36,94%
- Af fjárhæð umfram 927.087 kr. .... 46,24%

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur sem er 56.447 kr.

### Vikulaun

Þegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir:

- Af fyrstu 213.357 kr. .... 36,94%
- Af launum umfram 213.357 kr. .... 46,24%

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

$$11.125.045/365 \times 7 = 213.357$$

### Annað

- Staðgreiðsla af vöxtum og arði 2019 ..... 22%
- Skatthlutfall barna yngri en 16 ára af tekjum umfram 180.000 kr. .... 6%
- Skattleysismörk tekjuárið 2019 ..... 1.833.672 kr.

## Persónuafsláttur 2019

- Einn mánuður ..... 56.447 kr.
- Hálfur mánuður ..... 28.223 kr.
- 14 dagar ..... 25.981 kr.
- Ein vika ..... 12.990 kr.

## Tryggingagjald 2019

- Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald ..... 6,60%
- Viðbót v/sjómannanna á fiskiskipum ..... 0,65%

## Frádráttur vegna almenns aksturs

1.000 km, pr. km: .....	110 kr.
1.001 - 2.000 km: .....	108 kr.
2.001 - 3.000 km: .....	106 kr.
3.001 - 4.000 km: .....	93 kr.
4.001 - 5.000 km: .....	91 kr.

Sjá nánar í reglum um skattmat á rsk.is, m.a. vegna aksturs umfram 5.000 km.

## Virðisaukaskattur

- Almennur skatthlutfall ..... 24%
- Sérstakt skatthlutfall ..... 11%

## Barnabætur 2019

Barnabætur eru tekjutengdar og greiddar út í fjórum greiðslum; 1. febrúar, 1. maí, 1. júní og 1. október.

- Hjón/sambúðarfólk
  - með fyrsta barni ..... 234.500 kr.
  - með hverju barni umfram eitt ..... 279.200 kr.
  - viðbót v/barna yngri en 7 ára ..... 140.000 kr.
- Einstæðir foreldrar
  - með fyrsta barni ..... 390.700 kr.
  - með hverju barni umfram eitt ..... 400.800 kr.
  - viðbót v/barna yngri en 7 ára ..... 140.000 kr.

Reglur um útreikning barnabóta er að finna á rsk.is.

## Vaxtabætur 2019

Vaxtabætur eru reiknaðar út frá vaxtagjöldum af lánum vegna íbúðarkaupna til eigin nota. Þær geta að hámarki orðið:

- Hjá einhleypingi ..... 420.000 kr.
- Hjá einstæðu foreldri ..... 525.000 kr.
- Hjá hjónum og sambúðarfólki ..... 630.000 kr.

Vaxtabætur eru tekjutengdar og eignatengdar. Reglur um útreikning vaxtabóta er að finna á rsk.is.

## Dagpeningar innanlands

### Gildir frá 1.10.2019

- Gisting og fæði í einn sólarhring ..... 22.700 kr.
- Gisting í einn sólarhring ..... 10.700 kr.
- Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag ..... 12.000 kr.
- Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag ..... 6.000 kr.

## Dagpeningar erlendis

### Gildir frá 1.12.2014

	Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.		
	Gisting	Annað	Gisting	Annað	
■ Flokkur 1	SDR	208	125	133	80
■ Flokkur 2	SDR	177	106	113	67
■ Flokkur 3	SDR	156	94	100	60
■ Flokkur 4	SDR	139	83	89	54